

Árbók kirkjunnar 2009

1. júní 2009 – 31. maí 2010

Árbók kirkjunnar 2008 1. júní 2009 - 31. maí 2010

September 2010

Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000

Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Karl Helgason (ábm.)

Ljósmynd á forsiðu: Frá Söngvahátíð barnanna í Hallgrímskirkju.

Ljósmyndari Árni Svanur Daníelsson

Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir

Prentun Oddi ehf.

ISBN 978-9979-792-81-7

Efnisyfirlit

Prestastefna Íslands 2009 • Setningarræða biskups	5
Synodusárið 2009-2010	16
Kirkjuþing 2009	19
Ávarp biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar 19	
Ávarp dómsmála- og mannréttindaráðherra, Rögnu Árnadóttur	23
Ávarp forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein 25	
Störf Kirkjuráðs.....	29
Fjármálasvið Biskupsstofu	32
Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar 2010.....	37
Vígslubiskup Hólastiftis	39
Vígslubiskup Skálholtsstiftis	41
Starfið á árinu 2008-2009	43
Stofnanir, nefndir, ráð og félög	69
Sérþjónustuprestar	111
Starfið í prófastsdæmunum	141
Mannfjöldi eftir trúfélögum	195
Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir	197
Prestar í sérþjónustu.....	214
Djáknaar í sérþjónustu	215
Félög og stofnanir	216
Stjórnir og starfsnefndir	218
Biskupsstofa og aðrar stofnanir	220

Prestastefna Íslands 2010

Setningarræða biskups

Biskupar, prestar, djáknar og allir góðir gestir. Verið velkomin til Prestastefnu 2010. Ég þakka messuna hér í Vídalínskirkju áðan. Ég þakka prédíkun séra Jóhönnu Sigmarsdóttur, prófests og þeim séra Jónu Hrönn Bolladóttur, sóknarpresti og séra Friðriki Hjartar, séra Hans Guðberg Alfreðssyni og Grétu Konráðsdóttur, djákna, Jóhanni Baldvinssyni, organista og öðrum þeim sem komu að framkvæmd messunnar, þakka ég helga þjónustu. Ég þakka forráðamönnum Vídalínskirkju fyrir mót-tökurnar, gott verður að fá að eiga hér aðstöðu á synodus að þessu sinni. Páli Hilmarssyni forseta bæjarstjórnar og bæjarstjórn Garðabæjar þakka ég vel-vild, og Gospelkór Jóns Vídalín þakka ég framlag hans til móttökunnar hér áðan.

Ég þakka starfsfólki Biskupsstofu sem annast hefur undirbúning Prestastefnu af alúð og festu, eins og fyrr. Vígslubiskupum séra Sigurði Sigurðarsyni og séra Jóni A. Baldvinssyni þakka ég samstarf allt. Ég óska nýjum formanni Prestafélags Íslands, sr. Guðbjörgu Jóhannesdóttur til hamingju og óska góðs samstarfs um hagsmunamál stéttar og kirkju. Fráfarandi formanni, séra Ólafi Jóhannssyni þakka ég samstarf og samskipti.

Prestum og djáknum öllum, sem borið hafa hita og þunga starfsdagsins á akri Guðs kristni þakka ég trúmennsku og samviskusemi, alúð og kærleika allan. Þeim systkinum okkar sem glíma við sjúkdóma og sorgir, áföll og raunir biðjum við blessunar.

Herra Pétur Sigurgeirsson, biskup

og frú Sólveig Ásgeirsdóttir, hafa beðið fyrir hugheilar kveðjur til Prestastefnu með orðum 2.Kor.5. 18-20. Prestastefna sendir þeim hjónum kveðjur sínar og hjartans þakkir.

Heilsað og kvatt

Í messunni voru þau nefnd sem bættust í fylkingu hinnar vígðu þjónustu kirkjunnar og eins þau sem kvöddu. Á synodusárinu hlutu tveir kandidatar prestsvígslu. Tveir djáknar voru og vígðir. Við fögnum þeim og gleðjumst yfir þeim í fylkingu hinna vígðu þjóna í kirkju landsins. Einnig voru tveir kristni-boðar vígðir. Fimm prestar hlutu lausn frá embætti.

Fimm kennimenn og þrjár prestskonur gengu inn í helgidóminn á himnum. Þau eru kvödd með hugheilli þökk fyrir það sem þau létu Guðs kirkju í té sem ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs. Þau eru: Séra Ásgeir Ingibergsson, séra Halldór S. Gröndal, séra Jón Hnefill Aðalsteinsson, séra Páll Pálsson, og séra Sigurður Guðmundsson, vígslubiskup. Og prestskonurnar, frú Anna Þorsteinsdóttir, frú Astrid Hannesson og frú Rósa B. Blöndals.

Hér rétt áðan barst mér svo sú fregn að frú Anna Sigurkarlsdóttir hafi látist í morgun.

Þau öll felum við góðum Guði í djúpri virðingu, þökk og kærleika, og sendum aðstandendum hlýja samúðarkveðju. Rísun úr sætum og lútum höfðum í hljóðri bæn.



Karl
Sigurbjörnsson

„Og ég heyrði rödd af himni sem sagði: „Rita þú: Sælir eru dánir, þeir sem í Drottni deyja upp frá þessu. Já, segir andinn, þeir skulu fá hvíld frá erfiði sínu því að verk þeirra fylgja þeim.“ (Op. 14.13)

Hirðir og leiðtogi á tímum hruns og uppbyggingar

Við komum saman til Prestastefnu á miklum háskatímum Þjóðarinnar. Við gengum gegnum hrun og ólýsanlega efnahagsörðugleika. Grunnstoðir samfélagsins gengu úr skorðum, löskuðust, ýmsar hrundu. Og svo bifuduðust kraftar náttúrunnar, eldur kom upp, vatnsflóðin dundu og askan og eimyrjan féllu yfir byggðirnar. Þetta eru háskatímar og áhrifin setja mark sitt á allt samfélagið og munu gera það lengi. En hver er merking þessa? Við spyrjum um merkingu og tilgang.

Jarðfræðin svarar ýmsum spurningum um orsakir og afleiðingar eldvirkinnar. Hagfræðin og lögfræðin svara spurningum um orsakir og afleiðingar hrunsins og kreppunnar. En hvert er svar guðfræði, hirða og leiðtoga trúar og kirkju?

Endur fyrir löngu varð lítil þjóð vitni að eldgos og heyrði Guð sinn tala úr eldinum. Síðar spurði spámaðurinn: „Hefur nokkur þjóð heyrt Guð tala hátt úr eldi, á sama hátt og þú heyrðir, og þó haldið lífi?... Þér var leyft að sjá þetta svo að þú játaðir að Drottinn er Guð og enginn annar en hann.“ (5.Mós. 4)

Þegar séra Jón Steingrímsson hugleiddi þær hörmungar sem hann lifði með söfnuði sínum í Skaftáreldum var þetta honum hugleikið. Það er ekki svar sem leysir ráðgátu orsakasamhengisins, þjáningin er ætíð leyndardómur, ráðgáta krossins og undur upprisunnar eru

undursamlegir og stórbrotnir leyndardómar. Jesús var spurður út í þetta samhengi frammi fyrir manni sem fæðst hafði blindur. Og hann svaraði: „Hvorki er það af því að hann hafi syndgað eða foreldrar hans heldur til þess að verk Guðs verði opinber á honum. Okkur ber að vinna verk þess er sendi mig meðan dagur er. Það kemur nótt þegar enginn getur unnið. Meðan ég er í heiminum er ég ljós heimsins.“ (Jóh.9.3) Og þetta hlýtur hver hirðir og leiðtogi kristins safnaðar að enduróma með orðum sínum og athöfn. Við höfum verið minnt óþyrmilega á varnaleyzi okkar í heiminum, varnaleyzi og smæð gagnvart ofurkröftum náttúrunnar, og hve ótrúlega varnalaust hið tæknivædda nútímasamfélag er. En þrátt fyrir alla ógn og vá er annað afl, annar máttur sem undirtökin hefur í tilverunni. Þrátt fyrir sortamyrkur og öskukóf þá er ljós í þessum heimi, ljóssins og lífsins máttur að verki. Sá máttur birtist ekki síst þegar umhyggjan kemst að og ræður för, kærleikurinn, vonin og trúin.

Ég vil hér færa fram sérstakar þakki í nafni kirkjunnar björgunar-sveitarfólki og löggæslumönnum og almannavörnum, Rauða krossinum, læknum, hjúkrunarfólki og sveitastjórnnum á hverjum stað og öllum þeim sem sinna hjálpar og björgunarstörfum fyrir þá frábæru þjónustu sem þessir aðilar veita. Eins þakka ég hópum sjálfböðaliða sem komið hafa á vettvang við hreinsunarstörf, og síðast en ekki síst prestunum, hirðum og leiðtogum hins kristna samfélags, sem staðið hafa vaktina í svo ótrúlega erfiðum aðstæðum. Sú góða samstaða og æðruleysi sem hvarvetna má sjá og finna, sýnir mikinn styrk íslensks samfélags. Guð launi það og blessi. Öllu því fólki sem glímir við af-

leiðingar hamfaranna sendum við samstöðukveðjur Prestastefnu.

Uppgjörð

Við göngum gegnum uppgjör og reikningsskil sem þjóð. Rannsóknarskýrslan er öðrum þræði uppgjör við þá hugmyndafræði sem ráðið hefur ríkjum í okkar samfélagi um árabíl og byggir fyrst og fremst á fjármunum og peningavaldi.

„Salve lucrum“ – lifi gróðinn – er áletrun á húsi auðmanns nokkurs í Pompei. Ekki hefur sá gróði bjargað miklu þegar fjallið gaus og eyðingin féll yfir borgina hans. Þetta var líka yfirskrift íslensks samfélags, og margir tóku þátt í þeim lofsöng sem steig í hæstu hæðir. Þetta var tími ímyndar-smíðanna, umbúðanna og yfirborðsins. Ótakmarkaður aðgangur að ódýru lánsfé varð til þess að brengla allt verðmætamat, það var sem samfélagið væri meir og minna upptekið af hinum skjótfengna gróða, neyslu og fullnæging þarfa einstaklingsins, og fjölmenn og glæsileg var sú gleðiganga. Nú er kallað eftir styrkum og traustum gildum, gömlu gildunum. Hver eru þau, og hvaðan eru þau runnin? Og hvar er hirðirinn og leiðtoginn, hvar er röddin í eyðimörkinni og sortanum sem getur vísað veg og örvað hugsun og innsæi, hugrekki og þolgæði sem beint geti för til uppbyggingar hins góða samfélags? Þar eru margir kallaðir og margt er spaklega sagt, vissulega. En röddin sem við þurfum öll að hlusta eftir og heyra og hlýða er rödd og orð Guðs, eins og spámaðurinn Míka segir: „Maður, þér hefur verið sagt hvað gott er og hvers Drottinn væntir af þér: þess eins að þú gerir rétt, ástundir kærleika og þjónir Guði í hógværð.“ (Míka 6.8)

Rannsóknarskýrslan leiðir í ljós að það sem fyrst og fremst brást var eftirlitshlutverkið. Það er aldrei vinsælt hlutverk þegar straumur samtímans liggur til einnar, sömu áttar, það er ekki til vinsælda fallið þegar veislan dunar að benda á að eitthvað sé að, að spyrja óþægilegra spurninga, að vitna í forna texta og viðmið og gömul gildi. Við sem hirðar og leiðtogar höfum sannarlega eftirlitshlutverki að gegna. Eins og postulinn segir: „Hafið gát á sjálfum ykkur og allri hjörðinni sem heilagur andi fól ykkur til umsjónar. Verið hirðar kirkju Guðs sem hann hefur aflað sér með sínu eigin blóði.“ (Post.20.28) Í því felst líka að áminna og leiðbeina, benda á hamingjuleiðina og grundvöllinn trausta og viðmiðin sem ekki bregðast, sem er Orð Guðs, orð lífsins, frelsarinn Kristur, krossfestur og upprisinn.

Þegar Rannsóknarskýrslan er gaumgæfð og þegar fylgst er með hamförum náttúrunnar hvað höfum við sem hirðar og leiðtogar hins kristna safnaðar fram að færa? Og það leiðir mig til orða Páls postula: „Ég fyrirverð mig ekki fyrir fagnaðarerindið. Það er kraftur Guðs til hjálpræðis hverjum þeim sem trúir.“ (Róm.1.16) Það er fagnaðarerindið sem gefur rótfestu trú og lífi, veitir þolgæði og þrautseigju í mótlætinu, kjark og þor andspænis ranglætinu, hugrekki og heilindi í þrautum og vá.

Þegar við tölum inn í aðstæður dagsins, hrunið, reiðina, spillinguna, mistökin, vanmáttinn, sorgina, ógnina og hamfarirnar þá mælum við sem hirðar og leiðtogar, sem spámenn og iðrandi í senn. Eins og Jesaja getum við talað gegn ranglætinu og eitrun siðspillingarinnar um leið og við grátum yfir því og með þeim sem líða: „Vei mér, það er úti um mig því að ég er maður með óhreinar varir og bý meðal fólks

með óhreinar varir“ (Jes.6.5) Eins og Páll getum við varað við afleiðingum syndarinnar, en í sömu andrá viðurkennt að við erum sjálf fremst í flokki syndaranna. (1.Tím.1.15)

Það sem við höfum fram að færa í samfélagsmæðunni eru ekki einhverjir siðgæðislegir yfirburðir, ekki eigið réttlæti okkar eða auðmýkt eða yfirsýn. Við komum fram í nafni hans sem kom í þennan heim til að frelsa syndara af öllum pólitískum, félagslegum og efnahagslegum, já og trúarlegum toga. Við eigum að hefja upp raustina í þágu réttlætisins, ekki til að bæta ímynd okkar og ávinna okkur vinsældir á torginu heldur sem vottar hins eina Réttláta. Við lifum í menningu og samtíð sem eftir svo ótal mörgu að dæma er á bandi myrkurs og ranglætis. Okkar hlutverk er að bera birtu af Kristi. Við mælum fram og vottum um það sem Hann segir að er rétt og satt jafnframt sem við játum eigin synd og vanmátt er við bendum á hann sem einn fær frelsað okkur öll.

Samstaða systurkirkna og bræðraþjóða

Þótt öðru sé oft haldið fram þá hafa Íslendingar fundið mikla samstöðu annarra þjóða, skilning og vinsemd. Það kemur til dæmis fram í þeim virka stuðningi sem hið alþjóðlega kirknasamfélag hefur sýnt okkur. Lúterska heimssambandið setti sig í samband við okkur í vetur vegna Icesave deilunnar og velti upp spurningum er varða stöðu þjóðarinnar og ólögmætar skuldir. Bent var á að margt sé líkt með Icesave og ólögmætri skuldsetningu annars staðar í heiminum. Var afar áhugavert fyrir okkur að skoða okkar mál í því samhengi. Áformuð var

ráðstefna í tengslum við Menntadaga Prestafélags Íslands í gær með þátttöku Lúterska heimssambandsins þar sem fjalla átti um um stöðu Íslands í ljósi alþjóðlegra skuldsetninga og baráttunnar gegn ólögmætum skuldum. Af því gat ekki orðið vegna öskufallsins, en vonir standa til að halda slíkt málþing síðar í vor. Hér á eftir verður flutt kveðja framkvæmdastjóra Lúterska heimssambandsins, dr. Ishmael Noko, og eins kveður mótmælendakirkjunnar í Hollandi og lútersku kirkjunnar í Bretlandi, en báðar hafa sýnt einlæga samstöðu með málstað Íslendinga. Við erum sannarlega eyland, en ekki ein í heiminum. Þjóðkirkjan er hluti samfélags kirkna sem nær yfir allan heim, hlutur okkar í því samfélagi skiptir máli. Því megum við ekki gleyma.

Uppbygging

Þjóðarinnar bíður mikið uppbyggingar og endurreisnarstarf, bæði eftir bankahrun og hamfarir náttúrunnar. Mér er, eins og mörgum, tíðhugað til Vestmannaeyja þegar gosið hrakti íbúana á flóttu og askan færði byggðina í kaf. Ótal margir horfðu á ævistarf sitt eyðilagt – eins og nú fyrir austan. Þá strengdu yfirvöld þess heit að byggðin yrði endurreist. Og það tókst með samstilltu átaki hinna mörgu. Herskarar fólks stóðu í því að hreinsa öskuna burt og gera Heimaey byggilega á ný. Það var ekkert áhlaupaverk. En tókst. Það mun líka takast nú ef við berum gæfu til að standa saman að þjóðarsamstöðu um uppbyggingu.

Ég vil líka minna á hlut kirkjunnar í Vestmannaeyjum forðum. Ríkisútvarpið útvarpaði fyrirbæn á hverjum degi meðan gosið stóð yfir. Og frá fyrsta degi eftir að því linnti hringdu klukkur



Messa í Vídalíns-
kirkju við upphaf
Prestastefnu 2010

Landakirkju og kölluðu fólk saman til tíða hvern helgan dag og ómuðu fyrirheit frelsarans sem skráð var á sáluhliðið: „Ég lifi og þér munuð lifa.“ Samfélagið reis upp úr óskunni og eyðileggingunni, með Guðs hjálp og góðra manna. Það mun líka gerast nú.

Ísland hrundi af því að siðferðisgrunnurinn gliðnaði, samfélagið laskaðist þegar eigingirnin, sjálf-dæmishyggtan og upphafning einstaklingsins var í öndvegi. Hreinsunin og uppbyggingin verður til dæmis að takast á við þá siðferðilegu áskorun sem hinn augljósi og vaxandi ójöfnuður er okkar litla samfélagi. Forsenda raunverulegra framfara er sterkur siðferðilegur grundvöllur þar sem virðing, samhjálp, umhyggja og kærleikur er í fyrirrími.

Fyrirheit Drottins, fagnaðarerindið um fyrirgefningu syndanna, upprisu og eilíft líf er ekki orðin ein. Það er innistæða fyrir þeirri fullyrðingu kristinnar að gott líf og heilbriggt samfélag fólks er

grundvallað á umhyggju og kærleika og ekkert samfélag þrífist, engin þjóð standist, sé það ekki viðurkennt og því fylgt. Hin kristna upprisurú gefur innsýn og von til framtíðar þar sem slíkt líf og samfélag lifir og dafnar, hið góða sigrar, lífið, kærleikurinn, ljósið sigrar.

Stofnun - samfélag

Stofnanir samfélagsins hafa laskast og verða fyrir mikilli gagnrýni þar á meðal kirkjan. Oft er fundið að og kvartað yfir „kirkjustofnuninni.“ En hvernig gætum við þekkt Krist án stofnunarinnar sem kirkjan er? Hver annar myndi varðveita leyndardóm fagnaðarerindisins og bera hann fram, miðla frá einni kynslóð til annarrar gegnum allar gjörningarpokur skoðananna og tískustraumanna? Stofnun er skuldbinding, skuldbundin arfleifð fortíðar í þágu nútíðar og til að búa í hag fyrir framtíðina. Ef til vill er það einmitt þess vegna sem þær hafa verið svo skefjalaust talaðar niður.

En við lifum í heimi stofnana, hvort sem okkur líkar betur eða verr, það er eini heimurinn sem við þekkjum, eina siðmenningin sem við þekkjum. Stofnunin kristin kirkja er sannarlega einhver merkasta stofnun siðmenningarinnar. Ég tel að þjóðin okkar þurfi á þeim stofnunum að halda sem varðveita hina sameiginlegu minningu þjóðarinnar og setja fram drauma mannkyns, von og þrá, tjá hið óræða og ægilega, tengja okkur saman við þær rætur sem hið góða líf og samfélag nærast af. Og slík stofnun er Þjóðkirkjan, sem sannarlega er jafnframt víðtækasta fjöldahreyfing landsins.

Samstaða um það sem máli skiptir

Við, vígðir þjónar, hirðar og leiðtogar kirkjunnar, erum um margt ólík og komum úr ýmsum áttum en við höfum sameiginlegra hagsmuna að gæta, og það eru hagsmunir fagnaðarerindisins í samtíðinni. Svo margt stuðlar að sundrunu. Í stað samræðu ríkir einatt ádeilan og áróðurinn, fjölmiðlun nútímans setur meir og minna öll viðfangsefni dagsins upp sem átök ólíkra sjónarmiða og þar er lítið rými fyrir blæbrigðin. Keppikeflið virðist vera að hossa öfgasjónarmiðum, markmiðið virðist ekki vera samtal sem leiði til niðurstöðu, og sem hlýtur að byggja á virðingu, heldur orðræða þar sem það gildir að hafa sem hæst og yfirbjóða í stóryrðum og sleggjudómum. Þannig er alið á tortryggni og kaldhæðni.

Þetta er því miður ekki óþekkt innan raða vígðra þjóna. Teflt er fram andstaðu dreifbýlis gegn þéttbýli, dreifræði andspænis miðstýringu, íhaldsemi gegn frjálslýndi. Það skilar okkur engu að leita uppi gamlar skotgrafir.

Hvað skiptir máli annað en að vera trúr og heill í vitnisburðinum um Jesú Krist og fagnaðarerindi hans? Það er þegar allt kemur til alls það sem mestu varðar, að vera trúr og bera traust til og virðingu fyrir hvert öðru og umfram allt þeim málstað, því orði, þeim Guði, sem við erum kölluð og send til að þjóna.

Ég fullyrði það að þjóðkirkjan okkar er opin og rúmgóð enn sem fyrr. Hún hefur og á að hafa hátt til lofts og vítt til veggja, með lága þröskulda, en skýran fókus og traust viðmið. Ég fullyrði líka að aldrei fyrr hafa eins margir sótt kirkju reglubundið á Íslandi og nú, og aldrei fyrr hafa eins margir verið virkir á vettvangi trúarlífs og kirkjustarfs sem nú.

Átakalínan sem máli skiptir er ekki milli guðfræðistefna og skoðana í guðfræði eða sögutúlkun eða pólitískum átakamálum, átakalínan liggur ekki heldur milli borgar og sveita. Nei, hún liggur um miðja þjóðarsálinna þar sem fagnaðarerindið mætir synd og neyð, sekt og brestum mannlegs lífs. Málið snýst einfaldlega um það hvort það erindi og orð fær yfirhöfuð að heyrast og ekki síður það hvort við hlustum og tókum orðin til okkar, í samtíð sem æ meir virðist telja sig vaxna upp úr hinum kristna trúararfi og þar sem andúðin og fordómarnir gegn trú almennt og kristinni trú og kirkju sérstaklega virðast vera á góðri leið með að verða almennt viðurkennd hugmyndafræði.

Vísitasía

Ég lauk vísitasíu um Vestfjarðaprófastsdæmi í fyrra sumar og er nýbyrjaður að vísitera Reykjavíkurrófastsdæmi eystra. Ég þakka góða samfylgd prófastsins, séra Agnesar Sigurðardóttur, samfélag við prestana og samfundi með sóknarnefndum og

söfnuðum, og eins áhugafólki um eyðikirkjur, sem víða er að finna þar vestra.

Þjóð og kirkja á líka mikinn mannauð í því fólki sem leggur fram krafta sína í þágu kirkju sinnar, í þágu hins góða lífs, samfélags og menningar á grundvelli góðra og traustra lífsgilda. Helgidómarnir og kirkjugarðarnir víðast hvar eru í góðri umhirðu eins og þeim þjóðargersemum sæmir. En ekki bara það.

Þjóðkirkjan er vörslumaður helgistaðanna sem varðveita minningu lands og þjóðar. Kirkjugarðarnir minna á þau sem á undan eru gengin og vottur um virðingu okkar við þau. Það er gott að verða vitni að virðingu og metnaði sem víða heldur utan um helgistaðina og þá iðkun sem þeim tengist. Kirkjunni er falið að gæta þessara þjóðargersema. Það er samfélagsábyrgð sem kirkjan vill sinna með reisn. Við eigum að varðveita minningarnar. Það er aldrei mikilvægara en nú á tímum einnota hluta og minnisleysis. Og okkur ber jafnframt að sjá til þess að kirkjunnar verði ekki minjasöfn, heldur bænahús og samfundastaðir þar sem þeirri iðkun og atferli er sinnt sem styrkir og glæðir vitundina fyrir því helga og trausta samhengi sem við stöndum í sem þjóð.

Það er sárt að horfa upp á fækkun í hinum dreifðu byggðum. Það er sárt að þurfa að skera niður í mannahaldi, fækka prófastsdæmum og prestsembættum vegna hagræðingarkröfu ríkisins, og það bitnar óneitanlega á dreifbýlinu. En við megum samt ekki gleyma því að fólki fækkar á landsbyggðinni vegna þess að það sest að í þéttbýlinu. Þjóðkirkjan verður að horfast í augu við það og mæta vaxandi þörfum þjónustunnar þar. Hin mikla skerðing sóknargjalda og stórkostlegi niðurskurður á fjárlagaliðum þjóðkirkjunnar er farinn

að segja til sín víða. Margar sóknir glíma við mikla skuldabyrði og eru í afar þröngri stöðu og vandséð hvort þær þola meiri niðurskurð. Sóknir eru farnar að segja upp organistum og djáknum, sem er óneitanlega afar sárt að sjá. Þar sem mestur barnafjöldinn er og þjónustupunginn þarf á þjónustu að halda, það er áskorun á hendur kirkjunni að mæta þeim þörfum miðað við minni tekjur. Það er afar mikilvægt að standa vörð um grunnþjónustuna sem nokkur kostur er, styðja við barna og æskulýðsstarf og kærleiksþjónustu kirkjunnar við þau sem standa höllum fæti. Landsbyggðarkirkjan getur sannarlega kennt okkur öllum margt um sjálfböðastarf, um það að gefa af sér í þágu samfélagsins. Og ég hygg að við getum öll, hvar sem er á vettvangi kirkjunnar fundið leiðir til að hagræða og draga úr kostnaði.

Hjálparstarf kirkjunnar

Ég sótti heim verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Malavi og Úganda og naut fylgdar Jónasar Þórissonar, framkvæmdastjóra Hjálparstarfsins og fleiri. Ógleymanleg ferð og lærdómsrík. Mikið megum við þakka Hjálparstarfi kirkjunnar og því góða fólki sem þar stendur í stafni og þeim fjölmörgu sem með gjöfum sínum styðja starfið. Ég vil í nafni kirkjunnar færa því fólki þakkir. Stuðningur presta og sókna landsins hefur stórauðist á umliðnu ári og hefur gert hjálparstarfinu kleift að standa við skuldbindingar sínar við samstarfsaðila erlendis sem og að mæta stórauðinni þörf fyrir innanlandsaðstoð. Það vil ég þakka af alhug.

Í Malavi og Úganda fengum við að kynnast aðstæðum fólks sem lifir við það sem við myndum nefna vonlausar

aðstæður, en þar sem von og gleði er svo víða að mæta, þrautsegja og þolgæði andspænis ofureflinu. Það er lærdómsríkt að sjá og lifa. Hjálparstarf kirkjunnar er í samstarfi við hjálparstarf heimakirkna og Lúterska heimssambandsins að því að bora eftir vatni, bæta hreinlætisaðstöðu, byggja upp heilsugæslu og önnur mikilvæg þróunarverkefni til að bæta líf og lífsgæði fólksins, kaupa bústofn, geitur og hænsn, og reisa hús. Gjafir íslenskra gefenda gera þetta mögulegt.

Hvarvetna er heimafólk virkjað til samhjálp til dæmis að kjósa sér vatnsnefnd á hverjum stað sem hefur umsjón með brunnum og matjurtagarði sem nýtir sér yfirfallsvatn til ræktunar grænmetis. Ágóði af sölu þess myndar sjóð til viðhalds brunnum og til að standa undir smálánastarfsemi. Hér sáum við vísi að lýðræðisvæðingu í grasrótinni, virkjun kvenna og karla til að axla sameiginlega ábyrgð og forystu í þágu samfélagsins.

Það var áhrifaríkt að heimsækja fjölskyldur með stóra hópa barna sem lútherska heimssambandið hefur hjálpað og stutt til sjálfshjálp. Talsmenn, eða ráðgjafar, sem hljóta þjálfun á vegum lútherska heimssambandsins leita uppi munaðarlaus börn og veita þeim stuðning.

Ógleymanlegt var að hitta unga bræður, 14 og 17 ára, sem misst hafa báða foreldra sína af völdum alnæmis. Skyldfólk þeirra rak þá að heiman. Talsmenn hjálparstarfsins fundu þá og hjálpuðu þeim að koma upp kofa til bráðabirgða og studdu þá í skóla. Nú er verið að reisa þeim hús með vatns-tanki og kamrí. Þegar ég spurði þá hvað þeir ætluðu sér að verða þegar þeir yrðu stórir svaraði annar að bragði: Forsætisráðherra! Hinn svaraði: Talsmaður. Það

fannst mér góður vitnisburður um þau sem því hlutverki sinna. Það er fólk sem lítur til með börnunum, ræktar vináttu við þau, leiðbeinir þeim og setur þeim fyrir verkefni og markmið í lífinu. Mér fannst viðhorf þess fólks lýsa ekki aðeins umhyggju um börnin og fjölskyldur þeirra, heldur líka gleði yfir vináttunni við þau. Og það vakti mér spurningar gagnvart okkar aðstæðum hér í kirkju og samfélagi: Hverjir eru talsmenn hinna minnstu og brothættu okkar á meðal, sem veita ekki aðeins hjálp og umhyggju, heldur líka vináttu? Höfum við gleymt leyndardómi vináttunnar í starfi okkar, erum við orðin of fagleg og skipulögð til að gefa henni gaum og rúm?

Hlutskipti barna

Mér er einatt hugleikið hlutskipti barna og þykir afar vænt um að við Íslendingar skulum geta gegnum Hjálparstarf kirkjunnar gert svo ótrúlega margt til að rétta hlut barna innan lands og í þróunar-löndunum. Ég minni á Framtíðar-sjóðinn meðal annars, sem og hin marg-víslegu þróunarverkefni erlendis sem skipta sköpum fyrir mikinn fjölda barna.

Ég hef oft áður minnt á það hlutverk kirkjunnar okkar að vera talsmaður, málssvari barnsins í íslensku samfélagi, og það vil ég ítreka. Okkur sem tökum á móti stórum hluta íslenskra barna við skírnarlaugina og aftur til fermingar ber skylda til að stuðla að heill barnsins og tala máli þess í samtíðinni. Mér rennur til rifja hve veikburða rödd kirkjunnar þjóna hefur verið í þeim efnum.

Ef við, hirðar og leiðtogar kirkjunnar viljum vera ábyrgt afl í samfélaginu þá tökum við til máls um grunnildin, hin kristnu grunnildi, og látum í okkur heyra, til dæmis og ekki síst þegar börnin eru annars vegar.

Á morgun fáum við að hlýða á erindi sem fjalla um stöðu heimilanna. Grundvallarstofnun íslensks samfélags, heimilið, fjölskyldan, er augljóslega í vanda.

Þegar brugðið er upp ljósi mannréttinda og jafnréttis yfir málefni hjónabands og fjölskyldu er ástæða til að minna á það misrétti sem giftir foreldrar ungra barna eru beittir. Svo lengi hefur það verið dagljóst að það borgar sig ekki að festa ráð sitt, að giftast. Við það hækkta t.d. leikskólagjöld umtalsvert, húsaleigubætur lækka. Þetta hefur viðgengist allt of lengi. Fréttir um að þriðjungur heimila í landinu, eigi við alvarlegan skuldavanda að etja, og það að langmestu leyti heimili ungra barna, ungt barnafolk sem er að sligast undir skuldaklafanum, það ætti að vekja allt samfélagið, þar á meðal kirkjunnar þjóna, upp til viðbragða. Ekki má gleyma þeim fjölmörgu heimilum í landi okkar sem búa við atvinnuleysi og verða að treysta á bætur og annan félagslegan stuðning samfélagsins og jafnvel á stuðning hjálparstofnana til að hafa í sig og á. Augljóst er að andleg heilsa barna við slíkar aðstæður er í hættu þó að áhrifin komi ekki fram fyrir en eftir mörg ár. Sama er að segja um þau börn sem búa við ógnir eldgossins fyrir austan. Eins mættum við gefa gaum að þeim áhrifum sem hin háværa neikvæðni, bölmóður og reiði sem víða ríkir hefur á ungar og viðkvæmar sálir. Staða sveitaheimilanna, sem eldvirknin og öskufallið hefur bitnað á, er alvarleg. Mörg þessi bú stóðu afar veikt vegna hrunsins eins og raunin er með fjölda heimila út um byggðir landsins. Eldgosið ógnar nú allri lífsafkomu og framtíð fjölda fólks.

Fátækt er skelfileg staðreynd á Íslandi í dag svo sem matarúthlutanir

hjálparsamtakanna bera vitni um. Vaxandi fátækt ekki síst ungra fjölskyldna er ægilegur smáarblettur.

Fréttir af kynbundnu ofbeldi, stórauknu og grófara heimilisofbeldi, vekja manni óhug. Á sl. ári bárust 9000 tilkynningar til barnaverndarnefnda, 13% fjölgun á landsvísu, tilkynningar um börn í hættu vegna misbeitingar og ofbeldis á heimilum sínum, almennt alvarlegri og grófari brot. Árið 2008 urðu 1800 konur á Íslandi fyrir ofbeldi af hálfu maka síns eða sambúðarmanns. Kannanir sýna að íslensk ungmenni eigi fleiri rekkjunauta en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Og ein 17 af hundraði barna á Íslandi verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Er þetta ekki skelfilegar tölur og sú innsýn í siðferði sem þær birta ógnvænleg?

Við, kirkjunnar þjónar, verðum að standa vaktina hér. Kirkjan verður að láta það berast skýrt og skorinort út í samfélagið að brot gegn börnum verður ekki liðið á vettvangi kirkju og safnaða og á ekki að líðast í þjóðfélagi sem kallar sig siðað.

Siðareglur vígðra þjóna og starfsmanna þjóðkirkjunnar sem Kirkjuping 2009 staðfesti, liggja frammi hér á prestastefnu. Þar er meðal annars, með vísan til barnaverndarlaga áskilið að prestar og starfsfólk kirkjunnar veiti samþykki fyrir því að upplýsinga sé aflað af sakaskrá um brot í þessum efnun, sem og hvað varðar önnur ofbeldisbrot eða brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Samþykkt siðareglanna eru skýr skilaboð sem við verðum að fylgja ötullega eftir.

Ein hjúskaparlög

Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp til hjúskaparlaga þar sem lagt er til að

hjónaband verði kynhlutlaust, orðin karl og kona eru felld niður, orðin einstaklingar koma í staðinn. Er þetta niðurstaða sem lengi hefur verið unnið markvisst að og rökstutt sem mannréttindamál, og hefur kostað langvinnar, tilfinningaþrungnar og sársaukafullar umræður í kirkju og samfélagi.

Eins og ykkur flestum má vera kunnugt þá hef ég talið skyldu mína að standa vörð um hin gömlu og helgu gildi í þessum efnum. Nú horfist ég í augu við að ríkisstjórn og Alþingi munu afgreiða frumvarpið, niðurstaðan blasir við og stór hluti presta mun vera því fylgjandi. Engum blöðum er um að fletta að Þjóðkirkjan lýtur lögum landsins. Ríkið ræður því hver skilgreining hjúskaparins er að lögum. En þetta mál varðar líka kenningu og helgisiði kirkjunnar.

Hjúskaparlög hafa byggt á samhljómi siðar og kirkju, flestra trúarbragða heims og nánast allrar siðmenningar, í samhljómi við þann skilning á hjónabandi sem birtist í orðum Jesú Krists sem rækilega eru tíuðuð í guðspjöllunum. Nú er stigið skref sem leysir þennan samskilning sundur. Hér þarf því Prestastefna að ræða þá stöðu og það sem hvarvetna er í brennidepli í kirkjunum þegar slík staða kemur upp. Það snýst meðal annars um vígslumannshlutverkið og helgisiði kirkjunnar við hjónavígslu.

Ýmsum finnst rökrétt að löggjafinn leysi kirkjur og trúfélög undan því að prestar og forstöðumenn gegni vígslumannshlutverki. Ég játa það að sjálfur er ég beggja blends í þeim efnum, því hjónavígslan í kirkjunni gegnir sannarlega veigamiklu hlutverki í vitund þjóðarinnar.

Þessi mál hafa reynst öllum

nágrannakirkjum okkar erfið úrlausnar. Þjóðkirkjan tók afstöðu fyrir tveimur árum um að þeir prestar hennar sem svo kjósa geti verið vígslumenn að staðfestri samvist. Þetta var málemiðlun til að skapa sátt í samfélaginu, sem tókst um litla hríð. Fáar kirkjur hafa gerst vígslumenn staðfestar samvistar. Og reyndar eru þær kirkjur, sem prestar þeirra hafa hlutverk vígslumanns og sem hafa samþykkt samkynja hjónabönd, í algjörum minnihluta í veröldinni, eftir því sem ég best veit aðeins tvær til þessa, sænska kirkjan og sameinaða mótmælendakirkjan í Kanada.

Verði fyrirbyggjandi frumvarp að lögum þá finnst mér einboðið að við förum þá leið sem Kirkjuping 2007 samþykkti og staðfest var á Prestastefnu 2008. Samkvæmt því verði í kaflanum Hjónavígsla í Handbók kirkjunnar gefnir valkostir um tilhögun hjónavígslunnar eftir því sem við á karl og kona eða samkynja par. Síðarnefndi valkostur byggji á því formi sem Prestastefna samþykkti fyrir staðfestingu samvistar.

Með þessu væri í senn gætt jafnræðis og tekið tillit til kirkjulegrar hefðar.

Þessi mál verða á dagskrá Prestastefnu á fimmtudagsmorgun. Ég hef hugleitt að láta fara fram rafræna könnun meðal presta eftir Prestastefnu um hug þeirra til þeirra kosta sem ég hef nefnt. Kenningarnefnd og Helgisiðanefnd munu fjalla um málið áður en það kemur til kasta Kirkjupings 2010, sem mun væntanlega afgreiða það fyrir hönd Þjóðkirkjunnar.

Ég bið þess að við getum rætt þessi mál, eins og öll okkar mál og viðfangsefni af sanngirni og virðingu fyrir hvert öðru og andstæðum viðhorfum. Ég bið þess að okkur auðnist að taka höndum saman um að halda

veginn fram í virðingu og sátt, þrátt fyrir ólík sjónarmið, svo að kirkjan okkar verði í raun það læknandi samfélag sem henni er ætlað að vera á Íslandi.

Lokaorð

Ég vitnaði í 5. Mós hér áðan og geri þau orð að niðurlagsorðum mínum: „En vertu varkár og gættu þín vel svo að þú gleymir ekki þeim atburðum sem þú hefur séð með eigin augum. Láttu þá ekki líða þér úr minni meðan þú lifir og þú skalt segja börnum þínum og barnabörnum frá þeim...”

Í neyð þinni mun allur þessi boðskapur ná eyrum þínum, á komandi tímum munt þú snúa aftur til Drottins,

Guðs þíns, og hlýða boðum hans. Því að Drottinn, Guð þinn, er miskunnssamur Guð. Hann bregst þér ekki og lætur þig ekki farast. Hann gleymir ekki sáttmálanum við feður þína sem hann staðfesti með eiði ... Þér var leyft að sjá þetta svo að þú játaðir að Drottinn er Guð og enginn annar en hann.”

Góðu systkin, ég þakka Guði fyrir alla trúa hirða og leiðtoga og þjónustu þeirra í tryggð og trúfesti, Guð blessi ykkur með mætti sínum og visku anda síns í lífi og þjónustu. Við göngum til Prestastefnu í Vídalínskirkju. Og eins og Jón biskup Vídalín sagði: „Gæti svo hver síns embættis en Guð vor allra.”

Prestastefna 2010 er sett.

Synodusárið 2009-2010

Nývígðir prestar

Cand. theol. Erla Guðmundsdóttir var vígð 5. júlí 2009 til prestsþjónustu í Keflavíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi. Erla er fædd 11. júlí 1978.

Eiginmaður hennar er Sveinn Ólafur Magnússon.

Cand. theol. Þorgeir Arason var vígður 5. júlí 2009 til afleysingaþjónustu í Hofsprestakalli, Múlaprófastsdæmi. Þorgeir er fæddur 17. ágúst 1983.

Eiginkona hans er Hlín Stefánsdóttir.

Nývígður djákni

Ásdís Pétursdóttir Blöndal var vígð 18. október 2009 til djáknaþjónustu Ásprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Eiginmaður hennar er Anton Crivello Antonsson.

Nína Björg Vilhelmsdóttir var vígð 18. október 2009 til djáknaþjónustu í Breiðholtskirkju í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra. Eiginmaður hennar er Reynir Sigurbjörn Hreinsson.

Kristniboðar

Faney Krístrún Ingadóttir var vígð 5. júlí 2009 til kristniboðsstarfa á vegum Sambands íslenskra kristniboðsfélaga.

Jón Fjölur Albertsson var vígður 5. júlí 2009 til kristniboðsstarfa á vegum Sambands íslenskra kristniboðsfélaga.

Skipanir í embætti

Séra Þórhallur Heimisson var skipaður sóknarprestur í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. júlí 2009.

Séra Hans Guðberg Alfreðsson var skipaður prestur í Garðaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. september 2009.

Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir var skipuð prestur í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. október 2009.

Séra Sigurður Grétar Sigurðsson var skipaður sóknarprestur í Útskálaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. nóvember 2009.

Séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir var skipuð sóknarprestur í Kolfreyjustaðarprestakalli, Austfjarðarprófastdæmi frá 1. desember 2009.

Séra Sigurður Arnarson var skipaður sóknarprestur í Kársnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. desember 2009.

Séra Magnús Magnússon var skipaður sóknarprestur í Breiðabólstaðarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi frá 15. janúar 2010.

Séra Óskar H. Óskarsson var skipaður prestur í Selfossprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. mars 2010.

Tilfærslur

Séra Gunnþór Þ. Ingason starfar sem sérþjónustuprestur á Biskupsstofu á sviði helgihalds og þjóðmenningar, frá 1. júlí 2009.

Séra Gunnar Björnsson starfar sem sérþjónustuprestur á Biskupsstofu á sviði þýðinga og fyrir Helgisíðastofu sem vinnur að rannsóknum á hinum forna tónlistararfi, frá 15. október 2009.

Séra Axel Árnason starfar sem héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi, frá 15. janúar 2010.

Séra Auður Inga Einarsdóttir hefur verið ráðin prestur á Hjúkrunarheimilinu Grund.

Prófastar

Séra Dalla Þórðardóttir, sóknarprestur í Miklabæjarprestakalli var skipuð prófastur í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, frá 1. mars 2010.

Séra Halldóra Þorvarðardóttir, sóknarprestur í Fellsmúlaprestakalli var skipuð prófastur í Suðurprófastsdæmi, frá 1. mars 2010.

Lausn frá embætti

Séra Þórey Guðmundsdóttir fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Kolfreyjusstaðarprestakalli, Austfjarðarprófastsdæmi frá 1. október 2009.

Björn Sveinn Björnsson fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Útskálaprestakalli, Kjálarnessprófastsdæmi frá 1. september 2009.

Séra Ægir Fr. Sigurgeirsson fékk lausn

frá embætti sóknarprestis í Kársnesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. október 2009.

Séra Arnaldur Bárðarson fékk lausn frá embætti prestis í Glerárprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. janúar 2010.

Séra Sveinbjörn Bjarnason lét af störfum á Hjúkrunarheimilinu Grund.

Niðurlögð embætti

Embætti prestis í London lagt niður frá 1. desember 2009. Prestur var séra Sigurður Arnarson.

Embætti prestis í Kaupmannahöfn lagt niður frá 15. janúar 2010. Prestur var séra Þórir Jökull Þorsteinsson.

Embætti prestis í Gautaborg lagt niður frá 1. apríl 2010. Prestur var séra Ágúst Einarsson.

Skaftafellsprófastsdæmi lagt niður frá 1. janúar 2010. Prófastur var séra Haraldur M. Kristjánsson.

Árnesprófastsdæmi lagt niður frá 1. janúar 2010. Prófastur var séra Eiríkur Jóhannsson.

Húnavatnsprófastsdæmi lagt niður frá 1. janúar 2010. Prófastur var séra Guðni Þór Ólafsson.

Andlát

Prestar

Halldór S. Gröndal fyrrverandi sóknarprestur í Grensásprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi, lést 23. júlí 2009. Hann var fæddur 15. október 1927,

varð stúdent frá V.Í 1949 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1972. Eftirlifandi eiginkona hans er Ingveldur L. Gröndal.

Séra Ásgeir Ingibergsson fyrrverandi prestur í Kanada, lést 18. nóvember 2009. Hann var fæddur 17. janúar 1928, varð stúdent frá M.R. 1948 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1957. Eftirlifandi eiginkona hans er Akiko Hayami.

Séra Páll Pálsson fyrrverandi sóknarprestur í Bergþórshvolsprestakalli, Rangárvallaprófastsdæmi, lést 31. desember 2009. Hann var fæddur 26. maí 1927, varð stúdent frá M.R. 1949 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1957. Eftirlifandi eiginkona hans er Edda Carlsdóttir.

Séra Sigurður Guðmundsson vígslubiskup Hólastiftis hins forna lést 9. janúar 2010. Hann var fæddur 16. apríl 1920, varð stúdent frá M.A. 1940 og lauk embættisprófi í guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1944. Sigurður var sóknarprestur í Grenjaðarstaðarprestakalli og prófastur

Þingeyjarprófastsdæmis. Hann þjónaði einnig um tíma sem settur biskup Íslands og settur vígslubiskup í Skálholtsumdæmi.

Séra Jón Hnefill Aðalsteinsson fyrrverandi sóknarprestur í Eskifjarðarprestakalli, Austfjarðaprófastsdæmi, lést 2. mars 2010. Hann var fæddur 29. mars 1927, varð stúdent frá M.A. 1948 og lauk embættisprófi í guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1960.

Prestsmakar

Frú Anna Þorsteinsdóttir, ekkja séra Kristins Hóseassonar, fyrrverandi prófasts og sóknarprests í Heydala-
prestakalli, Austfjarðaprófastsdæmi, lést 29. júlí 2009. Séra Kristinn lést 2008.

Frú Astrid Hannesson, ekkja séra Jóhanns Hannessonar, kristniboða og guðfræðiprófessors, lést 9. október 2009. Séra Jóhann lést 1976.

Frú Rósa B. Blöndals, ekkja séra Ingólfs Ástmarssonar fyrrverandi biskupsritara og sóknarprests í Mosfellsprestakalli, Árnesprófastsdæmi, lést 6. nóvember 2009. Séra Ingólfur lést 1994.

Kirkjuþing 2009

Ávarp biskups Íslands, hr. Karls Sigurbjörnssonar

Dómsmála og mannréttindaráðherra, frú Ragna Árnadóttir, forseti kirkjuþings, biskupar, þingfulltrúar, góðir gestir. Guð gefi ykkur öllum góðan dag. Verið hjartanlega velkomin til kirkjuþings 2009.

*Hér á landi oss Herrann sá
og huggaði öll í máta.
Því vil ég elska Ísaláð
og yfir það kalla Drottins náð
og aldrei af því láta.*

Svo kvað séra Einar Sigurðsson í Eydölum forðum. Játning hans geri ég að minni nú er við söfnumst saman á kirkjuþingi. Það er köllun okkar og hlutverk hvar svo sem við stöndum á vettvangi dagsins, að „elska Ísaláð og yfir það kalla Drottins náð og aldrei af því láta.“ Til þess er þjóðkirkjan okkar, hin biðjandi, boðandi og þjónandi kirkja.

Þær efnahagsþrengingar sem þjóðin gengur gegnum eru prófsteinn, próf-raun á samfélag okkar, stofnanir, fullveldi þjóðar, samkennd, já og hjartalag. Á þrengingatímum kemur hjartalagið í ljós. Hvað sjáum við? Hvernig slær hið íslenska þjóðarhjarta? Hvar bærast hin íslenska þjóðarsál?

Við skulum svara því á sama hátt og séra Einar í Eydölum, í elsku til lands og þjóðar og bæn fyrir heill þess og blessun, í elsku og bæn sem birtist í verki.

Kirkjuþing að þessu sinni mun vekja með sérstökum hætti athygli á Hjalpar-

starfi kirkjunnar. Þetta er nýbreytni í dagskrá kirkjuþings sem ég fagna sérstaklega. Ég vil í nafni kirkjunnar blessa Hjalparstarf kirkjunnar og þakka það ómetanlega hlutverk sem það gegnir í kirkju og samfélagi, sem útrétt hjálparhönd kirkjunnar. Síðastliðið ár var hið umfangsmesta í sögu starfsins, innanlands sem utan. Innanlandshjálpin margfaldaðist að umfangi, og Hjalparstarfinu tókst að standa við allar sínar skuldbindingar gagnvart samstarfsaðilum erlendis, þrátt fyrir gengishrunið. Hjalparstarf kirkjunnar hefur fundið stóraukna samstöðu, stórauknar féggjafir, stóraukinn fjöldi sjálfboðaliða, mikla fjölgun safnaða og presta sem styðja starfið með reglubundnum framlögum sínum. Þeim öllum vil ég þakka, og blessa það hlýja og örláta hjartalag sem það ber vott um.

Ein alvarlegasta afleiðing efnahagshrunsins hefur verið að hinar auðugu þjóðir heims draga úr þróunaraðstoð og neyðarhjálp. Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna vöktu ótalmörgum von í brjósti. Samkvæmt þeim á að vinna að því helminga fjölda hungraðra í heiminum fyrir árið 2015. Því fer fjarri að því göfuga marki verði náð og sígur stöðugt á ógæfuhlið. Þróunarhjálp er lífsspursmál fyrir hinar fátæku þjóðir, hjálp til að rjúfa fátæktargildruna og að hjálpa þeim til að standa á eigin fótum með fæðuöflun, með því að efla menntun og stuðla að lýðræði, og með því að afnema viðskiptahindranir sem bitna harkalegast á hinum fátæku



Karl
Sigurbjörnsson

ríkjum. Við Íslendingar skuldbundum okkur gagnvart þúsaldarmarkmiðunum og að lyfta okkur upp úr þeirri smán, að við, ein ríkasta þjóð heims, höfum staðið langt að baki þeim þjóðum sem við vildum mæla okkur við í framlögum til þróunaraðstoðar. Og nú þegar þrengir að hjá okkur er illt til að vita að við hlaupum frá skuldbindingum okkar og vörpum frá okkur ábyrgð. Það er ekki gæfumerki.

Þróunaraðstoð er ekki ölmusa, molar af borði hins ríka sem hent er í þurfa-linginn, heldur aðstoð til sjálfshjálpar. Það vinnst einungis með langvarandi samskiptum sem reist eru á gagnkvæmu trausti. Þrátt fyrir þau áföll sem þjóðarbúið og ríkissjóður verður fyrir, erum við enn vellauðug sem þjóð. Við erum ekki á vonarvöl. Við búum við auðsældarkreppu, munaðarkreppu. Samstarfsþjóðir okkar í Afríku búa við langvarandi örbirgð, viðvarandi kreppu. Við getum hjálpað þeim! Hin kristnu grunngildi, samkennd, meðlíðan og umhyggja fyrir öðrum eru mælikvarði á mennsku, krafa sem hverfur ekki þó þröngt sé í búi.

Samband íslenskra kristniboðsfélaga er áttatíu ára á þessu ári.

Ég vil í nafni kirkjunnar árna því heilla og biðja því blessunar. Og ég vil ítreka hvatning mína til kirkjunnar, til safnaðanna í landinu að leggja málefni þess sér að hjarta. Kristniboðsstarfið hefur í áttatíu ára sögu sinni verið öflugasta þróunarhjálp sem Íslendingar hafa lagt að mörkum!

Ég hef látið í ljós vilja til þess að þjóðkirkjan treysti samstarf og samfélag við systurkirkjurnar í Afríku um kristniboð og þróunaraðstoð, og ritað biskupum þeirra kirkna bréf þar að lútandi. Þetta eru lútherska kirkjan í Kenýu og Mekane Yesus kirkjan í Eþíópíu, en

í þeim löndum hefur verið stundað kristniboð af hálfu Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, sem og lútherska kirkjan í Malaví þar sem Íslendingar hafa rekið öflugt þróunarstarf. Nú er unnið að verkefni um safnaðatengsl milli íslenskra safnaða og safnaða í Kenýu. Margar sóknir hafa nú þegar myndað slík tengsl og fleiri lýst áhuga sínum og er það gleðiefni. Kristniboðssambandið heldur utan um þessi tengsl og mun sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson hafa umsjón með því af þeirra hálfu hér heima og ytra. Vil ég þakka honum fyrir hans þátt að þessum samskiptum, sem ég bind miklar vonir við.

Við Íslendingar höfum miklu að miðla, en við getum líka svo margt lært og þegið. Einatt finnum við styrk, von og hugrekki meðal hinna fátæku, og trú, sem er þeim aflugjafi til átaka í þágu lífsins, umhyggju og vonar. En meðal hinna auðugu þar sem við væntum að finna fullnægju er uppskeran gjarna lífsleiði, tilgangsleysi og vantrú. Þetta er vegna þess að erfiðasta og ægilegasta freistingin er freisting alsnægtanna. Á sama andartaki bölvur auðurinn þeim sem hann blessar. Forréttindi stífla æðar umhyggjunnar, sundra samfélaginu og næra hroka og valda kólnun hjartapels. Við berum með okkur í senn blessunina og bölvunina. Fátæktin er vissulega böf, og leiðir af sér bölvun hungurs, sjúkdóma, ranglætis, kúgunar. En á undarlegan hátt eru þau fátæku oft sæl, hver svo sem ástæðan er, og blessuð með náðargáfum svo sem hugrekki, þolgæði, umhyggju og trú.

Kirkja Krists lyftir fram mynd og orði frelsarans sem neitaði að breyta steinum í brauð, stökkva ofan af þakbrún musterisins eða stjórna með alræðismeðölum heimsins. Hún vitnar um hann sem segir: „Sælir eru fátækir,

miskunnssamir, friðflytjendur, hógværir, sorgmæddir, friðflytjendur, þau sem hungar og þyrstir eftir réttlætinu...“ Hún kallar til fylgdar við hann sem er fátækur með þeim fátæku og var hafnað með þeim útskúfuðu, hann sem er uppspretta friðar. Í kirkjunum um landið allt er saga hans sögð og sú iðkun höfð um hönd þar sem hann mælir sér móts við manna börn.

Ljóðskáldið (og prestssonurinn) Sigurður Pálsson hefur ort ljóð sem hann nefnir Sæluhús. Það er svona:

*Sæluhús eru bara í óbyggðum þessa lands
Gamalt kex*

saggi

feitir ryðgaðar niðursuðudósir

prímusinn bíður þess albúinn

að hvissa bláum loga

Reka saggann burt

Hita vatnið

hita andrúmið

Hita andlit okkar og hendur

*En við þyrftum ekki síður sæluhús hér í
byggðinni*

Ekki út af kexi og niðursuðudósum

af þeim höfum við nóg

nei við þyrftum þetta orð

Sæluhús

og við þyrftum þennan loga

sem rekur burt saggann

hitar andlit okkar og hendur

hitar andrúmið

hitar andrúmið milli okkar

þegar við komum kalin heim.

Þegar ég las þetta ljóð hugsaði ég: Slík sæluhús eiga kirkjur okkar og söfnuðir almennt að vera! Sæluhús.

Bandarískar rannsóknir sýndu fram á að mikilvægustu þættirnir hvað hamingju og farsæld varðar eru félagslegir, mikil samskipti fólks, tengslamyndun

og rækt vina, fjölskyldu og kunningjatengsla, já, og trúrækni. Íslendingar njóta sterkra fjölskyldutengsla, og við búum að ríki hefð fyrir þáttöku í félags- og menningarlífi. Við erum hins vegar ekki þekkt fyrir trúrækni. Við vitum þó að á Íslandi er mikil dulin trúrækni, lítt tjáð nema í einrúmi. Og hér er líka víða rótgróin virðing fyrir kristnum hefðum og sið. En nú er meiri þörf en nokkru sinni að virkja félagsauðinn, auðlindirnar sem felast ekki aðeins í atorku einstaklingsins, heldur og í heilsu samfélagsins, umhyggjuna um náungann og lífið. Þannig verðum við í senn sterkari og heilbrigðari sem einstaklingar og þjóð. Iðkun og orð, athöfn og uppeldi þjóðkirkjunnar stendur fyrir þau gildi sem að því stuðla umfram allt. Og þar er vonin fólgin, von, heilbrigð bjartsýni og trú á framtíðina.

Höfum við ekki einatt gleymt fjallræðunni, höfum við ekki verið gleymin á orðin um þann auð sem einungis vinnst með því að gefa? Höfum við ekki verið gleymin á fagnaðarerindi náðarinnar? Á okkar dögum er unnt að skilgreina allt og útskýra allt og kortleggja allt, bankarnir og fjölmiðlarnir tefldu fram bráðsnyllum greinendum, sem töldu sig vita hreint allt um hagnað, gróða, vöxt og velgengni. En svo eru og hafa einatt verið aðrir sem ekki eiga önnur svör en kærleikann, umhyggjuna, og það eru auðævi sem aldrei rýrna.

Nú hafa margir orðið illa úti vegna efnahagshrunsins. Flestir takast á við það af virðingu og reisu. Við viljum öll fá að halda reisu og sjálfsvirðingu óskertri. Það verður ekki keypt fyrir lánsfé og eflist ekki við lánalínur, heldur fæst með því að rækta þau gildi, þau verðmæti sem gera okkur að manneskjum, sem þíða freðin hjörtu og glæða hið góða hjartalag. Umhyggjan er uppspretta vonar.

Kreppan setur spurningarmerki við margar grundvallarforsendur efnahagskerfa sem lengi hafa verið hafnar yfir efa. Hún hefur líka varpað ljósi á hinar mikilvægu andlegu og siðgæðislegu hliðar efnahagslífs og fjármála. Við munum búa við afleiðingar kreppunnar um langa hríð og þær munu hafa afgerandi áhrif á stofnanir og samfélagskerfi. Þjóðkirkjan mun ekki fara varhluta af því.

Kreppan hefur leitt í ljós að efnahagslífið og auðsöfnunin var að miklu leyti byggð á skuldsetningu. Ríkisdæmi sem byggt hefur á lánum og skuldsetning undangenginna ára getur ekki talist auðlegð. Eitt mikilvægasta uppeldisverkefni okkar daga er að stuðla að nýjum lífsstíl sem virðir takmörk auðlinda og uppörva kristið siðgæði, virðingu og hófsemi, samstöðu, náungakærleika.

Við horfum fram á stórvaxandi atvinnuleysi á Íslandi. Alvarlegastur er vandi ungs fólks sem býr við langtíma atvinnuleysi og er veruleg hættu búin að lokist inn í vítahring úrræðaleysisins. Til að rjúfa þann vítahring þarf samstillt átak hinna mörgu. Söfnuðir og stofnanir þjóðkirkjunnar gegna þar sannarlega mikilvægu hlutverki. Prestar og djáknar um land allt hafa staðið í eldlinu sál-gæslunnar. Sóknarnefndarfólk og annað forystufólk kirkjunnar hefur lagt sig

fram um að hafa opnar kirkjur og kynna þá starfsemi sem þar er og greiða götu þess starfs sem eflir og glæðir lífsprótt, von og trú. Þau eru æði mörg um land allt sem í erfiðleikum sínum hafa fundið sæluhús í kirkju sinni og safnaðarheimili.

Mikilvægt er að yfirvöld gaumgæfi hinar siðferðislegu víddir kreppunnar og stuðli að aukinni ábyrgð og gagnsæi fjármálastofnana, að tryggja uppbygging efnahagslífs sem lýtur frumforsendum réttlætis og sjálfbærni til að spilla ekki lífsskilyrðum komandi kynslóða. En jafnframt því verðum við hvert og eitt að halda vöku okkar í þessum efnum og gæta að því sem gerir okkur að þjóð meðal þjóða, menningarþjóð, sem ræktar þau gildi sem þjóðinni hafa gefist best, trúfesti við tungu og þjóðmenningu, trú og kærleika til Guðs og náungans, og hollar hefðir hins kristna siðar. Það er grundvöllur hins góða samfélags, velferðar og hagsældar landi og lýð.

Það hvílir blessun yfir landi og þjóð, þrátt fyrir allt. Verði svo áfram og um ókomin ár og daga.

*Hér á landi oss Herrann sá
og hugaði öll í máta.
Því vil ég elska Ísaláð
og yfir það kalla Drottins náð
og aldrei af því láta.*

Kirkjuþing 2009

Ávarp dómsmála- og mannréttindaráðherra, Rögnu Árnadóttur

Biskup Íslands, vígslubiskupar, forseti kirkjuþings, þingfulltrúar, góðir gestir.

I.

Mér er heiður að ávarpa kirkjuþing árið 2009. Þegar kirkjuþing var haldið í fyrra var það í skugga bankahrunsins. Þá urðu einhver mestu þáttaskil í efnahagslífi Íslendinga frá stofnun lýðveldisins og setja varð neyðarlög til að tryggja brýnustu hagsmuni þjóðarinnar. Enn erum við stödd í eftirleik hrunsins.

Ríkisstjórnin hefur unnið hörðum höndum að endurreisn efnahagslífsins og hefur í því skyni gripið til margvislegra úrræða til þess bregðast við.

Ljóst var að eitt af úrræðunum sem grípa yrði til, var að draga úr tilkostnaði og útgjöldum ríkisins. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2010 er því gert ráð fyrir miklum almennum niðurskurði sem og hagræðingarkröfu á ótal sviðum.

Þjóðkirkjan fer ekki varhluta af niðurskurðaráformunum. Til hennar er gerð hagræðingarkrafa um 10% á framlagi ríkisins samkvæmt hinu svokallaða kirkjujarðasamkomulagi frá 1997. Þetta er sama krafa og langflestum er gert að mæta, en þó er hjá menntastofnunum gerð krafa um 7% niðurskurð og hjá velferðarstofnunum er krafan 5%.

Lækkun fjárlaga er öllum stofnunum dómsmála- og mannréttindaráðuneytis erfið en ég hef litið svo á, að hér verðum við að taka okkar skerf af niðurskurðinum og mæta honum með þeim aðferðum sem við teljum skynsamlegar. Í þessari vinnu er það ein

megináskorunin að horfast í augu við að niðurskurðurinn þurfi í raun og veru að eiga sér stað.

Nauðsynlegt er vegna kirkjujarðasamkomulagsins og þjóðkirkjulaganna, sem staðfestu þann samning, að gera viðauka við samkomulagið og breyta lögunum. Mál þar að lútandi eru nr. 25 og 26 fyrir kirkjuþinginu. Ég vænti þess að þingfulltrúar sýni fullan skilning við afgreiðslu málsins á þeim þrönga stakk sem okkur er sniðinn.

Meðal frekari aðgerða til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á kirkjulegum vettvangi má nefna lækkun launa hjá prestum og lækkun sóknargjalds, sem þegar eru komnar til framkvæmda. Eru þar prestar í hópi annarra embættismanna ríkisins, sem þurft hafa að taka á sig launaskerðingu.

II.

Á síðasta kirkjuþingi var fjallað ítarlega um nýtt frumvarp til þjóðkirkjulaga og voru gerðar á því ýmsar góðar og gagnlegar breytingar, sem voru til bóta. Í kjölfarið fól ráðuneytið nefndinni sem samdi frumvarpið að fara aftur yfir einstaka þætti þess og var frumvarpinu síðar komið aftur í hendur ráðuneytisins. Undirbúningur að því að leggja það fram á Alþingi var kominn langt á veg, en því miður vannst ekki nægur tími til þess áður en þing var rofið. Ég hef fullan hug á að leggja frumvarpið fram og freista þess að vinna því fylgi. Eins og forgangsröð verkefna er nú hátað getur ekki orðið af því fyrr en í fyrsta lagi á vorþingi.



Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra

III.

Peir fjárhagserfiðleikar sem þjóðin hefur átt við að stríða og mun áfram eiga við að etja um sinn, reynast mörgum þungir í skauti. Þeim fylgja líka atvinnumissir, fjárhagslegar þrengingar af ýmsum toga, kvíði og óvissa um hvað framtíðin ber í skauti sér. Þegar þjóðin verður fyrir áföllum af þessu tagi reynir hvað mest á þær stofnanir sem fylgt hafa þjóðinni um aldir og þá ríku samhjálp sem einkennt hefur þjóðina frá fyrstu tíð.

Þó svo að félagsþjónusta hafi á síðari tímum flust til sveitarfélaga hvílir nú á tímum, eins og fyrrum, gífurlegur þungi á þjónum kirkjunnar að sinna sálusorgun, að hlusta á raunir og áföll fólks og að hugga og hugtreysta það og telja kjark í þá sem eru þjakaðir. Í þrengingunum reynir á hina líknandi hönd kristinnar kirkju og þann boðskap sem hún flytur. Við megum vera þakklát fyrir hið góða og gjöfula starf sem kirkjan innir af hendi og fyrir það vil ég færa þjóðkirkjunni þakkir. Nú sem aldrei fyrr er mikið leitað til Hjálparstofnunar kirkjunnar. Aðdáunarvert er hversu miklu hún fær áorkað í starfi sínu. Það starf verður seint fullþakkað.

IV.

Ég vil nota tækifærið til þess að fullvissa kirkjuping um að sem fyrr varði kirkjumálin miklu í starfi dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Vissulega er eftirsjá af heitinu kirkjumál í heiti ráðuneytisins, því neita ég ekki, en verðugur staðgengill eru þar mannréttindi. Heyrst hefur, að þversögn geti fólgest í því að sinna málefnum dómsmála og málefnum mannréttinda. Því er ég ósammála. Í því felst ekki þversögn, heldur áskorun. Það er ekki unnt að gefa afslátt af mannréttindum en aftur á móti má heldur ekki hugtakið

verða svo gildishlaðið, að ekki sé unnt að framkvæma neina þá íþyngjandi ákvörðun gagnvart borgurinum, sem lög mæla fyrir um.

Stöðugt vaxandi sjálfstæði kirkjunnar í öllum málum veldur því að hlutverk kirkjumálaráðherra minnkar að sama skapi. Þetta hefur verið farsæl þróun sem gerir kirkjunni kleift að ráða sjálf æ fleiri málum. Engu að síður lítur ráðuneytið á sig sem kirkjumálaráðuneyti og þar er enginn vafi á ferð um gildi ákvæðisins í stjórnarskránni um þjóðkirkjuna.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni, að ekki eigi að breyta því fyrirkomulagi sem stjórnarskráin mælir fyrir um, að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja hér á landi og að ríkisvaldið skuli að því leyti styðja hana og vernda. Ekki verður séð að það fyrirkomulag brjóti gegn trúfrelsi þeirra, sem kjósa að standa utan þjóðkirkjunnar, hvort heldur í öðrum trúfélögum eða utan skráðra trúfélaga, og hefur það reyndar verið staðfest af Hæstarétti.

Með því að viðurkenna ákveðinn söfnuð sem þjóðkirkju er að mínu mati ekki gert lítið úr vægi annarra trúfélaga. Þau eru í sínum fulla rétti og þjóna nauðsynlegu og mjög mikilvægu hlutverki í okkar þjóðfélagi, þótt prestar þar séu ekki embættismenn íslenska ríkisins og hluti af þjóðkirkjunni. Boðskapur kærleika og trúar, af hvaða rótum sem hann er, á erindi til allra. Treysti ég þar jafnt á þjóðkirkju sem og öll önnur trúfélög að flytja þann góða boðskap til að minna okkur á það sem vegur upp á móti þeim sársauka sem efnahagshrunið hefur valdið okkur, og leiðbeina okkur fram veginn.

Ég óska kirkjupingi velfarnaðar í störfum sínum.

Kirkjubing 2009

Ávarp forseta Kirkjubings, Péturs Kr. Hafstein

Virðulega kirkjubing.
Góðir gestir.

Ráðherraskipti og frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga

Verið öll hjartanlega velkomin til kirkjubings 2009. Ég býð sérstaklega velkominn þann ráðherra, sem nú fer með kirkjumál í ríkisstjórninni, frá Rögnu Árnadóttur. Kirkjubing væntir góðra samskipta við ráðherra og ráðuneyti hennar um þau málefni er varða þjóðkirkjuna og óskar henni velfarnaðar og Guðs blessunar. Með sama hætti færi ég fyrirverandi kirkjumálaráðherra, Birni Bjarnasyni, einlæggar þakkir kirkjubings fyrir góð og gjöful samskipti þau tæpu sex ár, sem hann hafði kirkjumálin með höndum í ríkisstjórn. Það var eitt af síðustu embættisverkum Björns sem kirkjumálaráðherra að leggja fyrir ríkisstjórnina það frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga, sem kirkjubing samþykkti 2008 og hafði hann fullan hug á að fylgja því vel eftir. Hins vegar tókst ekki að afgreiða málið úr ríkisstjórn áður en til stjórnarskipta kom í byrjun febrúar á þessu ári. Vegna hins sérstaka ástands í þjóðfélaginu um þær mundir og þess skamma tíma, sem var til nýrra alþingiskosninga, þótti ekki ráðlegt að hreyfa málinu frekar að sinni og raunar ekki heldur á sumarþingi Alþingis. Það er enn talið hyggilegra að láta þetta mál hvíla um sinn. Verði það ekki lagt fram á því Alþingi, sem nú situr, kemur það væntanlega til kasta nýkjörins kirkjubings haustið 2010 að ákveða

hvort þeirri ósk verður beint til ráðherra að nýju að flytja á Alþingi frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga, eftir atvikum óbreytt eða í eitthvað breyttri mynd.

Niðurskurður og réttarstaða þjóðkirkjunnar

Við komum hér saman fyrir rúmu ári á merktum tímamótum í sögu þjóðkirkjunnar þegar þess var minnst að hálf öld var liðin frá því kirkjubing kom saman til síns fyrsta fundar og liðug 75 ár frá því kirkjuráð var sett á laggirnar. Þá var nýlega riðin yfir íslensku þjóðina holskefla efnahagshamfara, sem ekki sér enn fyrir endann á. Það setti vitskuld mark sitt á hátíðarhöldin og ytri umbúnað kirkjubings og gerir enn eins og raunin er um svo ótalmargt annað í samfélaginu. Þjóðkirkjan hefur eins og aðrir fundið skóinn að sér kreppa og er reiðubúin til að taka á sig byrðar með samningi við ríkisvaldið um tímabundinn niðurskurð fjárframlaga til kirkjunnar. Þessi samningur, sem nú er í burðarliðnum og kemur til kasta kirkjubings, er reistur á ótvíræðri réttarstöðu kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu. Sú réttarstaða grundvallast á aldagömlum eignarrétti kirkjunnar á þeim kirkjuförðum og kirkjueignum, sem ríkissjóði voru endanlega fengnar í hendur með kirkjujarðasamkomulaginu 1997, þar sem kveðið var á um yfurfærslu eignarréttarins til ríkisins og framtíðargagngjald úr ríkissjóði á móti. Þessi samningur fól í sér fullnaðaruppgjör milli þjóðkirkjunnar og ríkisins



Pétur Kr. Hafstein

vegna þeirra verðmæta, sem ríkissjóður hafði tekið við 90 árum áður eða 1907. Efnisatriði hans voru lögfest og marka stöðu kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu hvort sem 62. gr. stjórnarskrárinnar um þjóðkirkjuna og stuðning ríkisvaldsins við hana heldur gildi sínu eða yrði felld brott. Það hljóta allir sanngjarnir menn og réttisynir að sjá að ríkið getur ekki vanefnt samninginn frá 1997 eða Alþingi breytt honum með lögum í berhögg við vilja þjóðkirkjunnar án þess að það skapi alvarlegan réttarágreining. Þessu er mikilvægt að halda til haga.

Hjálparstarf kirkjunnar aldrei brýnna

Þjóðkirkjan er ekki aðeins reiðubúin til að taka á sig sanngjarna hlutdeild í þeim búsigfum, sem þjóðfélagið allt hefur orðið fyrir við brotlendingu hinnar gálausu siglingar um himinskaut fjármála á undangengnum árum. Hún er einnig og ekki síður boðin og búin að styðja og styrkja, öllum opin til samræðu og sálgæslu, með bænum og helgihaldi og beinum stuðningi í rúmhelgri önn hversdagsins, þar sem ótti og reiði og vonleysi hafa gripið um sig og nauðpurftir verið á þrotum. Skýrt og nærtækt dæmi er framlag Hjálparstarfs kirkjunnar, þessarar merku og ómetanlegu stofnunar, sem þjóðkirkjan kom á fót til að samhæfa hjálparstarf allra sókna í landinu, stórra sem smárra, og hafa um það forgöngu á grundvelli kristinna gilda. Aldrei fyrr í sögu Hjálparstarfsins hefur þörfin verið brýnni hér á landi og aldrei fyrr hafa jafn margir lagt Hjálparstarfinu lið ýmist með fjárframlögum, vörum í matarbúr eða sjálfböðastarfi. Kostnaður við innanlandsaðstoðina hefur margfaldast á árinu, umsóknum um aðstoð fjölgað gríðarlega, nýir hópar hafa sótt um

aðstoð og viðfangsefni verið erfiðari úrlausnar en áður. Hjálparstarfið hefur lagt áherslu á það umfram allt að hjálpa fólki til að halda heimili og styðja börn sín til skólagöngu og tómstunda svo að þau myndu sem minnst fyrir kreppunni. Kirkjuping vill sýna þessu líknar- og mannræktarstarfi samhug og skilning og verður hluti dagskrárinnar á morgun helgaður þessu viðfangsefni, bæði til kynningar og umræðu og ekki síður til að skerpa framtíðarsýn um Hjálparstarf kirkjunnar og hlutverk þess í samfélagi okkar og einnig í samfélagi þjóðanna þar sem fátæktin og eymdin er svo víða daglegt brauð fjöldans. Þar munar svo sannarlega um framrétta hönd frá Íslandi þótt í smáu sé á alþjóðlega mælikvarða, hönd sem getur satt hungur og kveikt vonir um líf og bjartari framtíð. Það má ekki gleymast þótt um stundarsakir syrti í álinn hjá íslensku þjóðinni, sem á sér þrátt fyrir allt bjartar framtíðarvonir.

Varðstaða um kirkjuna á Þingvöllum

Við minnumst þess um þessar mundir að 150 eru liðin frá því kirkjan á Þingvöllum var reist og vígð á jóladag 1859. Snorri Sturluson segir frá því í Heimskringlu að Ólafur helgi Noregskonungur hafi sent Íslendingum að gjöf kirkjuvið skömmu eftir kristnitöku „og var sú kirkja gjör á Þingvelli, þar er alþingi er.“ Síðan hefur verið guðshús á Þingvöllum, eitt fram af öðru, sóknarkirkjur jafnan þótt söfnuðurinn hafi einlægt verið fámennur. Þeim mun ríkara hlutverki hefur kirkjan á Þingvöllum þó gegnt í huga landsmanna í þúsund ára samleið kristni og þjóðar. Þingvallakirkja er ekki sóknarkirkja í venjubundnum skilningi. Hún er bændakirkja þar sem ríkið er í hlutverki bóndans rétt eins og á við



Messa í
Langholtskirkju
við upphaf
kirkjupings 2009

Kosningaréttur þjóðkirkjufólks

um hinar kirkjurnar tvær í eigu ríkisins, Bessastaðakirkju og dómkirkjuna á Hólum. Það má vissulega velta því fyrir sér hvort ríkið eigi yfirleitt að eiga kirkjur þar sem þjóðkirkjan er ekki ríkiskirkja en það breytir því ekki að kirkjan á Þingvöllum er heimakirkja Þingvallasafnaðar jafnframt því að vera með helgi sinni gimsteinn í kristnisögunni og kirkjulegri vitund. Það þarf að skapa kirkjunni á Þingvöllum traustan grundvöll með samkomulagi við ríkið og starfsreglum frá kirkjupingi og tryggja henni þannig bæði stöðu sóknarkirkju og helgidóms er þjóðin öll lítur til í minningu og þökk fyrir órofa vegferð og tengsl við löggjöf og landsstjórn. Þótt málefni Þingvallakirkju séu ekki sérstaklega til umfjöllunar á þessu kirkjupingi er hitt alveg ljóst að á þeim verður að taka af framsýni og festu í náinni framtíð og láta ekki hverfula stundarhagsmuni villa sér sýn.

Nú er að hefjast síðasta kirkjuping á því kjörtímabili, sem hófst að afloknum kosningum vorið 2006 eftir að Alþingi hafði fallist á að kirkjuping skyldi sjálfst ákveða kjördæmaskipun og kjör til þingsins og aukakirkjuping samþykkt nýjar starfsreglur um kjör til kirkjupings. Þótt aðeins hafi verið kosið einu sinni til kirkjupings samkvæmt þessum starfsreglum hefur kirkjuráð ákveðið að leggja fyrir þingið tillögu að nýjum kosningareglum. Markmið þessarar tillögu virðist einkum vera að fjölga til muna kjósendum að baki hverjum kirkjupingsfulltrúa með því að fækka kjördæmum úr níu í þrjú og skerpa línur um framboð og öflun meðmælenda án þess þó að hverfa frá persónukjöri til listakosninga. Hins vegar er ekki lagt til að þeirri reglu verði breytt að kjörmenn leikmanna séu eingöngu sóknar-nefndarmenn og að hluta varamenn þeirra. Kirkjuping hlýtur þó að verða að íhuga alvarlega hvort ekki sé

tímabært að stíga það afdráttarlausu skref í átt til aukins lýðræðis innan þjóðkirkjunnar að allt þjóðkirkjufólk en ekki aðeins trúnaðarmenn í sóknarnefndum njóti kosningaréttar til kirkjupings. Það er að mínum dómi gerlegt að fara þessa leið, annaðhvort samhliða sveitarstjórnarkosningum eða með rafrænni kosningu á vef kirkjunnar. Vitaskuld yrði kjörsókn í engu samræmi við kjörsókn í kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn, en það skiptir þó ekki öllu máli. Miklu mikilvægara er hitt að með þessu móti yrði tryggður réttur þess þjóðkirkjufólks til áhrifa innan kirkjunnar, sem á annað borð lætur sig málefni hennar einhverju skipta – og það fólk er margfalt fleira en sóknarnefndarfólk. Þjóðkirkjan þarf vissulega á auknum styrk að halda í umróti samtímans og til þess að efla ímynd kirkjunnar sem lýðræðislegrar fjöldahreyfingar þarf að leita nýrra og

óhefðbundinna leiða. Þetta vil ég biðja þingheim að vege og meta af kostgæfni og alvöru.

Lokaorð

Ágætu þingfulltrúar.

Við göngum nú til góðra verka á kirkjupingi í fullvissu þess að þjóðkirkjan sé kjölfesta í samfélagi okkar, hvort sem eru sjö nægtarár eða sjö hallærisár. Íslendingar standa nú frammi fyrir því að reisa úr rústum nýtt samfélag þar sem manngildi verði sett ofar auðgildi, græðgi og spenna og spilaborgir lúti í lægra haldi fyrir samhug og bræðrapeli. Í því mikla endurreisnarstarfi hafa trúin og kirkjan lykilhlutverki að gegna við það að efla bjartsýni og baráttuprek, þolgæði og vongleði. Látum þann boðskap berast bæði frá þessu kirkjupingi og í öllum störfum okkar fyrir þjóðkirkjuna.

Störf kirkjuráðs

Ragnildur Benediktsdóttir

Inngangur

Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk hans sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru sr. Halldór Gunnarsson, sóknarprestur í Holtsprestakalli, Rangárvallaprófastsdæmi, Jóhann E. Björnsson, fyrrverandi forstjóri, Reykjavík, sr. Kristján Björnsson, sóknarprestur í Vestmannaeyja-prestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi og Sigríður M. Jóhannsdóttir, hverfisstjóri heimapjónustu Akureyrarbæjar. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar og forsætisnefnd að jafnaði einu sinni á ári. Einnig sitja vígslubiskupar fundi ráðsins þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs framfylgir ákvörðunum ráðsins og sinnir margháttaðri stjórnsýslu á vegum þess. Kjörtímabili þess kirkjuráðs, sem nú situr, lýkur í lok næsta kirkjuþings en það var kosið á kirkjuþingi 2006. Í maí sl. var kosið til kirkjuþings og verður því nýtt kirkjuráð kjörið í lok næsta þings.

Störf kirkjuráðs

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkju-

þings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið flest þingmál og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð og ráðgjöf. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð er stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitir sóknum margháttada ráðgjöf um fjármál.

Hér verður stuttlega gert grein fyrir störfum kirkjuráðs tímabilið 1. júní 2009 til 31. maí 2010.

Utan hefðbundinna mála voru eftirfarandi mál þau helstu:

Krafa ríkisins um niðurskurð í fjármálum - hagræðingarkrafa

Fjármálakreppa sem skall á í lok septembermánaðar 2008 hefur haft veruleg áhrif á störf kirkjuráðs og hefur mikið verið unnið að því á starfsárinu að greina hvar hægt sé að draga úr útgjöldum. Í tengslum við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2010 gerði ríkið kröfu á hendur kirkjunni um 10% niðurskurð á



Ragnildur
Benediktsdóttir

öllum fjárlagaliðum Biskups Íslands. Að auki voru sóknargjöld skert á árinu 2009 og 2010. Úthlutanir úr Jöfnunarsjóði sókna og kirkjumálasjóði fóru fram í desember og voru flestir útgjaldaliðir þá lækkaðir um 10%. Formönnum sóknarnefnda var skrifað og brýnt fyrir þeim að draga saman í rekstri. Prestsembættin erlendis voru lögð niður, laun starfsmanna á Biskupsstofu lækkuð, rekstrar- og aksturskostnaðar presta lækkaður o.fl.

Viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Vegna niðurskurðarkröfu ríkisins á hendur Þjóðkirkjunni var gerður tímabundinn viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Um er að ræða tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu vegna kröfu ríkisins á hendur kirkjunni um hagræðingu í fjármálum. Í viðaukanum fellst Þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfir ekki andmælum við að samningsbundin framlög ríkisins verði lækkuð tímabundið til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

Fasteignaumsýsla

Unnið var að breytingum á fasteignaumsýslu kirkjuráðs og nýjar starfsreglur samþykktar um það efni á kirkjuþingi 2009. Stjórn prestssetra og bygginga- og listanefnd kirkjunnar voru lagðar af svo og fasteignahópur kirkjuráðs en í stað þeirra var sett á laggirnar fasteigna-

nefnd Þjóðkirkjunnar sem kirkjuráð skipar. Skipulag fasteignaumsýslu er því einfaldað og ákvarðanaferli og ábyrgð varðandi meðferð fasteigna og framkvæmdasýslu kirkjuráðs mun skýrar.

Þinglýsingar kirkna

Kirkjuráð hefur gert könnun á því hvernig þinglýsingum kirkna er háttað. Í ljós kemur að það er með ýmsu móti og sums staðar eru kirkjur ekki skráðar í Landskrá fasteigna. Kirkjuráð telur nauðsynlegt að allar kirkjur sem Þjóðkirkjusöfnuðir hafa umsjón og fjárhald fyrir séu skráðar í Landskrá fasteigna með samræmdum hætti. Verkefnið var kynnt öllum sóknarnefndum í júlímánuði 2009 og einnig var það kynnt á héraðsfundum. Kirkjuráð mun veita sóknum aðstoð við framkvæmd þessa verks, þannig að það verði sóknum að mestu að kostnaðarlausu.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

Kirkjuráð taldi rétt að endurskoða skipulag Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og voru nýjar starfsreglur um starfsemina samþykktar á kirkjuþingi 2009. Ákveðið var að leggja af stjórn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og skipa fagráð í staðinn. Einnig var ákveðið að ráða prestsvígðan forstöðumann og að starfsemin heyri faglega undir biskup Íslands en rekstrarlega undir kirkjuráð. Vegna fjárhagsstöðu kirkjunnar var frestað að ráða prestsvígðan forstöðumann að svo stöddu.

Umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar

Kirkjuráð skipaði starfshóp til að móta umhverfisstefnu er yrði leiðarljós í um-

hverfisstarfi í söfnuðum Þjóðkirkjunnar og var stefna samþykkt á kirkjuþingi 2010. Kirkjuráð hefur kynnt stefnuna fyrir söfnuðum landsins og hún hefur einnig verið afhent umhverfisráðherra til kynningar.

Jafnréttisstefna Þjóðkirkjunnar

Samþykkt hefur verið ný jafnréttisstefna kirkjunnar sem sniðin er að gildandi jafnréttislögum en í þeim er kynjasamþætting fest í sessi sem mikilvæg leið til að koma á jafnrétti. Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur annars vegar til stjórnkerfis kirkjunnar og starfsmanna hennar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem kirkjan veitir.

Siðareglur

Kirkjuráð og biskup unnu siðareglur fyrir presta og djákna og allt starfsfólk kirkjunnar sem byggja á núverandi siðareglum presta og öðrum siðareglum sem settar hafa verið í kirkjulegu starfi. Siðareglurnar munu verða kynntar starfsfólki Þjóðkirkjunnar.

Kynferðisbrot innan Þjóðkirkjunnar

Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku Þjóðkirkjunnar voru endurskoðaðar og er nú hugtakið kynferðisbrot skilgreint samkvæmt skilgreiningu almennra hegningarlaga og barnaverndarlaga. Hlutverk fagráðs er rýmkað að því leyti að það

skal fylgja því eftir að mál, sem varða kynferðisbrot, og upp koma innan kirkjunnar, fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum og vera biskupi og kirkjuyfirvöldum til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum.

Ný Þjóðkirkjulög

Dómsmála- og mannréttindaráðherra frestaði því að leggja fyrir Alþingi frumvarp til nýrra Þjóðkirkjulaga sem kirkjuþing 2009 hafði samþykkt að beina til ráðherra að flytja. Kirkjuráð ásamt forseta kirkjuþings hefur unnið að ýmsum breytingum á frumvarpinu og hefur í hyggju að leggja það fyrir kirkjuþing á ný.

Upplýsingatækni

Tekinn hefur verið í notkun þjónustuvefur fyrir sóknarnefndir, presta o.fl. Þar eru umsóknareyðublöð fyrir sóknir vegna Jöfnunarsjóðs sókna o.fl. Einnig er gert ráð fyrir að starfsskýrslur presta verði færðar þar og ennfremur er þar aðgangur að ýmsum upplýsingum.

Stofnanir kirkjunnar

Vísað er til skýrslna í Árbókinni frá stofnunum sem falla undir kirkjuráð.

Hér hefur verið stiklað á stóru um störf kirkjuráðs. Vísað er til fundargerða kirkjuráðs á vef kirkjunnar til frekari fróðleiks og upplýsinga.

Fjármálasvið Biskupsstofu

Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri

Fimm ára yfirlit í þús. kr. á verðlagi hvers árs



Sigríður Dögg
Geirsdóttir

Grundvöllur

Samkvæmt lögum um Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð ber Biskupsstofu að sjá um reikningshald þeirra. Biskupsstofa annast einnig reikningshald samkvæmt samkomulagi fyrir Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Tónskóla þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasjóð, Strandarkirkju og Strandarkirkjugarð, Hinn almenna kirkjusjóð og ýmsa aðra sjóði í vörslu biskups Íslands. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikningshald þessara sjóða og stofnana.

Starfsemi

Meginverkefni fjármálasviðs Biskupsstofu er að halda utan um bókhaldsgögn og meðhöndla þau og breyta þeim í upplýsingar sem nýtast stjórnendum til ákvörðunar í rekstri sjóða og stofnana. Biskupsstofa annast reikningshalds- og greiðsluþjónustu ásamt launaþjónustu og áætlanagerð fyrir stofnanir og sjóði kirkjunnar. Markmiðið er að sniða þjónustuna að þörfum kirkjunnar með það að leiðarljósi að stuðla að betri nýtingu fjármuna hennar.

Starfsmenn fjármálasviðs eru Hildur Gunnarsdóttir, féhirðir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókari, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Unnur Guðlaugsdóttir, aðalbókari og Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókari.

Meðfylgjandi eru lykiltölur úr árs-

reikningi Biskupsstofu, Kristnisjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna, Kirkjumálasjóðs, Tónskóla þjóðkirkjunnar og Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Niðurskurður ríkis á fjárlögum 2009

Niðurskurður árið 2009 var um 3,5% í heild.

Sóknargjald árið 2008 var 872 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í þjóðkirkjunni og hefði átt að hækka um 6,1% í janúar 2009 eða í 925 kr. á mánuði ef engin skerðing hefði komið til. Sóknargjöldin voru hins vegar með lagasetningu lækkuð í byrjun árs 2009 í 855 kr. Sóknargjöldin lækkuðu aftur með nýrri lagasetningu 1. júlí 2009 og þá niður í 811 kr. á mánuði út árið. Sóknargjöld eru því að meðaltali 833 kr. fyrir árið 2009. Vegna skerðingar á sóknargjöldum lækka greiðslur frá ríkinu til Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs í sama hlutfalli og sóknargjöld.

Laun presta, prófasta, vígslubiskupa og biskups Íslands voru lækkuð 1. mars 2009 um 6,3% að meðaltali. Við það lækka framlög til kirkjunnar vegna launa um 75,6 m.kr. á árinu 2009 og um 91 m.kr. árið 2010. Þessi skerðing kemur til viðbótar við hina almennu lækkun sem er á fjárlögum.

Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnábyrgðir þjóðkirkjunnar. Jafnframt innir Biskupsstofa af hendi margvíslega sameiginlega þjónustu fyrir kirkjulegar stofnanir. Samkvæmt ársreikningi 2009 er 5,6 m.kr. tekjuhalli í samanburði við 5,8 m.kr. halla á árinu 2008. Skuld við ríkissjóð var 2,3 m.kr. í árslok 2009 í stað 2,8 m.kr. skuldar í árslok 2008.

Kristnisjóður

Kristnisjóður starfar skv. lögum nr. 35/1970 og er hlutverk hans m.a. að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur að styrkja félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum. Í ársbyrjun 2006 voru fasteignir og verkefni Kristnisjóðs færð yfir á Kirkjumálasjóð, sem liður í einföldun á umsýslu Biskupsstofu. Ársreikningur Kristnisjóðs árið 2009 er því aðeins fólginn í tilfærslu fjármuna milli Kristnisjóðs og Kirkjumálasjóðs.

Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður starfar skv. lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita styrki til þeirra sókna sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur og að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem sóknargjöld nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Jafnframt annast sjóðurinn fjársýslu með veittum lánum Kirkjubýggingasjóðs. Þá hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita ábyrgðir, sbr. reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Tekjur miðast

við 18,5% ofan á sóknargjöld og hækkar gjaldið í hátt við hækkun á meðaltekjuskattsstofni eins og sóknargjöldin. 15% af tekjum Jöfnunarsjóðs renna í Kirkjumálasjóð til styrktar kirkjulegri félags- og menningarstarfsemi. Tekjuhalli 2009 var um 52,9 m.kr. og er að mestu tilkomin vegna útgreiðslu hluta höfuðstóls ábyrgðar-deildar Jöfnunarsjóðs.

Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 138/1993. Hlutverk Kirkjumálasjóðs er m.a. að kosta viðhald prestssetra, að standa straum af kostnaði við kirkjuping, kirkjuráð, Prestastefnu, biskupsгарð, fjölskylduþjónustu, tónskóla, starfsþjálfun guðfræðikandídata og ýmis önnur verkefni. Í ársbyrjun 2008 fluttust fasteignir og langtímaskuldir Skálholts til Kirkjumálasjóðs, en umsjón með viðhaldi eignanna er á hendi stjórnar Skálholts samkvæmt samkomulagi við Kirkjuráð. Þá fer öll launaumsýsla starfsfólks Skálholts nú fram hjá Kirkjumálasjóði. Rekstrarreikningur 2009 er settur fram miðað við starfspætti kirkjunnar í meginverkefnum og stoðþjónustu í hátt við stefnu og starfsáherslur þjóðkirkjunnar.

Tekjur sjóðsins árið 2009 miðast við 14,3% ofan á sóknargjöld. Tekjuhalli ársins 2009 nemur 12,0 m.kr. Á móti 61,9 m.kr. tekjuhalli árið 2008. Árið 2008 voru úttektir á prestssetrum að fjárhæð 24 m.kr. en engar úttektir voru á árinu 2009. Þá var sölutap af eignum fært sem gjöld í rekstri árið 2008 að fjárhæð 10 m.kr., en sölutap og söluhagnaður er nú fært gegnum eigið fé.

Kirkjumálasjóður á húsnæði á jarðhæð Grensáskirkju þar sem Tónskóli

þjóðkirkjunnar, Hjálparstarf kirkjunnar og nokkrir sérþjónustuprestar hafa aðstoðu. Einnig á sjóðurinn biskupsbústað á Bergstaðastræti og vígslubiskupsbústaðinn á Hólum. Í ársbyrjun 2006 voru fasteignir Kristnisjóðs fluttar yfir á Kirkjumálasjóð; Laugavegur 31 þar sem Biskupsstofa, Kirkjuráð, Kirkjugarðaráð, Skálholtsútgáfan o.fl. eru til húsa. Einnig Vatnsstígur 3, sem var seldur í

ársbyrjun 2007. Í kjölfar samninga við ríkið um afhendingu prestssetranna var samþykkt á kirkjupingi 2006 að Prestssetrasjóður sameinaðist Kirkjumálasjóði frá og með miðju árinu 2007, þegar lög um Prestssetrasjóð voru felld úr gildi. Í efnahagsreikningi Kirkjumálasjóðs 31. desember 2009 eru allar fasteignir bókfærðar á brunabótamati en jarðir sem þeim fylgja eru færðar á fasteignamati.

Biskupsstofa

	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur					
Tekjur	187.854	145.444	140.444	149.739	106.448
Gjöld	(1.675.152)	(1.664.431)	(1.578.794)	(1.506.879)	(1.435.951)
Stofnkostn	(606)	(2.426)	(1.343)	(3.314)	(1.614)
Framlag ríkis	1.482.300	1.515.600	1.443.800	1.347.900	1.314.800
Tekjuafgangur (-halli)	(5.604)	(5.813)	4.107	(12.554)	(16.317)
Efnahagur					
Veltufjármunir	7.243	9.779	20.190	21.158	27.300
Eignir alls	7.243	9.779	20.190	21.158	27.300
Höfuðstóll	(8.061)	(2.457)	1.813	(2.294)	10.260
Skammtímaskuldir	15.304	12.236	18.377	23.452	17.040
Eigið fé og skuldir alls	7.243	9.779	20.190	21.158	27.300

Kristnisjóður

	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur					
Tekjur	87.900	92.500	89.400	79.100	159.050
Gjöld	(88.251)	(92.501)	(89.401)	(79.100)	(153.245)
Rekstrarafgangur (-halli)	(351)	(1)	(1)	0	5.805
Fjármunatekjur (-gjöld)	103	84	142	162	2.315
Tekjuafgangur (-halli)	(248)	83	141	162	8.120
Efnahagur					
Fastafjármunir	0	0	0	0	138.020
Veltufjármunir	137	535	453	252	45.146
Eignir alls	137	535	453	252	183.166
Eigið fé	137	385	303	162	176.404
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	0	150	150	90	6.762
Eigið fé og skuldir alls	137	535	453	252	183.166

Jöfnunarsjóður sókna

	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur					
Tekjur	361.671	376.606	340.108	307.428	280.704
Gjöld	(431.955)	(393.711)	(359.084)	(303.837)	(284.180)
Rekstrarhagn (-halli)	(70.284)	(17.105)	(18.976)	3.591	(3.476)
Fjármunatekjur	17.350	46.402	33.259	21.740	17.396
Tekjuafgangur (-halli)	(52.934)	29.297	14.283	25.331	13.920
Efnahagur					
Fastafjármunir	44.054	54.660	43.720	50.362	56.298
Veltufjármunir	212.955	264.508	247.436	229.342	188.261
Eignir alls	257.009	319.168	291.156	279.704	244.559
Höfuðstóll	246.384	299.317	270.020	255.737	230.406
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	10.625	19.851	21.136	23.967	14.153
Eigið fé og skuldir alls	257.009	319.168	291.156	279.704	244.559

Kirkjumálasjóður

	2009	2007	2006	2005	2005
Rekstur					
Tekjur	602.976	612.967	524.714	341.505	176.556
Gjöld	(543.213)	(605.480)	(434.025)	(351.163)	(171.054)
Rekstrarhagn. (-halli)	59.763	7.487	90.689	(9.658)	5.502
Stofnkostnaður	(11.420)	(5.046)	(2.264)	(1.036)	0
Fjármunatekjur (-gjöld)	(60.343)	(64.353)	(10.062)	(1.608)	(1.089)
Tekjuafgangur (-halli)	(12.000)	(61.912)	78.363	(12.302)	4.413
Efnahagur					
Rekstrarfjármunir	6.218.052	6.124.200	4.370.440	255.571	104.572
Veltufjármunir	153.862	103.453	179.124	44.953	24.732
Eignir alls	6.371.914	6.227.653	4.549.564	300.524	129.304
Höfuðstóll	5.973.837	5.798.673	4.195.808	255.209	91.107
Langtímaskuldir	326.662	113.607	164.977	17.148	27.983
Skammtímaskuldir	71.415	315.373	188.778	28.166	10.214
Eigið fé og skuldir alls	6.371.914	6.227.653	4.549.563	300.523	129.304

Tónskóli Þjóðkirkjunnar

	2009	2007	2006	2005	2005
Rekstur					
Tekjur	28.573	28.380	30.168	25.847	25.443
Gjöld	(26.608)	(28.591)	(26.899)	(29.444)	(25.590)
Rekstrarhagnaður (-hali)	1.965	(211)	3.269	(3.597)	(147)
Stofnkostnaður	(11)	(273)	13	(624)	0
Fjármunatekjur (-gjöld)	74	127	(37)	75	32
Tekjuafgangur (-hali)	2.028	(357)	3.219	(4.146)	(115)
Efnahagur					
Veltufjármunir	1.793	1.568	1.070	788	1.735
Eignir alls	1.793	1.568	1.070	788	1.735
Höfuðstóll	766	(1.262)	(905)	(4.124)	22
Skammtímaskuldir	1.027	2.830	1.975	4.912	1.713
Eigið fé og skuldir alls	1.793	1.568	1.070	788	1.735

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

	2009	2007	2006	2005	2005
Rekstur					
Tekjur	35.089	31.577	22.704	21.948	22.197
Gjöld	(33.728)	(33.013)	(27.385)	(23.928)	(20.978)
Rekstrarhagnaður (-hali)	1.361	(1.436)	(4.681)	(1.980)	1.219
Eignakaup	(51)	(63)	(260)	(667)	(19)
Fjármunatekjur (-gjöld)	56	141	142	477	201
Tekjuafgangur (-hali)	1.366	(1.358)	(4.799)	(2.170)	1.401
Efnahagur					
Veltufjármunir	776	1.965	204	4.582	6.669
Eignir alls	776	1.965	204	4.582	6.669
Höfuðstóll	(624)	(1.990)	(632)	4.166	6.337
Skammtímaskuldir	1.400	3.955	836	416	332
Eigið fé og skuldir alls	776	1.965	204	4.582	6.669

Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar 2010

Marinó Þorsteinsson

Biskup, herra Karl Sigurbjörnsson, boðaði til og setti þessa 24. Leikmannastefnu, sem haldin var í Kópavogskirkju 10. apríl 2010, með bæn og ritningarlestri. Hann ræddi um erfiðleikana í þjóðfélaginu. Einnig þakkaði hann leikmannastefnufulltrúum áralangt starf fyrir kirkjuna og óskaði góðs gengis á leikmannastefnunni.

Formaður leikmannaráðs flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum.

Aðal fundarefni stefnunnar voru tvö, auk þess var kynning á þjónustuvef-, umhverfisstefnu- og leikmannaskóla kirkjunnar:

I Staða leikmanna á kirkjuþingi og kosningar til kirkjuþings

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings, flutti áhugavert erindi um þetta efni. Hann benti m.a. á þá ríku ábyrgð sem á leikmönnum hvílir við að velja sér fulltrúa til setu á kirkjuþingi og þá sérstaklega sóknarnefndafólki. Því miður hefði kosningaþátttaka reynst lítil í kosningunum 2002 og 2006, sem væri óviðunandi. Að lokum lagði hann áherslu á að sagan frá síðustu kosningum endurtæki sig ekki í vor.

Umræður urðu miklar um erindið. Komu fram ýmsar skýringar á dræmri þátttöku. Niðurstaðan úr umræðunum varð sú, að gjá sé á milli kirkjuþings og sóknarnefnda, sem nauðsynlegt sé að brúa.

II Sameining prófastsdæma – áhrif á leikmannastefnu.

Guðmundur Þór Guðmundsson, fram-

kvæmdastjóri kirkjuráðs lýsti framkomnum áhrifum breyttrar skipanar prófastsdæma á leikmannastefnu (fækkun prófastsdæma úr 15 í 12 fulltrúum fækkaði um 5) og tillögur um frekari fækkun prófastsdæma á kirkjuþingi 2010 (úr 12 í 8). Einnig ræddi hann um framtíð leikmannastefnu og sagði frá nokkrum atriðum sem kunni að hafa þar áhrif á.

Umræður um þetta erindi fóru fram í umræðuhópum.

Umræðuhóparnir voru fjórir. Svarað var fimm spurningum, sem lagðar voru fyrir hópana. Þær voru:

1. Hver á að vera fjöldi þátttakenda á leikmannastefnu?
2. Eigum við að hafa áheyrnarfulltrúa á kirkjuþingi?
3. Hvernig getum við komið boðskap leikmannastefnu betur til sókna og gert hana sýnilegri?
4. Hvað á að taka fyrir á leikmannastefnu?
5. Geta sóknir sent inn erindi til leikmannaráðs? Niðurstöðu hópanna er að finna í fundargerð.

Kosningar

Hermann Jónasson, Skagafjarðarprófastsdæmi og Elfa Björk Bragadóttir, Húnavatnsprófastsdæmi duttu út úr leikmannaráði vegna prófastsdæmabreytinganna. Þórdís Friðbjörnsdóttir, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og María Jóna Einarsdóttir, Borgarfjarðarprófastsdæmi voru kosnar í þeirra stað. Einnig var kosin ný uppstillinganefnd



Marinó
Þorsteinsson

vegna væntanlegra kosninga á næstu leikmannastefnu.

Leikmannaráð skipa því:

Aðalmenn:

Formaður: Marínó Þorsteinsson, Reykjavíkurbískopastæmi vestra.

Ritari: Jón Oddgeir Guðmundsson, Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Meðstjórnandi: Þórdís Friðbjörnsdóttir, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Varamenn: Guðný Guðnadóttir, Suðurprófastsdæmi, Helgi K. Hjálmsón, Kjalarnessprófastsdæmi, María Jóna Einarsdóttir, Borgarfjarðarprófastsdæmi.

Leikmannastefnan telur það óviðunandi að sóknargjöld séu skorin niður verulega umfram þann almenna niðurskurð sem óhjákvæmilegur er talinn vegna fjárlagahalla ríkisins.

Safnaðarstarf er mikið og vaxandi um þessar mundir m.a. til þess að svara aukinni þörf á erfiðum tímum.

Leikmannastefna hvetur því sóknarnefndir til þess að beita sér í vörn fyrir sóknargjöldum gagnvart þingmönnum og stjórnvöldum.

Ályktun 2

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2010 hvetur sóknarnefndarfólk víðs vegar um landið til að sinna af kostgæfni þeirri

Þátttakendur á Leikmannastefnu 2010



Ályktanir

Samykkhtar voru tvær ályktanir:

Ályktun 1

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2010 beinir því til sóknarnefnda að snúast til varnar gegn frekari niðurskurði á sóknargjöldum.

Sóknargjöldin er félagsgjöld sem innheimt eru af hinu opinbera. Þau standa undir fjölbættu safnaðarstarfi sem er í hættu auk þess sem fjárhag kirkna er stefnt í voða vegna niðurskurðarins.

starfskyldu sinni að neyta atkvæðisréttar í þeim kirkjuþingskosningum, sem fram fara 1.- 15. maí næstkomandi.

Jafnframt hvetur leikmannastefnan kirkjuþing til að taka til gagn Gerrar endurskoðunar á starfsreglum um kjör til kirkjuþings í því skyni að efla lýðræði innan þjóðkirkjunnar og virkni þeirra, sem vilja láta sig málefni kirkjunnar varða.

Leikmannastefnuna sátu 40 manns. Henni var slitið af biskupi í móttöku á biskupsgarði.

Vígslubiskup Hólastiftis

Jón Aðalsteinn Baldvinsson

Eins vænta má er utanumhald um Hóladómkirkju og þá fjölbreyttu starfsemi sem henni tengist ærið starf. Við kirkjuna starfa Laufey Guðmundsdóttir, kirkjuvörður í hlutastarfi, og hefur sér til fulltingis starfsmann yfir sumarmánuðina. Því starfi gegndi Jóhanna Erla Birgisdóttir stud. theol. Samvinna er við ferðabjónustuna á Hólum um afleysingabjónustu. Þá naut staðurinn þess að hafa sr. Hjört Pálsson á vettvangi, en auk þess að þjóna dómkirkjunni leysti hann sóknarprestinn af í barnsburðarleyfi.

Sumardagskráin 2009 var að vanda fjölbreytt. Nokkrir prestar stiftisins komu í messuheimsóknir og sumir þeirra höfðu með sér organista og kór. Sr. Hjörtur Pálsson sá um aðra þjónustu við dómkirkjuna ásamt sóknarpresti og undirrituðum.

Tónleikar voru í dómkirkjunni alla sunnudaga sumarsins og kom að þeim fjölbreyttur flokkur listamanna. Þá voru nokkrir stofutónleikar í Auðunarstofu. Staðurinn hefur eignast marga tryggja vini úr hópi tónlistarfólks sem bjóða fram krafta sína og gera það mögulegt að halda úti metnaðarfullri dagskrá þrátt fyrir takmörkuð auraráð. Ástæða er til að þakka það sérstaklega.

Hólahátíð var haldin að venju í 17. viku sumars, dagana 14. – 16. ágúst. Hún hófst með málþingi í Auðunarstofu þar sem Birgir Guðmundsson og Málfríður Finnbogadóttir fjölluðu um prentminjar og stofnun prentminjasafns á Hólum. Pílagrímagöngur voru gengnar heim að Hólum úr Svarfaðardal og frá Flugumýri og helgiganga í Gvendarskál þar sem undirritaður söng pílagrímmessu við

altari Guðmundar góða. Þar flutti sr. Bolli Pétur Bollason hugvekju. Sr. Ágúst Sigurðsson flutti erindi í Aðunarstofu um sögu vígslubiskupsembættisins sem hann nefndi *Fagna þú Norðurlands Frón*. Við hátíðarmessuna prédikaði sr. María Ágústsdóttir, organisti kirkjunnar, Jóhann Bjarnason, lék á orgelið og hátíðarkór Hóladómkirkju leiddi söng, einsöngvari var Kristjana Arngrímsdóttir. Á hátíðarsamkomunni komu fram skáld Hólahátíðar, frú Vilborg Dagbjartsdóttir, Hólaræðuna flutti Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Kristjana Arngrímsdóttir og Eypór Ingi Jónsson sáu um tónlistarflutning. Hátíðin var fjölsótt.

Til tveggja tónlistarhátíða var stofnað á Hólum sumarið 2009, sem vonandi hafa haslað sér völl til langrar framtíðar. Sú fyrri er Barokkhátíð og er haldin síðustu helgina í júní. Hún er á vegum Barokksmiðju Hólastiftis sem til var stofnað árið 2008. Að henni standa Hóladómkirkja, kammerkórinn Hymnodia og Akureyrarkirkja. Markmið smiðjunnar er m.a. að efla þekkingu og flutning á tónlist frá barokktímabilinu, hvetja til rannsókna á tónlistarflutningi á þessu tímabili á Hólum í Hjaltadal, halda tónleika, námskeið og fyrirlestra um þessi efni og koma á laggirnar árlegri barokktónlistarhátíð á Hólum.

Hátíðin, sem hófst á föstudagskvöldi og lauk með tónleikum á sunnudag, tókst með ágætum, var fjölsótt og dagskráin vönduð.

Seinni hátíðin ber nafn Ríkínis, fyrsta tónlistarkennarans sem sögur greina frá að starfað hafi á Íslandi. Þann góða mann



Jón Aðalsteinn
Baldvinsson

sótti Jón biskup Ögmundarson, Hólabiskup, til Frakklands í byrjun 12. aldar og gerði hann að kennara við Hólaskóla.

Ríkíni félagið sem að hátíðinni stendur er félag um fornan tónlistararf Íslendinga, eins og stendur í stofnskrá. Það var stofnað af áhugafólki árið 2008 og er eitt aðalmarkmið félagsins að halda árlega ráðstefnu og tónlistarhátíð á Hólum. Síðasta helgin í september varð fyrir valinu og verður héðan í frá helguð þessari hátíð. Stór hópur áhugafólks, sem saman stóð að mestu af fræði- og listamönnum, gerðu hátíðina 2009 að merkum viðburði.

Rekstur Guðbrandsstofnunar á Hólum hefur verið undirrituðum drjúgur verksauki. Á umræddu tímabili var reksturinn erfiður vegna niðurskurðar á fjárlögum. Stofnunin gat engu að síður veitt mörgum aðstöðu til fræðaiðkunar og listsköpunar. Minna varð úr ráðstefnuhaldi en ætlað var, þó stóð stofnunin að málþingi á degi Guðmundar góða í samvinnu við Hóladómkirkju og Menntaskólann á Akureyri. Málshenjandi var Óskar Guðmundsson rithöfundur sem talaði um vináttu Guðmundar góða og Snorra Sturlusonar.

Á þeirri samkomu var að venju úthlutað styrk úr áheitasjóði Guðmundar góða. Hlaut hann ung kona á Hvammsanga sem barist hefur um árabíl við illvigan sjúkdóm.

30. maí til 1. júní stóð Prestafélag hins forna Hólastiftis í samvinnu við vígslubiskup fyrir guðfræðiráðstefnu á Hólum. Hefur það verið árlegur viðburður um nokkurt skeið. Formaður félagsins, sr. Gunnlaugur Garðarsson, stjórnaði ráðstefnunni. Yfirskrift hennar var musterí Guðs – myndhverfa hjálpræðis og helgunar. Erindi fluttu dr. Kristinn Ólason, dr. Clarens Glad og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

Ég vísiteraði Skinnastaðarprestakall, Húsavíkurstakall, Skútustaðarprestakall og Grenjaðarstaðarprestakall í Þingeyjarprófastsdæmi. Þá blessaði ég safnaðarheimili á Egilsstöðum, Sleðbrjóti í Jökulsárhlið og á Húsavík; vígði orgel í Blönduóskirkju og altari í kirkjumíðstöðinni við Vestmannsvatn. Það var gefið í minningu sr. Péturs Þórarinssonar af foreldrum hans, Þórarni Halldórssyni og Elínu Jónsdóttur, jafnframt gáfu þau altarisklæði sem Elín hafði saumað. Um leið var þess minnst með hátíðlegum hætti að 50 ár voru frá stofnun Æskulyðssambands kirkjunnar í Hólastifti og 45 ár síðan sumarþúðirnar við Vestmannsvatn voru teknar í notkun.

Ég sótti alla héraðsfundi stiftisins, marga aukahéraðsfundi og leiðarþing auk fjölmargra annarra funda og samkoma. Kirkjumíðstöðina á Akureyri hef ég reynt að rækja eftir bestu getu, en þar er unnið áhugavert starf þrátt fyrir þröngan kost. Þá prédikaði ég á mörgum kirkjum vítt og breitt um stiftið af ýmsum tilefnum. Allar þessar ferðir hafa fært mér heim sanninn um að safnaðarstarfið er hvarvetna lifandi og víða blómlegt. Engu að síður er sú spurning áleitin hvernig örva megi fólk til frekari þátttöku í helgihaldinu.

Ég fór í messuferð til Englands á aðventu til að þjóna mínum gömlu söfnuðum í London og í Hull. Ekki þurfti að kvarta yfir messusókninni á þeim stöðum fremur en endranær. Er mikill skaði að ekki skuli vera tók á því að þjóna því áhugasama og trúa fólki eins og vera ber.

Að vanda hefur kona mín, Margrét Sigtryggisdóttir, verið mér til halds og trausts í öllu mínu starfi. Auk þess að vera ritari minn á fundum Hólanefndar, í vísitásium og oft endranær, sér hún um heimasíðu Dómkirkjunnar. Þá stendur hún fyrir mikilli risnu því gestkvæmt er á Hólastað.

Vígslubiskup Skálholtsstiftis

Sigurður Sigurðarson vígslubiskup

Hér í Skálholti hefur líf og starf verið nokkuð með hefðbundnum hætti. Þess ber þó að geta að sífellt eykst nýting Skálholtsskóla og starfsemin þar verður æ fjölsóttari og fjölbreyttari.

Skálholtshátíð 2009 var haldin á Þorláksmessu á sumri og var vel sótt. Þá minntist Dr. Pétur Pétursson þess að 100 ár eru liðin frá gildistöku laganna um vígslubiskupa árið 1909. Sú lagasetning var málamyndalausn Alþingis vegna tillagna um endurreisn biskupstólanna. Þau lög stóðu svo óhögguð til ársins 1990 eins og kunnugt er. Ljóst sýnist mér að nú liggi fyrir að endurskoða enn verakaskiptingu biskups Íslands, vígslubiskupa og prófasta. Á samkomu síðdegis á sunnudegi hátíðarinnar flutti söngsveitin Hljómeyki ásamt hátíðahljómsveit verkið Dixit Domine eftir Händel, og var það áhrifamikill flutningur.

Eins og kom fram í máli mínu síðast var fallið frá því að efna til fyrirhugaðra byggingaframkvæmda hér í Skálholti vegna efnahagsástandsins. Mikil vinna hafði verið lögð í undirbúning verksins og heldur hún gildi sínu og kemur að notum við tækifæri. Til að þoka málum áleiðis samþykkti stjórnin að hér yrði komið upp þjónustuhúsi með sýningu. Hönnun og uppbyggingu hússins hefur Loftur S. Magnússon byggingameistari annast í samráði við heimafólk. Björn Björnsson hannar sýninguna, sem mun fjalla um sögu Skálholts í grófun dráttum. Einnig hefur verið stofnað félag um endurreisn Þorláksbúðar á grunni fornu búðarinnar. Það verk er

unnið í samráði við Þjóðminjavörð og eru vegghleðslur langt komnar. Þetta hús verður þá eina dæmið um forna byggingalist hér á staðum og mun koma að margvíslegum notum. Nefna má til dæmis um væntanleg not þess að þar verður bætt úr skorti á hæfilegu skrudhúsi við stærri afhafnir hér. Sitthvað mætti tína til um verklegar framkvæmdir hér og útgáfu leiðbeininga fyrir gesti staðarins þó að hér verði staðar numið.

Síðla árs veiktist ég undirritaður og fékk veikindaleyfi fyrstu sex mánuði ársins 2010. Hefur meðhöndlan meinsins tekist vel að sögn lækna, en eftir miðjan ágúst fer ég í rannsókn eftir þriggja mánaða hlé. Hlýt ég að þakka góðar óskir og fyrirbærir margs kirkjufólks í þessum erfiðleikum. Hef ég allan tímann tekið þátt í fundum hér heima fyrir og fundum kenningarnefndar og biskupafundum. Ráðlagði viðkomandi lækni að ég héldi áfram þeim störfum sem ég treysti mér til samhliða meðferðum.

Stjórn Skálholts hefur að jafnaði komið saman mánaðarlega og þakka ég þeim Jóhanni Björnssyni og séra Kristjáni Björnssyni ágætt samstarf. Höfum við heimamenn rektor, sóknarprestur og vígslubiskup leitast við sem fyrr að rækja tíðasöng hér í kirkjunni. Óhætt er að fullyrða að engin kirkja neinnar kirkjudeildar hér á landi rækir þá þjónustu til jafns við það sem hér er gert. Vonandi þokast útgáfumál tíðasöngsins áleiðis svo að þetta efni komist í fleiri hendur. Faglegum undir-



Sigurður
Sigurðarson

búningi útgáfu er nú að mestu lokið.

Þegar þetta er ritað hefur undirritaður nýlega tekið þátt í norrænum biskupafundi í Árósum. Var það óvenjulega uppbyggileg samvera. Margir spurðu þar út í ástandið á Íslandi. Gerði ég ekki lítið úr þeim erfiðleikum öllum. Gott þótti þeim samt að heyra að ekki væru búðarhillur auðar hér á landi, eins og margir þeirra álitu. Þegar við höfðum dvalið nokkuð við erfiðleikana hér heima spurði ég þá gjarnan hvernig þetta yrði með bankana þeirra, hvort þeir mundu allir enda í ríkiseign. Þá slitu þeir talið. Við þessari spurningu áttu þeir ekki einhlítt svar. Það sýnir okkur hvernig þessi vandi er ekki aðeins okkar

vandi. Raunar hljótum við að binda vonir við að vel gangi annars staðar. Þannig er nú heimurinn. Einn af fyrirlesurum fyrrgreinds fundar minnti á orð sem skipta verulegu máli í því ástandi sem nú ríkir á meðal okkar. Þetta eru orð dansks biskups frá 19. öld og eru þessi: “Við verðum að gæta þess að vandlætingin er hálf systir hræsninnar”.

Að lokum minni ég á að okkur er óhætt vegna fyrirheitanna að treysta því að Guð heyrir bænir okkar er við biðjum þess að fá staðist á komandi tíð, hvernig sem nú frammistaðan var í því sem nú er að baki.

Gleðilegt sumar

Starfið á árinu

Fasteignanefnd Þjóðkirkjunnar

Guðmundur Þór Guðmundsson, formaður

Í ársbyrjun 2010 gekk í gildi nýtt fyrirkomulag á umsýslu með fasteignir kirkjumálasjóðs Þjóðkirkjunnar og á ráðgjöf vegna kirkna og safnaðarheimila. Kerfið grundvallast á starfsreglum kirkjupings um prestssetur og aðrar fasteignir Þjóðkirkjunnar frá 2009.

Fasteignanefnd Þjóðkirkjunnar tók til starfa í ársbyrjun og gegnir því hlutverki sem áður var á hendi stjórnar prestssetra, ráðgjafarhóps kirkjuráðs um fasteignir, bygginga- og listanefndar Þjóðkirkjunnar og að nokkru leyti kirkjuráðs. Kirkjuráð skipaði fasteignanefnd til eins árs og er Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn, tilnefndir af kirkjupingi, eru kirkjupingsfulltrúarnir Helga Halldórsdóttir og Lárus Ægir Guðmundsson. Skýrsla fasteignanefndar tekur samkvæmt framanskráðu einvörðungu til tímabilsins frá 1. janúar 2010 – 30. júní 2010.

Samkvæmt framangreindum starfsreglum skal Þjóðkirkjar varðveita, eiga og leigja fasteignir sem styðja þjónustu hennar og markmið, í samræmi við samþykktu fjárfestingarstefnu kirkjupings hverju sinni. Fasteignasýslan tekur til um 100 fasteigna. Prestsbústaðir án jarðnæðis eru 43 talsins, prestssetursjarðir 26 talsins, aflagðar prestssetursjarðir eru 14 talsins og aðrar jarðir, þ.m.t. Skálholt eru þrjár. Skrifstofu-, verslunar-

og þjónustuhúsnæði eru sjö fasteignir og íbúðarhúsnæði tíu. Þar sem um svo veigamiklar breytingar á fasteignasýslunni er að ræða þykir rétt að gera nokkra grein fyrir hinu nýja stjórnkerfi.

Kirkjuping fer með æðsta vald í fasteignamálum kirkjunnar, samþykkir fjárhagsáætlanir um rekstur og viðhald fasteignanna og ákveður hvar prestssetur eru lögð til í prestaköllum.

Kirkjuráð fylgir eftir samþykktri stefnumótum kirkjupings um fasteignir og ber ábyrgð gagnvart kirkjupingi, annast kaup og sölu fasteigna Þjóðkirkjunnar og nýbyggingar. Kirkjuráð skipar fasteignanefnd Þjóðkirkjunnar og setur nefndinni erindisbréf og skipar jafnframt sviðsstjóra fasteignasviðs og ræður annað starfsfólk sviðsins. Kirkjuráð samþykkir árlega fjárhagsáætlun sem og þriggja ára framkvæmdaáætlun vegna fasteigna.

Fasteignanefnd Þjóðkirkjunnar annast um rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs. Nefndin skal annast um viðhald eignanna, gæta réttinda sem tengjast þeim, sjá um tryggingar og halda uppi lögskilum. Þá skal nefndin sjá til þess að deiliskipulag sé fyrir hendi þar sem nauðsyn krefur eða lög bjóða og ákveða útlit fasteigna og umbúnað í meginatriðum. Ennfremur semur nefndin tillögur að árlegri fjárhagsáætlun vegna reksturs fasteigna auk þriggja ára viðhaldsáætlunar og legg-



Guðmundur Þór Guðmundsson

Frá 1. fundi
fasteignanefnar.
Nefndarmenn og
starfsfólk ásamt
biskupi Íslands



ur fyrir kirkjuráð. Fasteignanefnd skal vera í almennu fyrirsvari fyrir prestssetur ásamt viðkomandi presti. Nefndin skal veita sóknum almenna fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningar um verklegar framkvæmdir á þeirra vegum auk þess að liðsinna og veita þeim sóknum faglega ráðgjöf sem hyggjast ráðast í nýbyggingar kirkna, safnaðarheimila, þjónustuhúsa eða meiri háttar viðhaldsframkvæmdir. Nefndin skal fara árlega yfir umsóknir í Jöfnunarsjóð sókna og veita umsögn til kirkjuráðs.

Hlutverk fasteignasviðs á Biskupsstofu er að sinna daglegum rekstri þeirra verkefna sem fasteignanefnd og kirkjuráði eru falin í starfsreglum þessum, eftir nánari fyrirætlum nefndarinnar og ráðsins. Starfandi sviðsstjóri fasteignasviðs árið 2010 er Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, lögfræðingur. Aðrir starfsmenn eru Höskuldur Sveinsson, arkitekt, verkefnisstjóri utanhússframkvæmda, Kristín Mjöll Kristinsdóttir, innanhússarkitekt, verkefnisstjóri

innanhússframkvæmda og Sigurgeir Skúlason landfræðingur sem vinnur að gerð uppdráttu í hlutastarfi.

Fasteignanefndin hefur unnið að fasteignasýslu í samræmi við ofangreitt og á grundvelli erindisbréfs kirkjuráðs. Þannig hefur nefndin unnið að gerð framkvæmdáætlana til þriggja ára þ.e. fyrir árin 2011 – 2013 og að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011. Áætlanirnar hafa verið kynntar kirkjuráði.

Fyrirmælum framangreindra starfsreglna um leigu fyrir prestssetur hefur verið hrint í framkvæmd frá og með 1. mars 2010. Um er að ræða einfaldari reglur en áður giltu um ákvörðun leigufjárhæða auk þess sem mælt er fyrir um lágmarks- og hámarksleigugjald. Samið hefur verið nýtt form að haldsbréfi sem hinar nýju starfsreglur útheimtu.

Unnið hefur verið að ýmsum stjórnasýslu- og lögfræðimálum, s.s. gerð leigusamninga, landamerkjamála, undirbúningi að sölum fasteigna samkvæmt samþykktum kirkjupings

2009, úttektum fasteigna og skoðunargerðum, gerð ýmiss konar verkferla o.fl. Ljóst er að margvísleg verkefni á þessum sviðum þarfnast úrlausnar og eru mörg þeirra bæði flókin og tímafrek.

Unnið hefur verið að margvíslegum viðhaldsverkefnum á fasteignum kirkjumálasjóðs og öðrum verklegum framkvæmdum í samræmi við samþykktu framkvæmdaáætlun fyrir árið 2010. Þá hefur verið lögð rík áhersla á að ekki sé farið umfram fjárheimildir samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Nú sem endranær hefur þurft að breyta framkvæmdaáætlun vegna ófyrirséðra, brýnna viðhaldsverkfna, sem sinna varð tafarlaust.

Fasteignanefnd hefur unnið að verkefni um þinglýsingu kirkna, þ.e. að hvetja til þess að kirkjum sé þinglýst á réttan eiganda sinn og hefur verkefnið verið kynnt á flestum héraðsfundum landsins. Nefndin lagði í því sambandi

til við kirkjuráð að sú stefna yrði tekin um eignarhald á kirkjulóðum að gera lóðarleigusamninga eða afnotasamninga við viðkomandi sókn, án endurgjalds, enda verði áskilið að á lóðinni verði kirkjuleg starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar og var það samþykkt af kirkjuráði.

Unnið hefur verið að sölu nokkurra aflagðra prestssetra og má þar nefna lögbýlið Tröð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, einbýlishúsið Laufás 2 á Hellissandi, Snæfellsbæ, lögbýlið Hvol í Saurbæ, Dalabyggð, einbýlishúsið Túngötu 6 á Suðureyri, Ísafjarðarbæ og lögbýlið Prestbakka í Hrútafirði, Bæjarhreppi. Undirbúningur sölu hefur verið á fasteignasviði en kirkjuráð fer formlega með sölu fasteigna kirkjumálasjóðs.

Þrátt fyrir að margt hafi áunnist er ljóst að mikið og margþætt starf er framundan í fasteignaumsýslu þeirri sem framangreindir aðilar sinna.

Fræðslusvið Biskupsstofu

Halldór Reynisson, verkefnisstjóri



Halldór Reynisson

Fræðslusvið annast hluta af faglegri þjónustu embættis biskups Íslands samkvæmt skipulagsskrá Biskupsstofu. Það skal vera stefnumótandi um fræðslumál þjóðkirkjunnar auk þess að vera ráðgefandi fyrir biskup Íslands.

Til meginverkefna fræðslusviðs telst umsjón með efnisgerð fyrir barna- og unglingastarf kirkjunnar, en að henni er unnið í samvinnu við Skálholtsútgáfuna. Þá er stuðningur við fermingarstörf í söfnuðum á könnu fræðslusviðs.

Annað meginverkefni er umsjón námskeiða fyrir starfsfólk kirkjunnar í barna- og unglingastarfi (Innandyra) og skipulag farskóla og grunnnámskeiðs fyrir æskulýðsleiðtoga í samstarfi við ÆSKR, KFUM og K og æskulýðsnefnd Kjalarnessprófastsdæmis, starfs- og fullorðinsfræðsla kirkjunnar í samstarfi við Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, auk annarra námskeiða og samstarfsverkefna fyrir og í samvinnu við prófastsdæmi víða um land.

Þá kemur fræðslusvið að forvarnarmálum á vegum þjóðkirkjunnar og tekur þátt í samstarfi á þeim vettvangi, t.d. í Saman hópnum, Náum áttum og við Tollgæsluna.

Starfsfólk fræðslusviðs

Halldór Reynisson verkefnisstjóri fræðslumála, 100% starf.

Irma Sjöfn Óskarsdóttir verkefnisstjóri Leikmannaskólans og fullorðinsfræðslu og fl. 100% starf.

Elín Jóhannsdóttir fræðslufulltrúi barna- starfs, 100% starf.

Magnea Sverrisdóttir fræðslufulltrúi

æskulýðsmála, 50% starf (frá 1. september 2009 en fram til þess til gegndi Hans Guðbergsson því starfi).

Sigríður Tryggvadóttir fræðslufulltrúi, annast lífsleikni í framhaldsskólum, 50% starf. Kristín Arnardóttir ritari á Biskupsstofu starfar með fræðslusviði.

Afleysingaþjónusta starfsfólks fræðslusviðs

Frá 1. september til 1. desember 2009 leysti sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir af sem héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Þá hefur hún einnig gegnt að hluta til prestsþjónustu á Akranesi frá 1. febrúar 2010.

Frá desember 2009 hefur sr. Halldór Reynisson sinnt prestsþjónustu fyrir íslenska söfnuðinn í Lúxemborg. M.a. annaðist hann helgihald þar fyrir jólin 2009. Þá hefur hann einnig sinnt afleysingum í söfnuðum í Reykjavík og víðar frá desember 2009.

Trúfræðsluáætlun

Að beiðni kirkjupings 2008 vann fræðslusvið áætlun um fræðslumál í barna- og æskulýðsstarfi og var hún síðan lögð fram til kynningar á kirkjupingi 2009. Samhliða þessu var hafin endurskoðun námskrár fræðslustarfs kirkjunnar og er áætlunin að leggja fram heildstæða námskrá alls fræðslustarfs kirkjunnar á kirkjupingi 2010.

Fermingarstörfin

Í framhaldi af könnun fræðslusviðs um

fermingarstörfin og fundi með prestum á s.l. ári var hafist handa með nokkur verkefni er lúta að fermingarfræðslu. Má þar helst nefna gerð kennsluáætlana um helstu stef fermingarfræðslunnar, gerð fermingarvefs fyrir fermingarbörn og fjölskyldur þeirra, verkefni í fjar-kennslu, svo og endurskoðun námskrár fermingarstarfanna. Stefnt er að því að þessum verkefnum verði lokið 2010. Nú þegar er sumt af þessu efni komið inn á efnisveituna.

Þá er að geta samstarfs við Reykjavík-urprófastsdæmi eystra um forskóla fer-mingarstarfanna. Þá stóð fræðsluvið fyrir fjórum málþingum um fermingarstörfin á s.l. ári, einu í hverju landshorni.

Umhverfismál

Unnin var tillaga að umhverfisstefnu á vegum fræðsluviðs og starfaði sér-stakur starfshópur að því máli. Var hún síðan lögð fyrir kirkjuþing 2009 og samþykkt þar.

Samhliða var síðan gefið út hefti „Ljósaskrefið“ en það er þýtt úr sænsku og ætlað fyrir umhverfisstarf í söfnuð-um og stofnunum kirkjunnar. Ætlunin er að fá söfnuði landsins til að taka umhverfisstarfið á dagskrá heima í héraði.

Fræðsluáætlun

Fræðsluáætlun var lögð fyrir kirkjuþing 2009 til skoðunar. Þar er settur fram listi með verkefnum fræðslustarfsins sem aftur er byggður á fræðslustefnunni frá 2005. Í áætluninni er einkum lagt til að aukin verði eftirfylgd með skírminni með auknu framboði á efni og þjónustu (t.d. krílasálmum og heimsendingu efnis), svo og að gæði fermingarfræðslunnar verði aukin.

Net fræðslufulltrúa

Fundur fræðslufulltrúa ásamt starfsfólki fræðsluviðs Biskupsstofu var haldinn í Fella- og Hólakirkju 29. september 2009. Þar var farið yfir helstu verkefni í fræðslumálum þjóðkirkjunnar og einnig var skipst á hugmyndum og reynslu. M.a. var rætt um fræðsluáætlunina og fermingarmálin. Næsti fundur verður í byrjun október í Reykjavík.

Erlent samstarf

Árlegur samráðsfundur norrænu þjóð-kirknanna um fræðslumál var haldinn í Skálholti 3. – 5. nóvember 2009 þar sem farið var yfir nýjungar í starfi og efnis-gerð. Samstarfsfundur þeirra sem starfa við fullorðinsfræðslu í norrænu kirkj-unum NKS, var svo í janúar í Danmörku en enginn fulltrúi var sendur þangað vegna kostnaðar.

Siðareglur –

endurskoðun vímuvarnarstefnu

Nýjar siðareglur starfsfólks kirkjunnar voru samþykktar á kirkjuþingi 2009. Þær voru síðan gefnar út í vor s.l. ásamt eyðublaði þar sem starfsfólk er kemur nálægt barna- og ungmennastarfi í kirkjunni samþykkir að skoða megi hvort það sé á sakaskrá varðandi brot er beinast að börnum og ungmenn-um. Fræðsluvið hyggst gera átak í því í tengslum við Innandyranámskeið í haust að starfsfólk kirkjunnar, prestar og aðrir sem koma við sögu í barna- og æskulýðsstarfi veiti samþykki sitt.

Vímuvarnarstefna þjóðkirkjunnar hefur einnig verið í forsjá fræðsluviðs. Nú hefur starfshópur sem í eru auk verkefnisstjóra fræðsluviðs, sr. Karl V. Matthíasson vímuvarnarprestur, Rann-veig Guðmundsdóttir félagsráðgjafi

hjá fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Marínó Þorsteinsson formaður sóknarnefndar Dómkirkjunnar. Endurskoðuð vímuvarnarstefnan verður lögð fyrir kirkjuþing 2010 til samþykktar.

Barnastarf

Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Vefmál

Efnisveita kirkjustarfsins hefur tekið stakkaskiptum á þessu ári. Má segja að hún innihaldi 19 minni efnisveitur, þar sem efnið hefur verið sett í flokka. Flokkarnir eru auðkenndir með litríkum borðum sem notendur geta smellt á. Efnisveitan er enn í mótun og reynt er að gera hana þannig að hún sé sem auðveldust í notkun.

Barnatrú.is: Síðastliðið haust var vefurinn Barnatrú.is opnaður. Þessi vefur er ætlaður börnum og foreldrum og fylgir hann efni sunnudagaskólans. Á hverjum sunnudegi birtist ný saga á vefnum, sama og lagt er upp með í sunnudagaskólanum. Á vefnum er einnig að finna bænar, minnisvers, sálma, söngva, myndir til að lita – auk þess sem Hjalparstarf kirkjunnar á sinn stað á vefnum.

Hlúum að börnunum: Vegna kreppuástandsins voru útbúin mörg stutt myndbönd sem sett voru inn á YouTube, Facebook, Barnaland og send á ýmsa póstlista. Boðskapur þeirra var sá að brýnt væri að hlúa að börnunum, gefa þeim tíma, kenna þeim góð gildi, fara með þau í barnastarfið o.s.frv. Einnig voru gerð myndbönd þar sem fullorðnu fólki var bent á þjónustu presta og djákna, myndbönd með hughreystingarorðum, bænum og trúarlegum tilvísunum. Þar að auki voru gerð myndbönd sem auglýstu og kynntu

ýmiss konar starfsemi kirknanna s.s. foreldramorgna og bænastundir.

Fræðslufni fyrir barnastarf

Sunnudagaskólinn: Út kom splunku-nýtt efni fyrir sunnudagaskólann, en margir nýttu það einnig fyrir 6-9 ára starfið. Höfundar efnisins voru María Ellingsen, leikari og Oddur Bjarni Þorkelsson, leikari og guðfræðinemi. Bar efnið yfirskriftina *Miðlum fjársjóði II*. Efnið var birt á Efnisveitunni, en einnig var hægt að kaupa útprentað leiðtogahefti hjá Skálholtsútgáfu. Hverri samveru fylgdu fallega myndskreyttir einblöðungar, samanbrotnir í miðju þar sem Biblíusaga dagsins var sögð, auk þess sem þar var að finna léttar þrautir. Það efni fengum við erlendis frá, þýddum og staðfærðum. Skálholtsútgáfan sá um útgáfu þess. Blöðunum fylgdi falleg pappataska sem jafnframt gegndi hlutverki möppu.

Kynningarleiðir sem kosta ekki krónu: Útbúin voru 32 stutt kynningarmyndbönd með sunnudagaskólaefninu. Kynningarmyndböndin voru ör-stutt og lýstu því hvað börnin myndu læra í sunnudagaskólanum. Með þessu móti var verið að bjóða kirkjum upp á nýja auglýsingaleið þar sem þeim var bent á að safna netföngum og senda síðan slóðir auglýsinganna á foreldra og forráðamenn barnanna – misjafnt var hvort og hvernig kirkjurnar notfærðu sér þetta.

6-9 ára starf: Þrjú fræðslupakkar fyrir þennan aldurshóp eru nú komnir inn á Efnisveituna: Hvað er kærleikur?, Ósýnilegi vinurinn og Við Guð erum vinir. Stefnt er að því að hafa námsefni sem spannar þrjá vetur.

TTT, 10-12 ára starf: Að sama skapi er verið að vinna í TTT efninu. Þar er

stefnt að því að gera námspakka til fjögurra vetra. Nú þegar eru tvö leiðtogahefti frá fyrri árum komin þarna inn nýr fræðslupakki komin þarna inn sem byggður er á gömlu efni og ber yfirskriftina „Í sporum annarra- með augum Guðs“.

Foreldramorgnar: Útbúið var skemmtilegt efni til stuðnings á foreldramorgnum. Efnið sömdu mæðgurnar Valdís Ósk Jónasdóttir og Karen Ósk Sigþórsdóttir fyrir Fræðsluvið Biskupsstofu. Efnið var unnið í samstarfshópi þar sem valdir voru vanir Foreldramorgnaleiðbeinendur af báðum kynjum.

Innandyranámskeiðin haustið 2009

Innandyranámskeiðin voru haldin á ellefu stöðum þetta haustið og hefur þá stöðunum sem námskeið eru haldin á fjölgað um fjóra. Allt starfsfólk Fræðsluviðsins sá um að halda námskeiðin og skipti starfsfólkið stöðunum á milli sín. Reyndar var lagt upp með námskeið á tólf stöðum en vegna ónógrar þátttöku á Tálknafirði var það námskeið fellt niður.

Námskeiðin voru haldin á eftirfarandi stöðum: Grensáskirkju í Reykjavík, Gleráskirkju á Akureyri, Holti í Önundarfirði, Stykkishólmskirkju, Keflavíkirkirkju, Keflavíkirkirkju, safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju, Staðarföt í Hrutáfirði, Borgarneskirkju og í safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu. Kirkjubæjarklaustri, Borgarnesi, í Landakirkju í Vestmannaeyjum og í Gautaborg í Svíþjóð. Aðsóknin var mjög góð.

Þar sem það hafði gefist vel að vera með námskeiðin á virkum dögum í fyrra var ákveðið að hafa það þannig þetta haustið – nema í Svíþjóð þar var námskeiðið haldið á laugardegi.

Í sparnaðar- og hagræðingarskyni var útbúið kennslumyndband sem sýnt var á öllum stöðum, eins og í fyrra. Þetta var einnig gert til að tryggja að allir fengju sams konar fræðslu, hvort sem þeir væru í Reykjavík eða annars staðar. Myndbandið var unnið í samstarfi við Me Me Movie.

Á kennslumyndbandinu fóru höfundar sunnudagaskólaefnisins nokkuð ítarlega í barnaefnið og hugmyndirnar á bak við það.

Samstarf við Skálholtsútgáfu

Fræðsluviðið hefur verið í nánú samstarfi við Skálholtsútgáfu á árinu – eins og endranær, enda eru snertifletirnir margir og með öflugum samstarfi næst betri árangur. Skálholtsútgáfan hefur staðið þétt við bakið á Fræðsluviðinu og verið í nánú samstarfi hvað varðar uppfræðslu barna í kirkjum og á heimilum landsmanna.

Æskulýðsstarf og leiðtogaþjálfun

Magnea Sverrisdóttir

Farskólinn 2009-2010

Námskeið fyrir leiðtogaefni þ.e. efnilega leiðtoga í barna- og unglíngastarfi kirkjunnar frá 14 ára aldri voru haldin í samstarfi við prófestsdæmi víða um landið.

Farskólarnir voru sem hér segir:

Farskóli leiðtogaefna í Reykjavík og nágrenni samstarfsverkefni ÆSKR, ÆNK, ÆSKP. 24 þátttakendur voru í Farskólanum í vetur og lauk honum með útskrift 14. apríl í Digraneskirkju. Umsjón með skólanum höfðu Þráinn Haraldsson og Erla Björk Jónsdóttir.

Farskóli leiðtogaefna í Múla- og Austfjarðarprófastsdæmum.

Farskólinn var byggður upp á þremur helgarnámskeiðum. Fyrsta helgin var haldin í samstarfi við ÆSKEY á Vestmannsvatni, önnur helgin var haldin á Vopnafirði og þriðja helgin og útskrift var haldin á Eiðum. Alls útskrifuðust tíu unglingar. Umsjónarmenn voru sr. Hólmgrímur E. Bragason, sr. Þorgeir Arason og sr. Stefán Már Gunnlaugsson.

Farskóli Keflavíkur, Ytri Njarðvíkur, og Grindavíkur safnaða.

Þátttakendur voru 16 í Farskólanum og lauk honum með útskrift 8. júní í Keflavíkurkirkju. Umsjónarmenn voru sr. Erla Guðmundsdóttir og Anna Hulda Einarsdóttir.

Farskóli ÆSKEY.

Upphafnámskeið Farskólans var haldið í samstarfi við Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi á Vestmannsvatni. Alls útskrifuðust 13 unglingar úr skólanum hver hjá sinni sóknarkirkju. Umsjón með farskólanum höfðu Pétur Björgvin Þorsteinsson og sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

Námskeið fyrir presta, djákna og æskulýðsfulltrúa/leiðtoga.

Námskeiðin voru vel sótt og er þetta samstarfsverkefni með ÆSKR, KFUM og KFUK og æskulýðsnefndar Kjalarnessprófastsdæmis. Námskeiðin voru þessi:

Hauptnámskeið leiðtoga 23. sept. í samstarfi við ÆSKR, ÆSKP ÆNK og K.FU.M OG K. Námskeiðið var haldið á Holtaveginum í húsi KFUM og K. Yfirskrift námskeiðsins var útvíst. Sr. Hans Guðberg Alfredsson og sr. Sigfús Kristjánsson sáu um fræðslu og mæltist

það mjög vel fyrir. Þátttakendur á námskeiðinu voru um 20.

Námskeið fyrir æskulýðsfulltrúa 6.-7. nóv. í samstarfi við ÆSKR, ÆSKP ÆNK og K.FU.M OG K. Ekkert sérstakt námskeið var haldið fyrir æskulýðsfulltrúa að þessu sinni. Öllum æskulýðsfulltrúum var stefnt á The Global Leadership Summit sem haldið var í Neskirkju 6.-7. nóv.

Sólheimanámskeið í Hafnarfjarðarkirkju 6. febrúar Námskeiðið var samstarfsverkefni með ÆSKR, ÆSKP ÆNK og K.FU.M OG K. Ákveðið var að halda kostnaði við námskeiðið í lágmarki og þess vegna var námskeiðið haldið í Hafnarfjarðarkirkju. Þrjúþætt fræðsla var í boði. Yngsti hópurinn fékk fræðslu um sjálfsmynd og sjálfsstyrkingu og framsögn í umsjá Hauks Árna Hjartarsonar, Arnars Ragnarssonar og Mattildar Bjarnadóttur. Eldri hóparnir fengu fræðslu um sálsgæslu unglunga sem var í umsjá Práins Haraldssonar guðfræðings og sjálfsmynd unglunga í umsjá Gylfa Jóns Gylfasonar sálfræðings. Um 60 þátttakendur voru á námskeiðinu.

Landsmót æskulýðsfélaganna var haldið á vegum ÆSKP í Vestmannaeyjum dagana 16.-18. október undir yfirskriftinni „Til komi þitt ríki – æskan telur“. Þátttakendur voru um 500. Dagskrá mótsins var fjölbreytt að vanda. Boðið var upp á fjölbreytt hópastarf, kvöldvökur, ball og helgistundir. Mótið sem er það stærsta til þessa heppnaðist það í alla staði mjög vel.

Æskulýðsdagurinn var haldinn hátíðlegur í sófnuðum landsins 7 mars.

Lífsleikni þjóðkirkjunnar

Sigríður Rún Tryggvadóttir

Veturinn 2009-2010 var fræðsla á vegum Lífsleikni þjóðkirkjunnar í 21 af

32 framhaldsskólum landsins. Nokkrir nýir skólar komu inn í verkefnið; Lífsleikni þjóðkirkjunnar var t.d. í fyrsta skipti í framhaldsskólanum í Tröllaskarði og deild framhaldsskóla Snæfellsness á Patreksfirði. Fimm nýir fræðarar voru þjálfaðir inn í starfið á þessum vetri, en alltaf eru einhverjar breytingar í hópi fræðara vegna flutninga og breytinga hjá kirkjunum. Fræðarar verkefnisins eru prestar, djáknar eða sérmenntaðir æskulýðsfulltrúar og hefur alltaf verið lögð áhersla á faglegan grunn starfsins og að fræðarar fái þjálfun til að sinna fræðslunni.

Í ár hlutu 2500 nemendur fræðslu á vegum verkefnisins, sem þýðir að frá upphafi hafa u.þ.b. 17.500 nemendur fengið fræðslu á vegum verkefnisins. Eins og alltaf var fræðsluefnið *Sorg – hvernig bregst ég við sorg?* oftast notað, enda er mest áhersla lögð á það. Vonin - hvernig hjálpa ég syrgjandi vini? og Misskiptingin fylgja þar á eftir.

Ungir atvinnuleitendur

Síðla hausts 2009 kallaði Vinnuálastofnun eftir samvinnu ýmiss aðila í samfélaginu, þeirra á meðal Þjóðkirkjunnar, vegna vaxandi atvinnuleysis og brottfalls úr skóla meðal ungs fólks, en erlendar rannsóknir sýna að ungt fólk er sérstaklega viðkvæmt fyrir afleiðingum langtímaatvinnuleysis.

Langholtskirkja tók að sér að hýsa og leiða starfshóp sem fór af stað með hugmyndavinnu með úrræði fyrir þennan hóp. Í þeim starfshópi voru sr. Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur Langholtskirkju, sr. Arna Ýr Sigurðardóttir, prestur í Langholtskirkju Jónína Sif Eypórsdóttir frá ÆSKR, Þorsteinn Valdimarsson frá

Breytendum, Dagný Halla Tómasdóttir starfsmaður ÆSKR og Sigríður Rún Tryggvadóttir, frá Biskupsstofu. Hittist hópurinn nokkrum sinnum í vetur. Í kjölfarið unnu Sigríður Rún og Jónína Sif 12 samverur sem uppistöðu að námskeiði fyrir þennan hóp, efnið er að mestu unnið upp úr Kompás, handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk sem gefin er út af Evrópuráði.

Í febrúar 2010 ýtti vinnuálastofnun úr vör átaki sem kallast Ungt fólk til athafna og á það að tryggja að aldrei líði meira en þrjú mánuðir frá því að einstaklingur á aldrinum 18-24 verður atvinnulaus þar til honum er boðið starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttaka í öðrum verðugum verkefnum. Með því breyttust forsendur verkefnisins og núna starfa saman á vegum Reykjavík-urprófastsdæmanna og Biskupsstofu, sr. Bryndís Malla Elíadóttir héraðsprestur Reykjavík-urprófastsdæmi eystra, sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir og Guðrún Áslaug Einarsdóttir frá Reykjavík-urprófastsdæmi vestra og Sigríður Rún Tryggvadóttir frá Biskupsstofu. Unnið er að virkniúrræði fyrir þennan aldurs- hóp sem ber vinnuheitnið Kirkjuliðar og áætlað er að hefjist í september. Er þar um að ræða 3ja mánaða námskeið sem saman stendur af fræðslu um kirkjuna, safnaðarstarf, sjálfstyrkingu og sjálfboðaliðastarf hjá söfnuðum.

Fullorðinsfræðsla

Irma Sjöfn Óskarsdóttir

Leikmannaskóli þjóðkirkjunnar hefur verið eitt af verkefnum fræðsluviðs nú síðustu ár undir heitinu Starfs- og leikmannaskóli kirkjunnar.

Starf Leikmannaskólans

Leikmannaskóli þjóðkirkjunnar hefur um árabil sinnt innan kirkjunnar almennri fræðslu meðal leikmanna. Í samstarfi við Reykjavíkúrprófastsdæmin annars vegar og Endurmenntun Háskóla Íslands hins vegar hefur starf Leikmannaskólans tekið nokkrum breytingum á síðustu tveimur árum. Ákvörðun um þessar breytingar var tekin í ljósi minnkandi aðsóknar á opin námskeið Leikmannaskólans. Veturinn 2009-2010 voru haldin 17 námskeið, 12 voru í samstarfi við Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra og eystra, eitt í samstarfi við Húsavíkursókn og eitt í samstarfi við Hallgrímskirkjusöfnuð. Einnig voru haldin þrjú svo kölluð þjálfunarnámskeið í tengslum við útgefið efni. Heildarfjöldi þátttakenda var 383

Segja má að aðsókn og áhugi hafi farið fram úr björtustu vonum þeirra sem stóðu að samstarfinu og er gleðilegt að sjá hversu stór hópur messuþjóna en þar sannarlega sjá vaxtarbrodd í leikmannastarfi þjóðkirkjunnar.

Starfsmannafræðsla

Að hugmynd prófasts og héraðsprests í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra í samstarfi við fræðsluvið hefur verið unnið áfram að grunnnámskeiði fyrir kirkjustarfsfólk. Haldin voru sex svo kölluð grunnnámskeið sem heita „Að starfa í kirkjunni“. Unnið hefur verið undir yfirskriftinni „Til ábyrgðar og ánægju“ og efni námskeiðanna verið lög og reglur, messan, ábyrgð leikmannsins, messan, starf messuþjónsins, þjónandi forysta, bænin, Biblían. Námskeiðin voru haldin í Áskirkju, Grensáskirkju, Breiðholtskirkju og Hallgrímskirkju og voru þetta síðdegisnámskeið, þriggja tíma löng. Sjötta námskeiðið var síðan haldið í

Skálholti 21.-22. maí og var skilyrði fyrir þátttöku þar að hafa tekið þátt í 3-4 námskeiðum fyrr um veturinn. Þar var fjallað áfram um messuna auk þess sem var boðið upp á fræðslu um Skálholt. Leiðbeinendur á námskeiðunum voru sr. Kristján Valur Ingólfsson, Gunnbjörg Óladóttir, Ragnhildur Benediktsdóttir, sr. María Ágústsdóttir, sr. Bryndís Malla Elíadóttir, Jón Bjarnason, Egill Hallgrímsson og Kristinn Ólason.

Námskeiðin voru þátttakendum að kostnaðarlausu en kostnaður dreifðist á Reykjavíkúrprófastsdæmi og Fræðsluvið Biskupsstofu. Samanlagður fjöldi þátttakenda á námskeiðunum var 230 manns. Fyrirhugað er að næsta vetur verði framhald á.

Námskeiðið *Að starfa í sóknarnefnd* var haldið á Húsavík í nýju safnaðarheimili kirkjunnar. Kennarar á því námskeiði voru Ragnhildur Benediktsdóttir og Þorvaldur Karl Helgason. Námskeið fyrir kirkjuverði og meðhjálpara var haldið í Eyjafjarðarprófastsdæmi en um þau námskeið hefur séð Kristján Valur Ingólfsson.

Opin námskeið

Meðfram starfsmannafræðslunni voru haldin svonefnd opin námskeið eða valnámskeið. Undir því heiti voru haldin námskeið í Hallgrímskirkju um sálma aðventu og jóla annars vegar og sálma föstu og páska hins vegar. Þau námskeið voru í samstarfi við helgisíðasvið Biskupsstofu, söngmálastjóra og sálmabókarnefnd. Í október var boðið upp á námskeiðið *Að hugga og hlusta* – sálgaeslunámskeið í Bústaðakirkju og í febrúar var námskeið um gleðina í Safnaðarheimili Kópavogskirkju. Í Breiðholtskirkju var boðið upp á biblíulestra – *Guðsríkið og þjóðríkið* og

Emmausámskeið var í Hallgrímskirkju. Alls sóttu um 200 manns þessi námskeið. Leiðbeinendur voru Kristján Valur Ingólfsson, Hörður Áskelsson, dr. Einar Sigurbjörnsson, sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, sr. Bryndís Malla Elí-dóttir, sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, Halla Jóns-dóttir og Irma Sjöfn Óskarsdóttir

Þjálfunarnaámskeið

Síðastliðinn vetur voru haldin þjálf-unarnaámskeið fyrir presta og starfs-menn í safnaðarstarfi. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir og Halla Jónsdóttir leið-beindu um notkun „Konur eru konum bestar“ í Árbæjarkirkju og í október var haldið leiðbeinendanámskeið í Guð-ríðarkirkju í tengslum við Emmaus-námskeiðið sem er almennt trúfræðslu-námskeið ættað frá Anglikönsku kirkj-unni en hefur verið þýtt og staðfært af Petrínu Mjöll Jóhannesdóttur og Höllu Jónsdóttur sem leiðbeindu jafn-framt á námskeiðinu. Einnig var haldið þjálfunarnaámskeið í Grensáskirkju fyrir presta og djákna í samstarfi við Skál-

holtsútgáfuna um notkun bókarinnar „Stórt og smátt um bænina“ sem nám-skeiðsefni. Þau Halla Jónsdóttir og sr. Hreinn Hákonarson þýðandi bókarinnar voru fyrirlesarar á námskeiðinu.

Samstarf við Endurmenntun

Í nóvember 2008 var undirritaður samn-ingur milli Biskupsstofu/fræðsluviðs og EHÍ um að á hverju misseri verði boðið upp á tvö til þrjú námskeið í samstarfi þessa tveggja aðila. Þetta skref var stigið til að reyna að finna vettvang fyrir opin námskeið um trúararfinn, kristni og kirkju. Á haustmisseri var boðið upp á námskeið í tengslum við Alþjóð-legu kvikmyndahátíðina í Reykjavík um kvikmyndir og trú undir leiðsögn sr. Árna Svans Daníelssonar Einnig var boðið upp á tveggja kvölda námskeið undir heitinu „Reiði og sátt“ og á vor-misseri þriggja kvölda námskeið um Dauðasyndirnar sjö. Um 35 manns sóttu þessi námskeið og leiðbeinendur voru sr. Halldór Reynisson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

Guðfræði- og þjóðmálasvið

Steinunn Arnprúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri



Steinunn
Arnprúður
Björnsdóttir

Á sviði verkefnisstjóra guðfræði og þjóðmála eru upplýsingamál, samkirkjumál og samskipti við önnur trúarbrögð auk ýmissa málefna er snerta samskipti kirkju og þjóðfélags og stefnumótun kirkjunnar.

Fjallað er um samkirkjumál í skýrslu samkirkjunefndar og samtarfsnefndar kristinna trúfélaga og upplýsingamál í skýrslu um upplýsinga- og vefmál. Hér verður því farið yfir önnur verkefni sviðsins.

Þvertrúarleg samskipti

Verkefnisstjóri hefur verið ritari Samráðsvettvangs trúfélaga frá upphafi. Fulltrúar trúfélaganna hittast að jafnaði á tveggja mánaða fresti til að ræða sameiginleg mál, kynnast trú og siðum hvers annars og deila skoðunum.

Samráðsvettvangurinn hélt málþing um trúarbrögð og fordóma í Neskirkju þann 10. desember síðastliðinn. Málþingið var liður í Prógress verkefni sem unnið var með Félagsmálaráðuneyti, Mannréttindaskrifstofu og fjölda samtaka. Aðalerindið flutti Pétur Björgvin Þorsteinsson og kynnti hann meðal annars niðurstöður könnunar sinnar á fordómum ungs fólks í garð trúarbragða á Íslandi. Fulltrúar ýmissa trúfélaga fluttu stutt innlegg og töluðu um reynslu sína af því að vera trúuð manneskja. Ánægja var með málþingið og það sem þar kom fram. Í framhaldi af því er stefnt að því að halda annað málþing haustið 2010 um guðshús og staði til trúariðkunar.

Málþing um ólögmætar skuldir

Í janúar 2010 barst bréf frá Peter Prove, sem stýrir deild um mannréttindamál hjá LH. Hann lýsti áhyggjum af meðferð Icesave málsins og velti því upp hvort hér giltu reglur um ólögmæta skuldsetningu. Þá ritaði Jimenes, biskup í Kosta Ríka, bréf og bauðst til að miðla reynslu kirkna í suðri við að greina og berjast gegn óréttmætum skuldum.

Í framhaldi af bréfi Peter Prove var efnt til málþings í samvinnu við Þjóðmálanefnd undir yfirskriftinni „Vorar skuldir – kirknasamfélagið og baráttan gegn ólögmætum skuldum.“ Upphaflega var stefnt að því að halda það, í samvinnu við PÍ, á menntadegi PÍ sem er daginn fyrir prestastefnu, til að gefa sem flestum prestum af landsbyggðinni færi á að sækja það.

Frá LH boðuð komu sína Peter Prove og Martin Junge, væntanlegur framkvæmdastjóri LH. Einnig ætlaði Jana Jeruma-Grinberga, biskup Lúthersku kirkjunnar í Bretlandi að sækja þingið. Einnig bárust kveðjur frá systurkirkju okkar í Hollandi. Því miður varð að fresta þinginu í apríl sakir samgönguferðleika í kjölfar öskugossins í Eyjafjallajökli.

Þingið var haldið þann 9. júní. Þar töluðu þeir Peter Prove og Martin Junge, auk Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands, Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra og dr. Arnfríðar Guðmundsdóttur prófessors. Jana Jeruma Grinbera biskup gat ekki tekið þátt í því eftir að tímasetning breyttist. Málþingið var vel sótt. Stefnt er að því að vinna áfram að þessu málefni.

Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Þjóðkirkjan er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Undanfarin ár hafa fulltrúar í stjórn verið Steinunn A. Björnsdóttir, verkefnisstjóri, og Toshiki Toma, prestur innflytjenda. Þjóðkirkjan er jafnan aðili að 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem Mannréttindaskrifstofan skipuleggur í nóvember ár hvert í samráði við fjölda samtaka. Svo var einnig í nóvember 2009. Átakið er vitundarvakning og á sér stað með viðburðum, greinaskrifum og fleiri aðgerðum.

Í mars ár hvert sér Mannréttindaskrifstofan um að skipuleggja hér á landi Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem Þjóðkirkjan tekur þátt í með fjölda ungs fólk í samvinnu við ÆSKR, ÆSKÞ, KFUM, KFUK, Rauða krossinn og fleiri. Að þessu sinni var yfirskrifin „Njótum fjölbreytileikans“. Ungt fólk stóð fyrir viðburðum í verslunarmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Ísafirði, dreifði kynningarefni og ræddi við fólk um kynþáttafordóma. Sr. Toshiki Toma hefur átt sæti í undirbúningsnefnd þessa viðburðar frá upphafi.

Stefnumótun

Starfsárið 2009 var helgað umgjörð þjónustunnar og 2010 er helgað endurmati á stefnumótuninni. Nefnd um heildarskipan þjónustu kirkjunnar skilaði áfangaskýrslu fyrir kirkjuping, þar sem lagt var fram skjal sem unnið var að óskum kirkjupings 2008. Í kjölfar þess var þess farið á leit að nefndarskipan yrði breytt, nefndin ynni áfram og sérstaklega yrði aukinn hlutur landsbyggðarfólks í henni. Í kjölfarið var skipuð ný nefnd og þar eiga sæti: Þorvaldur Helgason, biskupsritari, formaður, Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur, Dagný Halla Tómasdóttir æskulýðsfulltrúi hjá ÆSKR og Magnea Sverrisdóttir djákni, sr. Agnes Sigurðardóttir prófastur, sr. Gísli Jónasson prófastur, sr. Kristján Björnsson, Marinó Þorsteinsson og Katrín Ásgrímsdóttir. Steinunn A. Björnsdóttir, verkefnisstjóri, er starfsmaður nefndarinnar. Nefndin hefur haldið nokkra vinnufundi og mun skila skýrslu til kirkjupings 2010.

Þá hefur verkefnisstjóri gert úttekt á virkni við framkvæmd stefnumótunar og afhent yfirstjórn.

Helgisiðasvið

Kristján Valur Ingólfsson, verkefnisstjóri



Kristján Valur
Ingólfsson

Hlutverk Helgisiðasviðs er að vera starfsfólki kirkjunnar til ráðgjafar í málefnum helgisiðanna og stýra endurskoðun og nýsköpun í þeim málaflokki. Verkefnisstjóri er Kristján Valur Ingólfsson sem jafnframt er þjónandi sóknarprestur á Þingvöllum. Verkefni helgisiðasviðs falla náði að verkefnum kirkjutónlistarsviðs Biskupsstofu sem er undir stjórn söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Þrjár nefndir starfa í tengslum við Helgisiðasvið: Helgisiðanefnd, Handbókarnefnd og Sálmaþókarnefnd. Þessar nefndir bera ábyrgð á endurskoðun Handbókar og Sálmaþókar kirkjunnar.

Í Helgisiðanefnd sitja dr. Einar Sigurbjörnsson, sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og sr. Kristján Valur Ingólfsson sem er formaður. Nefndin er skipuð af biskupi og skal hún vera leiðbeinandi og ráðgefandi um málefni helgisiðanna. Þá safnar nefndin upplýsingum um nýjungar og þróun í málaflokknum og viðheldur tengslum við kirkjur erlendis. Þar er fyrst og fremst um að ræða systurkirkjurnar á Norðurlöndum og aðrar lútherskar kirkjur í Þýskalandi og í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Í sálmaþókarnefnd sitja dr. Einar Sigurbjörnsson, formaður, Hörður Áskelsson, söngmálastjóri, sr. Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur, sr. Lena Rós Matthíasdóttir, prestur, Hjörtur Pálsson, skáld og prestur og dr. Margrét Eggertsdóttir, bókmenntafræðingur. Einnig starfa með nefndinni sr. Kristján Valur Ingólfsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sem er ritari nefndarinnar. Nefndarfolk skiptir þannig með sér verkum að hver og einn heldur utan um

tiltekið verkefni eða sálmaflokk og stýrir vinnu starfshóps.

Formaður sálmaþókarnefndar, Einar Sigurbjörnsson, skilaði ýtarlegri skýrslu um starf nefndarinnar í síðustu Árbók og vísast hér til hennar. Nefndin hefur síðan þá á fundum sínum sungið sig í gegnum mikið nýtt efni, bæði birt og óbirt. Það eru sálmar sem nefndarfélagið hefur dregið saman með sínum starfshópum, og nýir sálmar sem m.a. hafa orðið til fyrir tilstuðlan Tónmenntasjóðs kirkjunnar. Nýir sálmar hafa verið kynntir í starfi söngmálastjóra og ber þar hæst Sálmafoss í Hallgrímskirkju á Menningarnótt. Stærstur hluti þeirra sálma sem verða í nýrri sálmaþókarnefnd hefur þegar verið settur upp í þeirri mynd sem hann verður í bókinni. Nótasetning er í höndum Aðalheiðar Þorsteinsdóttur og Arngerðar Maríu Árnadóttur.

Í handbókarnefnd sitja sr. Kristján Valur Ingólfsson formaður, sr. Jóhanna Sigmarsdóttir sóknarprestur, sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari, sr. Guðni Már Harðarson, prestur, sr. Gunnlaugur Garðarsson, sóknarprestur og sr. Arna Ýr Sigurðardóttir. Varamenn eru sr. Bryndís Malla Elíadóttir, héraðsprestur og sr. Bragi Skúlason sjúkráhusprestur. Einnig starfa með nefndinni dr. Einar Sigurbjörnsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sem er ritari nefndarinnar.

Handbókarnefnd hefur verið að störfum í núverandi mynd frá því á árinu 2005 og hefur á þeim tíma unnið eftir langtímaáætlun um endurskoðun handbókar kirkjunnar, sem kom út árið 1981. Við endurskoðunina er tekið mið af

vinnunni frá árinu 1981 og hin klassíska messa lögð til grundvallar helgihalds safnaðarins. Handbókarnefnd hefur lagt fyrir biskupafund og prestastefnu tillögur að formum sem notast skulu til reynslu áður en til endanlegrar samþykktar kemur. Á prestastefnu 2009 voru kynnt áform nefndarinnar um birtingu efnis á vefnum www.kirkjan.is/ handbok-presta og vísast hér til þess.

Vegna fjárskorts hefur verið dregið úr erlendum samskiptum og verður svo um

sinn að ekki verða sendir fulltrúar á þing og ráðstefnur erlendis. Eftir sem áður eru þó góð og gefandi samskipti um málefni kirkjusöngs og helgisíða með tölvupósti og netmiðlum. Nefndirnar fylgjast einnig vel með allri vinnu við nýjar handbækur og sálmaþækur systurkirknanna og nýta sér hana þegar við á. Hinn sami fjárskortur hefur einnig hægt verulega á öllu starfi nefndanna. Þær munu þó skila sínu verki, ef Guð lofar, þótt síðar verði en áformað var.

Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og lík-brennslu nr. 36/1993 er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trú-málum.

Dómsmála- og mannréttindaráðu-neytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

Hlutverk Kirkjugarðaráðs

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Hlutverk ráðsins er:

1. Samþykkja upptöku nýs kirkjugarðs eða stækkun gamals.
2. Veita leiðsögn við skipulag, viðhald og lagfæringar kirkjugarða.
3. Aðstoða við gerð verk- og kostnaðaráætlana vegna framkvæmda í kirkjugörðum.

4. Leiðbeina við gerð uppdráttar og legstaðaskráa.
5. Ákveða framlag til einstakra kirkjugarða sem byggir á úthlutunarreglum um gjaldalíkans kirkjugarða sem unnið var af Kirkjugarðasambandi Íslands og samþykkt af Kirkjugarðaráði
6. Úthluta styrkjum úr Kirkjugarðasjóði.
7. Úrskurða í einstaka málum.
8. Kirkjugarðaráð ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf. Aðsetur Kirkjugarðaráðs og framkvæmdastjóra þess er á Biskupsstofu Laugavegi 31 í Reykjavík.



Guðmundur
Rafn Sigurðsson

Stjórn Kirkjugarðaráðs

Í Kirkjugarðaráði sitja fimm fulltrúar þeir eru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Fornleifa-verndar ríkisins og ritari ráðsins, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri tilnefndur af Sam-

Kirkjugarðurinn
að Stóra-Núpi



bandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson. Á vegum ráðsins starfar einnig í hlutastarfi Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður sem sér um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða

Starfsemi ráðsins

Á árinu voru haldnir níu fundir auk þess sem ráðið fór í sína árlega skoðunarferð, sem í þetta sinn var um Árnesprófastsdæmi. Framkvæmdastjóri ráðsins heim sótti 85 kirkjugarða, auk þess sem hann gerði úttekt á 30 kirkjugörðum í Húna-

vatnsprófastsdæmis að beiðni þáverandi prófests sr. Guðna Þórs Ólafssonar.

Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun úr kirkjugarðasjóði að fenginni umsögn framkvæmdastjóra ráðsins. Á árinu 2009 voru veittir styrkir úr Kirkjugarðasjóði til 60 verkefna samtals að upphæð tæplega 50 milljónir. Meðal kirkjugarða og helstu verkefna sem styrktir voru má nefna:

Möðrudalur: hlaða upp hluta kirkjugarðs. **Sleðbrjótur:** bygging þjónustuhúss. **Eiðar:** Endurnýja stétt í kirkjuport og bæta aðgengi að þjónustuhúsi. **Kolfreyjustaður:** Frágangur við þjónustuhús. **Höfn:** endurnýjun á sáluhliði og girðingu. **Keldur:** Endurhlaða vestur- og norðurhlið kirkjugarðsins. **Árbær:** Stækka bílastæði og bæta aðgengi. **Þykkvibær:** Bæta aðgengi. **Stóri-Núpur:** Gagnerar endurbætur á aðkomu og umhverfi kirkjugarðs. **Pingvellir:**

Endurnýja sáluhlíð og framhlið kirkjugarðs. **Gaulverjabær:** Endurhlaða vegg og leggja stétt. **Hvalsnes:** Bygging þjónustuhúss. **Kirkjugarðar Keflavíkur:** Endurnýja lýsingu. **Brautarholt:** Bæta umgjörð kirkjugarðsins. **Gufuneskirkjugarður:** Bygging þjónustuhúss. **Hvanneyri:** Gerð þjónustuhúss. **Setbergskirkjugarður Grundarfirði:** Greiða niður skuldir vegna framkvæmda. **Stykkishólmur:** Lagfæra elsta hluta kirkjugarðsins. **Hjarðarholt í Döllum:** greiða niður skuld vegna fyrri framkvæmda. **Hvammur í Döllum:** Endurnýjun á umgjörð og lagfæring innan garðs. **Patreksfjörður:** Ljúka framkvæmdum við endurbætur og stækkun. **Holt í Önundarfirði:** Ljúka við lagfæringar og umgjörð. **Kaldrananes:** Greiða niður skuldir vegna framkvæmda. **Hólmavík:** Ljúka við lag-

færingar. **Melstaður:** Bæta aðgengi og lagfæra þjónustuhús. **Pingeyrar:** Greiða skuld vegna þjónustuhúss. **Spákonufell við Skagaströnd:** Hellulagðir stígar og komið upp áhaldahúsi. **Víðimýri:** girðing endurnýjuð. **Kirkjugarðar Dalvíkur:** endurnýja girðingu. **Kirkjugarðar Laugalandsprestakalls:** lagfæra skemmdir eftir ofsaveður. **Húsavík:** greiða niður skuldir vegna þjónustuhúss.

Á árinu var unnið við lagfæringar á nokkrum niðurlögðum görðum t.d. í Skálmanesmúla, Selárdal og gamla garðinum á Svalbarðseyri,

Auk áður talinna styrkja fékk Kirkjugarðasamband Íslands styrki til reksturs á vefnum gardur.is, og til fræðslumála og einnig Fornleifavernd ríkisins: til skráningar friðaðra minningarmarka í Rangárvalla- og Árnesprófastsdæma.

Kvikmyndastarf kirkjunnar

Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri

Saman frá Noregi

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar voru veitt í fjórða sinn á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík 2009. Dómnefnd, skipuð sr. Árna Svani Daníelssyni, sr. Guðrúnu Karlsdóttur og sr. Írisi Kristjánsdóttur valdi norsku kvikmyndina *Saman* (Sammen) eftir leikstjóran Matias Armand Jordal. Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru veitt framúrskarandi kvikmynd úr hópi aðalkeppnismynda sem glímur við mikilvægar tilvistarspurningar. Fjórtán kvikmyndir kepptu um verðlaunin að þessu sinni. Í umsögn dómnefndar um myndina sagði:

„Féðgar bregðast við erfiðum missi á ólíkan hátt. Saman býður áhorfandanum í ferðalag um hrjóstrugar viðáttur sorgarinnar dregur upp mynd af heilbrigðum og óheilbrigðum viðbrögðum við áfalli. Hún fjallar á trúverðugan hátt um það hvernig hið daglega líf getur orðið syrgjandanum ofviða.

Saman er saga um sektarkennd og vonleysi. Hún fjallar um kærleikann sem heldur í okkur lífinu þegar öll sund virðast lokað. Þrjú faðmlög marka veginn frá sorg til sáttar, frá vonleysi til vonar. Saman er raunsæ kvikmynd sem miðlar von og minnir á að lítil snerting getur gert kraftaverk.“

Myndin fellur vel að þeim mælikvörðum sem lagðir voru til grundvallar við veitingu verðlaunanna. Árni Svanur Daníelsson



Árni Svanur Daníelsson



son, formaður dómnefndar kirkjunnar, veitti verðlaunin í lokahófi hátíðarinnar. Margit F. Tveiten, sendiherra Noregs á Íslandi, tók við verðlaunum fyrir hönd leikstjórans.

Kvikmyndasýningar og fyrirlestrar

Fjöldi námskeiða og fyrirlestra um guðfræði og kvikmyndir var haldinn á árinu. Á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík var dagskrá um leikstjóran Milos Forman undir yfirskriftinni *Trúlega Forman*. Undirritaður flutti fyrirlestra um kvikmyndir og trúarstef á Eiðum, Egilsstöðum, í Grafarvogskirkju, Digra-neskirkju, Lindakirkju, Glerárkirkju, Dalvíkurkirkju, Rauðakrosshúsinu. Hann tók þátt í rannsóknardögum sænsku kirkjunnar sem voru haldnir í Stokk-hólmi í desember 2009 og flutti þar erindi um fórnarskilning í kvikmyndum. Á vormisseri 2010 kenndi hann nám-

skeið um Trúarstef í kvikmyndum við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands ásamt dr. Arnfríði Guðmundsdóttur. Prestum þjóðkirkjunnar var boðið að taka þátt í námskeiðinu og var nokkur áhugi á því.

Loks má nefna að kvikmyndir eru nýttar í fermingarfræðslu víða um land og hefur undirritaður veitt ráðgjöf og bent á efni. Þá er reglulegu kirkjubíói haldið úti í Grafarvogskirkju og Langholtskirkju. Það er gott framtak sem vonandi verður framhald á.

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru styrkt af kirkjumálasjóði og hefur undirritaður haldið utan um þau. Ýmsir aðrir hafa lagt hönd á plóg í kvikmyndastarfi í kirkjunni. Sérstaklega ber að þakka framlag meðlima Deus ex cinema hópsins sem hafa lagt mikið af mörkum undanfarin ár.

Kærleikspjónustusvið

Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri

Inngangur

Verkefni kærleikspjónustusviðs eru fyrst og fremst tengd djáknum, djáknaefnum, sérþjónustu, sálgæslu, kristniboði og hjálparstarfi. Næsti yfirmaður verkefnisstjóra er biskup. Stöðugildi er 100%. Kirkjuráð veitti 1.5 milljónir árið 2009 til sviðsins og 1 milljón 2010. Upphæðin var lækkuð milli ára vegna rekstrarafgangs. Þá var áætlun 2010 skorin niður um 3% vegna minni tekna þjóðkirkjunnar.

Mikið af starfi verkefnisstjóra fer fram á Biskupsstofu en tengsl við starf kirkjunnar á vettvangi er afar mikilvægt. Þau tengsl hafa skapast m.a. í heim-sóknum, fræðslustarfi, helgihaldi og í Rauðakrosshúsinu.

Verkefni tengd efnahagshruninu

Samstarf kirkju og Rauða kross Íslands í Rauðakrosshúsinu hélt áfram. Kærleikspjónustusvið skipulagði viðveru djákna og presta á haustmisseri og sr. Hans Markús Hafsteinsson á vormisseri. Á hverjum degi er viðvera í 2 tíma á dag en húsið var opið í 5 tíma á dag, mánudaga til föstudaga. Alls hafa 14 djáknar og prestar skipt með sér viðverunni. Undirrituð var alls í 34 skipti á staðnum. Hér er guðfræði nærverunnar iðkuð, spjallað við gesti og einnig boðið upp á sálgæsluviðtöl sem margir hafa nýtt sér. Þarna kemst í kirkjan í tengsl það fólk sem hún annars hittir ekki. Gestir voru 5071 á tímabilinu 4. janúar til 30. apríl 2010 eða um 300 manns á viku. Dagskrá á vegum var kirkjunnar einu

sinni í viku en síðar sjaldnar vegna dræmrar þátttöku. Undirrituð var með umræðuhóp í 11 skipti m.a. út frá þemum í Biblíunni. Tveir bæklingar hafa legið frammi ókeypis og hafa margir tekið þá. Það eru *Æðruleysi, kjarkur, vit* eftir Karl Sigurbjörnsson og *Ástvinamissir vegna sjálfsvígs. Handbók til sjálfshjálpar fyrir aðstandendur*.

Óvænt gjöf barst frá Evangélisku Lútersku kirkjunni í Holland vegna umræðu um Icesave reikningana. Alls voru það 6.000 evrur eða tæp milljón. Holendingarnir vildu endurgjalda góðan stuðning Íslendinga 1953 þegar mikil flóð urðu í Hollandi. Innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar var afhent þessi gjöf.

Biskupsstofa og Hjálparstarfið hafa verið í miklum samskiptum vegna efnahagsástandsins og oft hefur verið tekið þátt í úthlutun matvæla. 4.-10. október skipulögðu sviðsstjórar á biskupsstofu söfnunina *Biðjum og styðjum* til að hvetja söfnuði til að taka samskot til innanlandsaðstoðarinnar.

Eftirfylgd við fólk

í erfiðum aðstæðum

2009 voru veittar 2.5 milljónir til verkefnisins og 500 þúsund 2010. Verkefnið hefur gengið samkvæmt áætlun. Það hefur m.a. verið kynnt á héraðsfundum, prófastafundi og prestastefnu. Söfnuðir í þéttbýli hafa óskað eftir stuðningi við að koma eftirfyldinni af stað og því hefur verið sótt um fjárveitingu til að sinna því 2011 en ætlunin var að verkefninu lyki 2010. Guðrún Kr.



Ragnheiður Sverrisdóttir

Pórsdóttir, djákni, er ráðin til þessa verkefnis. Formaður starfshópsins er sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir. Á efnisveitunni er Handbók um sérhæfða eftirfylgd sjá <http://kirkjan.is/efnisveita/node/1197>

alls 17,25 stöðugildum. Mikið samstarf er við djákna vegna starfsþjálfunar djáknanema. Sjá skýrslu djáknaneftar. Marghátuð tengsl eru við Djáknafélag Íslands, og reglulega skrifað á heimasíðu þess sjá www.kirkjan.is/di.

Samstarf var við Djáknafélagið og



Þorvaldur Halldórsson og Margrét Scheving flytja tónlist í helgistund í Kolaportinu

Sálgæsla

Hin árlega er samvera á aðventu fyrir syrgjendur í Grensáskirkju var samkvæmt hefð. Magnea Sverrisdóttir var ráðin til að sinna þessu verkefni.

Djáknar

Tveir djáknar voru vígðir 18. október. Ásdís Pétursdóttir Blöndal var vígð Áskirkju til 70% starfshlutfall og Nína Björg Vilhelmsdóttir til Breiðholtskirkju í 60% starfshlutfalla.

Frá 1960 til 2009 hafa 44 djáknar verið vígðir. Starfandi djáknar eru 22 í

guðfræði- og trúarbragðafræðideild H.Í. um námskeið í sálgæslu með Berit Okkenhaug frá Modum Bad í Noregi og heimsókn dr. Thomas Zippert frá kærleikspjónustustofnuninni Hebhata í Þýskalandi. Hann fjallaði m.a. um djáknánám.

Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun - Eurodiaconia

Evrópusambandið útnefndi árið 2010 sem baráttuár gegn fátækt og félagslegri einangrun. Samtökin Eurodiaconia sem þjóðkirkjan er meðlimur í tekur

þátt í þessu átaki svo og ýmsir aðilar á Ísland þar á meðal Þjóðkirkjan með Hjálparstarfið í broddi fylkingar. ES bauð undirritaðri til Brussel til kynningar á árinu og um leið fór hún í heimsókn á skrifstofu Eurodiaconia sem hefur aðsetur í Brussel. Þá var haldinn var fundur í „Þjóðfundarstíl“ á vegum Félagsmálaráðuneytisins sem kærleiksþjónustusvið og Hjálparstafi tóku þátt í.

Erlent samstarf

Fundur þeirra sem starfa að kærleiksþjónustu á landsvísu á Norðurlöndum var haldinn í Reykjavík. Þemað var kreppan. Finninn Heikki Hiilamo hélt opinn fyrirlestur um starf kirkjunnar í kreppunni í Finnlandi upp úr 1990.

Tengsl við Eurodiaconia hafa aukist smátt og smátt og ljóst er að starf þeirra við að hafa áhrif á félagsleg málefni hjá ES skiptir miklu máli. Fulltrúar voru sendir á aðalfundi 2009 og 10. Undirrituð fór á báða fundina en auk þess Magnea Sverrisdóttir á þann fyrri.

Á ársfundi samkirkjunefndar um erlend samskipti er ávallt skilað inn skýrslum um erlent samstarf og vísast hér með til þeirra.

Kolaportsmessur

27. september var haldið upp á að 10 ára eru síðan helgihald í Kolaportinu hófst. Miðborgarprestur sr. Jóna Hrönn Bolladóttir hóf þetta starf og fékk leyfi eiganda Kaffi-Ports til að vera þar einn sunnudag í mánuði. Þorvaldur Halldórsson tónlistarmaður hefur borið starfið uppi en prestar, djákna og leikmenn hafa þjónað, m.a. undirrituð.

Annað

Þrjú námskeið voru í samvinnu við svæðisfulltrúa Rauða krossins. Tvö um sorg og sorgarviðbrögð í Vík og á Kirkjubæjarklaustri og um heimsóknarþjónustu á Austurlandi sem Múla-prófastsdæmi stóð einnig að. Í sömu ferð til Austurlands var farið í vettvangsheimsóknir með sr. Hólmgrími Bragasyni til Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Heimsóttir voru munkarnir á Kollaleiru og farið í Álverið en þar er sr. Hólmgrímur með reglulega viðtalstíma.

Verkefnisstjóri situr í eftirtöldum nefndum: Ellimálanefnd og Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd. Sjá skýrslur þeirra. Þá þjónar hún í Tómasarmessum.

Samskipta- og upplýsingasvið

Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri



Samskipta- og upplýsingasvið sinnir miðlun innan kirkjunnar og utan. Það heldur utan um tengsl og miðlun til meðlima kirkjunnar, sókna, prófastsdæma, stofnana kirkjunnar, fjölmiðla. Sviðið sinnir jafnframt samskiptum við erlendar kirkjur og kirknasamtök. Sviðið heldur utan um kirkjulega fjölmiðla, svo sem kirkjan.is, trú.is, vefsíónvarp á YouTube. Þá er kirkjan sýnileg og heldur út vefsíðum á félagsmiðlunum Facebook, Twitter og Flickr.

Hvar miðlar kirkjan?

Þjóðkirkjan hefur um árabíl haldið úti fjölmiðlum. Þar ber fyrst að nefna kirkjan.is sem er frétt- og upplýsingaveita um kirkju og kirkjustarf. Á starfsárinu birtust um 700 fréttir á vefnum og um 50000 gestir heimsóttu hann. Vefurinn er nú í endurskoðun og er gert ráð fyrir að ný útgáfa hans opni á haustdögum 2010.

Trú.is er vettvangur fyrir miðlun um trú og trúarlíf. Þar birtust á starfsárinu 250 prédikanir og tæplega 230 pistlar. Um 60.000 gestir heimsóttu trú.is á árinu.

Þessir tveir vefir eru miðstöð kirkjulegrar fjölmiðlunar á Íslandi. Þótt starfsfólk samskiptasviðs haldi utan um þá eru þeir samvinnuverkefni. Afar margir leggja vefjunum til efni og líta má á þá sem vettvang fyrir allt starfsfólk kirkjunnar, launað sem ólaunað.

Viðförli er fréttabréf kirkjunnar. Hann kom út í breyttri mynd í apríl 2010, útliti og efnistöfum var breytt og lögð er áhersla á rafræna dreifingu. Ráðgert að

Viðförli komi oftar út en undanfarin ár, allt að sex sinnum á ári. Í desember 2009 kom út kynningarblað um kirkjuna sem var dreift með Fréttablaðinu. Slík blöð geta verið góð leið til að beina athygli að kirkju og kirkjustarfi.

Á vegum kirkjunnar er einnig haldið úti miklum fjölda vefja sókna, prófastsdæma, stofnana og verkefna. Sviðið styður við þá vinnu með ráðgjöf.

Kirkjan í fjölmiðlum

Á undanförunum árum hafa miklar breytingar átt sér stað í landslagi fjölmiðla á Íslandi. Leiðin til árangurs í fjölmiðlasamskiptum felst ekki í sýnileika í einum miðli eða jafnvel einni tegund miðla heldur þarf kirkjan að vera sýnileg og vinna með ljósavakamiðla, prentmiðla, vefmiðla og félagsmiðla (svo sem Facebook, Twitter og Flickr).

Starfsfólk kirkjunnar þarf að þekkja ólíkar tegundir fjölmiðla og fjölmiðlunar, vera meðvitað um eiginleika þeirra og um það hvernig hægt er að nýta þá í þágu kirkjunnar. Sviðið sinnir fræðslu um fjölmiðlun og samskipti kirkjunnar. Haustið 2009 voru haldin námskeið um kirkjumiðlun og notkun félagsmiðla Facebook í Kjalarnessprófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi, Eyjafjarðarprófastadæmi, Þingeyjarprófastsdæmi og Múlaprófastsdæmi haustið 2009. Þeirri vinnu þarf að fylgja eftir með frekari fræðslu.

Samskipta- og upplýsingasviði sinnir einnig umfangsmiklum samskiptum við fjölmiðla. Mikil fjöldi fréttatilkynninga um kirkjuleg efni er sendur út á

hverju ári. Upplýsingar eru veittar til fjölmiðla þegar eftir því er leitað. Starfsfólk sviðsins kemur að kynningu á ýmsum viðburðum og stendur fyrir átaksverkefnum. Þá hefur sviðið staðið fyrir stuttum átaksverkefnum, m.a. um kirkjuna og óréttmætar skuldir.

Starfsfólk samskipta- og upplýsinga-sviðs hefur hvatt til greinaskrifa um kirkju og trúmál í vef- og prentmiðla. Slíkt hefur aukist á starfsárinu og er það vel. Gera má enn betur á þessu sviði og nauðsynlegt er að virkja enn fleiri.

Samskiptastefna

Kirkjuping 2009 fól kirkjuráði að skipa starfshóp til að móta samskiptastefnu sem tæki til grunngilda og markmiða samskiptastarfs kirkjunnar í sóknunum, prófastsdæmum og á landsvísu. Kirkjuráð skipaði sr. Kristínu Þórunni Tómasdóttur, héraðsprest, Steingrím Sævarr Ólafsson, ritstjóra Pressunnar, og sr. Örn Bárð Jónsson, sóknarprest í starfshóp. Sr. Árni Svanur Danielsson, verkefnisstjóri, starfar með hópnum. Drög að stefnu verða lögð fyrir kirkjuping 2010.

Börn og unglingar á vefnum

Haustið 2009 var opnaður sunnudaga-skóli á vefnum barnatrú.is. Hann er ætlaður börnum sem sækja sunnudagaskóla í kirkjum landsins. Haustið

2010 verður opnaður fermingarvefur á ferming.is. Þessir tveir vefir eru mikilvæg skref í átt að nálgast börn og unglinga á vefnum.

Erlend samskipti

Vegna aðhalds í fjármálum hafa erlend samskipti að mestu verið rafræn. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir sótti NordKOM ráðstefnu norrænna upplýsingafulltrúa í Osló í september 2009.

Starfsfólk

Á samskipta- og upplýsinga-sviði starfa Árni Svanur Danielsson og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir. Árni Svanur sinnti verkefnisstjóri í námsleyfi Steinunn Arnþrúðar frá júní-ágúst 2009 og tók við verkefnisstjóri á sviðinu í febrúar 2010. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Halldór Reynisson koma einnig að starfi sviðsins.

Vísanir

Vefur þjóðkirkjunnar: kirkjan.is

Trúin og lífið: tru.is

Vefsjónvarp: youtube.com/thjodkirkjan

Facebook: facebook.com/kirkjan,

facebook.com/truinoglifid

Twitter: twitter.com/kirkjan

Flickr: flickr.com/photos/thjodkirkjan

Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar

Hörður Áskelsson, söngmálastjóri



Hörður Áskelsson

Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar er skipaður af biskupi Íslands „til að hafa umsjón með kirkjutónlistinni“ (Tónlistarstefna Þjóðkirkjunnar 3. grein).

Söngmálastjóri gegnir starfi sínu miðað við 50% starfshlutfall og nýtur aðstoðar Arngerðar Maríu Árnadóttur organista, sem einnig er í hálfu starfi. Söngmálastjóri gegnir formennsku í Orgelnefnd Þjóðkirkjunnar, hann á sæti í stjórn Tónskóla Þjóðkirkjunnar, situr í Skólaráði Skálholtsskóla og í Sálmaðókarnefnd Þjóðkirkjunnar. Hann gegnir formennsku í stjórn Tónmenntasjóðs kirkjunnar.

Söngmálastjóri hefur aðsetur á Biskupsstofu að Laugavegi 31.

Hér verður gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum á ofangreindu tímabili.

Námskeið í Skálholti í ágúst

Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar stóð fyrir tveimur námskeiðum í Skálholti í ágúst í samvinnu við Skálholtsskóla og Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Fyrra námskeiðið, fyrir barnakórsstjóra, fór fram dagana 13.-16. ágúst. Sybil Urbancic og Margrét Pálmadóttir leiðbeindu um tuttugu stjórnendum víðs vegar af landinu. Viðfangsefnin voru kirkjulegir söngvar, sem þátttakendur æfðu og sungu með liðstyrk söngvenna úr Kvennakórnum Vox femini. Auk þess var unnið með kórspuna. Námskeiðinu lauk með messu í Skálholtskirkju, þar sem allir þátttakendur lögðu fram krafta sína.

Síðara námskeiðið, fyrir organista, fór fram dagana 16.-20. ágúst. Viðfangsefnin voru orgeltónlist Mendelssohns,

guðspjónustan í íslensku kirkjunni, nýtt efni fyrir orgel og kóra í Söngvasjóði kirkjunnar og möguleikar á skapandi listflutningi í helgihaldinu. Kennt var á þremur stöðum, í Skálholtsskóla, Skálholtskirkju og Selfoskirkju.

Leiðbeinendur voru Susan Landale frá París, sem hélt meistaranámskeið með Mendelssohn sem aðalviðfangsefni, Eyþór Ingi Jónsson frá Akureyri, sem kenndi litúrgískan orgelleik og kórspuna og Hörður Áskelsson, sem kynnti og æfði kórefni til notkunar í guðspjónustum. Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson tók þátt í nýstárlegri útfærslu guðspjónustunnar, þar sem kórspuni kom við sögu. Um tuttugu manns á öllum aldri, organistar og kirkjutónlistarnemar frá öllum landshornum, nutu uppbyggjandi samveru, sem náði hápunkti í helgihaldi í Skálholtskirkju.

„Sálmafoss“ og „Sálmar 2009“

Þann 22. ágúst stóð Söngmálastjóri í samvinnu við Listvinafélag Hallgrímskirkju fyrir dagskránni „Sálmafossi“ í Hallgrímskirkju á Menningarnótt. Kórur og organistur var boðið að koma og flytja kór- og orgeltónlist í eins konar maraþondagskrá sem stóð allan eftirmiðdaginn og fram á kvöld. Aðalþema var sálmurinn í margbreytilegum útfærslum. Að þessu sinni voru frumfluttir sjö nýir sálmar sem Tónmenntasjóður kirkjunnar pantaði. Fleiri þúsund manns sóttu Hallgrímskirkju heim og tóku undir sálmasonginn.

Sálmarnir sem frumfluttir voru 22. ágúst 2009 eru:

Lifandi Guð eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson og Sigurð Flosason,
Höfundur húmblárra fjalla eftir Sveinbjörn J. Baldvinsson og Tryggva M. Baldvinsson,
Verndarvængur eftir Gerði Kristnýju og Báru Grímsdóttir,
Ég heyr þig eftir Böðvar Guðmundsson og Jón Hlöðver Áskelsson,
Ákall eftir Sigurð Pálsson og Margréti Kristínu Sigurðardóttur,
Á hverjum degi Drottinn minn ég bið eftir Kristján Kristjánsson (KK) og
Hún laugaði fætur Jesú eftir Jónu Hrönn Bolladóttur og Gunnar Gunnarsson.

Ný kórbók

Á vegum Skálholtsútgáfunnar kom út ný bók sú 15. í Söngvasveigsröðinni, undir heitinu „Heyr þú oss himnum á“. Bókin hefur að geyma 64 kórlög til notkunar í helgihaldi og á tónleikum. Ritstjórar voru Hörður Áskelsson söngmálastjóri og Arngerður María Árnadóttir aðstoðarmaður hans. Bókinni er ætlað að koma til móts við þörf kirkjukóra fyrir nýtt efni til söngs við guðsþjónustur. Í bókinni er lögð áhersla á fjölbreytni í stíl og erfiðleika í söng, svo að hver kór og organisti geti fundið efni við hæfi. Bókinni var mjög vel tekið og seldist þegar í stóru upplagi.

Kórasamverur að hausti

Í október og nóvember voru haldnar kórasamverur á tveimur stöðum. Sú fyrri var fyrir kirkjukóra á Norðurlandi á Akureyri helgina 9.-11. október, hin síðari fyrir kirkjukóra í Borgarfirði í Reykholti helgina 14.-16. nóvember. Kórastefnurnar voru samstarfsverkefni organista á þessum svæðum og söngmálastjóra. Markmiðið var að æfa saman valin kór-

verk fyrir helgihald, að efla samstöðu organista og kirkjukóra á svæðinu, að fá nýjar hugmyndir fyrir starfið í kirkjunni og að njóta þess að syngja saman góða tónlist. Organistarnir á svæðunum höfðu veg og vanda af skipulaginu. Verkefnastjórar voru Eypór Ingi Jónsson organisti Akureyrarkirkju fyrir Norðurland og Sveinn Arnar Sæmundsson organisti Akranesarkirkju fyrir Borgarfjörð. Aðalviðfangsefni þessara kórasamvera voru kórlög í hinni nýútkomnu kórbók, „Heyr þú oss himnum á“. Fjöldi laga var æfður til flutnings við hátíðarmessu og aftansöng, eða „evensöng“ að hætti Ensku kirkjunnar. Þátttaka í kórasamverum var mjög góð og góður rómur gerður að efni í hinni nýju kórbók.

Söngvahátíð barnanna

Á skírdag, þ. 1. apríl var öðru sinni efnt til Söngvahátíðar barnanna í Hallgrímskirkju, nú í tengslum við Kirkjulistahátíð 2010. Líkt og á fyrra ári komu saman um 100 börn til að æfa og flytja nýja sálma og lofsöngva frá ýmsum heimshornum. Börnin tilheyrðu barnakórum við ýmsar kirkjur á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Tómas Guðni Eggertsson organisti Seljakirkju í Reykjavík stýrði flutningi á ýmsum söngvum, sem finna má á Söngvasjóð kirkjunnar. Biskup Íslands, Herra Karl Sigurbjörnsson, kynnti söngvana. Söngvahátíð barnanna var samstarfsverkefni Listvinafélags Hallgrímskirkju og Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Ný sálmabók

Sálmabókarnefnd þjóðkirkjunnar undir forystu Einars Sigurbjörnssonar vinnur að undirbúningi útgáfu nýrrar sálma-

bókar. Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar á sæti í nefndinni og leiðir vinnu við uppsetningu nótna og undirbúning að tilsvarandi sálmasöngsbók. Mikill tími hefur farið í þessa vinnu og hefur Aðalheiður Þorsteinsdóttir tónlistarmaður unnið fyrir söngmálastjóra með aðstoðarmanni hans við tölvusetningu sálma. Mikill fjöldi sálma hefur verið settur upp eins og ráðgert er að þeir birtist í nýju bókinni og þeir birtir á tónlistarvef Söngmálastjóra, Söngvasjóð kirkjunnar.

Tónmenntasjóður kirkjunnar.

Tónmenntasjóður kirkjunnar er í vörslu Biskupsstofu. Stjórn sjóðsins skipa söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar formaður, skipaður af Menntamálaráðuneytinu, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, skipaður af Rithöfundasambandi Íslands og Jón Nordal, skipaður af Tónskáldafélagi Íslands. Sjóðurinn fær tekjur sínar af höfundarréttargreiðslum skálda og tónskálda fyrir listflutning við helgihald í kirkjum. Stjórnin hélt tvo fundi á tímabilinu, þar sem tekin var ákvörðun um að aðalúthlutun fyrir árið 2010 skyldi skipt mill tveggja verkefna:

a. Þýðinga á sálsum.

Tónmenntasjóður kirkjunnar úthlutar krónur 600.000,- til þýðinga og útgáfu á 10-12 nýjum íslenskum sálsum. Sálarnir skulu þýddir á norsku, dönsku og/eða sænsku. Æskilegt er að þýðingum verði lokið fyrir lok árs 2011, svo hægt verði að gefa þær út í hefti til kynningar á Norræna kirkju-

tónlistarmótinu í Reykjavík í árið 2012. Óskað er eftir að Sálmasöngnefnd Þjóðkirkjunnar hafi umsjón með framkvæmd verkefnisins.

b. Viðurkenninga.

Tónmenntasjóður kirkjunnar veiti viðurkenningar höfundum sem sérstaklega hafa sinnt kirkjulegri texta- og tónlistarsmíð á undanförunum árum. Gerð er tillaga um 1.350.000,- heildarframlag.

Þeir höfundar sem stjórnin samþykkt að veita viðurkenningu, kr. 150.000,- hverjum voru:

Anna Þorvaldsdóttir, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Áskell Másson, Bára Grímsdóttir, Gunnar Þórðarson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, John Speight, Kristján Valur Ingólfsson og Sigurður Flosason.

Fimmtudaginn 10. júní afhenti Hörður Áskelsson styrkinn og viðurkenningarar við athöfn í Hallgrímskirkju.

Orgelnefnd Þjóðkirkjunnar.

Í skugga efnahagskreppu hefur Orgelnefnd Þjóðkirkjunnar haft fá verkefni á sinni könnu. Nefndin sinnir mest ráðgjöf um orgelkaup. Á tímabilinu afgreiddi nefndin nokkur erindi, m.a. frá Vídalínskirkju í Garðabæ og Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.

Heimasíða söngmálastjóra

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu söngmálastjóra <http://kirkjan.is/songmalastjori/>

Stofnanir, nefndir, ráð og félög

Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar

Valgerður Gísladóttir, formaður

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar heldur mánaðarlega fundi yfir vetrarmánuðina og oftar ef þörf er á. Hlutverk nefndarinnar er að efla og styðja öldrunarþjónustu kirkjunnar, hvort heldur er í söfnuðum, prófastsdæmum, eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Nefndin starfar að fræðslu á þessu sviði í samvinnu við fræðslu og þjónustudeild kirkjunnar. Starfsvið nefndarinnar er landið allt og er lögð áhersla á að mynda góð tengsl við öldrunarþjónustu á landsbyggðinni. Nefndarmenn hafa mætt á fræðslufundi í Ellimálaráði Reykjavíkurprófastsdæma eftir því sem óskað er og flutt þar erindi sem að gagni koma í öldrunarstarfinu.

Ellimálanefndin og Ellimálaráð Reykjavíkurprófastsdæma hafa í mörg ár haft samvinnu um sumarorlof fyrir eldri borgara. Á hverju sumri dvelja þrír hópar á Löngumýri í Skagafirði og er fólk mjög ánægt með það sem er í boði hverju sinni. Dvalargestir hafa verið frá ýmsum stöðum á landinu s.s. frá Akureyri og nágrenni, Egilsstöðum og Austfjörðum, Borgarfirði og einnig úr Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu en flestir komu frá Reykjavík og nágrenni.

Fræðsluefni til notkunar í kirkjustarfi aldraðra kom út árið 1995 og fyllti efnið tvær möppur.

Efnið skiptist í nokkra flokka og er bæði til fróðleiks, skemmtunar og andlegrar uppbyggingar. Nú er hætt

að senda út möppuefni en í stað þess kemur allt efnið út á vefsíðunni. Vefsíða ellimálanefndar www.gamlinoi.is var opnuð árið 2000.

Uppistaðan er efni úr möppunum og nýtt efni sett reglulega inn, auk þess sem þar er auglýst öldrunarstarf sem er á döfinni hverju sinni.

Á vefsíðunni er að finna fjölbreytt safn af sögum, bænum og hugleiðingum til fróðleiks og uppbyggingar og til lestrar við ýmis tækifæri.

Mikill fjöldi heimsækir síðuna reglulega og fjölgar þeim stöðugt sem notfæra sér efnið sem þar er að finna. Nefndin hefur fengið miklar þakkir frá þeim sem heimsækja síðuna.

Vefstjóri er Guðrún Loftsdóttir,

Netfang: runalofts@hotmail.com

Ritstjóri Gamla Nóa er Valgerður Gísladóttir. Netfang: ellimal@simnet.is

Nefndin hefur komið á mörgum ráðstefnum innanlands og sótt aðrar til lærdóms bæði innanlands og utan. Hún lítur svo á að hún hafi fengið mikil og góð viðbrögð við tilraunum sínum til að þjóna landinu öllu og sérstaklega frá þeim sem búa á landsbyggðinni.

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar er skipuð af kirkjuráði sem einnig leggur henni til árlegt framlag til starfsins.

Nefndin er þannig skipuð:

Valgerður Gísladóttir, formaður.

Netfang: ellimal@simnet.is

Sr. Bragi J. Ingibergsson.

Netfang: srbragi@vidistadakirkja.is
Edda Jónsdóttir.
Netfang: eddai@simnet.is
Sr. Svanhildur Blöndal.
Netfang: svanhildur@hrafnista.is

Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni.
Netfang: ragnheidur@biskup.is
Nefndin hefur aðsetur í Breiðholts-
kirkju v/Þangbakka, 109 Reykjavík, sími
567-1458, netfang: ellimal@simnet.is

Fjölskyldupjónusta kirkjunnar

Guðlaug Magnúsdóttir, fv. forstöðumaður

Hlutverk

Fjölskyldupjónusta kirkjunnar er þáttur í kærleikspjónustu íslensku þjóðkirkjunnar. Í stefnuriti þjóðkirkjunnar fyrir tímabilið 2004-2010 er kærleikspjónusta skilgreind sem það hlutverk kirkjunnar að bera umhyggju fyrir náunganum og koma honum til hjálpar. Starfsemi Fjölskyldupjónustunnar er á ýmsan hátt tengd þeim verkefnum sem nefnd eru á sviði kærleikspjónustunnar en einkum þó þar sem fram kemur að kirkjan vill styðja við og efla sál-gæslu. Þar er lögð áhersla á syrgjendur, ungar fjölskyldur og barnafólk og hjón og fólk í sambúð. Starfsfólk Fjölskyldupjónustunnar hefur þessar áherslur að leiðarljósi í skipulagi og daglegu starfi. Þjónusta stofnunarinnar er margþætt en helstu verkefni eru viðtöl ýmiss konar, handleiðsla, fræðsla og þróunarverkefni sem tengjast starfseminni. Tilgangurinn með þjónustunni er ekki síst að styrkja presta og djákna í störfum sínum við sál-gæslu, samstarf í söfnuðum og öðru skyldu starfi.

Skipulag, stjórnun og rekstrarfé

Fjölskyldupjónustan var stofnuð 1991 af Reykjavíkúrprófastsdæmum eystra og vestra, Kjalarnessprófastsdæmi og Árnesprófastsdæmi. Starfsemin var styrkt

af Reykjavíkurborg og dóms- og kirkju-málaráðuneyti fyrstu árin. Stofnunin hóf starfsemi sína 1. janúar árið 1992. Hún heyrir nú undir kirkjuráð. Eftir Kirkjuþing 2007 var komið á starfshópi undir stjórn Sæmundar Hafsteinssonar sálfræðings til að meta stöðu og starfs-hætti Fjölskyldupjónustunnar. Niðurstöðum starfshópsins var síðan vísað til stjórnenda Biskupsstofu sem unnu mál-ið áfram með starfsfólki og stjórn Fjölskyldupjónustunnar.

Ein helsta niðurstaða breytingartil-lagnanna var að stefnt skyldi að því á árinu 2009 að bæta við stöðu og auglýsa eftir guðfræðingi sem veitt gæti stofn-uninni forstöðu. Af því gat síðan ekki orðið vegna breyttrar fjárhagsstöðu og niðurskurðar í kjölfarið. Þáttur í því breyt-ingaferli sem fór af stað var að stjórn-skipulagi stofnunarinnar var breytt og heyrir starfsemin nú beint undir kirkjuráð í stað þriggja manna stjórnar sem skipuð var af kirkjuráði. Þau sem sátu í síðustu stjórn Fjölskyldupjónustunnar voru Krist-rún Heimisdóttur lögfræðingur sem var formaður, séra Anna Sigríður Pálsdóttur og séra Sigfinnur Þorleifsson. Í varastjórn voru þau séra Auður Eir Vilhjálmisdóttir, séra Friðrik Hjartar og Ásbjörn Jónsson lögfræðingur. Er þeim öllum færðar þakkir frá okkur starfsmönnum fyrir góð störf í okkar þágu og stofnunarinnar.

Starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar eru fjórir, einn sálfræðingur og þrír félagsráðgjafar, öll með framhaldsmenntun í fjölskyldumeðferð og handleiðslu. Það eru þau Elísabet Bertha Bjarnadóttir félagsráðgjafi, Benedikt Jóhannsson sálfræðingur, Guðlaug Magnúsdóttir félagsráðgjafi og Rannveig Guðmundsdóttir félagsráðgjafi. Starfsmenn hafa skipst á að vera í forstöðumannsstarfi, tvö ár í senn en vegna áðurnefndra skipulagsbreytinga, sem áætlaðar voru, sinni Guðlaug starfinu í þrjú ár eða frá 2007 til áramóta 2009/10. Tók Elísabet síðan við í byrjun árs 2010.

Stöðugildi hafa um nokkurra ára skeið verið 2,6 en voru aukin í þrjú frá 1. janúar 2008. Heimild var fyrir 3,2 stöðugildum og voru þau fullnýtt frá og með 1. maí sama ár. Þau skiptust þannig að Elísabet og Guðlaug voru í fullu starfi, Rannveig í sjötíu prósentum og Benedikt í hálfu starfi. Frá síðustu áramótum hefur eitt stöðugildi lækkað um 20% vegna sparnaðaraðgerða og er Guðlaug í 80% starfi frá þeim tíma.

Á starfsárinu 2009 var rekstur stofnunarinnar fjármagnaður af kirkjumálasjóði, Héraðssjóðum Reykjavíkurprófastsdæma, Árneprofastsdæmi, Húnavatnsprófastsdæmi, Skaftafellsprófastsdæmi og tekjum af viðtölum. Kunnum við öllum þeim sem studdu við starfsemina með fjárframlögum bestu þakkir fyrir.

Viðtalsþjónusta

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar sinnir þjónustu fyrir hjón, fólk í sambúð, fjölskyldur og einstaklinga. Ástæður fyrir því að fólk leitar þjónustunnar geta verið margvíslegar svo sem sorg eftir ástvinamissi, trúnaðarrestur, erfið samskipti hjóna, erfið samskipti for-

eldra/foreldris við barn eða ungling, skilnaðarhugleiðingar eða ákvörðun um skilnað, ósætti um forsjá barna og umgengni við börn tengd skilnaði foreldra, og ósætti í stórfjölskyldu. Einnig þekktist að þör komi í forvarnarskyni, til að vinna með nýtt samband eða í framhaldi af ákvörðun um að hefja sambúð að nýju, eftir skilnað eða sambúðarslit.

Oft er eru það prestar eða djákna sem vísa fólki á Fjölskylduþjónustuna en algengast er að það leiti þangað af sjálfsdáðum. Fólk þó kemur hvaðanæva að á landinu.

Starfsfólk Fjölskylduþjónustunnar er bundið þagnarskyldu. Ekki eru geymd gögn um viðtölin en skráðar eru nauðsynlegar upplýsingar meðan á viðtölum stendur.

Fjölskyldur sem leituðu til Fjölskylduþjónustunnar á árinu 2008 voru 181 og fjöldi viðtala 631. Eru þá ekki meðtalin viðtöl og handleiðsla starfsfólks kirkjunnar.

Handleiðsla og önnur þjónusta fyrir starfsfólk kirkjunnar

Á Fjölskylduþjónustunni er veitt handleiðsla fyrir presta og djákna. Hún fer oftast fram í hópum en einnig er um að ræða einstaklingshandleiðslu. Haustið 2008 byrjuðu sex nýir handleiðsluhópar, tveir djáknahópar og fjórir prestahópar, alls tuttugu og sjö manns. Fitjað var upp á þeirri nýjung á árinu 2007 að lengja handleiðslutíma hópanna um hálf tveimur árum og eru þeir tvö ár stað í eins og hálfum árum. Einn nýr hópur byrjaði um áramótin og tveir luku sínu handleiðslutímabili. Alls munu fjórir hópar ljúka störfum nú á vordögum. Allir starfsmenn eru samhliða hópnum með einstaklingshandleiðslu bæði presta og djákna og

boðið er upp á starfsmannaviðtöl fyrir starfsfólk safnaða og annarra stofnana sem tengjast kirkjunni. Umsóknir koma oft í kjölfar samstarfsferðleika innan safnaðanna eða af öðrum ástæðum. Þó nokkuð er um að bæði söfnuðir og einstaklingar nýti sér þessa þjónustu.

Allt starfsfólk Fjölskylduþjónustunnar sótti norræna námsstefnu í september 2007 um handleiðslu presta og djákna sem haldið var í Þrándheimi og í kjölfarið á því fór af stað samstarf við hin löndin um handleiðslu innan kirkjunnar. Sóttu þær Rannveig og Guðlaug Svía heim í október 2008 í kjölfar þessa og sátu námsstefnu um handleiðslu presta í Dölnum með hluta af hópnum frá Þrándheimi. Ákveðið hefur verið í samráði við biskup, að norræn námsstefna í líkingu við þá sem var haldin í Þrándheimi verði hér á Íslandi nú í september 2010. Er undirbúningsvinna fyrir námsstefnuna undir stjórn Rannveigar Guðmundsdóttur í fullum gangi. Skapar þessi vettvangur kjörið tækifæri til að skapa umræðu um þróun handleiðslu innan íslensku kirkjunnar.

Rannsóknir og fræðsla

Starfsmenn hafa stundað rannsóknir á vettvangi fjölskyldna og veitt fræðslu sem tengist því, svo sem í formi ritgerða, erinda, greinaskrifa o.fl.

Benedikt Jóhannsson var nýlega þátttakandi í rannsókn á vegum Þróunarsviðs Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur þar sem hann starfar einnig. Var rannsóknin *Börn og fjölskylduaðstæður – um liðan nemenda á aldrinum 10-12 ára* gerð í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Hann hefur víða kynnt niðurstöður rannsóknarinnar bæði með fyrirlestur og greinaskrifum. Benedikt tók einnig þátt í að útbúa fræðsluefni fyrir presta um

hjón og sambúðarfólk sem þeir geta nýtt sér á námskeiðum sem þeir halda. Var hann síðan með tvö námskeið fyrir presta þar sem þeim var kennt að nota efnið. Var annað haldið í Skálholti fyrir presta í Rangárvalla- og Skaftafellsprófastsdæmi og hitt í Stykkishólmi fyrir presta í Snæfellsnes- og Dala- prófastsdæmi. Benedikt hefur einnig verið með fræðslu um uppeldismál fyrir foreldra fermingarbarna. Á málþingi um börn og skilnaði á vegum Kjalar- nessprófastsdæmis í febrúar 2010 hélt hann fyrirlestur um börn og skilnaði. Benedikt hefur átt sæti í samstarfshópi um velferð barna á vegum Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og sat málþing í tengslum við starf hópsins bæði 2008 og 2009. Á seinna málþinginu hélt hann erindi sem bar heitið „Jákvæð gildi og farsælt líf“. Grein eftir Benedikt um dyggðir birtist í Morgunblaðinu haustið 2009 sem einnig var birt á tru.is. og aðra grein skrifaði hann um málshætti og uppeldi í Netlu, vef tímarit Menntavísindasviðs H.Í.

Elísabet Berta Bjarnadóttir lauk diplómanámi í sáttameðferð vorið 2008. Hún var varaformaður í Félagi fagfólks í fjölskyldumeðferð á árinu 2008 og formaður á árinu 2009. Hún á nú sæti í stjórn félagsins. Einnig á hún sæti í fagráði um nám í fjölskyldumeðferð sem hefst við Endurmenntun Háskóla Íslands n.k. haust. Elísabet skrifaði einn kafla í bók sem kom út hjá Skálholtsútgefningu í des. 2009 með heitinu *Fyrirgefningin*. Hún hélt einnig erindið „Fjölskyldumeðferð sem tæki í sáttamiðlun“ á norrænu þingi í sáttamiðlun sem haldið var í Reykjavík 1.-3. október 2009.

Guðlaug Magnúsdóttir hefur á síðastliðnum árum verið þátttakandi í rannsókninni Fjölskyldubreytingar, lífs- gildi og viðhorf ungs fólks á vegum Há-

skóla Íslands og lauk meistaraþrófsritgerð á árinu 2009 sem byggir á sérstakri rannsókn á reynslu þeirra úr rannsóknarhópnum sem áttu fráskilda foreldra. Ber ritgerðin heitið *Skilnaðir og fjölskyldubreytingar frá sjónarhóli barna*. Þar er fléttað saman rannsóknarniðurstöðum og reynslu Guðlaugar úr starfi hjá Fjölskylduþjónustunni og víðar. Hún er einnig meðhöfundur að bók sem einnig kom út á sama ári um heildarrannsóknina sem ber heitið Ungmennni og ættartengsl. Guðlaug hefur verið með fræðslu á foreldramorgnum í nokkrum kirkjum um hjónaband og fjölskyldulíf.

Rannveig Guðmundsdóttir vann meistaraþrófsritgerð fyrir nokkrum árum um það hvaða augum börn líta skilnað foreldra, *Með augum barnsins (Through the Eyes of the Child)*. Hefur Rannveig fjallað um rannsóknarniðurstöður sínar á ýmsum vettvangi. Rannveig lauk einnig diplomanámi í sáttameðferð árið 2007.

Félags- og nefndarstörf

Starfsfólk Fjölskylduþjónustu situr í nefndum á vegum kirkjunnar og á samstarf við annað starfsfólk sem tengist Biskupsstofu eftir þörfum hverju sinni. Elísabet Bertha Bjarnadóttir á sæti í nefnd um starfsþjálfun djákna. Hún gegndi formennsku á árinu 2009-2010 í Félagi fagfólks um fjölskyldumeðferð og á nú sæti í stjórn sama félags eins og

áður segir. Elísabet og Rannveig Guðmundsdóttir eru í undirbúningsnefnd norræns handleiðsluþings sem verður haldið á Íslandi 2010. Rannveig er einnig í vímuvarnarnefnd kirkjunnar. Guðlaug Magnúsdóttir hefur setið í hóp-slysanefnd frá ársbyrjun 2008. Einnig má geta þess að þær Elísabet, Guðlaug og Rannveig hafa síðastliðin tólf ár átt sæti í fræðslunefnd Félags fagfólks í fjölskyldumeðferð og hafa á þeim tíma séð um að skipuleggja og undirbúa fjölda námskeiða á sviði fjölskyldumeðferðar. Hafa ýmsir þekktir fjölskylduþerapistar haldið námskeið hér á landi á vegum nefndarinnar.

Nýjungar í starfi

Fyrir nokkrum árum fóru tveir starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar á norræna námstefnu um sáttameðferð ásamt fleiri þátttakendum frá Íslandi. Í framhaldi af því var sett á stofn nám í sáttamiðlum hér á landi. Vegna góðrar reynslu Norðurlandþjóða af sáttameðferð í skilnaðarmálum telur starfsfólk Fjölskylduþjónustunnar það vænlegt sem nýtt verkefni, sérstaklega í þeim tilgangi að styrkja presta í hlutverki sáttamejara í málefnum hjóna og annarra. Nú hefur verið boðið upp á réttindanámskeið hér á Íslandi í sáttamiðlun og hafa þær Rannveig Guðmundsdóttir og Elísabet Bertha Bjarnadóttir lokið slíku námi eins og áður hefur komið fram.

Hjálparstarf kirkjunnar

Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri

Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; 13 fulltrúa prófastsdæma, fimm fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 72 í fulltrúaráði. Skál formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Enginn má sitja lengur en sex ár samfleytt í fulltrúaráði. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori.

Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Aðalmenn:

Þorsteinn Pálsson formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Gunnar Sigurðsson tölvunarfræðingur

Varamenn:

Hrafnhildur Sigurðardóttir fyrrv. útibússtjóri í Landsbankanum
Elínborg Sturludóttir sóknarprestur í Stafholti í Borgarfirði

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Hún ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk sem nú eru: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Helga Andrea Margeirsdóttir félagsráðgjafi í 60% starfi fram að því að hún hætti störfum fyrsta maí. Í hennar stað var ráðin Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi frá 1. júní. Hanna R. Björnsdóttir vann í þrjá mánuði hjá stofnuninni

í starfsnámi sínu til félagsráðgjafa. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með matarbúri, sölu Friðarljósa o.fl. Anna M. Þ. Ólafsdóttir er verkefnastjóri í 75% starfi. Þorsteinn Valdimarsson er í 25% starfi við að leiða starf Breytanda – Change-maker.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er samkvæmt skipulagsskrá að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Um rekstrartölur vísast í reikninga sem liggja fyrir í byrjun september.

Aðstoð á Íslandi

Að undanskildum desember hafa þegar níu mánuðir eru liðnir af starfsárinu 3.287 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar eða um 15% fleiri en sömu mánuði á síðasta starfsári. Afgreiðslur eru 6.246 sem þýðir að hver einstaklingur hefur komið að meðaltali 1,9 skipti. Á bak við þessa 3.287 einstaklinga eru börn og makar og því má gera ráð fyrir að Hjálparstarf kirkjunnar hafi aðstoðað rúmlega 8.000 einstaklinga um land allt með mat, lyf eða læknskostnað, veitt styrki vegna barna og veitt ráðgjöf.

Jólaaðstoð var veitt í samvinnu við Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands.

Einnig var í fyrsta skipti miðlæg skráning umsókna með mæðrastyrksnefndum og Rauða kross-deildum í Hafnarfirði og Kópavogi til að koma í veg fyrir að fólk færi á marga staði. Um leið var hægt að styðja betur þá sem verst voru settir. Afgreiddur var matur og úttektarkort, en Pokasjóður gaf 40 milljónir króna í gjafakortum í verslunum sem styrkja sjóðinn. 400 sjálfboðaliðar unnu frábært starf. Umsóknir fyrir jól voru 3.946. Þeim fjölgaði um 46% frá jólum 2008 og um 260% miðað við jól 2007.

Til að ná frekar til þeirra sem mest þurfa aðstoð var frá febrúar óskað eftir gögnum frá umsækjendum um mán- aðarlegar tekjur og gjöld. Einnig var tekinn upp nýr opnunartími fyrir matar- úthlutun, hann skorðaður við einn dag í viku en tíminn lengdur til að gefa fólki færi á að nýta matartíma til að koma eða koma eftir vinnu. Á fimmtudögum eru sérafgreiðslur til fólks sem vegna fötlunar eða af öðrum sérstökum ástæðum eiga erfitt með að koma þegar mestur fjöldinn er.

Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablað Hjálparstarfsins *Margt smátt kom* út í október 2009 og júní 2010 og var sent um 6.000 áskrifendum. Í tengslum við jóla- og páskaöfnun kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu.

Ungliðahreyfingin Breytendur

Breytendur/Change Makers er hreyfing fyrir 15-25 ára ungum undir hatti Hjálparstarfs kirkjunnar, fræðsludeildar kirkjunnar og Æskulýðssambands kirkjunnar í Reykjavík. Breytendur vinna í heimalandi sínu að málefnum þróunarlanda. Þær taka meðal annars

þátt í lífsleiknikennslu kirkjunnar í framhaldsskólum þar sem fjallað er um misrétti í heiminum og kynna Fair trade – sanngjörn viðskipti og verkefni Hjálparstarfsins. Með Kolaportssölu og sölu friðarljósa og gjafabréfa styrktu Breytendur verkefni Hjálparstarfsins. Breytendur vinna gegn hlýnun jarðar og afhentu umhverfisráðherra undirskriftalista á norræna loftslagsdeginum 11. nóvember sem var í formi hvirfilbyls úr íspinnaprikum sem fólk hafði skrifað nöfn sín á. Tilgangurinn var að vekja athygli á flóttafólki undan hlýnun jarðar í þróunarlöndunum. Tveir fulltrúar fóru til Kaupmannahafnar í desember 2009 vegna loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og tóku þátt í friðsamlegum aðgerðum með ungmennum frá Hjálparstarfi dönsku kirkjunnar. Á Fairtrade-deginum 8. maí börðu Breytendur trumbur á Austurvelli fyrir fjölmenni og afhentu bækling um sanngjörn viðskipti. www.changemaker.is

Samstarf við félög og stofnanir

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið áfram á samstarfsvettvangi mannúðarsamtaka í þróunaraðstoð. Samtökin stóðu fyrir málþingi um þróunarsamvinnu þegar dregur úr fjárframlögum og í undirbúningi er námskeið fyrir starfsfólk samtakanna um siðferðileg álitamál í þróunarstarfi, fjáröflun og fleiru og gerð siðareglna. Hjálparstarfið er aðili að Almannaheillum sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfseignarstofnana sem vinna að almannaheillum á Íslandi. Hjálparstarfið fundar árlega með hjálparstofnunum kirkna á Norðurlöndum og sótti árlegan samráðsfund Lútherska heimssambandsins.

Eyðileggingin var mikil eftir jarðskjálftann mikla á Haítí



Safnanir og fjáröflun

Fermingarbörn um allt land gengu í hús í nóvember og söfnuðu metupphæð, 8,4 milljónum króna. Fyrir söfnunina sáu börnin myndaseríu um munaðarlaus börn í Úganda, óhreina vatnið sem þau þurfa að drekka og hvernig hjálparstarf kirkjunnar nýtist. 3.000 börn úr 64 prestaköllum voru með nú.

Vefsíðan framlag.is auðveldar fólki að styrkja verkefni að eigin vali heima og erlendis. Á síðunni gjofsemgefur.is er hægt að kaupa 35 ólíkar gjafir á verðbilinu 1.300-150.000 krónur og gefa við ýmis tækifæri. Gjafabréfin fengu nýtt útlit á árinu sem hefur mælst vel fyrir. Vinsælt var að gefa geit en hlutdeild í brunni og að leysa börn á Inlandi úr skuldaánaði höfðaði einnig til margra.


Í jólasöfnuninni 2009 var í fyrsta skipti send út valgreiðsla í heimabanka landsmanna sem runnu jafnt til innanlandsaðstoðar og verkefna erlendis. Nýja aðferðin skilaði góðum árangri, 68,4 milljónir króna söfnuðust sem er 18% meira en árið áður. Í þeirri tölu eru

stór framlög samtaka og fyrirtækja sem styrktu innanlandsaðstoðina rausnarlega og einnig afrakstur af vefsíðunum. Einnig var gefinn kostur á að styðja eingöngu starf innanlands eða aðeins erlent.

Í kjölfar jarðskjálfta á Haítí í janúar hóf Hjálparstarfið söfnun í gegnum söfnunarsíma og auglýst reikningsnúmer. Á þremur vikum söfnuðust 5,5 milljónir króna auk 14 milljóna í páskasöfnun nokkru síðar. Til viðbótar lagði Utanríkisráðuneytið til 13 milljónir. Samtals söfnuðust því 32,5 milljónir. Fjármunum til Haítí er veitt í gegnum ACT Alliance – Alþjóðahjálparstarf kirkna sem Hjálparstarfið er aðili að.

Verkefni í Afríku

Hjálparstarfið styður verkefni í Malaví, Úganda og Eþíópíu, öll í samvinnu við Próunarsamvinnustofnun Íslands. Hefur kostnaður skipst í hlutföllunum 40 / 60% en á lægri hluta Hjálparstarfsins fellur kostnaður við eftirlit og skýrslugerð.



Búðir heimilislausra á Haití eftir jarðskjálftann mikla

Malaví

Hjálparstarf kirkjunnar starfar með pró-unararmi Lúthersku kirkjunnar í Malaví, Evangelical Lutheran Development Service (ELDS), að stuðningi við sjálfspurftarþændur. Unnið er í 35 þorpum með 900 fátækustu fjölskyldunum að vatnsöflun og nýtingu vatns til fæðuöflunar ásamt því að auka jafnrétti, efla konur og lýðræðisleg vinnubrögð. Stuðningur er til þriggja ára og nam 120.000 USD á ári. Boraðir voru 15 brunnar og fjölmörgum eldri haldið við eða þeir endurgerðir. 450.000 græðlingum sem ræktaðir voru á 84 ræktunarstöðum sem verkefnið kom upp var plantað til að halda vatni í jörðu og skapa skugga. Matvælaræktun var eflað með nýjum tegundum, skepnuhald var styrkt en 80 fjölskyldur fengu geitur. 75 aðrir fengu kíðlinga undan þeim og svo verður koll af kalli. Það er nýtt við ræktunina. Inn í þessa efnislegu þætti tvinnast kennsla og þjálfun í nýjum aðferðum sem og hvatning og stuðningur til að ræða mál, taka sameiginlegar ákvarðanir

og hrinda hugmyndum í framkvæmd. Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri, biskup Íslands og tveir stjórnarmeðlimir fóru í eftirlitsferð til Malaví í febrúar.

Úganda

Verkefnið sem stutt er í Úganda er á vegum kirkjulegra hjálparstofnana innan Lútherska heimssambandsins og með því er spornað við alnæmi og afleiðingum þess. Sá hluti sem Hjálparstarfið styður snýst um að hjálpa börnum sem misst hafa báða foreldra úr alnæmi og búa ein eða sjúkum foreldrum eða ömmum sem hafa barnabörn á framfæri. Áhersla er á að bæta húsakynni og aðgang að vatni, auka hreinlæti á heimilum með því að gera kamra og hreinlætisaðstöðu og fræða um samband hreinlætis og smithættu. Einnig er veitt efnisleg aðstoð og ráðgjöf til að hjálpa fólki að framfleyta sér. Á starfsárinu voru reist 15 hús, 44 kamrar, 44 eldhús, 41 vatnstankur og

Mörg börn á
Indlandi vinna í
grjótnámum



22 námskeið haldin um hreinlæti. 44 fjölskyldur fengu rúm, rúmfatnað og moskítónet, vatnsbrúsa og eldhúshöld. Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri, biskup Íslands og tveir stjórnarmenn fóru í eftirlitsferð til Úganda og á samráðsfund styrktaraðila Lútherska heimssambandsins þar. Samningur við Próunarsamvinnustofnun Íslands um Úgandaverkefnið rann út í árslok 2009. Stuðningur nam 142.142 USD á ári. Hjálparstarfið stóð við rúmlega sinn hlut árið 2010 en óvíst er hvernig það mun ganga 2011.

Eþíópía

Stærsta verkefni Hjálparstarfsins er unnið í Eþíópíu. Það er til þriggja ára og árlegur stuðningur 400.000 USD. Lúterska heimssambandið og próunarsvið lútersku kirkjunnar í Eþíópíu, Mekane Jesus er framkvæmdaraðili. Meginmarkmið verkefnisins eru að tryggja aðgang að vatni með því að byggja vatnsgeyma/vatnsprær, bæta ræktunaraðferðir og

efla skepnuhald, auka efnahagslegt sjálfstæði kvenna og auka rétt þeirra, fræða um HIV/alnæmi og styrkja opinbera starfsmenn í starfi til að þekkja betur þarfir fátækra og bregðast rétt við. Farin var eftirlitsferð í október 2009. Hittu starfsmenn fyrir konur sem taka þátt í námskeiðum og verkefnum, sáu vatnsprær, kynntust smálánastarfsemi og ræddu við fólk um fræðslu og ávinning sem það hafði haft af verkefninu.

Starf á Indlandi

Mannréttindasamtökin Social Action Movement vinna með hinum stéttlausu að réttindum þeirra. Hjálparstarfið styður rekstur forskóla þar sem börn eru búin undir nám í almennum grunnskólum, kvöldskóla fyrir börn sem verið er að leysa úr skuldaánað og háskólánám sniðið að þörfum stéttlausra ungmenna. Á árinu 2009 var 41 barn leyst úr skuldaánað og komið í skóla. Sameinaða indverska kirkjan starfrækir grunnskóla, iðn- og framhaldsskóla fyrir



Í Eþíopíu eru reistar vatnsþrær

fátæk börn á svæði sínu. Íslenskir fósturforeldrar styðja þar 430 börn í gegnum Hjálparstarfið, þar af 324 á heimavist samtakanna. Samtökin fengu einnig stuðning til neyðaraðstoðar eftir flóð á svæðinu.

Alþjóðahjálparstarf kirkna – ACT Alliance

Nú hafa ACT – Alþjóðaneyðarhjálparstarf kirkna og ACT – Alþjóðapróunarhjálparstarf

kirkna sem Hjálparstarfið var aðili að, verið sameinuð undir heitinu ACT – Alþjóðahjálparstarf kirkna eða ACT Alliance. Með þessu næst enn betri samræming milli neyðarhjálpar og uppbyggingar- og þróunarstarfs sem tekur við. Á annað hundrað samtök og stofnanir eru aðilar að ACT Alliance sem starfar í 125 löndum. ACT Alliance er mikilvægur farvegur fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

Hópslysanefnd

Gísli Jónasson, formaður

Hópslysanefnd, er fastanefnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur Þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari, Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Guðlaug Magnúsdóttir, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur á liðnu starfsári unnið áfram að því verkefni, að móta og vinna skipulagi kirkjunnar vegna viðbragða við hópslysum í samræmi við Viðbragðaáætlun kirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi 2006. Hefur sr. Guðrún Eggertsdóttir, verið í hlutastarfi sem verkefnisstjóri til að vinna með nefndinni að því að koma skipulaginu í framkvæmd.

Viðbragðaáætlun kirkjunnar hefur verið gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Einnig er hægt að nálgast hana á vefsvæði Þjóðkirkjunnar www.kirkjan.is/vidbrogd) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja. Viðbragða-

áætlunin gerir síðan ráð fyrir að útbúnaður séu sérstakar viðbragðaáætlanir prófastsdæmanna. Ljóst er að þær þarf að endurskoða með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á prófastsdæmunum og sömuleiðis vegna þeirra breytinga sem hugsanlega eru framundan.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar var æfð í tengslum við nokkrar flugslysaæfingar og hefur þátttaka í slíkum æfingum og undirbúningi þeirra gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátt taka og hópslysanefndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Einnig reyndi á áætlunina í tengslum við eldgosin í Eyjafjallajökli og virðist hún hafa reynst vel við þær aðstæður, en nánari úttekt á því verður gerð í samvinnu við heimamenn á komandi hausti.

Fundað hefur verið með fulltrúum helgisíðanefndar og þess óskað að nefndin leggi til ýmis form vegna helgi-halds við válega atburði. Sömuleiðis hefur verið fundað með fulltrúum RKÍ vegna útkallskerfa og vegna aðkomu presta að áfallahjálpinni.

Þá hefur nefndin unnið að ýmsum gátlistum, sem fylgja eiga Viðbragðaáætluninni og sömuleiðis hafa verið tekin í notkun sérstök neyðarsímanúmer fyrir öll prófastsdæmin, sem ætluð eru til notkunar við almannavarnaástand.

Einnig hefur verið um það rætt, hvort þörf sé á því að útbúa einhvers konar auðkenni fyrir starfsfólk kirkjunnar til að

nota undir slíkum kringumstæðum, t.d. einhvers konar barmmerki. Er það mál í athugun.

Innig má geta þess, að starfsmaður nefndarinnar hefur tekið þátt í gerð samræmdrar viðbragðsáætlunar vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu og að fulltrúar nefndarinnar taka þátt í störfum Samráðshóps sálfélagslegs stuðnings (áfallahjálpar) í Samhæfingarstöð almannavarna.

Að lokum skal svo á það minnt, að

nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis á það, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfögðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannavarnaástand að ræða.

Jafnréttisnefnd kirkjunnar

Hulda Hrönn M. Helgadóttir, formaður

Jafnréttisnefnd kirkjunnar er fastanefnd skipuð af Kirkjupingi til áronna 2006-2010. Hún starfar nú út frá Jafnréttisstefnu kirkjunnar sem samþykkt var á kirkjupingi 2009.

Nefndina skipa: Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir sóknarprestur, Kristín Magnúsdóttir kennari og kirkjupingsfulltrúi og sr. Sigfús Baldvin Ingvason prestur. Varamenn eru: Hróbjartur Árnason guðfræðingur, Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni og sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir sóknarprestur.

Jafnréttisfulltrúi þjóðkirkjunnar er: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir verkefnastjóri Biskupsstofu.

Síðasta ár var annasamt hjá Jafnréttisnefnd kirkjunnar. Nefndin sendi bréf til kirkjuráðs og vakti athygli þess á því að uppfæra þyrfti jafnréttisáætlun kirkjunnar og samræma hana nýjum lögum frá Alþingi. Kirkjuráð fól nefndinni, á fundi sínum 19. júní 2009, að endurskoða Jafnréttisáætlun kirkjunnar á grundvelli nýrra laga frá 2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og

karla. Skrifstofustofustjóra Biskupsstofu Ragnhildi Benediksdóttur var falið að starfa með nefndinni. Biskup Íslands hr. Karls Sigurbjörnsson kom með þá tillögu að áætlunin mundi verða að stefnu. Á fundi Jafnréttisnefndar voru lagðar línurnar um stefnuna og til hagræðingar var ákveðið að norðanmenn í nefndinni Hulda, Pétur og Solveig myndu funda og gera drög að tillögu að Jafnréttisstefnu fyrir nefndina. Jafnframt kom Kristín Magnúsdóttir að þessari vinnu. Sumarið fór meira og minna í vinnu nefndarinnar að stefnunni. Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur Jafnréttisstofu veittu ráðgjöf við gerð stefnunnar.

16. september var tillögu nefndarinnar skilað inn til kirkjuráðs. Í kjölfar þess fól kirkjuráð kirkjustarfhópi kirkjuráðs að fara yfir drögin og lagði hann fram nokkrar breytingar á textanum til kirkjuráðs. Jafnréttisstefnan var lögð fyrir kirkjuping 2009 og samþykkt. Hún var flutt af kirkjuráði og var framsögumaður

Þjóðkirkjan og samþætting kynjasjónarmiða var yfirskrift ráðstefnu sem haldin var föstudaginn 23. apríl 2010 í Glerárkirkju á Akureyri. Tilfnið var útkoma nýrrar Jafnréttisstefnu kirkjunnar.



Sigríður M. Jóhannsdóttir. Ég vil þakka öllum aðilum fyrir þeirra fórnfúsa starf til að Jafnréttisstefna kirkjunnar mætti sjá dagsins ljós og færa birtu og von inn í starf kirkjunnar.

Jafnréttisstefnu kirkjunnar fylgir framkvæmdaáætlun fyrir árin 2010-2012. Áherslan í framkvæmdaáætluninni er annars vegar á fræðslu og kynningu á stefnunni og samþættingu kynjasjónarmiða og hins vegar á að safna og greina tölulegar upplýsingar. Til þess að stofnun geti lagt mat á stefnu sína þurfa að liggja fyrir tölulegar upplýsingar. Markmið stefnunnar eru tengd áætluninni um framkvæmd þeirra, tímaramma og ábyrgðaraðila. Hægt er að lesa Jafnréttisstefnu kirkjunnar á heimasíðu nefndarinnar www.kirkjan.is

Á nýju ári hóf nefndin að vinna að því að koma framkvæmdaáætlunni í framkvæmd. 23. apríl 2010 var haldin ráðstefna um þjóðkirkjuna og samþættingu kynjasjónarmiða í Glerárkirkju. Formaður setti ráðstefnuna og Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands

flutti ávarp. Erindi fluttu Þóroldur Árnason stjórnarformaður FLUG-KEF ohf. og Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu. Tryggvi Hallgrímsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu skýrði út hvað felst í samþættingu kynjasjónarmiða. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir prófastur og Stefán Bogi Sveinsson framkvæmdarstjóri ÚÍÁ voru framsögumenn á málstofum. Fundarstjórar voru sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir og sr. Gylfi Jónsson. Umsjón með málstofum höfðu sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir jafnréttisfulltrúi kirkjunnar, Kristín Magnúsdóttir kirkjubingsfulltrúi og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni. Ráðstefnugestum var boðið í móttöku á Jafnréttisstofu. Þar tóku framkvæmdastýra og starfsfólk Jafnréttisstofu á móti ráðstefnugestum og kynntu m.a. starfsemina. Ráðstefnan tókst vel. Mæting var góð og vel mætt af hálfu yfirstjórnar kirkjunnar og voru karlar yfir 60% þátttakanda. Erindin voru að sama skapi góð. Var þetta afar ánægjuleg ráðstefna og vil

nefndin þakka öllum þeim sem komu að þessari ráðstefnu og gerðu hana að þessari yndislegri samveru. Á heimasíðu nefndarinnar er hægt er að sjá glærur, erindi og myndir frá ráðstefnunni.

Jafnréttisnefndin hefur hafist handa við að safna saman tölulegum upplýsingum. Þegar þau verða komin í hús verður byrjað að vinna úr þeim.

Samþætting kynjasjónarmiða er hin nýja áhersla í jafnréttismálum. Nauð-

synlegt er að öll kirkjan sé meðvituð um gildi samþættingarinnar og taki mið af henni í stöfum sínum. Jafnréttismál eru mál kirkjunnar í heild sinni.

Ég vil að lokum fyrir hönd nefndarinnar þakka fyrir samstarfið þessi fjögur ár og bið Guð um að blessa og leiða okkur í kirkjunni, til virðingar og jafnréttis. „Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera.“ (Matt.7:12a)

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan

Edda Möller, framkvæmdastjóri

Sókn er besta vörnin

Skálholtsútgáfan hefur sem og aðrar stofnanir kirkjunnar og samfélagið allt fundið verulega fyrir samdrætti í efnahagslífi landsins. Samdrátturinn hefur mest komið niður á útgáfufélaginu vegna samdráttar í sölu til sóknanna (kirkjusafnaða) og hækkunar á prentkostnaði en síður á Kirkjuhúsinu – versluninni sem Skálholtsútgáfan á og rekur, en þar hefur bóksala aukist.

Ljóst er að almenningur horfir til bóka á kristnum grunni og er það afar uppörvandi og gleðilegt. Stærstur hluti þeirra bóka sem er til sölu í Kirkjuhúsinu eru útgáfuverkefni Skálholtsútgáfunnar og í ljósi þessa mun útgáfufélagið halda áfram að sækja fram og halda ótrauð áfram útgáfu, þrátt fyrir samdrátt.

Sérstök markmið Skálholtsútgáfunnar

Meðal sérstakra markmiða Skálholtsútgáfunnar má nefna að gefa út stuðningsefni fyrir foreldra sem vilja miðla reynsluafinnum, t.d. um siðræn gildi og iðkun trúarinnar.

Í haust kemur út á vegum Skálholtsútgáfunnar DVD diskur fyrir börn sem ber vinnuheiðið „Sunnudagaskólinn heim.“ Hann er til þess gerður að styðja við barnastarf kirkjunnar og auka áhuga á því góða starfi.

Við leggjum mikla áherslu á vandaða en jafnframt nútímalega handritsgerð og framsetningu efnis. Markmiðið með útgáfunni er að börnin læri bænir og sálma, bæði nýja og eldri og geti sungið með þannig að þegar þau mæta í sunnudagaskólann/kirkjuna geti þau tekið virkan þátt í stundinni og fundið sig heimakomin þar. Að börnin kynnist nokkrum þekktum Biblíusögum og útlekkingu á þeim miðað við þroskastig þeirra. Að börnin kynnist kærleiksboðskap kristinnar trúar. Að börnin kynnist kristnum grunngildum.

Í starfshópnum sem vinnur þetta verkefni eru Þorleifur Einarsson, kvikmyndagerðarmaður og leiklistarnemi, sr. Guðni Már Harðarson og sr. Guðmundur Karl Brynjarsson auk Elínar E. Jóhannsdóttur á Fræðslusviði og Edda Möller hjá Skálholtsútgáfunni.

Kristin trú og samfélag

Í markmiðum Skálholtsútgáfunnar er horft til útgáfu af ýmsum toga en sérstaklega nefnd tengsl við samfélagið og daglegt líf einstaklinga og fjölskyldna. Þar er kristin trú samofin lífsviðhorfum og vonandi líka lífsstíl að einhverju marki.

Bókin *Þjóðgildin tólf* eftir Gunnar Hersvein kemur út 20. október næstkomandi. Bókin er skrifuð fyrir almenning á mannamáli um þau tólf gildi sem 1500 manns á þjóðfundinum 2009 völdu til að efla með sjálfum sér og til að breyta samfélaginu til betri vegar.

Gildin tólf eru: Kærleikur og fjölskylda; ábyrgð og frelsi; heiðarleiki og traust; virðing og réttlæti; lýðræði og jöfnuður; jafnrétti og sjálfbærni.

Ávextir andans eru kærleikur, gleði, gæska og góðvild, trúmennska, hógvæð og sjálfstjórn. Er ekki töluverður samhljómur hér? Hefði Kristur sjálfur valið önnur gildi?

Annað markmið Skálholtsútgáfunnar er að gefa út efni í ódýru kiljuformi eða á geisladiskum sem með aðgengilegum hætti mætir þörf fólks sem vill fræðast um kristna trú og lifa í trú í flókinni veröld. Að því hefur Skálholtsútgáfan unnið og viljum við benda lesendum Árbókarinnar sérstaklega á heimasíðu okkar, www.skaholtsutgafan.is í því sambandi. Þar má leita undir flokkum eins og:

Bænabækur; Barnabækur; Um lífið, tilveruna og trúna (Andleg leiðsögn, spurningar lífsins, hugleiðingar); Fræðsla (þar á meðal Tólf sporin andlegt ferðalag, sorg og sorgarviðbrögð); Tónlist og margt margt fleira.


Á árinu 2009 var stórt ár í útgáfunni, þrátt fyrir samdrátt í íslensku þjóðfélagi.

Mikil vinna var lögð í bókina

Börn og bænir – lífsgæðabók fyrir fjölskylduna sem unnin var í samstarfi við dr. Sigurð Pálsson, fv. námsstjóra og prest, sem skrifaði bókina ásamt hópi áhugasamra en Halla Sólveig Þorgeirsdóttir myndskreytti. Þetta er bók handa foreldrum sem vilja kenna börnum sínum að biðja og ala þau upp í kristinni trú. Bókin er ekki aðeins bænabók, hún geymir einnig leiðsögn um trúaruppeldi, umfjöllun um bænalíf, skírninga, spurningar barna um sorg, Guð, Jesú, heiminn og þau sjálf. Einnig er hér að finna hugmyndir að samverustundum barna og foreldra. Bókin er tilvalin skírnargjöf og hefur þegar selst vel. Þetta er alíslensk bók og á hún sér ekki neina erlenda fyrirmynd.

Annað stolt og flaggskip er bókinn *Fyrirgefning og sátt* en hún er skrifuð af 86 Íslendingum sem koma víða að úr íslensku samfélagi og út frá ýmsum sjónarhornum. Ýmsum spurningum er varpað fram; Er alltaf hægt að fyrirgefa? Hvað er iðrun? Er reiði eðlileg tilfinning? Er hægt að lifa góðu lífi ósáttur, í reiði og ásökun í annars garð? Í bókinni er glímt við fyrirgefningu og sátt í samskiptum við fjölskyldu og maka, vini og vinnufélaga en einnig andspænis veikindum, missi, vonbrigðum og misnotkun.

Fjöldi annarra útgáfuverkefna leit dagsins ljós: Fyrir kirkjukóra *Söngvasveigur 15 – Heyr þú oss himnum á*; sálma- og söngbók fyrir unglinga í æskulýðsstarfi kirkjunnar, en hún nefnist *Guð, í þinni hendi*; snemma árs kom út lítil bók sem nefnist *Æðruleysi, kjarkur og vit* og geymir huggunarorð, bænir og örsögur af ýmsu tagi sem varpa ljósi á æðruleysisbæninna, en æðruleysisbænin á erindi til allra í atvikum daganna. Hún hefur reynst hughreysting og haldreipi þegar tekist



er á við ósigr og erfiðleika. En hún er líka styrkur og leiðsögn á daglegri för í margbreytilegum aðstæðum.

Bækurnar *Stórt og smátt um bænina* og *Guð, hvers vegna* fjalla um bæn og trúarlíf. Viltu efla og þroska bænalíf þitt? Hvað er bæn? Hvernig biðjum við? *Stórt og smátt um bænina* er nútímaleg bók sem býður upp á nýjar leiðir til að efla og þroska bænalíf. Bænaæfingar eru í hverjum kafla bókarinnar, margar nýstárlegar en aðrar byggja á gömlum hefðum. Í bókinni *Guð, hvers vegna* eru gagnlegir inngangskaflar um bænalíf, biblíulestur og aðra trúarlega iðkun, hvort sem tekst að verja fimmtán mínútum eða aðeins tveimur mínútum á dag í andlega iðkun. Síðari hluti bókarinnar er 40 daga andlegt ferðalag með ritningarversi, hugleiðingu og

bæn ásamt hagnýtum leiðbeiningum. Hér eru einnig leiðbeiningar fyrir hópa fólks sem vill vinna saman með efni bókarinnar.

Fleiri orð í gleði er framhald bókarinnar *Orð í gleði* og er það Karl Sigurbjörnsson sem á heiðurinn af því að taka þessar bækur saman. *Orð í gleði* er metsölubók, hefur selst nú þegar í þúsundum eintaka.

Geisladiskurinn *Og það varst þú með þeim félagum* Páli Óskari Hjálmtýssyni og Sverri Guðjónssyni var endurútgefin en hann var gefin út fyrir 25 árum síðan þegar Páll Óskar var 13 ára. Diskurinn inniheldur marga söngva og sálma sunnudagaskólans

Ný útgáfa bókarinnar *Huggun í sorg* kom út, einnig barnabókin *Efraím þratarungi* og *Spekisögur frá ýmsum*

löndum er bók sem hjálpar okkur að læra hvert af öðru og búa til betri heim, friðsælan og réttlátan. Þessi bók hentar unglingum og fullorðnum. Í flokknum stórar bækur fyrir litla krakka komu út tvær bækur; *Miskunnsami Samverjinn og Páskar*.

Einnig kom út ýmislegt efni sem fellur undir *Barnaefni fyrir sunnudagaskóla* og *aðventudagatal* sem dreift var í leikskóla um allt land.

Kirkjuhúsið – verslun

Kirkjuhúsið er ekki eingöngu verslun, hún er þjónustumiðstöð fyrir kirkjurnar um landið vítt og breitt! Hér geta viðskiptavinir einnig upplifað öll tímabil kirkjuársins og allar athafnir kirkjunnar í leiðinni! Boðið er upp á gott og fjölbreytt úrval af geisladiskum með trúarlegri tónlist; gospel, Taizé, klassík, sálmatónlist af fjölbreyttustu gerð. Bækurnar mæta t.d. þörfum fólks sem vill fræðast um kristna trú og lífa í trú í flókinni veröld. Kristin trú og daglegt líf fólks þarf ekki að vera sitt hvor hliðin á sama peningnum, gæti hæglega verið ... peningurinn!

Starfsfólk og stjórn

Hjá Kirkjuhúsinu – Skálholtsútgáfunni vinna þrír starfsmenn sem sjá um verslun, þjónustu og útgáfu ásamt öðrum verkefnum, eins og bókhaldi, ritstjórn, dreifingu til kirkna, bóka-verslana og einstaklinga. Margir verk-takar taka einnig til hendinni hjá út-

gáfufélaginu. Starfsmenn eru; Edda Möller, Guðbjörg Ingólfssdóttir og Lára Árnadóttir. Stjórn skipa Bernharður Guðmundsson, formaður, Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur, sr. Guðni Már Harðarson, Halla Jónsdóttir hugmyndasagnfræðingur og aðjúnkt við HÍ; sr Hreinn Hákonarson fangaprestur, sr. Halldór Reynisson verkefnisstjóri fræðsluviðs Biskupsstofu; Elín E. Jóhannsdóttir fræðslufultrúi á Biskupsstofu, Valur Árnason lögfræðingur og Alma Guðmundsdóttir blaðamaður.

Fjárhagur

Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan stendur undir sér og fjármagnar sjálf öll sín útgáfuverkefni. Þó getur hún leitað eftir styrkjum til einstakra verkefna.

Tilgangur og markmið

Skipulagsskrá Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar kveður á um að hún annist útgáfu á fræðsluefni til notkunar í kirkju-starfi, gefi út lesefni og geisladiska fyrir almenning þar sem kristin sjónarmið eru skýrð. Um Kirkjuhúsið segir að það skuli annast dreifingu og sölu fræðsluefnis og tilheyrandi þjónustu við kirkjulega aðila, selja muni og gjafavöru á kristnum grunni. Við stefnumörkun er litið til markmiða í stefnumótun þjóðkirkjunnar varðandi útgáfu og fræðslu, einnig til fræðslustefnu og fjölskyldustefnu og til vinnu nefnda og ráða kirkjunnar.

Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn

Jóhanna I. Sigmarsdóttir

Skipulag og stjórnun

Kirkjumiðstöð Austurlands er sjálfseignarstofnun í eigu safnaðanna á Austurlandi.

Stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar var árið 2009 þannig skipuð:

Sr. Davíð Baldursson, formaður, kosinn af Prestafélagi Austurlands

Sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson, gjaldkeri, kosinn af héraðsfundi Múlaprófastsdæmis

Pórður Júlíusson, ritari kosinn af héraðsfundi Austfjarðaprófastsdæmis

Kristjana Björnsdóttir, meðstjórnandi, kosin af héraðsfundi Múlaprófastsdæmis

Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson, meðstjórnandi, kosinn af héraðsfundi Austfjarðaprófastsdæmis

Starfsemi

Sóknarprestur á Eiðum hefur umsjón með húsnæði og rekstri Kirkjumiðstöðvarinnar við Eiðavatn þar með talið að sjá um að ráða starfsfólk, greiðslu launa og reikninga fyrir KMA en Deloitte í Neskaupsstað hefur séð um launaútreikninga og bókhald.

Í Kirkjumiðstöðinni við Eiðavatn er fjölþætt starfsemi á vegum kirkjunnar, haldnir fundir og námskeið. Sumarbúðir fyrir börn er stærsti og veigamesti þátturinn í starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar. Þar hafa verið fimm vikur flokkar undanfarin sumur.

Sumarið 2009 var tekin upp sú nýbreytni að sumarbúðabörnin dvöldu frá mánudagsmorgni til föstudagskvölds og reyndist það vel.

Sumarið 2009 komu 189 börn í sumarbúðirnar en 2008 voru þau 174. Mest er hægt að taka við 40 börnum í einu eða 200 samtals í þessa fimm flokka yfir sumarið.

Yfir veturinn er starfsemin í húsinu í formi námskeiða og funda. Stöku sinnum er það leigt út til námskeiðshalds. Fermingarbörn allt frá Vopnafirði til Djúpavogs sóttu fermingarfræðslunámskeið í Kirkjumiðstöðinni og stóðu námskeiðin í 1-3 daga. Leiðtogaefnanámskeið var haldið, TTT-mót og sunnudagskólamót og æskulýðsmót svo eitthvað sé nefnt. Auk þess hafa félagasamtök leigt húsið til námskeiðshalds. Sumarið 2009 leigði einkaaðili Kirkjumiðstöðina til að hafa þar sumardvöl fyrir fatlaða. Húsið er eftirsótt fyrir fermingarveislur, yfirleitt búið að panta með árs fyrirvara. Ein brúðkaupsveisla var haldin þar s.l. sumar.

Húsnæði og lóð

Engar stærri viðhaldsframkvæmdir voru á árinu. Nú orðið brýnt að mála veggj hússins að utan og svefnálmu að innan. Þá er einnig mjög brýnt að lagfæra heimreiðina og gera fleiri bílastæði. Vegurinn verður mjög fljótt ófær þegar snjóar vegna trjágróðurs sem er við hann og vegna þess hve lágt hann stendur.

Verktakar voru fengnir til að slá fót-boltavöllinn og lóðina.

Soroptimistaklúbbur Austurlands kom og hreinsaði lóðina s.l. vor, vann að vohreingerningum og setti á flot bátana fyrir sumarið.

Kátir krakkar
í TTT-starfi á
Vopnafirði í
nóvember 2009



Starfsfólk

Ekkert fastráðið starfsfólk er við Kirkjumiðstöðina en vel hefur gengið að fá starfsfólk. Mikill hluti sumarbúðastarfsfólksins kemur ár eftir ár og skapar það festu í starfinu sem hefur gengið mjög vel. Kristjana Björnsdóttir var lengst af ráðskona en hún og Valgerður Sigmarsdóttir skiftust á um að vera sumarbúðaráðskonur. Hlín Stefánsdóttir og sr. Þorgeir Arason, Magnea Sverrisdóttir og sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson og Álfheiður Ingólfssdóttir skiftust á að stjórna sumarbúðunum.

Rekstur

Reksturinn er í járnum enda ekki til þess ætlast að skilað sé hagnaði. Alls námu styrkir og tekjur af starfsemi Kirkjumiðstöðvarinnar kr. 11.666.373.- á árinu 2009 og heildargjöld kr. 11.066.567. Rekstrarstaða var jákvæð að upphæð kr. 509.466.- Engar skuldir hvíla á húsinu.

Kirkjumiðstöðin er mikilvægur þáttur í starfi kirkjunnar á Austurlandi og gefur ýmsa möguleika. Ég þakka þeim sem þar hafa lagt hönd á plóg vel unnin störf og gott samstarf.

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur

Fjöltnir Ásbjörnsson

Sjálfseignarstofnunin Holt í Önundarfirði-Friðarsetur var stofnuð af Ísafjarðarpróf-astsdæmi og kirkjusóknnum í Holtspresta-kalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum, er Vestfjarðarprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðarprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og miðast upphaflega við 1. okt. 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. des. 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðarprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um og fengið styrk frá ríkinu (Menntamálaráðuneyti), einkum til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

Stjórnin frá nóvember 2009 til 2010

Formaður: Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, prófastur, Bolungarvík,

Varaformaður: Sr. Fjöltnir Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti

Meðstjórnandi: Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)

Ritari: Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)

Gjaldkeri: Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal.)

Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn: Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

Fjármál ársins 2009

Rekstrartekjur sjöunda starfsárs voru kr. 4.619.071,- þar af kr. 2.700.000,- rekstrarframlög og styrkir.

Rekstrargjöld voru alls kr. 5.017.673,- vaxtatekjur kr. 92.659,-

Tekjur af útleigu voru kr. 1.480.656,- og af námskeiðum kr. 354.100,- leiga af sal voru kr. 41.767,-

Kostnaður af rekstrarvörum voru kr. 522.885,- þjónustu kr. 1.666.484,- og launakostnaður kr. 205.961,-. Fastur kostnaður var kr. 2.622.343,-

Framkvæmdir

Skipt um mikið af gluggum og gleri og námu framkvæmdir um 1,5 milljónum króna. Skipt var um eldhúsborð og ýmis smáatriði lagfærð, í sal var sett upp hljóðkerfi, skjávarpi og ljós endurnýjuð

Starfsemi

Í kirkju-, félags- og menningarmiðstöð, fer fram kirkjustarf, félagsstarf og

menningarstarf. Sumt er hefðbundið og reglulegt, annað tilfallandi.

Kirkjustarfið:

Tvö barnanámskeið voru haldin í júní 2009. Hið fyrsta var fimm daga námskeið undir stjórn sr. Fjölnis Ásbjörnssonar og sr. Valdimars Hreiðarssonar, þar sem meðal annars var byggð kofaborg í rjóðri bak við Holt-Friðarsetur. Námskeiðið heppnaðist vel í alla staði en var í fámennara lagi, aðsókn að dagnámskeiðum hefur verið að dragast saman undanfarin ár og er ekki ólíklegt að í framtíðinni verði aukin áhersla lögð á gistinámskeið. Öðru námskeiðinu, fimm daga námskeiði með gistingu, stjórnðu barnastarfskonurnar úr Ísafjarðarkirkju, Árný Herbertsdóttir og Elín H. Friðriksdóttir og komust færri að en vildu, þannig að ekki er ólíklegt að í framhaldinu verði kannað að halda fleiri en eitt gistinámskeið á hverju sumri.

12-spora námskeið er í gangi vikulega allan veturinn.

Söngæfingar Holtsprestakalls fara yfirleitt fram í Friðarsetrinu. Sömu leiðis fundir og kirkjukaffi í Holtssókn. Prestafundir eru einnig haldnir þar.

Eftir helgigöngu á föstudaginn langa með helgistund í Flateyrarkirkju og Holtskirkju var hádegissúpa í Friðarsetri og virðist þessi ganga hafa fest sig í sessi á svæðinu.

Félagsstarf

Kvenfélag Mosvallahrepps hélt alla sína fundi í Friðarsetrinu.

Bændafundir og ýmsir aðrir fundir heimamanna voru haldnir þar.

Árlegt þorablót heimamanna var að venju haldið í Friðarsetrinu

Menningarstarf

Sérstaklega má telja starfsemi nefndar, sem sett var í tilefni þess að öld var liðin frá fæðingu Guðmundar Inga Kristjánssonar, heitins. Í þessari nefnd eru: Ásvaldur Magnússon í Tröð, Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli og Halla Signý Kristjánsdóttir, nú í Bolungarvík. Nefndin stóð fyrir menningaruppákomu 15. janúar 2010. Í þetta sinn var kvöldvakan tileinkuð tveimur konum sem hefðu orðið 90 ára á þessu ári. Þær eru báðar tengdar Önundarfirði á einhvern hátt. Þetta eru þær Þórunn Guðmundsdóttir, listmálari og Anna Snorradóttir rit höfundur. Jóhanna Kristjánsdóttir á Flateyri sagði frá Þórunni og Halla Signý Kristjánsdóttir sagði frá Önnu og las ljóð eftir hana. Litli leikklúbburinn kom og flutti sönglög úr sýningunni, *Leiðir liggja til allra átta*, sem verið var að setja upp. Eftir dagskrána var boðið upp á kaffi og rjómapönnukökur en það var venja á þessum degi í Holti í skólatíð Guðmundar Inga og Þuríðar konu hans er hann var skólastjóri þar, bæði vegna afmælis hans og sólar komu í Holti.

Um 100 manns mættu á þessa samveru og þótti hún hin ágætasta.

Önnur starfsemi

Auk þess starfs sem Friðarsetrið sjálft og heimamenn standa fyrir, er húsið leigt ýmsum aðilum. Nokkrir hópar frá Háskólasetrinu á Ísafirði dvöldu á setrinu sumarið 2009, 1-2 vikur í senn, haldin voru ættarmót, brúðkaup, afmæli o.fl. og margir einstaklingar gistu í friðsældinni. Vinnustaðir hafa notað aðstöðuna til samverustunda og námskeiða og félög utan Önundarfjarðar haldið fundi og samkomur og Sunnukórinn staðið fyrir æfingabúðum svo eitthvað sé nefnt.

Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Starf Kristniboðssambandsins grípur víða inn og snertir fjölda fólks víða um heim með einum og öðrum hætti. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum starfsins á liðnu starfsári.

Eþíópía

Eftir 57 ár í Eþíópíu er SÍK enn að, en á öðrum stöðum en áður. Hjónin Karl Jónas Gíslason og Ragnheiður Guðmundsdóttir búa í Ómó Rate en starfssvæðið teygir sig í ýmsar áttir.

Unnið er að boðun og safnaðaruppbyggingu á nokkrum stöðum á stóru svæði. Ragnheiður stýrir fullorðinsfræðsluverkefni eða lestrarkennslu fullorðinna í Ómó Rate sem styrkt er af Þróunarsamvinnustofnun. Verkefnið stendur yfir í þrjú ár og lýkur formlega í árslok 2010.

Hjónin Helga Vilborg Sigurjónsdóttir og Kristján Þór Sverrisson bjuggu og störfuðu í Voító ásamt börnum sínum fjórum þar til starfstímabili þeirra lauk þar í maílok.

Mekane Yesus kirkjan í Eþíópíu er fjölmenn og kröftug kirkja sem telur rúmar fimm milljónir manna. Víða um land hafa verið vakningar á liðnum árum og áratugum og fagnaðarerindið um Jesú Krist hefur umbreytt lífi fólks og gefið því nýja von og styrk. Kristniboðssambandið styrkir kirkjuna með ákveðinni fjárupphæð, einnig þýðingu Biblíunnar yfir á tungu Tsemai-manna sem búa í Voítódalnum. Í Voító styrkjum við umfangsmikið boðunarverkefni til nýrra staða.

Í Konsó hafa heimamenn séð alfarið

um starfið um nokkurt skeið en þeir eru í góðu sambandi við SÍK um ýmis mál, m.a. deilur sem verið hafa innan safnaðarins um árabíl. Þá styrkir Sambandið einnig nemendur við presta- og leiðtogaskóla kirkjunnar í Addis Abeba.

Helgi Hróbjartsson hefur undanfarin ár sinnt fræðsluverkefni í Waddera í samstarfi við Neskirkju. Er því verkefni einnig að ljúka.

Verkefnið *Af götu í skóla* fór af stað í lok ársins 2007 og hefur gengið vel. Það er unnið í samstarfi við *Hope For All Children* og *My Sisters*. Um 30 börn og fjölskyldur þeirra fengu hjálp svo þau þurfi ekki að betla á götum höfuðborgarinnar Addis Abeba.

Kenía

Rúm 30 ár eru liðin frá upphafi starfsins í Keníu. Norðvesturbiskupsdæmi ELCK, Evangelísk lútersku kirkjunnar í Keníu, er samstarfsaðili SÍK og starfssvæðið Pókothérað og nærliggjandi héruð.

Kirkjan hefur vaxið ört og teljast um 20 þúsund manns til hennar. Starfið hefur teygst sig í ýmsar áttir, en Kristniboðssambandið styður nú boðunarverkefni kirkjunnar í Kara-Pókot, norðvesturhluta héraðsins.

Í fyrrasumar héldu hjónin Fanney Krístrún Ingadóttir og Jón Fjölur Albertsson til starfa í Pókothéraði. Fjölur hefur stýrt neyðarhjálp kirkjunnar vegna þurrka, uppskerubrests og hungurs á liðnu ári. Sr. Jakob Á. Hjálmarsson starfaði sem sjálfboðaliði í tæpa tvo mánuði í upphafi þessa árs á fræðslumiðstöð kirkjunnar í Kapengúría. Sama

Kristniboðarnir
Fanney og
Fjölur ræða við
nemanda í fram-
haldsskólanum
Propoi



gerðu Kjellrun Langdal og Skúli Svavars-son í haust. Sr. Jakob hefur unnið að auknum safnaðartengslum milli sókna hér á landi og sókna í Pókothéraði og hafa nokkrar kirkjur hér á landi eignast vinasöfnuð þar í landi. Kirkjan hefur í samstarfi við kristniboðssamtök og þróunarstofnanir á Norðurlöndum byggt um 70 grunnskóla í Pókothéraði og átta framhaldsskóla. Skólaganga hefur margt gott í för með sér og ýtir m.a. undir jákvæða þróun samfélagsins og lýðræðishugsun.

Austur-Asía

Fulltrúar SÍK voru á liðnum árum að störfum í austurhluta Asíu á svæði þar sem kristniboð er bannað. Á aðalfundi í vor var samþykkt að bæta Japan við sem starfssvæði SÍK. Leifur Sigurðsson kristniboði stundar þar nú japönskunám og býr í Kope ásamt eiginkonu sinni Katsuko og tveimur börnum þeirra.

Fjölmíðlastarf og önnur erlend tengsl

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA Radio og samstarfsaðila til Kína, m.a. barnaþáttinn Poppkorn. SÍK er samstarfsaðili Sat 7, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Tvö myndver í Beirút og Kairó eru notuð til að framleiða þætti sem henta þessu menningarsvæði. Með boðun og fræðslu er reynt að styrkja kirkjurnar og kristið fólk á svæðinu til að iðka trú sína í aðstæðum sem oft eru mjög erfiðar.

Kristniboðssambandið hefur tengsl og samstarf við ýmsa aðila erlendis. Þar má nefna Norsk Luthersk Misjons-samband, systurkirkjurnar í Eþíópíu og Keníu, Nordisk Indremisjonsráð og European Evangelical Missionary Alliance. Í haust var haldinn hér á landi fundur framkvæmdastjóra aðildarsamtaka Nordisk Indremisjonsráð.



Safnaðarstjórn og nokkur í söfnuðinum í Chepareria fyrir framan nýju kirkjuna sem er í byggingu

Innanlandsstarf

Stjórn SÍK er kosin á aðalfundi en formaður er Haraldur Jóhannsson læknir og undirritaður framkvæmdastjóri. Starfsmenn SÍK heimsóttu fjölda safnaða og hópa á liðnu starfsári, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi og kynntu þar starfið og höfðu hugleiðingar fyrir börn, unglinga og fullorðna.

Kristniboðsfélögin eru grunn-einingar Kristniboðs sambandsins og bakhjarl starfsins. Kristniboðsfélögin taka flest samskot á samverum sínum, sum hafa tekið að sér að kosta ákveðna þætti starfsins og mörg þeirra standa fyrir einhvers konar fjáröflun.

Kristniboðsvika var haldin í Reykjavík í mars og var hún helguð fjölmíðlaboðun í Mið-Austurlöndum. Norski presturinn John Steinar Dahle var gestur vikunnar og sagði frá starfi Sat 7. Árlegt kristniboðsmót var haldið í júlí að Löngumýri í Skagafirði. Alla miðvikudaga eru samkomur í Kristniboðssalnum sem trúfastur hópur kristniboðsvina sækir.

Útgáfa og kynningarmál

Kristniboðsfréttir eru nú prentaðar í rúmlega 4.000 eintökum og koma út fjórum sinnum á ári. Þær eru sendar til áskrifenda án endurgjalds. Bjarmi, tímarit um kristna trú, kemur út fjórum sinnum á ári. Blaðið er að jafnaði gefið út í þúsund eintökum og selt í áskrift. Tölvubréfið Kristniboðsþósturinn er sent út tvisvar til prisvar í mánuði með fréttum af kristniboðunum, starfinu úti og heima, tilkynningum um viðburði og fleira.

Kristniboðsalmanakið var gefið út í 10.000 eintökum. Miklum hluta upplagsins var dreift í kirkjum landsins á kristniboðsdaginn og næstu vikur á eftir. Kærleikspjónustusvið Biskupsstofu sá um dreifingu til presta og kirkna utan höfuðborgarsvæðisins.

Heimasíða SÍK, www.sik.is, er á margan hátt andlit okkar út á við. Unnið var að endurbótum á henni á árinu. Vinir SÍK á Facebook eru nú vel á fjórða hundrad.

SÍK á alfarið bókaútgáfuna Salt ehf. Ekkert nýtt var gefið út á liðnu ári en

nokkrar bækur í undirbúningi fyrir seinni hluta ársins og næsta ár.

Samstarf

SÍK hefur í áratugi verið í góðu samstarfi við KFUM og KFUK og eins Kristileg skólasamtök og Kristilegt stúdenta-félag. Við höfum átt gott samstarf við þjóðkirkjuna undanfarin ár. Áhugi og skilningur innan safnaðanna á mál-efninu eykst smám saman. Kynning á kristniboðinu hefur farið fram í mörgum kirkjum og leitað er til okkar eftir efni um kristniboð okkar Íslendinga. Kristniboðssambandið fær í ár 1,8 milljón króna styrk úr Kirkjumálasjóði. Samskot eru tekin reglulega í nokkrum kirkjum í Reykjavík til starfs okkar. Flest prófastsdæmin styrkja okkur og er framlag Reykjavíkurprófastsdæmis eystra myndarlegast. Einnig hafa margir söfnuðir þjóðkirkjunnar stutt starfið en mest komið frá Hallgrímskirkju, bæði líknarsjóði og fyrir samskot.

Starfsmenn hafa átt mjög gott samstarf við Ragnheiði Sverrisdóttur sviðs-stjóra kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu. Ferðakostnaður vegna sumra heimsóknna okkar til safnaða á landsbyggðinni hefur verið greiddur að hluta af kærleikspjónustusviðinu. Kristniboðsdagurinn er annar sunnudagur í nóvember og er þá kristniboðsins minnst víða í kirkjum landsins. Þess var minnst í vetur að 80 ár voru liðin frá stofnun SÍK. Ljósmyndasýning var haldin í Langholtskirkju og síðar Linda-kirkju af því tilefni.

SÍK styður Lindina, kristilega útvarpsstöð með mánaðarlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn Kristniboðssambandsins þar hugleiðingar og kynna kristniboðið.

SÍK er í óformlegu samstarfi átta

mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu. Hist er a.m.k. þrjár á ári og rætt um sameiginleg hagsmunamál.

Fjármál og skrifstofa

Skrifstofa og afgangi SÍK er nú í Austurveri, Háaleitisbraut 68. Flutt var þangað og opnað 3. maí sl. Tvö og hálf ár er síðan nytjamarkaðurinn Basarinn var opnaður að Grensásvegi 7. Vel hefur tekist til og von okkar er að þessi þáttur fjárflyunarinnar eflist enn frekar á nýjum stað. Notuð frímerki og erlend smámynt eru einnig orðinn góður tekjustofn. Í janúar söfnuðum við frímerkjum og umslögum á öllum afgangslum Íslandspósts en annars er tekið við þeim á skrifstofu okkar. Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að miklu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Undanfarin ár hefur fjárhags-áætlunin verið að hækka vegna aukins starfs, gengisþróunar og hækkunar á ýmsum kostnaði sem tengist starfinu.

Útgjöld ársins 2009 voru með hæsta móti vegna hrunsins, en þó lægri en áætlað var, eða rúmar 67 milljónir. Það var því mikið gleðiefni að tekjur voru umfram gjöld, eða samtals rúmlega 78 milljónir. Stærstu framlögin var gjöf einstaklings upp á 15 milljónir og framlög Utanríkisráðuneytisins til þróunarverkefna upp á 5 milljónir og 6,5 til neyðaraðstoðar.

Vegna veikrar stöðu íslensku krónunnar hefur kostnaður við starfið erlendis vaxið undanfarin ár. Heildarfjárhagsáætlun rekstrar yfirstandandi árs er 70 milljónir.

Þakkarorð

Skýrslu þessari verður ekki lokið án þess að þakka öllum þeim sem stutt hafa

starfið með fjárframlögum, gjöfum, tíma, vinnuframlagi og umhyggju sinni sem birst hefur á margvíslegan hátt. Við biðjum þeim blessunar Drottins. Við viljum að fólk um víða veröld fái að kynnast Jesú Kristi. Víða er fólk í neyð sem þarf á stuðningi og hvatningu að halda. Drottinn hefur leitt okkur til

þjóða og þjóðabrota, að okkar reitum, sem við fáum að sinna. Mættum við áfram vera trúföst og þjóna Drottni með gleði.

En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur (1. Kor. 13:13)

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf

Ragnar Gunnarsson, formaður

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf hefur verið að störfum frá árinu 1996. Hún er biskupi Íslands til ráðuneytis um þessi málefni og sér til þess að mynda samráðs- og samstarfs- vettvang kirkjulegra aðila sem sinna kristniboði og hjálparstarfi. Nefndin heyrir undir biskup sem skipar nefndarmenn til fjögurra ára og velur formann. Tengiliður nefndarinnar við biskupsstofu er verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs, Ragnheiður Sverrisdóttir. Hún situr fundi nefndarinnar, er ritari hennar og tekur þátt í störfum hennar. Staða hennar á biskupsstofu hefur auðvelað samstarf og framkvæmd þeirra mála sem nefndin hefur verið og er að vinna að.

Í nefndinni sitja annars Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Jónas Þórir Þórisson framkvæmdastjóri og Íris Kristjánsdóttir sóknarprestur sem tók sæti Maríu Ágústsdóttur haustið 2009.

Nefndin hefur rætt hvernig unnt sé að minnast þess að hundrað ár verða liðin frá kristniboðsráðstefnunni í Edin-

borg árið 1910 en hún markaði spor og setti stefnuna fyrir komandi áratugi í áherslu kristniboðshreyfinga víða um heim. Systurkirkjurnar í nágrannalöndunum hafa kallað til ráðstefna og funda af þessu tilefni. Nefndin stefnir að málþingi haustið 2010 í samstarfi við samstarfsnefnd kristinna trúfélaga og samkirkjunefnd.

Nefndin hefur rætt um mikilvægi upplýsingaveitu með myndefni um kristniboð og hjálparstarf og um útgáfu á hefti eða bók um efni sem vísar á kristniboð. Hugmyndin er að slíkt nýtist í starfi safnaðanna meðal barna og unglunga.

Árlegur fundur norrænu lúthersku kirknanna og kristniboðsfélaganna átti að vera í Svíþjóð í apríl en var frestað vegna dræmrar þátttöku að þessu sinni.

Nefndin hefur rætt og fylgst með starfi séra Jakobs Á. Hjalmarssonar sem kallast *Söfnuður til safnaðar*. Þar fá söfnuðir hér á landi tækifæri til að eignast vinasöfnuð í Afríku og öfugt. Vonast er til að það efli tengslin og víkki sjóndeildarhring beggja aðila.

Samkirkjunefnd

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

Hlutverk samkirkjunefndar er að hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um alþjóðleg samskipti og tengsl þjóðkirkjunnar við aðrar kirkjur og kirknasamtök heima og erlendis. Hér er meðal annars átt við World Council of Churches, WCC, (Alkirkjuráðið); Lutheran World Federation, LWF, (Lúterska heimssambandið); Conference of European Churches, CEC, (Kirknasamband Evrópu); The Porvoo Communion (Porvoo-kirknasamfélagið) og norræn kirknasamtök.

Fólkið í samkirkjunefnd

Í Samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar árið 2009-2010 voru:

Halldór Reynisson, tilnefndur af biskupi, formaður

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, tilnefnd af biskupi og starfsmaður nefndarinnar.

Jónas Þórisson tilnefndur af Hjálparstarfi kirkjunnar,
Magnús Björn Björnsson, kjörinn af Kirkjupingi

Sjöfn Þór, kjörin af kirkjupingi (var í leyfi allt árið).

Varamenn, kjörnir af kirkjupingi voru Hulda Guðmundsdóttir og Dalla Þórðardóttir.

Þá hafa eftirtaldir setið fundi nefndarinnar vegna fastrar nefndarsetu í samkirkjustarfi á vegum kirkjunnar eða sérstakrar tilnefningar: Bernharður Guðmundsson sem ráðgjafi, tilnefndur af biskupi, Kristín Þórunn Tómasdóttir vegna stjórnarsetu hjá Lúterska heimssambandinu; Sigrún Óskarsdóttir vegna

setu sinnar í WICAS, kvennastarfs LWF, og Irma Sjöfn Óskarsdóttir vegna setu í stjórn NKS.

Nefndin hélt þrjá fundi frá ágúst 2009-júní 2010 auk ársfundar samkirkjunefndar sem haldinn var 1. febrúar s.l.

Ársfundur

Ársfundur samkirkjunefndar var haldinn í Grensáskirkju. Fundarmenn voru 16 talsins og skiluðu allir skýrslu um þátttöku í samkirkjulegu eða alþjóðlegu starfi kirkjunnar á einhverjum sviðum. Þar á meðal voru skýrslur frá Hjálparstarfi kirkjunnar og Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga og frá fulltrúum í ýmsum nefndum á vegum kirkjunnar. Á þessum fundum fæst gott yfirlit yfir samkirkjulegt starf kirkjunnar og tækifæri gefst til að ræða strauma og stefnur í þessu máli.

Fjármál

Ljóst er að framlög til samkirkjumála munu dragast saman vegna almenns samdráttar í fjármálum kirkjunnar. Þar við bætist gengishrun krónunnar sem þýðir að öll aðildargjöld hækka mikið frá því sem var. Því var farið fram á lækkun aðildargjalda tímabundið í von um að krónan styrkist á næstu árum.

Árið 2009 greiddi þjóðkirkjan eftirfarandi:

Aðildargjald LWF	1.156.000
WCC aðild	1.156.000
CEC aðild	250.000
LWF Endowment fund	100.000
LWF Assembly in 2010	160.000

Alkirkjuráðið

Á ársfundi 2009 var samþykkt að Þjóðkirkjan myndi styðja við framboð Norðmannsins Olav Fykse Tveit sem framkvæmdastjóra Alkirkjuráðsins. Þessu var fylgt eftir með bréfi til valnefndar. Olav var annar tveggja umsækjenda sem komust í úrslit og var kjörinn framkvæmdastjóri í ágúst 2009.

Í desember tók Þjóðkirkjan þátt í átaki á vegum dönsku kirkjunnar og Alkirkjuráðsins þar sem klukkum var hringt víða um land til að minna á þá vá sem stafar af hlýnandi loftslagi.

Bænaefni frá Alkirkjuráðinu var að venju notað í bænavíkunni sem haldin var í janúar 2010 og er nánar greint frá því í skýrslu samstarfsnefndar kristinna trúfélaga.

Kirknaráð Evrópu

Tveir fulltrúar tóku þátt í Evrópuþingi Kirknaráðsins í Lyon í júlí 2009. Það voru Karl Sigurbjörnsson biskup og Steinunn A. Björnsdóttir, verkefnastjóri. Fréttir af þinginu, blogg og þýðingar á skjölum þaðan voru birtar á vef kirkjunnar. Ekki var sóst eftir stjórnarsetu eða nefndarsetu af hálfu Þjóðkirkjunnar.

Meðal ályktana sem samþykktar voru á þinginu voru ályktanir um umhverfismál, um efnahagsmál og um innflytjendur. Þær voru þýddar og settar á vef Þjóðkirkjunnar. Í ályktunum þingsins eru kirkjurnar hvattar til að endurskoða eigin aðferðir og efla fræðslu, vinna gegn kynþáttafordómum, fara vel með náttúruna og stuðla að nægjusömum lífsháttum. Þær eru einnig hvattar til að þrýsta á yfirvöld, til að bæta félagslega – og lagalega vernd þeirra innflytjenda sem verst standa, til að styrkja þróunaraðstoð og einnig að hvetja stjórnvöld til að gangast

undir skuldbindingar með ákveðnum tímamörkum varðandi loftslagsbreytingar. Þá skulu kirkjur hvetja stjórnvöld til að stuðla að ábyrgð og gagnsæi fjármálastofnana og gaumgæfa hinar siðferðislegu viddir kreppunnar.

Lúterska heimssambandið

Heimsping LH verður haldið í Stuttgart í júlí 2010. Magnea Sverrisdóttir djákni verður fulltrúi okkar í framboði til stjórnar. Á undirbúningsfundi fyrir þingið sem haldinn var í Helsinki í Finnlandi í janúarlok 2009 kom fram að Norðurlandakirkjurnar hafa sex fulltrúa í stjórn og tilnefna nú fimm konur og einn karl. Af þessum fimm konum er ein ung (undir 27 ára aldri). Þrjú þeirra sem tilnefnd eru, eru biskupar, þrjú eru leikmenn. Norski biskupinn Helga Byfuglien er einnig norrænn frambjóðandi sem varaforseti LH. Á ársfundi samkirkjunefndar var samþykkt að við styddum frambjóðanda Norðmanna.

Kristín Þórunn Tómasdóttir hefur átt sæti í framkvæmdastjórn LH frá heimspinginu 2003 en lætur nú af störfum. Hún hefur verið virk í að miðla upplýsingum og efla tengsl okkar við LH. Sigrún Óskarsdóttir hefur átt sæti í starfsnefnd norrænu kirknanna fyrir LH sem kölluð er WICAS, skammstöfun fyrir Women in Church and Society og gegnt formennsku undanfarin ár.

Þjóðkirkjan hefur fengið að kynna nýrri hlið á því að vera í kirknasamfélagi undanfarið ár. Í janúar 2010 barst bréf frá Peter Prove, sem stýrir deild um mannréttindamál hjá LH. Hann lýsti áhyggjum af meðferð Icesave málsins og velti því upp hvort hér giltu reglur um ólögmæta skuldsetningu. Í framhaldi af þessu bréfi var efnt til málþings hér á landi undir yfirskriftinni „Vorar skuldir

– kirknasamfélagið og baráttan gegn ólögsmætum skuldum“. Var það haldið í samvinnu við Þjóðmálanefnd og Prestafélag Íslands og er gerð frekari grein fyrir því í skýrslu Guðfræði- og þjóðmálasviðs.

Hollensk systurkirkja hafði einnig samband við þjóðkirkjuna til að spyrja fréttu af ástandinu hér og sendi Hjálparstarfi kirkjunnar tvisvar peningagjöf til að styðja við þá sem eiga erfitt. Lúterska kirkjan í Bretlandi hefur einnig sýnt samstöðu með stöðu Íslendinga og var bréf frá þessum kirkjum lagt fram á prestastefnu og kveðja flutt. Kveðja frá Ishmail Noko, framkvæmdastjóra LH var lesin upp á prestastefnu. Þá sendi Jimenes, biskup í Kosta Ríka bréf og spurðist fyrir um aðstæður hér á Íslandi, sérstaklega með tilliti til Icesave lánsins.

Norrænar kirkjur hafa greitt fyrir þátttöku Magneu í undirbúningsfundum fyrir heimsþing LH. Þegar þetta var boðið fram fyrir milligöngu norsku kirkjunnar sagði fulltrúi hennar. „Hvað þýðir það að vera í samfélagi ef við hjálpum ekki hvert öðru.“ Lúterskar kirkjur hafa þannig sýnt mikinn hlýhug og samstöðu með Íslandi og Íslendingum.

Porvoo

Í Porvoo kirknasamfélaginu eru anglikanskar kirkjur á Bretlandseyjum, í Portúgal og á Spáni; lúterskar þjóðkirkjur Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og lútersku kirkjurnar í Eistlandi og Litháen. Lútersku kirkjurnar í Lettlandi og Danmörku eru áheyrnarfulltrúar en danska kirkjan mun gerast fullgildur meðlimur í október 2010. Porvoo samfélagið hefur ekki skrifstofu eða stjórn heldur starfar sem tengslanet kirkna og skipar hver kirkja einn fulltrúa í tengslahóp Porvoo sem hittist árlega

og nýtur handleiðslu tveggja biskupa, frá anglikanskri kirkju og lúterskri kirkju.

Fundur höfuðbiskupa Porvoo kirknasambandsins var haldinn í Porvoo í Finnlandi í október. Slíkur fundur er haldinn á tveggja ára fresti til að ræða sameiginleg mál. Meðal þess sem var á dagskrá auk skýrslna frá kirkjunum, voru umræður um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á efnahagsmál, einkum stöðu þróunarlanda. Þá var rædd um stöðu innflytjendasafnaða á Norðurlöndum og um hugtakið kirknasamfélag og hvað það fæli í sér. Karl Sigurbjörnsson biskup tók á fundinum við hlutverki annars tveggja formanna tengslahóps Porvoo. Fundur tengslahópsins var síðan haldinn í framhaldi af fundi höfuðbiskupanna.

Leiðtogar frá kirkjum Porvoo samfélagsins hittust í Sigtuna í Svíþjóð í mars 2010 til að fara yfir starf sambandsins og gera tillögur að áherslum næstu ára. Slíkir fundir eru haldnir á fjögurra ára fresti og þá sækja að jafnaði höfuðbiskupar kirknanna. Að auki senda kirkjurnar fulltrúa sem sinna stjórnun eða ákvarðanatöku innan þeirra. Auk biskups Íslands sótti fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Steinunn A. Björnsdóttir, fulltrúi í tengslahópi Porvoo. Hún sá um miðlun fréttu af fundinum til aðildarkirkna og á vef Porvoo sambandsins.

Meðal þess sem rætt var á þessum fundi var umhverfismál, bilið milli ríkra og fátækra, innflytjendasöfnuðir, afhelgun og boðun, pvertrúarleg málefni og hlutverk ólíkra starfa og embætta innan kirknanna. Þá gafst tækifæri fyrir þátttakendur til að hitta starfssystkin í öðrum kirkjum Porvoo samfélagsins.

Porvoo vefsíðan var uppfærð á árinu og er hana að finna á www.porvoo-

churches.org. Umsjón með innihaldi hefur Steinunn A. Björnsdóttir en útlit og vefmál eru að mestu í höndum kirkjunnar í Wales.

Eitt af því sem Porvoo samkomulagið kveður á um er gagnkvæm viðurkenning embætta. Í ljósi þess hafa íslenskir prestar unnið í Bretlandi en í haust fer fyrsti íslenski presturinn til starfa á Írlandi. Það er sr. Ása Björk Ólafsdóttir. Hún sótti um eitt af þremur embættum sem Þjóðkirkjan auglýsti að beiðni biskupsins í Meath og Kildare. Ása Björk verður prestur í Kells.

Norræn samvinna

Norræn samvinna er alltaf talsverð og verður enn mikilvægari nú er Þjóðkirkjan þarf að draga úr þátttöku og

ferðum. Þá er gott að styðjast við skýrslur og samtöl við norræna samstarfsaðila til að fylgjast með og hafa áhrif.

Það er greinilegt að mikinn hlýhug er að finna meðal norræna kirkna í garð Íslendinga og Þjóðkirkjunnar. Kemur það fram í boði um aðstoð en einnig í áhuga þeirra á að tryggja þátttöku okkar í samfélaginu, meðal annars með því að halda fundi á Íslandi. Þannig var haldinn fundur hér í norrænu kvennanefndinni (Nordisk Ekumenisk Kvinno Konferens) í nóvember 2009 og haust og vetur 2010 – 2011 verða þrjú norrænir fundnir haldnir hér á landi. Þá var verkefnastjóri boðinn til Svíþjóðar af Sveriges Kristna Råd til að bregðast við erindum á málþingi um kirknasamfélagið í Svíþjóð og á Norðurlöndum.

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi

María Ágústsdóttir, formaður

Alþjóðleg samkirkjuleg bænavika fyrir einingu kristinnar hefur verið haldin á Íslandi frá 1980 og voru því 30 ár liðin í janúar 2010. Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga Íslandi hóf störf árið 1979, en á prestastefnunni á Eiðum tveimur árum áður var samþykkt tillaga þessa efnis. Í fyrstu var nefndin skipuð fulltrúum Þjóðkirkjunnar, kapólsku kirkjunnar, aðventkirkjunnar og hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu undir forystu sr. Ólafs Odds Jónssonar. Fljótlega bættist Hjálpræðisherinn í hópinn.

Þessi skipan nefndarinnar hélst í rúm 20 ár en með starfsreglum frá 2002 var ákveðið að opna nefndina fleiri kristnum trúfélögum. Nú eiga níu kristin trúfélög og hópar aðild að nefndinni.

Nefndarfolk þiggur ekki sérstök laun fyrir störf sín. Styrkur frá trúfélögum, þ.m.t. Þjóðkirkjunni, hefur verið nýttur til að auglýsa alþjóðlegu bænavíkuna. Þjóða trúfélögin fram fundaraðstöðu og veitingar til skiptis og er kostnaður því enginn nema fyrir gestgjafann hverju sinni. Fundir eru haldnir mánaðarlega utan sumarleyfistíma.

Fulltrúar í Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi 2009-2010 voru: Aðventkirkjan – dr. Eric Guðmundsson Fíladelfía – Vörður Leví Traustason, forstöðumaður Hjálpræðisherinn – major Anne Marie Reinholdtsen, yfirforingi Íslenska Kristskirkjan – Friðrik Schram, safnaðarprestur

Kapólska kirkjan – dr. Jakob Rolland
Óháði söfnuðurinn – Guðrún Halla
Benjamínsdóttir, safnaðarformaður
Rússneska rétttrúnaðarkirkjan –
sr. Tímur Zolotuskiy

Vegurinn – Högni Valsson,
forstöðumaður

Þjóðkirkjan – sr. María Ágústsdóttir og
sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

Í forföllum fulltrúanna sóttu nokkra fundi þau Sigurður Ingimarsson (Hjálp-ræðisher) og Edda M. Swan (Ísl. Krists-kirkjan) ásamt Jóni Þór Eyjólfssyni og Helga Guðnasyni (Filadelfía). Þá starfaði sr. Þorvaldur Víðisson með nefndinni í þriggja mánaða námsleyfi formannsins haustmisserið 2009.

Alþjóðlega bænavikan fyrir einingu kristninnar

Meginviðfangsefni SKT er að skipu-
leggja og framkvæma Alþjóðlega sam-
kirkjulega bænaviku fyrir einingu kristn-
innar, sem haldin er á norðurhveli jarðar
um 18. – 25. janúar ár hvert. Undanfarin
ár hefur bænavikan einnig verið haldin
á Akureyri fyrir tilstilli samkirkjulegs
hóps þar og bænaefnin eru notuð víðar
í kirkjum landsins þessa daga.

Bænavikan árið 2010, sem hófst með
útlarpsguðspjónustu frá Dómkirkjunni
17. janúar, var til marks um þann
vináttu- og einingaranda sem einkennir
samskipti kristinna trúfélaga á Íslandi.
Alls voru 16 bæna- og samverustundir
auglýstar sunnan og norðan heiða, auk
annars helgihalds sem tók mið af efni
bænavikunnar. Nýjung í bænavikunni
var helgun hafsins sem fór fram í Naut-
hólsvík á vegum Rússnesku rétttrúna-
aðarkirkjunnar þriðjudagskvöldið 19.
janúar og voru nokkrir hraustir karlar
og konur sem skelltu sér í sjósund á

eftir í úfnu og myrku hafinu. Þá var
prentað veggspjald með dagskrá bæna-
vikunnar og tóku trúfélögin öll þátt í
kostnaðinum.

Útlarpsguðspjónustur og samkirkjulegar bænastundir

Söfnuðunum sem aðild eiga að nefnd-
inni stendur til boða að hafa útlarps-
guðspjónustu árlega og hafa þau flest
nýtt sér það. Hin árlega samkirkjulega
útlarpsguðspjónusta á skírdag, sem
herra Pétur Sigurgeirsson kom á
árið 1982 ásamt þáverandi formanni
nefndarinnar, dr. Einari Sigurbjörnssyni,
var nú í þriðja sinn haldin í kirkju Óháða
safnaðarins og tileinkuð Alþjóðlegum
bænaþegi kvenna.

Í samvinnu við Friðrikskapelluhóp-
inn, sem er þverkirkjulegur og vaxandi
bænahópur fyrir landi og þjóð, var
haldin fjölsótt bænasamkoma í Hall-
grímskirkju á 17. júní 2010. Fulltrúar
14 kristinna trúfélaga og hópa önnu-
uðust lestur og bænaþjórð ásamt
tónlistarflutningi og var stundin afar
vel heppnuð, en á 5. hundrad manns
kom saman í þessari stærstu kirkju
Íslands þetta síðþegi. Vonir standa til
að bænaþarfið breiðist út um allt land
en m.a. er horft til „landsbænaþags“ að
svissneskri og finnskri fyrirmynd.

Ýmis mál

Ýmis mál hafa komið inn á borð nefndar-
innar á liðnum misserum, s.s. viðbrögð
við niðurskurði á sóknargjöldum en bréf
var sent í lok ársins 2009 til yfirvalda
um það mál. Einnig hafa frumvörp verið
til umfjöllunar, nú síðast frumvarp til
einna hjúskaparlaga. Fór nefndin á fund
dómsmála- og mannréttindaráðherra,
Rögnu Árnadóttur, þann 18. júní 2010

og átti þar gagnlegar viðræður um m.a. fyrrgreind málefni, en markmið fundarins var að mynda tengsl á milli ráðuneytis og Samstarfsnefndarinnar.

Anne Marie Reinholdtsen minnst

Fyrir utan formlega afgreiðslu mála eru fundir SKT mikilsverður vettvangur fyrir umræður um kenningaleg málefni, upplýsingagjöf af ýmsu tagi og ekki síst andlegt samfélag í bæn og vináttu. Sem dæmi um ávöxt hins síðast nefnda má nefna pílagrímsgöngu sem Anne Marie Reinholdtsen, yfirforingi Hjálpræðishersins skipulagði með fulltrúum þjóðkirkjunnar í nefndinni og dr. Péttri Péturssyni í ágúst 2009. Var gengið frá Þingvöllum í Skálholt ásamt fríðum hópi hjálpræðisherskvenna frá Noregi og nokkrum Íslendingum.

Anne Marie lést í Gilsfirði laugardaginn 19. júní 2010 á leið í mótórhjólamessu á Hólmavík. Nefndin minnst hennar með þökk og virðingu, en þar fór mikill leiðtogi og sannur lærisveinn sem setti mark sitt á íslenskt samfélag og samkirkjulegan vettvang. Fjöldmenn minningarathöfn um major Anne Marie fór fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 22. júní 2010.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna

Auk aðildar sinnar að SKT var Anne Marie virkur þátttakandi í Alþjóðlegum bænadegi kvenna. Um tuttugu konur frá 11 kristnum trúfélögum og hópum á höfuðborgarsvæðinu standa að skipulagningu og framkvæmd bænadags

kvenna á Ísland, en milli 30-40 konur, leikar og lærðar, taka þátt í undirbúningsstarfinu um allt land. Árið 2010 var samkoma haldin föstudaginn 5. mars í Digraneskirkju og dagskráin endurtekin í útvarpsguðsþjónustu á skírdag. Bænastundir og samkomur voru einnig á 12-14 öðrum stöðum á Íslandi. Efnið var sent út frá Kamerún. Þess má geta að ABDkv á Íslandi hefur engin fjárráð utan samskotin sem renna beint til HÍB.

Undirrituð, sem hefur leitt starf landsnefndarinnar undanfarinn áratug, sótti haustið 2009 Evrópuráðstefnu ABDkv sem haldin var á Englandi í september. Meginefni ráðstefnunnar var hvernig auka má þátttöku yngri kvenna í Alþjóðlega bænadeginum í mars. Einnig var mikið rætt um mansal, en næstu fimm ár verða sérstaklega helguð því málefni.

Það var 8. mars 1935 sem dagurinn var fyrst haldinn á Íslandi og var það Kristniboðsfélag kvenna sem stóð að bænastundinni. Er hljótt um bænadaginn fram á 6. áratug 20. aldarinnar að hann var endurvakinn af Hjálpræðisherskonunum, en bandarískar konur á Keflavíkurflugvelli höfðu áður haldið daginn hjá sér og boðið íslenskum konum til sín. Á árunum eftir 1960 fór Alþjóðlegur bænadagur kvenna að taka á sig skipulagða mynd hérlendis í samstarfi kvenna frá mörgum kristnum trúfélögum undir forystu Auðar Eirar Vilhjálmisdóttur. Samkirkjulegt starf kvenna á sér því mun lengri sögu en hið formlega samstarf trúfélaganna sem hófst fyrir rúmum 30 árum.

Skálholtsskóli

Kristinn Ólason, rektor

Óhætt er að fullyrða að starfsárið 2009-2010 hafi verið bæði fjölbreytt og farsælt í starfi Skálholtsskóla. Hér hafa verið á dagskrá margbreytileg verkefni og hafa þau verið betur sótt en oft áður. Margir Íslendingar gerðu sér ferð í Skálholt á tímabilinu og skoðuðu hér kirkjuna, safnið í kjallara hennar og sýningar skólans. Það er nýjung í starfinu að tekin hefur verið upp rafræn skráning á vef okkar www.skalholt.is á flesta dagskrárliði, kyrrðardaga, námskeið og ráðstefnur. Með þessu er dagskráin gerð aðgengilegri þeim sem vilja nýta sér hana. Fastráðnir starfsmenn skólans eru sjö talsins. Kallað hefur verið á aukastarfsfólk á mestu álagstímum, ekki síst yfir sumartímamann. Í yfirliti þessu verður litið til baka, en einungis stiklað á stóru um það sem hér fór fram.

Guðfræði- og fræðsluvið

Í byrjun júnímánaðar kom hingað í annað skipti skólahópur frá Meredith College í Norður-Karólína í Bandaríkjunum. Hópurinn kom hingað til námsdvalar í mánuð ásamt kennurum sínum dr. Michael Novak og dr. Eloise Gradwohl. Í kennslu sinni leggja þau áherslu á miðaldasögu Íslands og íslenska bókmenntasögu. Þau fara í skipulagðar skoðunarferðir um landið, heimsækja stofnanir og íslensk heimili hér í grennd.

Í júní var haldin evrópsk ráðstefna á sviði gamlatestamentsfræða. Þar komu saman 15 fræðimenn frá Íslandi, Sviss og Þýskalandi til að fjalla um

texta Gamla testamentisins frá ýmsum sjónarhornum. Ráðstefnan var í alla staði vel heppnuð og gerður var góður rómur að umgjörð hennar í Skálholti. Gefið verður út sérstakt ráðstefnurit af þessu tilefni sem kemur út í Þýskalandi undir ritstjórn rektors.

Þá var haldin fjölmenn ráðstefna undir heitinu *Þjóðkirkjan og lýðræðið* þar sem fjölmargir ræðumenn úr röðum kirkjunnar, leikir og lærðir, tóku til máls. Lögð var áhersla á að líta til baka og skoða þróun kirkjunnar frá því þjóðkirkjulögin voru sett 1997. Meðal ræðumanna voru Þorsteinn Pálsson þáv. dóms- og kirkjumálaráðherra, Pétur Hafstein forseti Kirkjupings, sr. Gunnar Kristjánsson, dr. Pétur Pétursson, Hulda Guðmundsdóttir, sr. Skúli S. Ólafsson, sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir, dr. Svanur Kristjánsson, Ásdís Emilsdóttir Pedersen og Stefán Einar Stefánsson. Erlendir gestir voru Harald Heggstad prófessor frá Noregi og Thies Gundlach frá Þýsku kirkjunni. Hátt í 80 manns sóttu þessa ráðstefnu sem verður að teljast harla góð mæting.

Dagana 7.-8. september leiddi dr. Ann Ulanov prófessor í geðlæknis- og trúarbragðafræðum frá New York endurmenntunarnámskeið fyrir presta og guðfræðinga. Með henni í för var dr. Lisa Cataldo sem er aðstoðarprófessor í sálgæslufræðum við Fordham háskólann. Þær stölluð um sálfræði prestsþjónustunnar, endurmenntun og uppbyggingu þeirra sem þjóna öðrum. Góð þátttaka var á námskeiðinu en Skálholtsskóli stóð fyrir því í samvinnu við dr. Hauk Inga Jónasson.

Berit Okkenhaug frá Osló kom einnig í september og leiddi námskeið um sálægslu á erfiðum tímum á vegum Skálholtsskóla, Djáknafélags Íslands og guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Uppbókað var á námskeiðið og var mikil ánægja með kennslu og framsetningu Beritar. Tekin var ákvörðun um að endurtaka leikinn að ári með nýjum kennurum frá Noregi.

Árlegt prédikunarsemínar Kjalar-nessprófastsdæmis var haldið í október og var aðalfyrirlesari þess dr. Wilhelm Gräb, prófessor í praktískri guðfræði við Humboldt háskólann í Berlín. Yfirskrift þess var að þessu sinni „Ný trúarmening í mótun“. Höfuðviðfangsefni seminarsins var inntak og eðli prédikunarinnar við breyttar forsendur í nútímasamfélagi. Hvernig túlkar prédikarinn fjölbreytilega reynslu fólks, hvað er trúarleg reynsla, hvernig birtist hið trúarlega í eftir-afhelguðu samfélagi?

Í nóvember 2009 var í fyrsta skipti haldið í Skálholti sérstakt meðvirkni-námskeið frá mánudegi til föstudags. Aðeins 18 manns fengu aðgang að námskeiðinu og var langur biðlisti. Leiðbeinendur voru sr. Anna S. Pálsdóttir, Margrét Scheving, Kjartan Pálmason og Percy Stefánsson. Námskeiðið var endurtekið í marsmánuði 2010 og var aftur langur biðlisti eftir þátttöku á námskeiðinu.

Dagana 15.-16. nóvember var haldin ráðstefna á vegum Skálholtsskóla, tímaritsins Glímunnar og Reykjavíkur-Akademíunnar. Yfirskrift hennar var *Sjálfsmynd þjóðar* en þar fjallaði þverfaglegur hópur um þjóðarhugtakið, sjálfskilning þjóðar og sjálfsmynd. Meðal fyrirlesara að þessu sinni voru dr. Clarence E. Glad, Egill Arnarson, Guðmundur Andri Thorsson, dr. Guð-

mundur Hálfðánarson, Katla Kjartansdóttir, sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, Stefán Karlsson og Valborg Kjartansdóttir auk rektors. Fjörugar umræður urðu í kjölfar erinda og voru allir sammála um að nauðsynlegt væri að gera efni ráðstefnunnar aðgengilegt. Það verður því prentað í 7. árg. Glímunnar 2010.

Á nýja árinu má nefna hina árlegu Prettándaakademíu í janúar með fjölbreyttri dagskrá, en hún var fjölsótt að þessu sinni. Yfirskrift hennar var *Guðstrúin, geðið og kreppur*. Meðal fyrirlesara voru Árni Bergmann, dr. Haukur Ingi Jónasson, sr. Berglind Guðmundsdóttir, Gunnbjörg Óladóttir og dr. Páll Matthíasson.

Í maímánuði var boðið upp á tvo viðburði á guðfræðisviði: Dr. Elisabeth Schüssler Fiorenza, prófessor í guðfræði við Harvard háskóla í Bandaríkjunum kom og bauð upp á námskeið undir yfirskriftinni „Dans túlkunarinnar“. Þá kom dr. Georg Braulik, prófessor í Vínarborg, og flutti tvo fyrirlestra um siðbótaráherslur Fimmtu Mósebókar annars vegar og notkun Davíðssálma í helgihaldi kirkjunnar hins vegar. Fjölmenni sótti báða þessa viðburði.

Þá eru ónefndir allnokkrir minni fundir og námskeið sem voru haldin hér á þessu tímabili, ýmist á vegum skólans eða á vegum annarra aðila. Í því sambandi má til dæmis nefna fjölmörg fermingarnámskeið (dagsheimsóknir), árlega formannafundi Reykjavíkur-prófastsdæmanna, samveru starfsfólks Hjálparstofnunar kirkjunnar, Samkirkjunefnd og fund Sálmaabókarnefndar.

Skúli Sæland sagnfræðingur setti upp yfirlitssýningu í Skálholtsskóla um endurreisn staðarins, allt frá því að svonefnd Skálholtsnefnd var skipuð 1947 og fram til ársins 1980. Af þessu tilefni voru fluttir nokkrir fyrirlestrar sl.



vetur í skólanum. Meðal fyrirlesara má nefna Ásdísi Ólafsdóttur listfræðing (listaverk kirkjunnar), Hjalta Hugason prófessor (sýn Sigurbjörns biskups Einarssonar á endurreisn staðarins), Pétur Pétursson prófessor (sögulegt og hugmyndafræðilegt samhengi endurreisnarinnar), Skúla Sæland sagnfræðing (Skálholti sorðan) og Þorkel Helgason stærðfræðing (Sumartónleikarnir).

Kyrrðardagar

Alls var boðið upp á 19 kyrrðardaga starfsveturinn 2009-2010, flestir þeirra opnir almenningi. Kyrrðardagar eru mislangir og með mismundi sniði, en markmið þeirra allra er að njóta þess að vera án áreitiss um stund. Kyrrðina má sannarlega flokka undir lífsgæði sem talsverður skortur er á í nútímasamfélagi. Áberandi í dagskránni hafa verið kyrrðardagar með kristinni íhugun (centering prayer), en þessi bæna- og íhugunaraðferð nýtur æ meiri vinsælda á Íslandi. Therese

Saulnier frá Bandaríkjunum kom og leiðbeindi á slíkum kyrrðardögum í nóvember, en hún hefur 20 ára reynslu af þessari bænaaðferð. Sr. Elínborg Gísladóttir, sr. Guðrún Eggertsdóttir, Sigurbjörg Þorgrímsdóttir og sr. Ragnheiður Jónsdóttir leiddu kyrrðardaga af þessum toga, nú síðast í maí átta daga kyrrðardvöl með áherslu á kyrrðarbæna (centering prayer).

Þar að auki voru heilsutengdir kyrrðardagar eins og Feldenkrais-námskeið í janúar sem Sibyl Urbancic stjórnaði, kyrrð og lífsgæði í mars sem boðið var upp á í samstarfi við Kristilegt félag heilbrigðisstétta og kyrrð með qi gong í umsjá Gunnars Eyjólfssonar og Björns Bjarnasonar. Aðrir kyrrðardagar voru Tólf spor og kyrrð (sr. Anna S. Pálsdóttir og Margrét Scheving) í nóvember, Íhugun og slökun á aðventu (Pétur Pétursson og Anna Ingólfssdóttir), Lífsgangan (sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir) og kyrrðardagar í dymbilviku (Kristinn Ólason, Harpa Hallgrímsdóttir og Halldór Reynisson).

Sérstakir kvennadagar eða systradagar eru haldnir tvisvar á ári. Þessi hópur hefur sjálfur annast undirbúning og skráningu kyrrðardaga á imbrudögum. Þá voru haldnir sérstakir kyrrðardagar fyrir Aflann, félag iðkenda qi gong á Íslandi. Þátttaka var almennt mjög góð á kyrrðardaga í Skálholti þetta starfsár, reynt hefur verið jafnt og þétt að efla fjölbreytni í framboði á slíkum dögum.

Tónlistarsvið

Skálholtsbúðirnar ásamt bústöðum staðarins eru í notkun nánast allt árið. Þangað koma fjölmargir kórar og aðrir tónlistar- og íhugunarhópar sem æfa þar um helgar og jafnvel í miðri viku.

Haldið var opið námskeið í tíðasöng dagana 11.-13. júní. Kennari á námskeiðinu var benediktínamunkur frá klaustrinu Saint-Pierre Solesmes í París, Daniel Saulnier að nafni, en hann hefur nýlega sent frá sér kennslubók í tíðasöng (*Gregorian Chant. A Guide to the History and Liturgy*). Hann er kennari páfans í lítúrgiskum fræðum.

Söngmálastjóri stóð fyrir tveimur fjölmennum námskeiðum í ágúst. Annars vegar barnakórstjóranámskeiði sem Sibyl Urbancic frá Vínarborg og Margrét Pálmadóttir leiddu. Í beinu framhaldi var haldið námskeið fyrir organista sem Susan Landale frá París, Eyþór Ingi Jónsson og Hörður Áskelsson önnuðust. Að þessu sinni var lögð áhersla á tónlistarflutning í messunni og var sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson prestur á Selfossi fenginn til liðs við hópinn. Bæði námskeiðin voru vel sótt og er augljóst að vaxtarbroddur er í námskeiðahaldi Söngmálastjóra.

Um haustið bauð Þróstur Eiríksson upp á námskeið í lítúrgiskum fræðum

fyrir nokkra af nemendum Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Jón Þorsteinsson tenórsöngvari og söngkennari í Utrecht bauð upp á þrjú söngnámskeið á tímabilinu og voru þau öll vel sótt. Í tónlistarkennslu sinni styðst Jón við svokallaða Lichtenbergeraðferðafræði um uppruna hljóms í mannlíkamanum. Þetta er starfræn aðferð sem þróuð hefur verið í Lichtenberg í Þýskalandi. Jón hefur skipt námskeiðunum niður fyrir byrjendur annars vegar og þá sem eru lengra komnir í söngnámi hins vegar.

Á 34. starfsári Sumartónleikanna í Skálholti var að vanda boðið upp á fjölbreytta dagskrá, en tónlist eftir Haydn og Händel var nokkuð áberandi á ártíð þeirra. Dagskráin taldi 34 viðburði á tímabilinu frá 4. júlí til 6. ágúst. Ég nefni nokkur dæmi: Kammerkórinn Carmina söng sálma frá 17. og 18. öld undir stjórn Árna Heimis Ingólfssonar, Kammersveitin Nordic Affect bauð upp á dagskrá undir yfirskriftinni *Sætari en rósir. Ferðalag um England* á 17. og 18. öld, sönglög eftir Purcell, Blow og Händel. Skálholtskvartettinn flutti Kvartett op. 9 nr. 5 eftir Haydn og *Dauðan og stúlkuna* eftir Schubert. Cammerarctica flutti tónlist eftir Sammartini, Haydn og Hoffmeister. Staðartónskáld voru að þessu sinni þau Þuríður Jónsdóttir og Atli Ingólfsson en sönghópurinn Hljómeyki flutti tónlist þeirra. Á Skálholtshátíð flutti Hljómeyki Dixit Dominus eftir Händel. Lokatónleikarnir voru helgaðir flaututónlist í flutningi Íslenska flautukórsins. Meðal þess sem þar var flutt var frumflutningur á nýjum konsert eftir Huga Guðmundsson. Fjölmargir erlendis gestir tóku þátt í sumartónleikunum að þessu sinni, má þar nefna tónlistarhópana Musica ad Gaudium og Ensemble U3, Jaap

Schröder, Peter Spisky, Georgia Brown, Tuomo Suni, Benoit Vanden Bemden, Karl Nyhlin og Anna Nyhlin.

Helga Ingólfssdóttir semballeikari, stofnandi Sumartónleikanna í Skálholti og formaður þeirra til 30 ára, lést 21. október sl., 67 ára að aldri. Helga lauk einleikaraprófi í píanóleik frá

Tónlistarskólanum í Reykjavík 1963 og stundaði framhaldsnám í semballeik í Þýskalandi, en hún var brautryðjandi í þeirri grein á Íslandi. Skálholtsskóli þakkar henni samfylgdina og farsælt samstarf á þessum árum og ekki síst hennar góða framlag til að efla menningu og listir á Skálholtsstað.

Starfsþjálfun djáknaefna - djáknanefnd

Ragnheiður Sverrisdóttir, formaður

Í djáknanefnd sitja Ragnheiður Sverrisdóttir verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs, formaður og Elísabet Berta Bjarnadóttir, fjölskylduráðgjafi. Kirkjuráð veitti kr. 300 þúsund til verkefnisins 2009 og 100 þúsund 2010.

Verkefni nefndarinnar er að annast starfsþjálfun djáknaefna. Það felst í að taka viðtöl við nemendur, meta hæfni þeirra og fylgja hverjum og einum

eftir á með á þjálfuninni stundur. Þá er þjálfun á vettvangi skipulögð en hún er í söfnuðum og á stofnunum. Nemendur sækja einnig ýmis námskeið og kyrrðardaga. Biskup hittir nemendur bæði í upphafi og lok þjálfunar og ef nemandi stenst fær hann afhent skírteini því til staðfestingar eftir helgistund í Dómkirkjunni. Að henni lokinni er samvera hjá biskupshjónunum.



Nokkrir djákna-
nemar árið 2010

Þrír djáknanemar útskrifuðust úr starfsþjálfuninni 30. júní. Það eru Ingi-gerður Anna Konráðsdóttir, Margrét Gunnarsdóttir og Ásdís Magnúsdóttir. Allar hafa þær lokið prófi frá guðfræði- og trúarbragðfræðideild Háskóla Íslands með 60 eininga djáknánám – viðbótarnám. Í september 2010 munu sjö nemendur útskrifast.

Haustið 2009 sóttu 10 nemendur um að hefja starfsþjálfun en þá þegar voru 9 nemendur þegar í henni, 19 alls manns.

Nemendur voru á vettvangi hjá þessum djáknum: Guðrúnu Kr. Þórsdóttur hjá ÖBÍ, Margréti Ólöfu Magnúsdóttur í Árbæjarkirkju, Ragn-

hildi Ásgeirsdóttur í Fella- og Hóla- kirkju, Nönnu Guðrúnu Zoëga í Vídalínskirkju, Grétu Konráðsdóttur í Bessastaðasókn, Gunnari E. Steingrímssyni í Grafarvogskirkju, Rósu Kristjánsdóttur á Landspítalanum, Guðbjörgu Ágústsdóttur á Sólvangi – St. Jósefsspítala, Jóni Jóhannssyni á Sóltúni, Fjólu Haraldsdóttur í Mosfells- prestakalli, Ásdísi Pétursdóttur Blöndal í Áskirkju og hjá Valgerði Gísladóttur, framkvæmdastjóra Ellimálaráðs Reykja- víkurprófastsdæma og sr. Bjarna Karls- syni í Laugarneskirkju. Hér með færi ég öllum þessum aðilum bestu þakki fyrir gott starf.

Tónskóli þjóðkirkjunnar

Björn Steinar Sólbergsson, skólastjóri

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar sam- kvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkju- tónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Stjórn skólans er skipuð sr. Jóni Helga Þórarinssyni sem jafnframt er formaður; Guðnýju Einarisdóttur, organista og Ólöfu Kolbrúnu Harðar- dóttur, söngkonu. Stjórnin fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni, ásamt söngmálastjóra, Herði Áskelssyni, en starfsemi skólans tengist verkefnum hans á margan hátt.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensás- kirkju, en kennsla fór einnig fram í Akur- eyrarkirkju, Egilsstaðakirkju, Fella- og Hólakirkju, Hallgrímskirkju, Hafnarfjarð-

arkirkju, Kópavogskirkju, Langholts- kirkju og Neskirkju.

Námsframboð

Boðið er uppá þrjár námsbrautir: Kirkju- organistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur; Kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfn- uði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið upp á einleiks- áfanga fyrir þau sem vilja bæta mennt- un sína í orgelleik.

Einnig er boðið upp á nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla þjóðkirkjunnar er að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. Kirkjuorganistapróf fyrir litla söfn-

Frá skólaslitum Tónskólans í Hallgrímskirkju 21. maí s.l. Á myndinni má sjá hluta útskriftarnema ásamt skólastjóra og formanni skólastjórnar.



uði og Kantorspróf eða Masterspróf í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa við stærri söfnuði.

Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Eypór Ingi Jónsson, Guðmundur Sigurðsson, Guðný Einarsdóttir, Hákon Leifsson, Hreinn S. Hákonarson, Hörður Áskelsson, Jónas Þórir Þórisson, Kári Þormar, Lenka Mátéóva, Laufey Helga Geirsdóttir og Pröstur Eiríksson.

Fulltrúi á skrifstofu er Sigurbjörg Kristínardóttir.

Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

Skólastarfið

Skólinn var settur í Grensáskirkju 7. september 2009 og slitið 21. maí 2010 í Hallgrímskirkju. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkenndu og fjarkennslu að

ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Alls voru 25 nemendur á skrá, þar af sex á Akureyri og tveir á Austurlandi. Einn stundaði nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Tvennir tónleikar voru á vegum skólans fyrir jólin og fernir tónleikar á vorönn.

Tíu nemendur luku áfanga frá Tónskólanum í vor. Arnhildur Valgarðsdóttir, Ave Tonisson, Drífa Sigurðardóttir, Judith Þorbergsson, Ólafur W. Finnsson og Sigurður Jónsson luku kirkjuorganistaprófi.

Helga Þórdís Guðmundsdóttir, Kári Allansson og Petra Björk Pálsdóttir luku kantorsprófi.

Sveinn Arnar Sæmundsson lauk einleiksáfanga.

Námskeiðshald

Tónskólinn tók þátt í Organistanámskeiði söngmálastjóra í Skálholti í ágúst í fyrra með því að bjóða upp á masterclass í orgeltónlist Felix Mendelssohn-Bartholdy þar sem Susan Landale frá París var leiðbeinandi. Tókst námskeiðið í alla staði frábærlega bæði hvað varðar kennslu og frammistöðu nemenda.

Tónskólinn tók þátt í 10 ára vígsluafmæli Noack-orgels Langholtskirkju s.l. haust. Léku orgelnemendur skólans á hádegistónleikum 21.-25. september. Voru tónleikarnir í samvinnu við Listafélag Langholtskirkju og heppnuðust mjög vel. Tónleikarnir voru jafnframt kynningartónleikar þar sem nemendum grunn- og framhaldsskóla í sókninni var boðið.

Hörður Áskelsson, söngmálastjóri þjóðkirkjunnar hélt fyrirlestur fyrir kórstjórnarnemendur skólans í Grensáskirkju mánudaginn 30. nóvember. Á fyrirlestrinum fjallaði Hörður um kórinna í guðspjónustunni, hlutverk hans og hvernig velja má kórtónlist fyrir helgihaldið.

Hann kynnti einnig nýjasta Söngvasveig Skálholtsútgáfunnar „Heyr þú oss hinnum á“.

Eyþór Ingi Jónsson hélt starfsþjálfunarnámskeið í Akureyrarkirkju um meginþætti organistastarfsins en þetta námskeið er hluti af námi í Litúrgískum orgelleik fyrir kirkjutónlistarnemendur í Listaháskólanum.

26. apríl s.l. var haldin „Tónskólamessa“ í Langholtskirkju þar sem séra Jón Helgi Þórarinsson messaði.

Þar komu fram nemendur skólans í orgelleik, litúrgískum orgelleik og kórstjórn og skiptu með sér hlutverkum í messunni. Þessi nýjung í starfi skólans tókst prýðilega og mun án efa festast í sessi. Til stóð að Þróstur Eiríksson, kenn-

ari skólans í sálma- og helgisiðafræði héldi fyrirlestur í tengslum við messuna um „Tónlistina í guðspjónustunni“ en vegna gossins í Eyjafjallajökli varð ekkert af fyrirlestrinum. Vonandi getur Þróstur flutt fyrirlesturinn seinna þar sem áhugavert er að tengja saman fræðslu og framkvæmd.

Öll námskeið og fyrirlestrar á vegum skólans eru opnir og kynntir fyrir félögum í FÍO.

Fjármál

Tekjur þjóðkirkjunnar hafa dregist saman sem hefur haft umtalsverð áhrif á stofnanir hennar, þar með talið Tónskólann. Hefur verið leitað allra leiða til hagræðingar og hefur það verið markmið skólalæra og stjórnar skólans að láta þennan niðurskurð hafa sem minnst áhrif á skólastarfið. Þrátt fyrir þennan niðurskurð hefur tekist að halda rekstri skólans innan ramma fjárhagsáætlunar.

Námsframboð á Austurlandi

Haustið 2008 hófst tveggja ára tilraun á námsframboði til Kirkjuorganistaprófs í samvinnu við Kirkju- og menningarmiðstöðina á Eskifirði. Hafa tveir nemendur stundað námið með þeim árangri að núna í vor luku þau Kirkjuorganistaprófi. Ekki verður áframhald á þessu námsframboði en áhugasömum nemendum fyrir austan verður vísað til Akureyrar þar sem Tónskólinn rekur öflugt útibú í samvinnu við tónlistarskólann þar í bæ.

Samstarfið við Listaháskóla Íslands

Haustið 2008 hófst formlegt samstarf við Listaháskóla Íslands um nám í kirkjutónlist til BA-gráðu. Með sam-

starfinu fá nemendur auk náms í kirkjutónlist, menntun í kjarnagreinum tónlistar. Einnig opnast möguleikar fyrir nemendur Tónskólans til framhaldsnáms og skiptináms við tónlistarháskóla erlendis og má nefna að Eypór Franzson Wechner stundar nú nám við Mendelssohn-Bartholdy tónlistarháskólann í Leipzig í Þýskalandi.

Námið við LHI er á þessu vori að bera þann ávöxt að fyrsti nemandinn, Kári Allansson lýkur námi í kirkjutónlist til BA-gráðu á tónlistarbraut og eru það sannarlega söguleg tíðindi fyrir skólann.

Kynning

Eins og á undanförunum árum var kynningarefni um nám við skólann sent öllum organistum landsins. Nú er einnig hafið samstarf við Listaháskóla Íslands þar sem píanónemendum sem velja orgel sem systurhljóðfæri er kynnt námið við Tónskólann og þann möguleika að ljúka Kirkjuorganistaprófi samhliða píanónáminu. Þetta reglulega kynningarstarf ber greinilega árangur og er sérstaklega ánægjulegt að geta

þess að aðsókn ungs fólks að skólanum er að aukast.

Inntökuskilyrði

Stjórn skólans setti nýjar reglur um inntökuskilyrði fyrir nám við Tónskólann. Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann verða eins og áður, þ.e. nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfangu þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

Bókasafn Tónskólans

Lísa Z. Valdimarsdóttir yfirbókavörður Listaháskólans hefur áfram unnið að skráningu bókasafns Tónskólans í samvinnu við ritara skólans við uppsetningu safnsins og er sú vinna á lokastigi og nýtist þegar nemendum og kennurum skólans.

Vefsíða Tónskólans er: www.tonskoli.is

Sérþjónustuprestar

Fangaprestur Þjóðkirkjunnar

Sr. Hreinn Hákonarson

Starfssvið fangaprests Þjóðkirkjunnar jókst á síðasta starfsári með tilkomu nýs fangelsis að Bitru í Flóahreppi. Fangelsið að Bitru er skilgreint sem opið fangelsi og var formlega opnað 14. maí s.l. Af því tilefni blessaði fangaprestur starfsemina við hátíðlega athöfn. Fangelsið hafði þó verið tekið í notkun nokkru fyrir hvítasunnu og hafði fangaprestur þar um hönd guðsþjónustu að kveldi hvítasunnudags.

Í fangelsinu að Bitru geta verið allt að tuttugu fangar. Með tilkomu Bitrufangelsisins getur fangelsiskerfið hýst rúmlega 150 fanga. Fangelsið Bitra er í reisulegu húsi í um 13 km fjarlægð frá Selfossi. Húsakynni eru rúmgóð og umhverfið fagurt. Fangar sem hýstir eru í Bitru verða að taka þátt í starfi sem fram í fangelsinu. Hámarkstími fanga í þessu nýja fangelsi eru tvö ár.

Vandræðaástand hefur lengi blasað við í fangelsiskerfinu þar sem á fjórða hundrað manns bíða afplánunar og rúmlega fjögur hundruð manns bíða dóms. Innan fangelsiskerfisins er unnið að úrbótum í þessum málum en það starf gengur eins og er hægt fyrir sig en þó örugglega. Nú um stundir er horft til þess úrræðis að nýtt fangelsi verði reist í einkaframkvæmd og ríkið taki það svo á leigu til langs tíma. Enn er ekki búið að ákveða hvort hin nýja bygging verður reist á Reykjavíkursvæðinu eða austur á Eyrbakka.

Svo sem kunnugt er þá hefur lengi staðið til að loka Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg en það er rekið sem fangelsi á undanþágu. Alþjóðlegar eftirlitsnefndir hafa hvað eftir annað gert alvarlegar athugasemdir við rekstur á fangelsi að Skólavörðustíg 9. Allur aðbúnaður fanga er þar óviðunandi sem og aðbúnaður starfsfólks. Hegningarhúsið er móttökufangelsi sem þýðir að þangað koma allir fangar fyrst til afplánunar og dvelja þar um stund áður en þeir fara í önnur fangelsi. Konur fara hins vegar rakleitt í Kvinnafangelsið í Kópavogi.

Fangaprestur tekur þátt í margvíslegu starfi sem tengist fangelsiskerfinu eins og í Samráðsnefnd um málefni fanga en sú nefnd var sett á laggirnar árið 2005 að tilhlutan Fangelsismálastofnunar ríkisins. Í nefnd þessari eru m.a. fulltrúar frá Fangelsismálastofnun, meðferðarstöðum, forvarnardeild lögreglu, Rauða krossi Íslands og velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Samráðsnefndin hefur komið saman að jafnaði um mánaðarlega og farið yfir málefni fanga.

Fangaprestur hefur verið formaður fangahjálparinnar Verndar um tíu ára skeið og setið í stjórn samtakanna frá 1994. Fangahjálpin rekur áfangaheimili fyrir fanga sem eru að ljúka afplánun. Tímamótaskref var stigið í fangelsismálum fyrir fimmtán árum þegar Vernd



Hreinn Hákonarson

Fangaprestur flutti ávarp við formlega opnun fangelsisins að Bitru 14. maí s.l. og blessaði að því loknu húsnæðið og starfsemina. Fangelsið að Bitru hýsir átján fanga og er það fullsetið.



og Fangelsismálastofnun gerðu með sér samning sem heimilaði föngum að ljúka afplánum með vissum skilyrðum á áfangaheimili samtakanna. Hafa á níunda hundrað fangar dvalið á áfangaheimilinu frá því að nefndur samningur var gerður. Þessi tilhögun er ómissandi þáttur í afplánunarkerfinu og standast langflestir fangar þau skilyrði sem sett eru. Þeim föngum sinnir fangaprestur einnig en oft er sagt að heimilið sé næst fjölmennasti afplánunarstaður landsins.

Fangahjálpin Vernd fagnaði hálfjar aldar afmæli sínu á þessu starfsári með hátíðarmorgunverðarfundum þann 8. apríl. Sá fundur val vel sóttur og voru

þar flutt nokkur erindi um fangelsi, fanga og mál þeim tengd.

Félagamtökin Vernd – fangahjálp – voru stofnuð 19. október 1959 en starfsemi þeirra hófst hinn 1. febrúar 1960. Forgöngu um stofnun félagasamtakanna Verndar hafði Kvenréttindafélag Íslands. Hugsjónakonan Þóra Einarsdóttir, síðar formaður Verndar um tveggja áratuga skeið flutti erindi um aðstoð við afbrotafólk á fundi Kvenréttindafélagsins þann 28. maí árið 1958. Kvenfélög vítt og breitt um landið lögðu Vernd lið strax frá upphafi. Sömuleiðis flest öll sveitarfélög og hið opinbera.

Kristin gildi og viðhorf hafa ætíð verið í öndvegi hjá fangahjálparinn Vernd. Í starfi og skrifum hinna fjölmörgu kvenna og karla sem komu að samtökunum kemur glögggt fram að kristin trú er sá drifkraftur sem knýr þau áfram í starfi fangahjálparinnar. Kirkjunnar þjónar hafa sömuleiðis komið við sögu samtakanna. Fyrsti formaður þeirra var sr. Bragi Friðriksson, sem lést nú í vor. Hann var formaður bráðabirgðastjórnar samtakanna um hálfis árs skeið og var síðar varaformaður samtakanna til 1964. Hann var gerður að heiðursfélaga á afmælisfundi Verndar sem áður er getið. Þá var sr. Jón Dalbú Hróbjartsson varaformaður um skeið. Sr. Jón Bjarman kom einnig að starfi samtakanna með ýmsum hætti um áratugaskeið en hann var fyrst ráðinn fangaprestur á sínum tíma af Vernd, Biskupsstofu og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þá var sr. Árelíus Níelsson dyggur liðsmaður samtakanna meðan hans naut við. Sr. Brynjólfur Gíslason var á sjöunda áratug síðustu aldar um tíma framkvæmdastjóri samtakanna.

Vernd setti sér strax það markmið að leitast við, í samráði við opinber stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga, að hjálpa fólki, sem gerst hefði brotlegt við refsilöggjöf landsins. Tilgangur félagsamtakanna Verndar var að taka að sér eftirlit með fólki sem hlotið hafði dóm, skilorðsbundinn dóm og með þeim, sem frestað hafði verið ákæru á.

Fyrsta verk Verndar var að efna til jólafagnaðar á aðfangadagskvöld fyrir heimilislaust fólk. Biskup Íslands, herra Ásmundur Guðmundsson, flutti þar jólahugvekju en hann átti um hríð sæti í stjórn samtakanna. Starf jólanefndar hefur verið óslitið frá upphafi og verið hin síðari ári í samvinnu við Hjálpræðisherinn.

Félagasamtökin hafa rekið vistheimili fyrir skjólstæðinga sína allt frá því að þau tóku til starfa.

Fangaprestur hefur verið ritstjóri Verndarblaðsins í rúman áratug og komu tvö tölublöð út á þessu starfsári og það síðara var afmælisblað. Þá situr fangaprestur í húsnefnd áfangaheimilis Verndar en hún kemur saman vikulega. Þá hefur samstarf fangaprests við önnur félög og samtök sem láta sér annt um málefni fanga verið gott.

Fangaprestur hefur einnig átt mjög gott samstarf við meðferðarstöð hvítasunnnumanna í Hlaðgerðarkoti og fylgst með merku starfi endurhæfingarmiðstöðvarinnar Ekron en hún byggir á kristnum grunni.

Samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar er sem fyrr hið besta.

Samstarf fangaprests við Hjálpræðisherinn hefur verið gott en þess má geta að Herinn gefur öllum föngum jólagjafir og hefur fangaprestur séð um að dreifa þeim í fangelsin. Þá er jólafagnaður Verndar haldinn í samvinnu við Hjálpræðisherinn á aðfangadagskvöld og flutti fangaprestur hugleiðingu á þessum fagnaði eins og undanfarin ár. Samstarf um jólafagnaðinn var við Önnu Mariu Reinholdtssen, yfirforingja, sem lést með voveiflegum hætti í júní s.l. Anna Maria var einstök kona og samvinna við hana um jólafagnaðinn og annað gat ekki verið betri. Guð blessi minningu hennar.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau eru nú sex að tölum: Litla-Hraun, Kvíabryggja, Kópavogsfangelsið, Hegningarhúsið, fangelsið á Akureyri, og Bitra í Flóahreppi. Fangaprestur leitast við að vera í sem bestu sambandi við starfsmenn fangelsa, fangaverði og yfirmenn. Hann sinnir einnig föngum á áfangaheimili Verndar sem áður er

getið. Fangaprestur er heimilisprestur réttargeðdeildarinnar að Sogni en þar dvelja að jafnaði fimm til sjö sjúklingar, ósakhæfir brotamenn.

Þá á fangaprestur sæti í Kærleikssjóði Sogns sem er hollvinasjóður réttargeðdeildarinnar. Nú skipa stjórn Kærleikssjóðs Sogns: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir á Sogni, og Kristjana Thorarensen.

Helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Þráinn Haraldsson, guðfræðingur, æskulýðsforingi í Hjallasókn, var fangapresti til halds og trausts í guðspjónustum. Nokkrir kór-félagar úr kirkjukór Selfoskirkju syngja jafnan við jólamessuna á Litla-Hrauni og réttargeðdeildinni. Organistar eru þeir Haukur Gíslason og Heiðmar Ingi Jónsson. eru þeim öllum færðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Fjölmargir koma í viðtal á skrifstofu fangaprests og hefur hann einnig iðulega farið í heimahús til að ræða við aðstandendur fanga og þá sem eru á leið til afplánunar. Þá fer fangaprestur einnig með föngum í heimsóknir á heimili þeirra þegar fjölskylduaðstæður þeirra eru erfiðar. Einnig fylgir það starfi fangaprests að tilkynna föngum lát náinna aðstandenda. Þá fer fangaprestur iðulega með föngum í ýmsar kirkjulegar athafnir eins og fermingar og jarðarfarir. Sá þáttur er afar vel metinn af fjölskyldum fanga og öðrum vandamönnum þeirra.

Fréttabréf fangaprests; *Á leiðinni*, kom út mánaðarlega og er hægt að lesa pistla þess á heimasíðu fangaprests: kirkjan.is/annall/fangaprestur. Hefur fréttabréfið komið út í tólf ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

Þá ritaði fangaprestur greinar í blöð og á heimasíðu félags fanga, timamot.is. Fangaprestur fór og í nokkur stutt útvarpsviðtöl í tengslum við starf sitt og ástand mála í fangelsiskerfinu.

Í opnu fangelsunum tveimur, Bitru og Kviabryggju, hafa fangar heimild til netnotkunar, og sömuleiðis fangelsinu á Akureyri með nokkrum takmörkunum þó. Margir fanganna hafa nýtt sér þetta og verið í tölvupóstssamskiptum við fangaprest út af ýmsum málum. Er það svo að segja nýr angi í þjónustunni við þau fangelsi sem fjær eru.

Fangaprestur er félagi í *Prison Fellowship International* og tekur virkan þátt í Íslandsdeild þeirra samtaka (Alþjóðasamtök kristinna fangavina á Íslandi). Íslandsdeild PF kom í fjórða sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Viðtökur við englatrénu hafa verið afar góðar frá fyrstu tíð og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Fangaprestur hefur leitað til nokkurra aðila um að gerast liðsmenn Prison Fellowship á Íslandi. Í eðli sínu eru þetta leikmannasamtök og er brýnt að leikmenn taki þar forystu. Umsjón fangaprests með samtökum þessum hér hin undanfarandi ár hefur verið tímabundin. Á þessu starfsári gekk til liðs við Prison Fellowship, Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, guðfræðingur. Hún er starfsmaður Samhjálp. Prison Fellowship hefur haldið samkomur í fangelsum landsins frá því í haust í samvinnu við fangaprest, Samhjálp, og Hjalpræðisherinn. Samkomur þessar hafa í raun og veru verið samkirkjulegar eins og sést á því hverjir leggja þeim lið. Tónlistarfólk hefur gegnt mikilvægu hlutverki á þessum samkomum; boðið hefur verið upp á fyrirbæni; trúin boðuð og samkenndin eflað í lok stundar yfir kakói og

kökum. Sigríður Hrönn hefur veitt þessu starfi forystu af miklum eldmóði og trúfesti. Síðasta samkoma vetrarins var á Kviabryggju nú í vor og er stefnt að því að hefjast aftur handa á hausti komanda. Samkomur þessar hafa verið mjög vel sóttar af föngum. Þróun þessa starfs á síðasta starfsári vekur vonir um að Prison Fellowship verði nokkurs konar farvegur samkirkjulegrar boðunar í fangelsunum.

Í skýrslum liðinna ára hefur ætíð verið minnst á félag aðstandenda fanga, Aðgát. Það hefur heimasíðu og um hana hefur fangaprestur séð með aðstoð góðra manna. Því miður lá starf Aðgátar niðri á síðasta ári en til stendur að vekja það til lífs á hausti komanda. Félag þetta var stofnað fyrir nokkrum árum og hélt fundi sína í upphafi í Grensáskirkju. Aðgát hefur reynst góður vettvangur fyrir aðstandendur fanga.

Fangaprestur er oft beðinn um að koma á fundi ýmissa félaga og kynna starf sitt og ræða tengsl fangelsa og kirkju. Á síðasta ári fór hann þessara erinda þrisvar sinnum.

Erlend samskipti voru á þessu starfsári lítil sem engin öðruvísi en í gegnum tölvupóst og síma. Fangaprestur fór ekkert utan í tengslum við starf sitt og hingað kom enginn útlendingur í samstarfi við hann eins og oft áður. Hins vegar átti hann ásamt öðrum sérþjónustuprestum ánægjulegan samfund í Neskirkju með bandarískum guðfræðinemum frá Wartburg Theological Seminary sem voru hér á vegum sr. Gunnars Sigurjónssonar. Bauð fangaprestur þessum bandarísku guðfræðinemum heim til sín í mat og var það góð kvöldstund.

Prestur fatlaðra

Sr. Guðný Hallgrímsdóttir

Umfang og staðsetning

Þjónusta prests fatlaðra nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tök á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist því af þeim fjölmörgu ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem

í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðapjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta til þess að komast á milli staða. Staðsetning skrifstofunnar er mjög góð og aðstaða öll í Grensáskirkju með miklum sóma. Síðast en ekki síst er það dýrmætt að fá að starfa í umhverfi kirkjunnar, með góðu aðgengi að altari og í samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.



Guðný
Hallgrímsdóttir

Sorgarvinna

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vanda-

manna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtíma vistanir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er stadd í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta ári voru haldnar níu bænastundir í tengslum við missi.

Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum

Reykjavíkur. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtíma vistanir, heimili fatlaðra o.fl. voru á síðasta ári 205 talsins.

Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötludum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sækí t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða hag langveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálpar, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Ég hef í gegnum árin átt mjög ánægjulegt og gefandi samstarf við foreldraráðgjafa Sjónarhóls, sér í lagi Hrefnu Haraldsdóttur og hef haft mikinn og góðan stuðning af því samstarfi. Það er geymsleg dýrmætt að læra af öðrum sem vita betur og hafa mikla reynslu. Fyrir það er af hjarta þakkað. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina www.sjonarholl.net. Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra og námskeið fyrir hin ýmsu félagsamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Á síðasta ári voru m.a. haldnir fyrirlestrar um sorg og sorgarviðbrögð, siðferði og siðfræði,

mannleg samskipti og sál gæslu meðal fólks með þroskahömlun.

Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar ekki vel fólki með þroskahömlun. Málfar, söngur og litúrgían öll nær því miður sjaldan til fólks með þroskahömlun. Ég þreytist aldrei á því að hvetja presta og starsfólk kirkjunnar til að bjóða fötluðu fólki þátttöku í helgihald kirkjunnar og þar með velta fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á leiðir eins og að fólki með þroskahömlun sé boðið að taka þátt í messuhópum, lesa léttu texta, bjóða fólk velkomið, útdeila sálmaþókum eða tendra ljós í upphafi samveru. Það er trúá mín að víða væri mögulegt að bjóða upp á messuform þar sem fólki með þroskahömlun væri mætt þar sem það er stutt án þess að falla í þá gryfju að tala til fullorðins fólks með þroskahömlun, líkt og að um börn væri að ræða.

Ég flyt hugvekjur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra. Það færist líka í vöxt að halda hugvekjur í kyrrvikum til að ræða um páskana. Samverur sem þessar eru venjulega haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaðra vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem hvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsóknna. Á síðasta ári komu nokkrir hópar úr sérdeildum grunnskólanna og framhaldskólanna til kirkju. Þar leiddi ég sérstakar aðventustundir fyrir hvern hóp fyrir sig. Kirkjurnar sem um ræðir eru Grensáskirkja og Fossvogskirkja.



Frá samverustund í Grensáskirkju

Samverur í Grensáskirkju

Í samvinnu við ÆSKR

Samvinna við ÆSKR hófst í byrjun árs 2005. Tilgangurinn var að opna kirkjuna fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarpörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverunar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan hálf-fimm til hálf-sex. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda á síðasta ári. Dagný Halla Tómasdóttir, framkvæmdastýra ÆSKR hefur verið í góðu samstarfi við mig og hún á miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Þorvaldur Halldórsson hefur svo séð um söng og undirleik af sinni alkunnu snilld. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs.

Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við öll þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfara, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa verið svo indæll að leita til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu

ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau leiti uppi fólk með þroskahömlun í sóknum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

Fermingarfræðsla þroskaheftra

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umhverfi þessarar fræðslu hefur breyst þó nokkuð á þessum árum sem liðin eru. Þar má þá helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svonefndur: „Skóli án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á fleiri heimsóknir og ferðalög vegna þess að ég hef komið inn í sérdeildir skólanna og sinnt þar fermingarfræðslu. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Organisti Langholtskirkju, Jón Stefánsson hefur frá upphafi starfans annast tónlistina í

messunni og hefur kór hans, Graduale-kór Langholtskirkju séð um að styrkja okkur í söngnum. Fyrir það er af hjarta þakkað.

Á síðastliðnu vori fermdust börn frá tveimur skólum þ.e. Öskjuhlíðaskóla og Safamýraskóla.

Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum Þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjaraðum og gera þar með fólk sem notar hjólastól kleyft að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðið fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópinn, kvenfélagið

eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólk hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólk góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

Aukaverk, heimsóknir o.fl á árinu

2009

Skírnir – 11
Fermingar – 4
Hjónavígslur – 3
Kistulagningar – 3
Útfarir – 3
Messur – 4
Kyrrðarstundir – 3
Samverur fyrir fólk með þroskahömlun í Grensáskirkju - 13
Minningar og bænastundir – 16
Heimsóknir á sambýli og vinnustaði og húsvitjanir – 205
Viðtöl á vinnustöðum - 140
Hugvekjur á sambýlum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 10
Fyrirlestrar/málþing – 14

Prestur innflytjenda

Sr. Toshiki Toma



Toshiki Toma

Tilgangur og starfsemi þjónustunnar

Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda er eftirfarandi:

- Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtíma-gesti sem búsettir eru á Íslandi en í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlandis og vernda mannréttindi þeirra.
- Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

Helstu þættir starfseminnar eru

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og að hjálpa því að finna lausn á vanda sínum.
- að veita fólki aðstoð til að geta iðkað trú sína.
- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra.
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju.
- að sjá um messu, bænastund, og fleiri kirkjulegar athafnir.

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustunnar er aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi og koma með fræðslu í veg fordóma sem kunna að vera á milli innflytjenda og Íslendinga.

Prestur innflytjenda vinnur í gegnum starfið sem prestur kristinnar kirkju

og reynir að vitna um kærleik Jesú Krists en beint kristniboð er ekki tilgangur þjónustunnar.

Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember 1996, og er þetta tólfta starfsárið.

Skrifstofa prests innflytjenda hefur aðsetur í safnaðarheimili Neskirkju.

Starfsemi frá júní 2009-maí 2010

1) Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla

Tímabilið 1. apr. 2009-31. mars 2010

Fjöldi fólks:	119
Fjöldi viðtala:	286
Þjóðerni:	24*

(* meðtalin ósjálfstæð svæði)

Trúarbrögð: lútersk trú, kapólsk, rétttrúnaðartrú, og önnur mótmælenda-trúarbrögð. Islam, búddhatrú, baháíatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt (*Fjöldinn inniheldur ekki fjölda hælisleitenda sem prestur innflytjenda heimsækir reglulega á Flóttamannahælinu Fitjum í Reykjanesbæ ásamt sjálfboðaliðum Rauða Kross Íslands, en fjöldi hælisleitenda er að meðaltali á bilkinu 15-20 alls.)

Aðgreiningar eftir innihaldi viðtals: (miðað við fjölda manna)

Fjölskyldumál og almenn lífsskjör	65
Atvinnu- og fjármál	20
Mál er varðar lög	21

Húsnæði	4
Veikindi, meiðsl og sorg	19
Mennta- og menningarmál	95
Trúarbrögð	25
Málefni hælisleitenda	4
Samtals	206

Samanburður við tölur undanfarin fjögur ár:

05-06	06	07	08	09
Fjöldi manna				
110	132	145	121	119
Fjöldi viðtala				
298	282	302	252	286
Þjóðerni				
20	36	48	29	24

Samstarf við aðra aðila

Á því tímabili sem skýrslan nær yfir var mikil samvinna á milli prests innflytjenda og stofnana bæði innan þjóðkirkjunnar og utan hennar. Samstarfið við Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða

Kross Íslands, Biskupsstofu og Neskirkju var sérstaklega sterkt og ánægjulegt.

Prestur innflytjenda hafði verið í formlegu samstarfi við Alþjóðahús síðan sumarið 2003, en vegna breytinga á þjónustu hjá Alþjóðahúsinu árið 2009 var því samstarfi slitið. Prestur innflytjenda er þakklátur fyrir hið árangursríka samstarf sem hann hefur átt við Alþjóðahúsið undanfarin ár.

Prestur innflytjenda er varafulltrúi í MRSÍ fyrir hönd Þjóðkirkjunnar, en samvinna við MRSÍ er mjög mikilvæg og er árangursrík á ýmsum sviðum eins og í hælismálum, tengslum og samskiptum við alþjóðleg mannréttindasamtök svo fátt eitt sé upp talið.

Prestur innflytjenda tók þátt í vaktþjónustu hjá Rauða kross húsinu á árinu, 4-5 vikur í senn. Þar fyrir utan hélt presturinn 11 fyrirlestra í Rauða kross húsinu um japönsk trúarbrögð og menningu.

Haustið 2008 skipaði RKÍ prest innflytjenda í nefnd ráðgjafahóps innflytjenda fyrir stjórn RKÍ og mætti prest-



Frá samkomu gegn kynþáttamisrétti í Smáralind 8. maí 2010

urinn á fund mánaðarlega til þess að gefa umsögn um starfsemi RKÍ sem varða innflytjendamál. Haustið 2009 var skipunartíma prestsins lokið.

Haustið 2009 skipaði Ransóknarstofa HÍ í fjölmenningarfræðum prest innflytjenda í stjórn. Stjórnarmenn fundast einu sinni í hverju mánuði og skiptast á skoðunum.

Samstarf við söfnuð Neskirkju og aðra söfnuði

Prestur innflytjenda tók þátt í safnaðarstarfi Neskirkju, þar sem hann er með aðsetur, eins og fermingarfræðslu, fermingarmessum og sunnudagsmessum. Þjónusta í sunnudagsmessum er óregluleg en prestur innflytjenda þjónaði u.p.b. 20 sinnum í messu á árinu.

Viðburðir í tilefni af 21. mars, „Alþjóðalegum degi gegn kynþáttafordómum“

Viðburðirnir voru haldnir 18. mars 2010 í stað 21. mars þar sem 21. var sunnudagur. Haldið var upp á daginn í fyrsta skipti árið 2007 en á árinu 2009 tókst að halda uppákomur á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og á Ísafirði.

Viðburðirnir voru haldnir í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, Þjóðkirkjua (m.a. ÆSKP, ÆSKR og prest innflytjenda), Rauða Kross Íslands og Soka Gakkai á Íslandi.

Atburðirnir tókust sérlega vel en 30-40 ungmenni frá ÆSKP, KFUM, KFUK og Hjálpræðishernum mættu á Glerártorgi á Akureyri, 150 frá ÆSKR, URKÍ o.fl. í Smáralind, 20 frá æskulýðsstarfi í Ísafjarðarkirkju í miðbæ. Unglingarnir voru í bolum með áletrun gegn rasisma og dreifðu fræðsluefni til vegfarenda.

Vestfjarðarprófastsdæmi, Eyjafjarðarprófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og vestra og fræðsluvið Biskupsstofu veitti styrki til verkefnisins sem var á vegum Þjóðkirkjunnar. Prestur innflytjenda þakkar öllum fyrir samstarfið og stuðninginn um leið og hann óskar hann eftir áframhaldandi þróun verkefnisins á árinu 2011.

Heimsókn til hælisleitenda í samstarfi við RKÍ

Á Íslandi dvelja að jafnaði 15-25 hælisleitendur, þótt mikil hreyfing sé innan hópsins. Þeir gista í sérstöku hóteli í Njarðvík, gistiheimilinu Fit, og einnig félagslegri íbúð í Keflavík. Prestur innflytjenda tók þátt í verkefni sem hófst árið 2005, þar sem nokkrir einstaklingar tóku sig saman og mynduðu litla hreyfingu, sem hafði það að markmiði að heimsækja hælisleitendur. Tilgangurinn er að rjúfa einangrun hælisleitenda með mannlegum samskiptum og veita þeim stuðning í erfiðum aðstæðum á meðan þeir biðu eftir úrskurði opinberra stofnanna um sín mál.

Sumarið 2006 var þetta tilraunaverkefni þróað frekar og samkomulag gert við RKÍ um að móta heimsóknarvinahóp undir merkjum RKÍ. (Formlegur samstarfssamningur er ekki til milli RKÍ og prests innflytjenda) Starfsemi hófst á ný í nóvember 2006. 14-15 einstaklingar taka þátt nú þátt í verkefninu. Prestur innflytjenda gegndi hlutverki hópstjóra frá upphafi og fram í miðjan maí 2008.

Heimsóknirnar eiga að vera reglulegar, einu sinni í viku. Prestur innflytjenda fór níu sinnum í heimsókn á árinu en auk þess heimsótti hann hælisleitendur nokkrum sinnum eina eftir því sem þeir óskuðu eftir og þurftu á að halda.

Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi

Að byggja brú á milli Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem eru nágðannar í samfélaginu er mikilvægt hlutverk og eitt af markmiðum prests innflytjenda.

Samráðsvettvangur trúfélaga var stofnaður í nóvember 2006 og á árinu 2008 tóku 15 trúfélög þátt í honum ásamt Alþjóðahúsi sem hafði áheyrnarfulltrúa. Félögin eru: Þjóðkirkjan, Rómversk-kaþólska kirkjan, Frikirkjan í Reykjavík, Krossinn, Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi, Búddistafélag Íslands, Frikirkjan Vegurinn, Bahá'í-samfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, FFWPU-Heimsvíðar-samband fjölskyldna og sameiningar, Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Soka Gakkai á Íslandi (Búddistafélag), Óháði söfnuðurinn í Reykjavík, Menningarsetur Múslíma og Alþjóðahús.

Samráðsvettvangurinn hélt málþing „Trú og fordómar“ í samvinnu við Trúarbragðfræðistofu HÍ í safnaðarheimili Neskirkju í desember 2009. Prestur innflytjenda tekur þátt í starfsemi vettvangsins sem fulltrúi Þjóðkirkjunnar ásamt Bjarna Randver Sigurðarsyni, guðfræðingi og stundakennara HÍ og sr. Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur, verk-efnastjóra á Biskupsstofu.

Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi

- Samstarf við Móðurmál – Félag for-eldra tvítýngdra barna.
- Fyrirlestrar og fræðslustundir, samtals 20 sinnum. Fræðslan var haldin m.a. hjá HÍ, MK, Rauða kross húsinu, fermingarfræðslu Neskirkju, fermingarfræðslu Dómkirkju, LC8 (Ladies Circle in Iceland) og í tilefni af umræðufundi Móðurmáls.
- Greinargerðir í blöð og vefblöð, samtals 20 skipti.
- Viðtöl við blöð, útvarpsstöðvar o.fl. samtals fimm skipti.
- Þjónusta í messu fyrir utan prédikanir, og aðrar kirkjulegar athafnir, samtals 37 skipti.
- Prédikun í messu, samtals átta skipti.

Lokaorð

Íslenskt samfélag hefur breyst mjög mikið á síðustu árum og innflytjendur hafa orðið varir við þær eins og aðrir samfélagsþegnar. Óvissan er erfið og breytingarnar miklar fyrir þá sem aðra.

Prestur innflytjendur óskar þess að mótun starfsins og sveigjanleiki haldi áfram að taka mið af samfélagsaðstæðum hverju sinni og þeim þörfum skjólstæðinga sinna sem presturinn þarf að mæta, bæði hjá innflytjendum og Íslendingum ásamt því að sinna því mikla fræðslustarfi sem alltaf er nauðsynlegt í fjölmenningsamfélagi. Þá vill hann styrkja samstarfið sem á hlut að málum innflytjenda enn frekar og vinna til heilla fyrir samfélagið allt.

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þess.

Prestur Íslendinga í Kaupmannahöfn

Sr. Þórir Jökull Þorsteinsson



Þórir Jökull
Þorsteinsson

Lesanda þessa skýrslukorns bið ég að virða það höfundu til vorkunnar, að við samningu hennar hafði hann ekki aðgang að dagbók sinni eða rafrænum skjölum frá þeim tíma sem skýrslan snertir. Dagbækur voru læstar inni í gámi ásamt búslóð og rafræn samskipti Kaupmannahafnarprests eru í tölvukerfi utanríkisþjónustunnar sem hann hefur ekki aðgengi að.

Sumarið 2009 var líkt öðrum í Danmörku hvað snerti þjónustu undirritaðs. Hún sneri að daglegri viðveru á skrifstofu í húsnæði Sendiráðs Íslands við Strandgötu 89 í Kristjánshöfn og þeim verkefnum sem kölluðu hverju sinni. Þau voru sem jafnan fólgin í aðstoð við Íslendinga í einhverjum vanda, sálgæslusamtölum og slíku, auk kirkjulegra athafna hér og hvar í landinu eins og vænta má. Ófá samtöl átti undirritaður við fólk í erfiðleikum vegna efnahagsástandsins á Íslandi, þar af allnokkur við fólk sem flutt var til Danmerkur af þeim sökum og gekk misvel að fóta sig í nýju landi. Að flestu leyti var starfið líkt því sem ég hafði átt að venjast árin á undan. Enginn íslenskur fangi var um þetta leyti í dönsku fangelsi sem voru nokkur viðbrigði. Einn landa okkar fór þó á bak við lás og slá í Vestre fængsel á síðari hluta ársins og sat inni nokkra hríð. Þegar þessi orð eru skrifuð sitja, því miður, tveir Íslendingar í dönskum fangelsum, báðir grunaðir um, eða ákærðir fyrir morð. Þegar leið á árið 2009 hafði líka dregið úr komum sjúklinga frá Íslandi til Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn enda voru Sjúkratryggingar Íslands búnar

að ákveða að þágildandi samningur um þessa þjónustu við spítalann yrði ekki framlengdur en hann rann út um áramótin 2009/2010 og þess í stað yrði skipt við Svía hvað þetta varðaði. Sú er nú orðin raunin. Síðasti sjúklingurinn sem kom til Kaupmannahafnar frá Íslandi fór heim í ágúst, að mig minnir, eftir nýrnaigræðslu sem tókst ljómandi vel.

Undir lok ágústmánaðar hringdi Karl biskup í mig frá Íslandi og sagðist að þessu sinni vera boðberi válegra tíðinda, því allar líkur væru á því að embætti prests Íslendinga í Danmörku yrði lagt niður um komandi áramót í sparnaðarskyni og sömu hugmyndir væru uppi um embætti íslenska prestsins í Lundúnum. Biskup upplýsti að kirkjustjórnin væri undir þrýstingi frá yfirvöldum landsins vegna þessa og þau gerðu kröfur um sparnað og niðurskurð hjá Þjóðkirkjunni. Í framhaldi af þessu samtali kynnti ég málið fyrir safnaðarnefnd til að búa nefndina undir það sem koma myndi. Er Karl biskup kom utan skömmu síðar, til að vera við vígslu nýs Kaupmannahafnarbiskups átti hann fund með mér og nefndinni í Húsi Jóns Sigurðssonar þar sem hann reifaði stöðu þessara mála. Á fundinum kom fram sá vilji biskups, að ef svo færi sem allt virtist stefna í þá kysi hann að viðhalda burðarvirkjum í safnaðarlífinu við s.s. safnaðarnefndinni sjálfri, barnastarfinu svo og að halda sambandi við söngkrafta. Afnáam embættis Kaupmannahafnarprests var mér síðan tilkynnt með bréfi frá biskupsembættinu um miðjan október 2009 og

tók það gildi 15. janúar 2010. Haldinn var aðalsafnaðarfundur í lok októbermánaðar og varð þar nokkur endurnýjun í fullskipaðri safnaðarnefnd.

Helgihald okkar í Sankti Pálskirkju, að loknu sumarhléi, hófst með messu síðasta sunnudag í september og greindi ég söfnuðinum frá þeim áformum sem biskup hafði kynnt okkur. Það verður að segjast að þau komu fólkinu verulega á óvart sem ég komst að raun um í messukaffinu í Jónshúsi eftir stundina. Messaði ég síðan með sömu reglu og jafnan, þ.e. síðasta sunnudag hvers mánaðar, haldin var hefðbundin aðventusamkoma í byrjun desember og var Magnús K. Hannesson sendiráðunatur ræðumaður. Ég kvaddi síðan söfnuðinn við fjölsóttá hátíðarguðspjónustu á jóladag. Sú andrá er ég sleppti altarinu að lokinni guðspjónustunni fer mér seint úr minni. Það var eins og að kveðja góðan vin og eins var með fólkið sem ég kvaddi við kirkjudyr.

Það var harla einkennileg reynsla að hefja undirbúning vetrarstarfs við þá óvissu um framtíð embættisins sem símtalið frá Karli biskupi hafði vakið. Sunnudagaskólinn hóf þó göngu sína og ég byrjaði að fræða fermingarborn í október og töldu þau vel á annan tuginn. Þeim og foreldrum þeirra gerði ég grein fyrir því að fermingarfræðslu lyki með jólaleyfi hvað mig áhrærði vegna stöðu mála og að framhald hennar á nýju ári yrði háð ákvörðun Biskups Íslands. Þessi staða kom þeim í opna skjöldu en flestöll börnin gengu til mín

vikulega fram undir miðjan desember en einstaka hugleiddi, þar sem því yrði við komið, að sækja fermingarfræðslu hjá dönsku kirkjunni. Þegar nýja árið 2010 var gengið í garð sendi ég sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni prófasti, lista með nöfnum, heimilisföngum og netföngum fermingarbornanna og viðhélt hann tengslum íslensku kirkjunnar við hópinn eftir því sem ég best veit.

Það vakti ekki litla undrun hjá prestum og starfsfólki Sankti Pálskirkju þegar ég greindi þeim frá því hvað framundan væri. Við þeim blasti rof í áratugalöngu samstarfi við Söfnuð Íslendinga í Kaupmannahöfn eða að minnsta kosti mikil óvissa um framhaldið. Ég leyfði mér að segja að ég vonaði að íslenska þjóðkirkjan viðhélði sambandi sínu við kirkjuna, því þó embætti íslenska prestsins aflegðist nú, yrði það að bestu vonum tímabundið.

Svavar Gestsson lét af störfum sem sendiherra Íslands í Danmörku um áramótin og við tók Sturla Sigurjónsson. Ég vil þakka hér öllu samstarfsfólki mínu við sendiráð Íslands allar götur frá haustdögum 2001 er ég tók við embætti sendiráðsprests í Kaupmannahöfn. Þá er mér líka þakklæti í huga gagnvart öllum þeim samherjum sem komið hafa að kirkjustarfi okkar Íslendinga á þessu árabili; – safnaðarnefnd, starfskröftum sunnudagaskólans, söngfólki að ógleymdum þeim Jóni og Ingu í Jónshúsi sem gætt hafa þessa félagsheimilis okkar í Kaupmannahöfn af mikilli trúmennsku á vegum Alþingis í mörg herrans ár.

Prestur Íslendinga í London

Sr. Sigurður Arnarson



Sigurður Arnarson

Að venju hittust Íslendingar á Lundúnavsæðinu og víðar og héldu upp á 17. júní. Að þessu sinni var safnast saman í Dönsku kirkjunni við Regent Park í Lundúnum. Hátíðin hófst með hátíðarmessu þar sem fermdur var íslenskur unglingur. Íslenski kórinn söng að venju og Fjallkonan sem að þessu sinni var Magnea Einarsdóttir, flutti ljóð. Íslendingafélagið stóð fyrir pylsu- og sælgætissölu í garði kirkjunnar og eins var hægt að kaupa kaffi og með því í safnaðarsalnum. Ýmislegt var í boði fyrir börnin og komu yfir 350 manns til hátíðarinnar. Hátíðin líkt og aðventu-helgistundin og jólaballið eru samstarfsverkefni Íslenska safnaðarins í Lundúnum og Íslendingafélagsins í Lundúnum.

Messað var á þriggja til fjögurra vikna fresti í september, október og nóvember í Sænsku kirkjunni. Að venju söng Íslenski kórinn í Lundúnum undir stjórn Þóru Hallgrímsdóttur í hverri athöfn en kórinn æfði vikulega í sendiráðinu. Sunnudagaskólann önnuðust þau: Friðþjófur Þorsteinsson, Júlía, Traustadóttir, Magnea Einarsdóttir og þeim til aðstoðar voru þær Margrét Ármannsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Ritningalestra önnuðust sóknarbörn og íslenskir söngvarar á svæðinu tóku að sér einsöng í hverri athöfn. Nokkrir unglingar voru skráðir í fermingarfræðslu og mættu á messudögum til fræðslu í sendiráði ásamt foreldrum sínum. Að lokinni hverri messu eða guðsþjónustu var drukkið kaffi í safnaðarheimili kirkjunnar og ef fólk hafði tækifæri til kom það með eitthvað góðmeti á hlaðborð.

Í nóvember kvaddi undirritaður söfnuðinn ásamt fjölskyldu sinni en við héldum heim til Íslands til annarra starfa. Kirkjan var fullsetin og meðal annarra voru viðstödd: Biskup lútherskra á Bretlandseyjum, sr. Jana Grindberga, sem og framkvæmdastjóri "Church House", Colin Menzies, sr. Tom Bruch framkvæmdastjóri Lutheran Council og norrænu prestarnir og nokkrir enskir prestar. Einstaklega hlý kveðja koma frá dr. Rowan Williams, erkibiskup af Kantaraborg. Dvölin í Lundúnum hafði þá staðið frá hausti 2002 (utan sjö mánaða hlés árin 2003-2004). Það var einstaklega ánægjulegt að fá þjóna Íslendingum í Lundúnum og á Bretlandseyjum og það góða, skemmtilega og kraftmikla fólk var kvatt af okkur með miklum söknuði og trega. Sárt er til þess að vita að ekki er lengur starfandi þjónandi prestur fyrir Íslendinga á Bretlandi. Vonandi fæst þó fé til þess að starfrækja embættið að nýju hið fyrsta. Ríkur vilji er hjá sóknarbörnum til þess sem og utanríkisþjónustunni sem lagt hefur árlega fé til málsins. Gott er þó til þess að vita að sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir á Biskupsstofu fer reglulega utan til að sinna helgihaldi, sálgæslu, fræðslu og preststörfum því þörfin er mikil.

Reglulega komu sjúklingar á vegum Sjúkratrygginga Íslands til skoðunar og aðgerða. Oft voru ættingjar með í för. Aðallega var um að ræða sjúklinga sem greindir höfðu verið með æxlisvöxt í augum og fóru til dæmis, í meðferð hjá dr. John Hungerford og til aðgerða á

Moorfield augnsjúkrahúsinu. Viðkomandi var veitt fyrirgreiðsla og sálgæsla eins og þurfa þurfti.

Íslenskum föngum á starfsvæði sendiráðsins fór fjölgandi og á tímabili voru sjö fangar á sama tíma í fangelsum. Undirritaður þurfti þess vegna að fá aðstoð frá starfsmönnum sendiráðsins og ræðismönnum Íslands á viðkomandi svæðum til að geta heimsótt fangana og aðstoðað þá og ættingja þeirra eins og kostur var.

Samstarf við norrænu söfnuðina í Lundúnum var gott að venju sem og samskipti við ensku biskupakirkjuna og Lutheran Council of Great Britain. Reglulega hist til að fara yfir málin og stilla strengi og þar á ferðinni eru tengsl sem þarf að halda áfram að rækta að hálfu þjóðkirkjunnar.

Undirritaður fór einnig til Lúxemborgar og messaði fyrir Íslendinga þar og kvaddi. Vel var mætt og íslenski kórinn söng að venju. Ómetanlegt hefur

verið að starfa með öllu því góða fólki sem þar er búsett. Varla er á nokkurn hallað þó að kirkjunefndinni þar og formönnum Íslendingafélagsins þar í gegnum tíðina og tónlistarfólkinu sé þakkað sérstaklega alla þeirra velvild og hjálp í garð íslensks kirkjustarfs í Lúxemborg.

Eins skal þakkað öllum þeim fjölmörgu í Bretlandi sem lagt hafa íslensku kirkjustarfi lið með einum eða öðrum hætti af trúmennsku og tryggð. Til dæmis: frábærri sóknarnefnd og samstarfsfólki, kórstjórum og organistum og einstöku samstarfsfólki Íslenska sendiráðsins í Lundúnum svo fáir séu nefndir. Eins hefur samstarf við biskup Íslands, vígslubiskupa, starfsfólk Biskupsstofu og prófast verið eins best er á kosið. Efst mér í huga við þessi tímamót þakklæti og gleði yfir því að hafa haft tækifæri að þjóna öllu þessu góða fólki og að fá að vinna með þeim Drottni til dýrðar og vonandi kemur íslenskur prestur þar til starfa hið fyrsta.

Prestur Íslendinga í Noregi

Sr. Arna Grétarsdóttir

Prestsþjónusta Íslenska safnaðarins í Noregi var á síðasta ári með nokkuð hefðbundnu sniði. Áhersla hefur verið lögð á að landsbyggðin fái að njóta gesta og tilbreytingar í messuhaldi til jafns við Óslóarsvæðið. Það sem stendur upp úr eftir árið eru miklir flutningar Íslendinga til Noregs. Birtist það helst í auknum sálgæslusamtölum, ráðgjöf sem og fyrirspurnum s.s um búsetu og atvinnuskilyrði. Brugðist var með þeim hætti að opnaður var upplýsinga sími og sett á laggirnar tilrauna verkefni sem fól í sér samstarf við íslenskan sálfræðing. Aukning í sálgæsluviðtölum

prests var mjög mikil milli ára 2008 og 2009. Skal þó tekið fram að undirrituð þjónaði ekki frá 15.febrúar – 15.ágúst 2008 vegna fæðingarorlofs. Það skekkir samanburð milli ára.

Guðsþjónustur og helgihald

Messað var á einum 11 stöðum árið 2009. Þeir staðir sem heimsóttir voru á árinu eru: Ósló, Drammen, Stavanger, Bergen, Þrándheimur, Tromsø, Skien, Geiló, Balestrand, Gautaborg og Reykjavík. Þeir aðrir staðir sem hafa fasta tengiliði og farið hefur verið til



Arna Grétarsdóttir

þegar óskað er eftir eru: Fredrikstad, Kristiansand, Molde og Karmøy. Nýr tengiliður bættist í hópinn frá Skien á árinu og er í deigluinni að stofna þar Íslendingafélag.

Haldnar voru 23 kirkjuguðsþjónustur, 28 bæna- og/eða helgistundir og 26 barnaguðsþjónustur.

Guðsþjónustur og helgihald var ágætlega sótt, mæting var allt frá 30 til 290 manns. Á flestum stöðum var mæting á bilinu 40-90 manns. Mest hefur fjölgað í messurnar í Stavanger. Við skipulag á guðsþjónustunum um landið eru tengiliðirnir ómissandi sem fyrr. Þeir aðstoða m.a við að bóka kirkju, gera auglýsingar, sækja prest á flugvöll (ef þarf), sjá um að hringja út og minna á messuna og að sjá um að halda utan um messukaffið á eftir ásamt Íslendingafélagunum. Þessi aðstoð tengiliðanna er ómetanleg og er hér þakkað sérstaklega fyrir það. Tengiliðirnir eru oftar en ekki formenn Íslendingafélaganna eða starfa náið með þeim.

Safnaðarstjórn kom með prestri til Tromsø í mars og hélt þar vinnufund og tók þátt í messuhaldinu. Mikilvægt er fyrir landsbyggðina að sjá framan í þau sem mynda safnaðarstjórnina. Ein úr safnaðarstjórn er einmitt búsett þar nyrðra.

Hera Björk söng í messu í Bergen í mars. Söng hún þar af sinni alþekktu eurovision snilld, þá nýbúin að hreppa annað sætið í Grand prix í Danmörku. Við erum stolt af því að taka á móti henni nú í maí er hún keppir fyrir Íslands hönd í Eurovision hér í Noregi.

Prestur ásamt nokkrum íslenskum konum tók þátt í alþjóðlegum bænadegi kvenna. Þeir söfnuðir sem halda til í Nordberg kirkju komu saman og skipulögðu bænasamveruna m.a frá Eþíópíu

og Kína. Stundin fór fram á norsku og ensku og er eina samkirkjulega samstarf sem söfnuðurinn tekur þátt í. Það er stórbrotin upplifun að koma saman til bænahalds í þessu samhengi.

Ragnheiður Gröndal og hljómsveit fóru með prestri til Stavanger í maí. Var þeim tekið fagnandi enda settu þau skemmtilegan þjóðlegan blæ á messuna.

Íslenski söfnuðurinn í Svíþjóð hélt upp á 15 ára afmæli safnaðarins í september. Prestur þjónaði í afmælimessunni í Gautaborg ásamt sr. Ágústi Einarssyni prestri í Svíþjóð, prófasti sr. Jóni Dalbú og norrænum prestum staðsettum í Svíþjóð. Messan var í lok námskeiðs sem haldið er árlega fyrir leiðtoga í barna- og unglingastarfi sem skipulagt hefur verið af Biskupsstofu.

Aðventuhátíðin í Ósló var vel heppnuð í alla staði. Í ár var hluti Jólaórátoríu Bach's flutt ásamt einsöngvurum og strengjasveit. Ískórinn hafði upp á íslensku tónlistarfólki sem er búsett hér í Noregi sem flutti hluta verksins undir styrkri stjórn Ketil Grötting kórstjóra Ískórsins. Sendiherrann okkar Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir flutti ávarp þetta árið.

Prófastur Sr. Jón Dalbú vísitaraði söfnuðinn í desember. Hlutverk prófasts er að hafa eftirlit og umsjón með störfum prests fyrir hönd Biskups Íslands. Prófastur messaði í Bergen ásamt prestri. Ískórinn kom með og söng hátíðlega sem gerði aðventumessuna sérstaka. Einnig fundaði prófastur með safnaðarstjórn og prestri í Ósló að venju.

Aðrar kirkjulegar athafnir og kærleiksþjónusta

Árið 2009 voru skirð þrettán börn, fimm í kirkjum en átta í heimahúsum. Hjóna-

vígslur voru þrjár. Þrjár útfarir voru gerðar og fjórar kveðjuathafnir. 10 börn sóttu fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2008-09. Haustið 2009 voru skráð 23 börn í fermingarfræðslu viðs vegar að af landinu.

Prestur sinnti sálgæslu og kærleiksþjónustu sem fyrr og fór í tólf húsvitjanir og sjö sjúkravitjanir á árinu. 78 sál-gæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótélum (25 árið 2008) og 74 símaviðtöl voru veitt (8 árið 2008).

Sálfræðingur veitti 66 meðferðarviðtöl frá september til nóvember 2009 á vegum safnaðarins með tilvísun frá presti. Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur var prestur innan handar í sál-gæslulegu tilliti. Hjónanámskeið og sjálfstærkingarnámskeið fyrir konur var haldið og unnið saman af prest og sálfræðingi. Framhald verður á þeirri samvinnu og námskeiðin verða í boði á landsbyggðinni næsta vetur.

Ólafusjóður Íslenska safnaðarins í Noregi var stofnsettur 1. nóvember. Í annarri grein skipulagsskrár segir: „Sjóðnum er ætlað að mæta tíma-bundnum erfiðleikum t.d. í tengslum við veikindi, dauðsfall eða önnur áföll sem dunið geta yfir einstaklinga og fjölskyldur. Einnig skal kanna þörf á úthlutun fyrir jólin. Sjóðsstjórn metur þörf hverju sinni.“ Í stóðsstjórn sitja ásamt prest, Kristján Daðason ritari safnaðarstjórnar og Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sendiherra.

Safnaðarstarfið

Sunnudagaskóli er nú starfræktur reglulega á vegum safnaðarins í Ósló, Drammen, Bergen og Stavanger. Ekki fékkst fólk til að hafa umsjón með sunnudagaskóla í Fredrikstad og Tromsø eins og til stóð frá haustinu.

Söfnuðurinn er opinn fyrir því að heyra frá fólki sem er tilbúið að koma af stað sunnudagaskóla um landið. Við sunnudagaskólann starfa nú fimm leiðtogar. Sakarías Ingólfsson guðfræðinemi sem starfað hefur fyrir söfnuðinn í mörg ár sér um sunnudagaskólann í Ósló og Hrefna Grétarsdóttir sér um íslenskukennsluna. Helga Kolbeinsdóttir guðfræðinemi hefur verið þeim báðum innan handar í vetur. Lilja Björk Þorsteinsdóttir og Katrín Ósk Óskarsdóttir byrjuðu með barnastarf í Stavanger í haust. Í Bergen hafa umsjón með sunnudagaskólanum Helga Sigríður Þórðsdóttir og Ingibjartur Jónsson sem einnig er liðtækur á orgelið þegar messað er. Svala Snorradóttir hefur umsjón með sunnudagaskólanum í Drammen. Mikill fengur er fyrir söfnuðinn og kristni alla að fá í sínar raðir þetta góða fólk til þjónustunnar.

Leiðtogarnir ásamt prest og fóru í september á árlegt leiðtoganámskeið á vegum fræðsluviðs Biskupsstofu til Gautaborgar. Metaðsókn var á þetta námskeið sl. haust. Mikill vöxtur er í barnastarfi safnaðanna á Norðurlöndunum. Námskeiðið endaði með mikilli hátíðarmessu þar sem haldið var upp á 15 ára afmæli safnaðarins í Svíþjóð.

Æskulýðsfélag er starfrækt þó á óhefðbundinn hátt sé. Félagar í æskulýðsfélaginu geta verið þau sem hafa náð íslenskum fermingaráldri og hafa áhuga á því að skemmta sér á heilbrigðan hátt í góðum félagsskap hvers annars og vilja halda við fermingarheitinu. Í október fór hópur af íslenskum krökkum héðan frá Noregi til Vestmannaeyja á Landsmót Æskulýðsfélaga. Ferðin heppnaðist virkilega vel fyrir utan svínaflensuföröll og sjóveiki í Herjólfu. Allir komu sælir aftur heim eftir vináttu- og gleðiríka ferð. Söfnuðurinn

Fermingarbörnin á Óslóarsvæðinu í kennslustund um trúarstef í kvikmyndum í mars 2010. Þorkell Ágúst Óttarsson guðfræðingur hafði umsjón með fræðslunni heima hjá sr. Örnú Grétarsdóttur.



lagði mikið fjármagn til þessarrar ferðar og eins sótti prestur um styrk til ferðarinnar í Kirkjumálasjóð íslensku þjóðkirkjunnar sem fékkst samþykktur. Æskulýðshópur safnaðarins er hluti af æskulýðssambandi þjóðkirkjunnar – ÆSKP.

Fermingarbörn koma frá stór- Óslóarsvæðinu, Drammen, Bergen, Stavanger, Balestrand og Molde. Fermingarfræðslan hefur farið fram á skrifstofu safnaðarins, á heimili prests, á hótelum og á tveimur námskeiðum í Svíþjóð. Eins hefur prestur verið í netsamskiptum við fermingarbörn og foreldra. Eins og undanfarin ár hittast fermingarbörn íslensku safnaðanna í Noregi og Svíþjóð í september og í maí á fermingarfræðslunámskeiði. Þessi kynni barnanna eru ómetanleg sem og öll samvinna prestanna. Fermingarbörnin hafa verið mjög dugleg við að aðstoða í messum á sínum heimasvæðum.

Foreldrahópur er myndaður eftir eftirspurn og milligöngu prests. Nokkrar konur höfðu samband með haustinu

og hittust þær tvær og tvær en ekki náði að mynda nýjan hóp. Prestur mun hafa milligöngu með að mynda nýja hópa þegar eftir því er leitað og bjóða aðstoðu á skrifstofunni til að hittast.

Samvinna

Lýðveldishátíðin er haldin í Ósló í samstarfi við Íslendingafélagið í Ósló. Hátíðarhöldin eru vel sótt og hefur gefist vel að vera í og við Nordbergkirkju.

Messukaffið er framhald guðsþjónustunnar. Það er dýrmætt fyrir okkur að geta sest niður kynnst ofurlítið og gefið hvert öðru gleði og samfélag. Íslendingar og Íslendingafélögin um landið eiga hrós skilið fyrir skipulag og bakstur allan.

Ískórin singur við guðsþjónustur í Ósló. Kórin kemur einu sinni á ári með presti út á landsbyggðina og singur í messu. Ískórin starfar fyrir söfnuðinn eins og kirkjukór og heldur uppi helgihaldi safnaðarins í Ósló með sálmasöng og messusvörum.

Prestur hefur getað leitað til sendiherra og starfsfólks alls á sendiráðsskrifstofunni með hvað eina sem upp hefur komið. Sú samvinna og stuðningur sem þaðan kemur er presti mjög mikilvægt.

Þeir prestar sem starfa fyrir ÍKE (Íslensku kirkjuna erlendis) hafa átt með sér gott og mikilvægt samráð. Því miður hafa embætti ÍKE verið lögð niður tímabundið vegna niðurskurðar. Það er stórt skarð sem fylla þarf og eru söfnuðirnir í sárum og leita þarf lausna.

Elsa Þórðardóttir starfskona safnaðarins, Gunnar Ingi Hafsteinsson gjaldkeri og Sturla Jónsson formaður hættu trúnaðarstörfum fyrir söfnuðinn á árinu. Formannsskipti urðu á aðalfundi í apríl, Elsa lauk störfum 1. nóvember og Gunnar Ingi hætti í desember. Öll höfðu þau starfað í fleiri ár fyrir söfnuðinn og tóku opnu hjarta á móti nýkomnum presti haustið 2007. Þakka ég kærlega

fyrir vingjarnleg kynni og fyrir hönd safnaðarins þakka ég fyrir allt þeirra framlag á akrinum.

Prestur hefur sótt samráðsfundi trúfélaga sem Óslóarbiskup hefur forgöngu fyrir. Eins hefur prestur verið boðaður á prestafund hjá dómprófasti Óslóar. Það hefur verið ánægjulegt að finna sig í hópi kollega í norsku kirkjunni. Það er von mín að allt samstarf við norsku kirkjuna styrkist til muna.

Prestur hefur lagt sig eftir samstarfi á flestum þeim sviðum er varða málafni Íslendinga og tekur fagnandi á móti þeim er vilja eiga samstarf við söfnuðinn.

Ég vil þakka öllum þeim sem ég hef átt í samstarfi við fyrir ánægjuleg kynni. Megi Guð blessa allt okkar samstarf og leiða okkur fram til uppbyggingar á kærleiks- og vonarríku náungasamfélagi bæði hér í Noregi og heima á Fróni.

Prestur Íslendinga í Svíþjóð

Sr. Ágúst Einarsson

Inngangur

Rétt er að geta þess í upphafi að mikil óvissa hefur ríkt um framtíð íslenska kirkjustarfsins í Svíþjóð. Í desember 2009 bárust þær fréttir að íslenska þjóðkirkjan hefði ákveðið að leggja niður prestsembætti í Svíþjóð vegna fjárhagslegra þrenginga á kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi. Þó að þessi tíðindi væru mikil vonbrigði þótti ekki ástæða til að leggja árar í bát. Þar kom tvennt til. Annars vegar var ljóst að þörfin fyrir þjónustu og sálgæslu myndi aukast stórlega í Gautaborg á næstu misserum. Sjúkratryggingar Íslands gerðu samning við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg um aðgerðir fyrir þá Íslendinga sem

þurfa ný líffæri og tók sá samningur gildi um áramótin 2009/2010. Sjúkratryggingar Íslands lýstu strax áhuga á að gera samning við prestinn í Gautaborg um þjónustu við skjólstaðinga sína er koma til Gautaborgar til rannsókna og í aðgerðir. Niðurstaðan varð sú að Sjúkratryggingar gerðu þjónustusamning við Íslensku kirkjuna í Svíþjóð um sem nemur 40% starfshlutfalli prests og er sá samningur til reynslu í eitt ár.

Hins vegar bundum við vonir við stuðning Sænsku kirkjunnar til að koma í veg fyrir að íslenska kirkjustarfið leggjist niður í Svíþjóð. Við höfum á margan hátt notið velvilja og gestrisni



Ágúst Einarsson

Sænsku kirkjunnar og höfum litið á kirkjustarfið sem samstarfsverkefni þar sem þjóðkirkjan leggur til prestsembættið en Sænska kirkjan stóran hluta annars sem þarf til reksturs. Þannig höfum við fengið um 70% af rekstrarfé íslenska safnaðarstarfsins undanfarin ár frá Sænsku kirkjunni. Í samvinnu við biskup Íslands var því leitað til Sænsku kirkjunnar um frekari aðstoð við að fjármagna prestsembættið í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem upp var komin. Jákvætt var tekið í þessa málaleitan. Niðurstaðan varð sú að kirkjustjórnin í Uppsölum leggur fram fjármuni er standa undir 35% starfshlutfalli og Gautaborgarstifti 15% eða samtals 50%. Þessir fjármunir eru veittir til eins árs í senn og góð von um að framhald verði þar á.

Í ljósi þessa virðist íslenska safnaðarstarfið í Svíþjóð geta haldið áfram starfsemi enn um sinn. En hin nýja staða kallar á ýmsar breytingar. Forgangsraða verður verkefnum þar sem prestur er nú í hálfri stöðu við að sinna almennu safnaðarstarfi.

Afmælishátíð og leiðtoganámskeið

Helgina 12. og 13. september hélt Íslenska kirkjan í Svíþjóð upp á 15 ára starfsafmæli sitt. Séra Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur, vísitaraði söfnuðinn af þessu tilefni og átti fund með sóknarnefnd. Sunnudaginn 13. september var tímamótanna minnst með hátíðarguðsþjónustu í Västra Frölunda kirkju þar sem sr. Jón Dalbú prédikaði og sr. Arna Grétarsdóttir, prestur Íslendinga í Noregi og sr. Marjun Bæk, prestur Dana í Gautaborg þjónuðu ásamt undirrituðum. Íslenski kórinn í Gautaborg söng undir stjórn Kristins Jóhannessonar og Tuulu Jóhannesson, er lék á orgel. Auk þess fengum við góða heimsókn frábærra

hljóðfæraleikara, Einar Sveinbjörnsson og Ingibjörg Guðlaugsdóttir léku á fiðlu og básúnu. Að messu lokinni var kirkjukaffi í safnaðarheimilinu og mætti þar fjöldi manns, m.a. margir þeir, er stutt hafa söfnuðinn á þeim 15 árum, sem hann hefur starfað. Margar hendur hjálpuðust að við að gera þessa afmælishátíð hina hátíðlegustu.

Sömu helgi var námskeið fyrir leiðtoga í íslensku barnastarfi á Norðurlöndum. Magnea Sverrisdóttir kom frá Biskupsstofu og stóð fyrir fræðslu fyrir 25 leiðtoga er komu víða að frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Leiðtoganámskeiðin eru dýrmæt fyrir íslenskt barnastarf á erlendri grund af mörgum ástæðum. Þar fá nýir leiðtogar mikilvæga grunnþjálfun, þeir eldri uppörvun og það er öllum til gleði að finna samhengi starfsins og kynnast fólki með sömu viðfangsefni á vegum íslenskrar þjóðkirkju. Þegar íslensku prestunum fækkar eða starfshlutfall skerðist verður vægi þessara leiðtoga íslenska kirkjuskolastarfsins meira og því eru þessi námskeið afar mikilvæg.

Sóknarnefnd og starfsvettvangur

Aðalsafnaðarfundur var haldinn 31. janúar 2010. Nýja sóknarnefnd skipa Guðný Ása Sveinsdóttir formaður, Birna Ágústsdóttir ritari og Rósa Jónasardóttir gjaldkeri. Björn Sverrisson, Guðrún Bragadóttir, Guðni Jónsson og Sigríður R. Lorange eru meðstjórnendur. Þau Björn og Sigríður eru ný í sóknarnefnd en Ingibjörg Gísladóttir hætti í sóknarnefnd og voru henni færðar þakkir fyrir góð störf. Sóknarnefnd hefur að venju skipulagt safnaðarstarfið í samvinnu við sóknarprest og með þeim hætti að takmarkaðir fjármunir nýtist starfseminni sem best.

Kirkjustarfið hefur starfsaðstöðu og höfuðstöðvar í Västra Frölundakirkju í Gautaborg. Reglulegt helgihald fer fram í Gautaborg, Stokkhólmi, Uppsölum, Malmö og Lundi. Auk þess hefur prestur sinnt sálgaeslu, útkallserindum og sérathöfnum víðar í Svíþjóð þegar beiðnir hafa borist. Nú kann að verða breyting þar á, því hálftrú starfshlutfall kallar á forgangsstöðu og augljóst að minni tíma gefst hjá presti til ferðalaga en áður.

Íslenskum ríkisborgurum hefur fjölgað í Svíþjóð og eru þeir nú um 7000. Fréttabréf íslenska kirkjustarfsins hefur síðustu ár verið sent út tvisvar á ári inn á um 2300 heimili víðsvegar um Svíþjóð. Fréttabréfið kom út fyrir haustmisseri 2009 en ekki vorið 2010 vegna nýrrar vinnutilhögunar prestsins og í sparnaðarskyni.

Kirkjustarfið leggur mikið upp úr góðu samstarfi við Íslendingafélögin í Svíþjóð. Guðsþjónustur og barnastarf er samstarfsverkefni og tengslanet Íslendingafélaganna er notað til að koma tilkynningum á framfæri.

Kirkjustarfið hefur átt gott samstarf við sendiherra Íslands í Svíþjóð, Guðmund Árna Stefánsson, og starfsfólk Íslenska sendiráðsins í Stokkhólmi.

Fjárhagslegar forsendur

Tekjur og gjöld hafa undanfarin ár haldist í hendur sem er afar mikilvægt því kirkjustarfið á litla varasjóði. Helstu útgjaldaliðir eru kennsluefni og þóknun til leiðtoga í barnastarfi, greiðsla fyrir tónlistarflutning í helgihaldi, kostnaður við fermingarmót, leiga húsnæðis og ferðakostnaður prests.

Greiðslur reikninga og bókhald er í höndum bókhaldsskrifstofu og hefur sú tilhögun reynst vel. Íslenska kirkjan

í Svíþjóð er skráð hjá sænskum skattayfirvöldum og lýtur endurskoðun og skattskilum í samræmi við það. Starfsættir í safnaðarstarfinu grundvallast hins vegar á lögum og reglum Íslensku þjóðkirkjunnar.

Tengslin við sænsku kirkjuna

Íslenska kirkjustarfið hefur mikil og góð samskipti við Sænsku kirkjuna. Eins og fyrr greinir njótum við mikilla beinna styrkja og auk þess fáum við oft á tíðum gjaldfría þjónustu í sænskum kirkjum víða um land. Biskup Gautaborgarstiftis býður íslenska prestinum handleiðslu án endurgjalds hjá Ingvar Bengtsson sem er „stiftsprost“ og hægri hönd biskups í sálgaeslumálum. Þá er íslenska prestinum boðið að taka þátt í námsstefnum presta og hann hefur einnig sótt fundi með sóknarprestum í prófastsdæmi Västra Frölundakirkju. Íslenska söfnuðinum gefst einnig kostur á að taka þátt í námskeiðum sænsku kirkjunnar og hefur sóknarnefndarfólk nýtt sér það í nokkrum mæli.

Helgihald, kirkjuskólar og fundir

Guðsþjónustur síðastliðinn starfsvetur voru að jafnaði einu sinni í mánuði í Gautaborg og kirkjuskóli tvisvar í mánuði. Auk prests höfðu Birna Ágústsdóttir, Júlíus Sigmundsson, Rósa Jónasardóttir og María Vilhjálmisdóttir umsjón með kirkjuskólanum. Íslenski kórinn í Gautaborg leiddi að venju sálmasöng í guðsþjónustum og flutti kórverk. Orgel og kórstjórn önnuðust hjónin Tuula og Kristinn Jóhannesson, en þau komu til þessara starfa eftir að hafa tekið sér hlé í eitt ár og það er mikill fengur að fá þau til samstarfs á ný. Altarisganga var að jafnaði í

Frá útihátíð
kirkjuskólans,
haldin í
Hallarskóginum



annari hverri guðsþjónustu. Kirkjustarfið stóð fyrir fjölmennri jólatrés-skemmtun í desember og 17. júní hátíð á Þjóðhátíðardaginn. Meðfylgjandi mynd er frá útihátíð kirkjuskólans í maímánuði og markaði sú samvera lok vetrarstarfs kirkjuskólans í Gautaborg.

Í Stokkhólmi voru fjölskylduguðsþjónustur í Norsku kirkjunni á Södermalm. Þessar samverur voru um það bil mánaðarlega sl. vetur. Brynja Guðmundsdóttir annaðist hljóðfæraleik. Umsjón barnastarfsins ásamt presti höfðu þær Margrét Þórdórsdóttir og Svava Gunnarsdóttir. Á aðventusamveru í desember mættu 130 manns og var talsverð aukning miðað við áður.

Í Uppsölum var kirkjuskólinn annan hvern laugardag í Tunabergskirkju. Umsjón með kirkjuskólanum hafði Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir. Fjölskylduguðsþjónusta var á aðventu og síðan að nýju í apríl. Þetta voru velsóttar samverur. Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir lék á selló og Ingunn Jónsdóttir á

flautu. Börnin úr kirkjuskólanum sungu og fluttu leikþátt.

Í Lundi/Malmö var kirkjuskóli annan hvern laugardag í St. Hans kirkju. Umsjón höfðu Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Edda Björk Skúladóttir og Sigrún Harpa Davíðsdóttir. Kirkjuskólinn í Lundi er án efa stærsti íslenski kirkjuskólinn utan Íslands enda býr stór hópur íslenskra námsmanna í göngufæri við kirkju. Á aðventusamkomu voru 180 manns sem skapaði þann ánægjulega vanda að kirkjusalir rúmuðu vart fjöldann. Jólhelgistund var að venju á Þorláksmessu í St. Hans kirkju. Íslenski kórinn í Lundi söng undir stjórn Huldu Birnu Guðmundsdóttur og Karl Olgeirsson lék á orgel.

Í Skövde var haldin skírnar- og fermingarguðsþjónusta 7. júní 2009.

Í Helsinki í Finnlandi hefur árlega verið efnt til íslenskrar guðsþjónustu í samvinnu við Íslendingafélagið á staðnum. Vorið 2010 var engin guðsþjónusta bæði vegna óvissu í safnaðar-

starfinu og öskufalls frá Eyjafjallajökli þegar á reyndi.

Leshringur um íslenskar bókmenntir starfar innan vébanda safnaðarstarfsins. Hópurinn hittist í heimahúsum og les bók milli funda. Markmið leshringsins er að deila reynslu og kynnst betur íslenskum bókmenntum.

Á haustdögum efndum við til fyrirlesturs í umsjón Kristínar Bjarnadóttur ljóðskálds hér í Gautaborg, hún flutti ferðasögu í máli og myndum frá ferð sinni til Kamódíu er hún nefndi „Allt annað líf“. Samhliða var skipulögð dagskrá fyrir börnin sem unglingar í söfnuðinum önnuðust í safnaðarheimili V-Frölundakirkju.

Feringarfræðsla og fermingarmót

Í fermingarhópi vetrarins voru 14 unglingar, búsettir víðsvegar í Svíþjóð. Uppi- staða fermingarundirbúningsins var fræðsla í fermingarbúðum á Åh stiftgård í september og maí. Unglingarnir skiluðu einnig verkefnum með hjálp tölvasamskipta og sóttu íslenskar og sænskar guðspjónustur í sinni heimabyggð.

Fermingarmótin voru sem fyrr í samstarfi við Íslensku kirkjuna í Noregi og kom sr. Arna Grétarsdóttir með fermingarhópin sinn. Á haustmóti voru um 30 íslenskir unglingar en á vormótinu voru unglingarnir 45 því þar fengum við góða viðbót 11 unglinga frá Danmörku sem komu ásamt tveimur foreldrum og afbragðsgóðum leiðtogum; Lárusi Frans Guðmundssyni og Andra H. Guðmundssyni. Tíminn á fermingarmóti var vel notaður til fræðslustunda, helgihalds, leikja og uppbyggilegrar samveru. Samstarf prestanna um fermingarmót hefur reynst afar vel og það hefur verið krökkunum til mikillar ánægju að hitta svo marga jafnaldra og samlanda á erlendri grund.

Sjúkrahúspjónusta og sálgæsla

Síðasta sumar hófu Íslendingar að koma til Sahlgrenska sjúkrahússins á vegum Sjúkratrygginga Íslands til líffæraflutninga vegna væntanlegs samnings. Eftir áramót þegar samningurinn hafði formlega öðlast gildi komu skjólstæðingarnir jafnt og þétt og dvöldu hér í lengri eða skemmri tíma. Heimsókn í rannsóknarskyni er yfirleitt fimm daga löng, prestur tekur á móti sjúklingum og aðstandendum á flugvelli og liðsinnir eftir þörfum á meðan á dvöl stendur. Það reynir á að koma á ókunnugar slóðir í læknismeðferð og prestur reynir að auðvelða dvölinu, hjálpa til við túlkun ef þarf og veita sálrænan og andlegan stuðning. Þegar komið er í aðgerð er dvalartíminn lengri, oft á bilinu þrjár til sex vikur. Á vormisseri voru 17 heimsóknir skráðar.

Lokaorð

Íslenskt safnaðarstarf í Svíþjóð hefur verið í örur vexti síðustu ár og smám saman hefur myndast stöðugri kjarni fólks í kringum kirkjuskóla og guðspjónustur. Á sama tíma fjölgar Íslendingum í Svíþjóð vegna efnahagsástandsins heimafyrir. Fleiri leita hingað í nám og störf til lengri eða skemmri tíma. Það hefði verið sársaukafullt að neyðast til að draga verulega úr safnaðarstarfinu eða jafnvel hætta allri starfsemi og um leið afþakka þann myndarlega stuðning sem Sænska kirkjan hefur veitt íslenska kirkjustarfinu ár hvert til reksturs kirkjustarfsins. Við erum því afar þakklát Sænsku kirkjunni fyrir að bæta um betur og veita okkur þann viðbótarstuðning að fjármagna hálf starfshlutfall prests-embættis. Þessi ákvörðun er tekin á niðurskurðartímum í Sænsku kirkjunni. Það lýsir mikilli gestrisni og vináttu í raun.

Sálgæsla presta og djákna á LSH

Sr. Sigfinnur Þorleifsson



Sigfinnur
Þorleifsson

Á því starfsári sem Þjóðkirkjan miðar við og nú er nýliðið hefur starfsemi Sálgæslu presta og djákna á Landspítalanum verið gróskumikið og með hefðbundnum hætti. Vegna lægri fjárframlaga ríkisins til heilbrigðisþjónustunnar og aukinnar kröfu um hagræðingu (niðurskurður) hefur sálgæslan orðið að draga saman í helgihaldi. Aukið framlag sjálfboðaliða (tónlistarfólks), sem þó er mikið fyrir og mjög þakksamlega þegið, hefur þó hjálpað mikið til að halda í horfinu.

Sem fyrr starfa sjö prestar og einn djákni við sálgæsluþjónustuna. Þau eru sr. Bragi Skúlason, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sr. Gunnar R. Matthíasson, sr. Ingileif Malmberg, sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson, Rósa Kristjánsdóttir djákni, sr. Sigfinnur Þorleifsson og sr. Vigfús Bjarni Albertsson.

Prestar og djákni hafa fram til þessa skilað inn svokallaðri verkaskrá sem síðan er færð til bókar og birt í starfsemisupplýsingum Landspítalans. Þar er skráð yfirlit nokkurra verkþátta sálgæslunnar: fjöldi uppsettra sálgæslusamtala, fjöldi útkalla utan dagvinnutíma þ.e. um kvöld, nætur og helgar, fjöldi guðsþjónusta og helgi- og kyrrðarstunda, fjöldi helgistunda við dánararbeð, fjöldi fjölskyldufunda, fjöldi stuðningssamtala við starfsmenn og handleiðsla einstaklinga og hópa, yfirlit um áfallhjálp sem veitt er utan

spítalans (þ.e. hversu oft), og yfirlit um eftirfylgd (sálgæslusamtöl við þá sem hafa útskrifast/aðstandendur þeirra sem hafa látist o.fl.). Viðvera á deildum er ekki sérstaklega skráð, eða hversu misþungu viðfangsefnin eru hverju sinni og ekki heldur sú fræðsla sem Sálgæsla presta og djákna annast fyrir aðrar starfstéttir. Á vordögum var svo gerð sú breyting að Sálgæsla presta og djákna skráir jafnharðan þessa verkþætti í bókunarkerfið Sögu sem er þá um leið aðgengilegt fyrir aðra heilbrigðisstarfsmenn svo þeir geta séð hvaða sjúklingum og aðstandendum Sálgæslan er að sinna án þess að þar komi fram trúnaðarupplýsingar sem varða samskipti og inntak þeirra.

Hér fylgja starfsemistölur fyrir tímabilið frá júníbyrjun 2009 og til ársloka 2009. Vegna áðurnefndrar breytingar á fyrirkomulagi skráningar eru tölur fyrir árið 2010 ekki tiltækar fyrr en í lok þessa árs.

Sálgæslusamtöl	2750
Fjölskyldufundir	216
Helgistund við dánararbeð	347
Guðsþjón. og annað helgihald	244
Eftirfylgd	438
Útköll utan dagvinnutíma	331
Áfallahjálp utan LSH	27
Handleiðsla starfsmanna	207
Alls	4560

Sérþjónustuprestur að Sólheimum

Sr. Birgir Thomsen

Starf sérþjónustuprests að Sólheimum heldur áfram að þróast og er búið að sannast að slíkt starf er mikilvægt fyrir samfélagið. Sálgæsla, stuðningur og viðtöl eru þáttur í starfinu og einnig eru fastir viðverutímar í kirkjunni auk fyrirbænastunda og þeirra athafna sem fram fara í kirkjunni.

Hvert starf mótast af þeim einstaklingi sem því þjónar og hér er engin undantekning á því.

Þar sem undirritaður er einnig raf-eindavirki, falla tækniþing Sólheima að miklu leyti undir mitt starfssvið. Stutt er í húmorinn, eins og t.d. þegar ég ræsi dieselrafstöðvarnar þegar rafmagnið fer, þá minnst menn gjarnan á sr. Jón prímus í því samhengi.

Í Sólheimakirkju voru guðspjónustur aðra hverja helgi allt árið, auk þess há-tíðarguðspjónustur, 13 bæna- og helgi-stundir, Kirkjuskóli Mosfellsprestakalls var haldinn í 10 skipti í Sólheimakirkju,


í umsjón okkar sr. Rúnars á Mosfelli ásamt Erlu Thomsen. Hjónavíglur voru tvær og fjórar skirnir, alls 57 athafnir. Þátttakendur í athöfnunum voru samtals 2.337. Auk þess voru tónleikar í kirkjunni alla sunnudaga Menningarveislu Sólheima sem stóð yfir dagana 6. júní til 8. ágúst, alls 10 talsins. Margar heimsóknir hópa og ferðamanna koma í kirkjuna. Gera má ráð fyrir að rúmlega tíuþúsund manns komi í kirkjuna á ári hverju. Ekki er starfandi sérstakur kór við kirkjuna, en við guðspjónusturnar er almennur safnaðarsöngur þar sem vel er tekið undir í söng og svörum. Nýtast þá vel þær messuskrár sem ég útbý fyrir hverja guðspjónustu þar sem eru öll svör og einnig textar sálmanna sem sungnir eru. Organisti við kirkjuna er Ester Ólafsdóttir og meðhjálparar eru Ólöf E. Guðmundsdóttir, Eypór Jóhannsson og Erla Thomsen. Íbúar Sólheima taka virkan þátt í athöfnunum



Birgir Thomsen



Úr Sólheimakirkju



með ritningarlestri og annarri aðstoð. Nokkuð er um það að kórar og annað tónlistarfólk fái að æfa í kirkjunni og haldi tónleika fyrir íbúa og nágretta Sólheima. Einnig sungu nokkrir gesta-kórar við guðspjónustur á árinu.

Við hátíðarguðspjónustu á kirkjudegi Sólheimakirkju þann 6. júlí, prédikaði Pétur Kr. Hafstein forseti Kirkjupings, að viðstöddu fjölmenni.

Aðventuhátíð-Aðventugarður

Var haldin fyrsta sunnudag í aðventu og hefur hátíðin verið haldin með sama

hætti í yfir 70 ár á Sólheimum. Var þetta fjórða árið í röð sem Aðventuhátíðin sem við nefnum Aðventugarð var haldin í Sólheimakirkju og var hún einstaklega hátíðleg. Þar er gengið í garðinn með kerti í epli sem kertastjaka, kveikt er á kertinu á stóru kertaljósi í miðjum garðinum, ljósi Guðs, og ljósið síðan lagt í garðinn. Meðan á göngunni stendur á viðkomandi að hugsa um samband sitt við Guð og náttúruna. Þátttakendur voru 131 talsins. Sungnir voru m.a. gömlu sálmarnir sem sungnir hafa verið við þessa athöfn til fjölda áratuga og leikið á klukkaspil þess á milli.

Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Sr. Guðrún Eggertsdóttir

Inngangur

Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og síðastliðið ár og er þjónustunni nú sinnt af prestri í 75% starfi og djákna í 30% starfi.

Starf prests og djákna felst í sálgæsluviðtölum, samfylgd, fræðslu og helgihaldi.

Þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum.

Starfsemin

Sálgæsla og helgihald eru aðal þættir trúarlegrar þjónustu, en auk þess felst í starfinu skipulag á þjónustu, þverfaglegt samstarf, fræðsla og lestur til undirbúnings.

Stuðningur, samfylgd og eftirfylgd eru stórir þættir þjónustunnar, svo og úrvinnslu og viðrunarfundir með starfsfólki, auk áfallahjálpar við sjúklinga og aðstandendur. Áhersla hefur verið lögð á að auka markvissan stuðning við starfsfólk.

Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga.

Stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkrafstofum, en um 200 helgi-stundir voru á árinu 2009.

Tilkoma kapellunnar, sem vígð var í desember 2007 breytti aðstöðunni til helgihalds og þar er messað á stórhátíðum. Kapellan nýttist þó fyrst og fremst öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar

fyrirbænaundir í kapellu eru öllum opnar. Fyrirbænaefnum má koma til prests eða djákna eða skrifa í fyrirbænaabók í kapellu.

Geta má þeirrar ánægjulegu viðbótar að á árinu fóru fram tvær hjónavígslur í kapellunni auk þess sem 6 börn voru borin til skírnar.

Samstarf

Hið góða samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum FSA er trúarlegri þjónustu mjög mikilvægt og stuðlar að skilvirkri þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.

Djákni á sæti í stuðningsteymi starfsmanna sem hittist á vikulegum fundum og er einnig varamaður í áfallateymi FSA. Sjúkrahúsprestur situr í óformlegu ráðgjafa- og líknarteymi ásamt hjúkrunarfræðingum af lyflækningadeildum og félagsráðgjafa, er varamaður í stuðningsteymi starfsmanna og situr fundi áfallateymis.

Samstarf við vígða þjóna Eyjafjarðarprófastsdæmis svo og allt starfsfólk kirkjunnar er gott og taka prestur og djákni þátt í vikulegum morgunsamverum í Akureyrarkirkju auk samráðs- og fræðslufunda á vegum prófastsdæmisins.

Prestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktarkerfi presta í prófastsdæminu. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma. Gengur sjúkrahúsprestur þar vaktir til jafns á við aðra presta prófastsdæmisins.

Sjúkrahúsprestur á sæti í fræðslunefnd Eyjafjarðarprófastsdæmis. Starf nefndarinnar er að byggja upp og skipuleggja fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins.

Djákni er varamaður í nefnd um kærleikspjónustu á vegum prófastsdæmisins og vinnur með forstöðumanni Vinaheimsókna að skipulagi, fræðslu og uppbyggingu sjálfboðaliða.

Afmæli

Þann 11. febrúar 2010 var haldið upp á 15 ára afmæli trúarlegrar þjónustu á FSA með veglegri fræðsludagskrá. Boðið var upp á erindi tengd þáttum starfsins: þjónustu við fólk fjarri heimabyggð, þátt helgihaldsins í sálgæslunni og stuðning við starfsfólk, auk þess sem Valgerður Valgarðsdóttir djákni sagði frá upphafi þjónustunnar. Vil ég nota tækifærið hér til að þakka öllum sem að komu þeirra góða framlag.

Dagskráin var flutt tvisvar yfir daginn til að koma til móts við þarfir vaktavinnufólks og var ánægjulegt að sjá hversu margir sáu sér fært að mæta og fagna áfanganum með okkur.

Fræðsla

Sjúkrahúsprestur og djákni hafa komið að fræðslu til starfsmanna sem og ýmissa hópa utan FSA m.a. með kynningu á trúarlegri þjónustu og starfi sjúkrahúsprests/djákna, fræðslu um áfallahjálp, sálgæslu, sorg, áföll, bæn og íhugun.

Sjúkrahúsprestur tekur reglulega þátt í fræðslu fyrir sjúklinga á endurhæfingadeildinni í Kristnesi og tók einnig þátt í fræðslu fyrir sjúkraliða um tilfinningar og liðan fólks við slys og alvarlega sjúkdóma.

Djákni tekur reglulega þátt í fræðslu og stuðningi til hjúkrunarfræðinga á 1. ári í starfi.

Í tvö ár hefur verið boðið upp á vikulegar bæna- og íhugunarsamverur í kapellu. Alla miðvikudaga kl. 17.00-18.00 er boðið upp á slíka samveru ásamt fræðslu um hina kristnu íhugunaraðferð Centering Prayer. Má geta þess hér að samverurnar hafa verið vel sóttar og margir sýnt málefninu áhuga.

Lokaorð.

Prestur og djákni þakka samstarf og umhyggju á árinu og biðja öllum Guðs blessunar á komandi árum.

Starfið í prófastsdæmunum

Suðurprófastsdæmi

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur

Eldgos

Náttúruöflin setja sitt mark á Suðurland um þessar mundir. Eldgosið í Eyjafjallajökli hefur látið Eyfellinga og V-Skaftfellinga finna fyrir því hvað það getur kostað að búa undir virkum eldfjöllum og í námunda við þau.

Á öllum tímum hafa orð heilagrar ritningar verið huggun og styrkur þeim á hafa þurft að halda. Í orðum hennar finnum við von því við vitum að góður Guð býður okkur vernd sína og opnar kærleiksríkan faðm sinn móti okkur og umvefur okkur og hlúir að hverju og einu. Og þegar við lifum tíma eins og nú hafa dunið yfir í lífi þjóðarinnar, efnahagsþrengingar og náttúruhamfarir, þá er kristin trú ómetanleg hjálp og styrkur. Kristin trú er ekki aðeins orð, hún er lífskoðun sem boðar og miðlar nánd og kærleika Guðs. Í henni er fólgin sú víska að maður er í hendi hans og borinn á örmum hans. Af honum þiggjum við sérhvert augnablik og andartak og hljótum jafnframt styrkinn til að takast á við það erfiða og vandasama.

Íslenskir bændur hafa í aldanna rás lotið lögmálum náttúrunnar þegar þeir hafa yrkjað landið og tekist á við náttúruöflin. Og kannski vegna þeirrar sífældu baráttu, þá skynjar fólkíð sem býr á landsbyggðinni enn betur en ella þá dásamlegu gjöf sem lífið er og kann

því að þakka algóðum Guði fyrir það sem okkur er gefið. Þessi sterka tenging við náttúruna og samskiptin við hana, hvernig skiptast á mildi og harka landsins, hafa mótað skilning okkar á því hvers virði það er að vera Íslendingur og fá að búa í þessu harðbýla og fagra landi.

Það hefur verið ánægjulegt og lærdómsríkt að sjá samheldnina meðal íbúanna og þá ekki síður þjóðarinnar sem hefur lyft grettistaki varðandi hreinsunarstörf, aðstoð og stuðning allann í tengslum við þessa miklu vá sem ekki enn er séð fyrir endann á. Rangæingar og Skaftfellingar sýna ein-dæma æðruleysi og hugrekki og halda áfram, með þá trú að leiðarljósi að öll él birtir upp um síðir.

Breytingar á prófastsdæmum og prestaköllum

Miklar breytingar hafa átt sér stað í prófastsdæma- og prestakallaskipan á Suðurlandi. Á kirkjuþingi í október sl. voru teknar stórar og miklar ákvarðanir á grundvelli mikilla efnahagsþrenginga þar sem niðurskurðarhnífnum var beitt ótæpilega, og sem komu niður á fjármálum kirkjunnar líkt og annars staðar í þjóðfélaginu. Nýtt Suðurprófastsdæmi



Halldóra
Þorvarðardóttir

hefur nú litið dagsins ljós eftir að sameinuð voru Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssprófastsdæmi auk Ofanleitis-sóknar í Vestmannaeyjum.

Prófastsdæmið nær nú frá Hellsisheiði í vestri, austur í Lón, auk Vestmannaeyja. Var formlega stofnsett 1. janúar 2010. Það kom til fleiri sameininga, Selfoss- og Hraungerðisprestaköll voru sameinuð og er sóknarprestur sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson og sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson prestur. Hruna- og Gnúp-verjaprestaköll voru einnig sameinuð og þjónar því sr. Eiríkur Jóhannsson í Hruna. Hitt sóknarprestsembættið var gert að héraðsprestsembætti, sem sr. Axel Árnason sinnir og leysir af, frá 1. mars að telja, Oddaprest, sr. Guðbjörgu Arnardóttur í fæðingarorlofi hennar sem stendur fram til áramóta. En það er stefna stjórnсыslu kirkjunnar að héraðsprestar komi meira að afleysingum en hefur verið hingað til.

Kirkjuping síðasta samþykkti fleiri breytingar á Suðurlandi sem koma til framkvæmda við starfslok presta. Holtsprestakall verður lagt niður við starfslok sr. Halldórs Gunnarssonar og skiptist milli Víkurprestakalls og Breiðabólstaðarprestakalls. Kálfafellsprestakall verður lagt niður við starfslok sr. Einars Jónssonar og sameinast Bjarnanesprestakalli. Mosfells- og Skálholtsprestakall sameinast við starfslok þess sóknarprests sem fyrr lætur af embætti.

Okkar málum er nú skipað á þennan veg hér á Suðurlandi og nú er að horfa fram á við og takast á við ný og spennandi verkefni sem bíða innan seilingar og krefjast huga okkar og handa. Sjálf hef ég haft það sem markmið og lífsstefnu að líta jákvætt á breytingar sem verða og sem tækifæri. Tækifæri sem leiða til góðs.

Héraðsfundur

Laugardaginn 13. mars 2010 var síðan fyrsti héraðsfundur hins nýja Suður-prófastsdæmis haldinn í Árhúsum á Hellu og hófst kl.11.00.

Prófastur setti fundinn og leiddi helgistund í upphafi hans. Hún lagði út af orðunum í Mark. 4. 30-32 um mustarðskornið og Guðs ríki og sagði m.a. að boðskapur frelsara okkar Jesú Krists kallaði okkur til góðra verka, til að boða von og trú og vitna um kærleika hans sem er ofar öllu og á erindi til allra manna á öllum tímum.

Prófastarnir þrír í hinum gömlu prófastsdæmum fluttu yfirlitsskýrslur sínar um starfið frá síðustu héraðsfundum. Sr. Eiríkur Jóhannsson flutti skýrslu Árnesprófastsdæmis. Hann hóf orð sín á því að segja að á meðan árið 2008 verður í minnum haft vegna skjálfta, landið skalf hér á suðurlandi og fjármálakerfi landsins skalf svo hressilega að það hrundi til grunna þá má segja að 2009 hafi að vissu leyti einkennt af skjálfta innan kirkjunnar að miklu leyti sjálfsköpuðum. Sjaldan hafi jafn miklar breytingar á mannhaldi og skipulagi verið samþykktar á svo skömmum tíma.

Rekstur prófastsdæmisins sem slíks var með hefðbundnu sniði. Það sem helst bar á góma þar var eftirfarandi: Héraðsfundur var haldinn á Þingborg þann 28. mars og vísast til fundargerðar um efni hans. Þann 21. apríl var samvera presta á suðurlandi á Hellu en þar hélt séra Axel Árnason námskeið fyrir prestana í því að umgangast heimasíðu kirkjunnar á Suðurlandi, að setja þar inn efni.

Í samræmi við yfirlýst markmið héraðsnefndar um eflingu og stuðning við sóknarnefndir var boðið til samveru sóknarnefnda á Gömlu Borg þann

3. september. Markmið var fyrst og fremst að skapa vettvang til aukinna kynna þeirra er vinna af förnfýsi þessi mikilvægu störf í þágu kirkjunnar. Gestur samverunnar var Ninna Sif Svavarsdóttir nýráðin æskulýðsfulltrúi Selfoskirkju en jafnframt að hluta til stuðnings við æskulýðsstörf í prófastsdæminu.

19. nóvember var námskeið haldið fyrir sóknarnefndir í safnaðarheimilinu á Selfossi um starfshætti lög og reglur þær er varða almennt kirkjustarf. Leiðbeinendur voru starfsmenn biskupsstofu þau séra Halldór Reynisson og Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, lögfræðingur. Námskeiðið sóttu um 25 manns.

Undirritaður var á haustdögum samningur milli Árneshólsprófastsdæmis og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands þar sem kveðið er á um ákveðna greiðslu upp í kostnað við prestsþjónustu við stofnunina. Að jafnaði heimsókn einu sinni í viku og ein helgistund í mánuði.

Seinni hluta septembermánaðar barst prestum og sóknarnefndum bréf um sameiningaráform í Árneshólsprófastsdæmi. Lagt var til að prestaköll Mosfells og Skálholts yrðu sameinuð og prestaköll Hruna og Stóra- Núps sömuleiðis, eins að Þingvallasókn yrði lögð niður og yrði hluti Miðdalssóknar. Þess var jafnframt óskað að haldinn yrði aukahéraðsfundur um þessi mál. Var hann haldinn þann 20. október. Þremur dögum fyrir fundinn barst enn eitt bréf þar sem þess var óskað að tekin yrði fyrir öðru sinni tillaga um sameiningu Selfosprestakalls og Hraungerðisprestakalls. En héraðsfundur hafði um vorið ályktað um þá tillögu og lagt það til að í stað sameiningar yrði stefnt að auknu samstarfi presta Selfoss-, Hraungerðis- og Eyrarbakkaprestakalla. Aukahéraðsfundur samþykkti tillögu þess efnis að hann lýsti yfir skilningi

á þörf til breytinga á starfsháttum og þjónustu kirkjunnar í síbreytilegu samfélagi. Hér væru hins vegar lagðar til miklar breytingar með litlum fyrirvara. Því væri þess farið á leit að framkomnum tillögum biskupafundar verði frestað um eitt ár, meðan tóm gæfist til kynningar og umræðu í héraði. Varðandi sameiningaráform Selfosprestakalls og Hraungerðisprestakalls væri vísað til samþykktar héraðsfundar Árneshólsprófastsdæmis frá í mars 2009. Varðandi Þingvallaprestakall og -sókn vildi fundurinn áretta sérstöðu þess sem einstakt tákni um samfylgd þjóðar og kirkju í 1000 ár og mikilvægi þess að því verði viðhaldið og það treyst í sessi.

Á kirkjuþingi voru eigi að síður allar fyrrgreindar sameiningartillögur samþykktar að undanskildum áformum um breytingar á skipan mála á Þingvöllum.

Prófastur gat þess að síðastliðið ár var einnig óvenjulegt að því leyti að haldið var upp á hundrað ára afmæli fjögurra kirkna prófastsdæmisins. Hrepphóla-, Stóra-Núps-, Kotstrandar- og Gaulverjabæjarkirkna. Alls staðar var þessa minnst með veglegum hætti, hátíðarmessur sungnar og boðið til samsætis með metnaðarfullum dagskráratriðum. Kirkjurnar allar í góðu ásigkomulagi og bera hver um sig fagurt vitni um umhyggju og metnað sóknarfólks fyrir hönd sinnar kirkju.

Að lokum þakkaði sr. Eiríkur fyrir ánægjulegt samstarf við unnendur kirkju og kristni þann skamma tíma sem honum var treyst til að fara með visst forystuhlutverk í héraði.

Sr. Haraldur M. Kristjánsson flutti skýrslu Skaftafellsprófastsdæmis. Hann gat þess að Skaftafellingar héldu síðasta héraðsfund sinn 4. júní 2009 á Hótel Laka í Landbroti og var sá fundur fjöl-sóttur og góður. Á honum voru til um-

fjöllunar tillögur um breytingar á prestakallaskipan í prófastsdæminu líkt og verið hafði nánast undantekningalaust á síðustu 10 - 15 héraðsfundum þar á undan. Hann skar sig því ekki úr hvað það snertir og óhætt að fullyrða að Skaftfellingar hafi því allgóða reynslu af umræðum um skipan þessara mála í þjóðkirkjunni. Líkt og ævinlega áður komust fundarmenn að einróma niðurstöðu, samþykktu tillögu og sendu hana til kirkjustjórnarinnar ásamt haldgóðum rökum fyrir því að réttast væri að halda í horfinu og hopa hvergi.

Í lok september sl. var svo send út tillaga biskupafundar um sameiningu Skaftafells- og Rangárvallaprófastsdæma ásamt með tilfærslu Vestmannaeyja úr Kjalarnessprófastsdæmi og að stofnað yrði nýtt prófastsdæmi, Suðurprófastsdæmi. Tillagan var tekin fyrir á aukahéraðsfundi á Kirkjubæjarklaustri 14. október en líkt og áður höfnuðu fundarmenn sameiningu á þeirri forsendu að hvergi væri gerð grein fyrir því hvernig slík sameining skyldi fara fram né heldur til hvers hún ætti að leiða.

Til að gera langa sögu stutta, þá var síðan á síðasta degi kirkjupings, fimmtudaginn 12. nóvember sl. samþykkt að sameina öll þrjú prófastsdæmi Suðurlands í eitt og bæta við Vestmannaeyjum og fékk hið nýja prófastsdæmi nafnið Suðurprófastsdæmi. Sameiningin skyldi eiga sér stað formlega 18 dögum síðar, eða 30. nóvember 2009.

Haraldur gat þess að hann, líkt og fleiri væru hissa á því hvað þetta þurfti að ganga hratt fyrir sig og fannst sem allar ályktanir, bréf og rök þeirra Skaftfellinga um þessi málefni í hartnær áratug hafi litlu skilað. Hann heyrði líka og fann að Skaftfellingar voru ekki einir um þessar skoðanir og tilfinningar.

Hann hvatti fundarfólk til að taka

þessari breytingu með jákvæðum huga og taka þátt í að móta stefnu og framtíðarverkefni hins nýja Suðurprófastsdæmis. Skipulag starfsins skiptir vissulega máli, þó mestu skiptir að við erum öll kölluð til að flytja fagnaðarerindið um Jesú Krist meðal systra og bræðra, til sjávar og sveita og til eyja á Suðurlandi og það gerum við best þegar við erum jákvæð og glöð. Hann bauð nýjan prófast Suðurprófastsdæmis, séra Halldóru J. Þorvarðardóttur í Fells múla velkomna til starfa og óskaði henni velfarnaðar og Guðs blessunar, og þakkaði Skaftfellingum öllum, leikum sem lærðum, samstarf og margháttaða samvinnu á þeim rúmu 11 árum sem hann var prófastur þar eystra.

Sr. Halldóra J. Þorvarðardóttir flutti skýrslu Rangárvallaprófastsdæmis. Hún sagði að í kirkjulegu starfi í prófastsdæminu hafi flest farið fram með venjubundnu sniði. Sem fyrr væri það messan sem er miðja hins kirkjulega starfs í hverju prestakalli. Barnaguðsþjónusturnar og kirkjuskólinn væru einnig ákaflega mikilvægur þáttur í kirkjustarfinu því þar er grunnur lagður meðal yngri kynslóðarinnar.

Í Rangárvallaprófastsdæmi eru fjögur prestaköll með 16 sóknum og jafn mörgum sóknarkirkjum. Og að auki eru þrjú guðshús, sem skilgreinast sem kappellur og/eða bænhús. Tölur segja ekki allt um kirkjulegt starf, en samtals voru í prófastsdæminu á síðasta ári guðsþjónustur og helgistundir samtals 330.

Halldóra sagði að fermingarstörfin væru þá ekki síður mikilvægur þáttur í kirkjulífinu og nauðsynlegt er að halda því fram við foreldra og forráðamenn barnanna, að fermingin er atburður sem varðar fjölskylduna alla og það að sækja messur á undirbúningstímanum yfir vetrarmánuðina er mikilvægur

þáttur í trúarlífi fjölskyldu og heimilis. Hinn formlegi fermingarundirbúningur prestanna hæfist þegar hóað er til sameiginlegs fermingarbarnamóts að hausti, sem nú undanfarin ár hefur verið haldið í Vatnaskógi í október.

Hún gat þess að samstarf prestanna við eldri borgarafélag sýslunnar væri orðið fast í sessi, það að skiptast á að fá eldri kynslóðina í messuheimsóknir yfir vetrartímann. Taka félagsmenn sig þá saman og koma í rútu til guðspjónustu og á eftir er kaffi drukkið og reynt er að hafa „örlítið betra“ með messukaffinu. Síðan er Dagur eldri borgara, haldinn hátíðlegur á uppstigningadag sem bar upp á 13. maí og hófst með guðspjónustu í Oddakirkju og kaffisamsæti í safnaðarheimilinu á Hellu á eftir.

Prófastur nefndi nýju heimasíðuna sem hefur verið opnuð fyrir prófastsdæmin þrjú hér á Suðurlandi undir veffanginu kirkjan.is/sudurland. Hún hefur ekki alveg virkað sem skyldi, en vonandi og með tímanum verður hún virkari svo hún endurspeglar allt það sem er á döfinni í safnaðarstarfi hverju sinni.

Í byrjun október var haldið námskeið fyrir presta í prófastsdæmunum premur í Skálholti. Þá var boðað til aukahéraðsfundur á Hellu þann 8. október sl. En tilefni fundarinnar var að kynna og veita umsögn um tillögur biskupafundar um sameiningu Rangárvalla- og Skaftafellsprófastsdæma, auk Vestmannaeyjaprestakalls, en biskupafundur mun leggja þessa breytingu til á kirkjuþingi í haust og að hún öðlist þegar gildi 1. janúar 2010. Kirkjublaðið var gefið út á líkt og síðustu ár og prestarnir hittast reglulega yfir vetrarmánuðina, að jafnaði einu sinni í mánuði.

Héraðssjóður prófastsdæmisins studdi margvísleg kirkjuleg málefni í prófastsdæminu og var styrktaraðili þarflegra

verkefna á vegum kirkjunnar og má þar m.a. nefna stuðning við kirkjukóra og önnur tónlistarverkefni sem fólk hér í sýslu hefur komið að og staðið fyrir. Útgjöld héraðssjóðs til líknarmála jókst töluvert sl. ár líkt og árið á undan og sem betur fer gátum við lagt lið.

Að lokum færði hún ómældar þakkir prestum, sóknarnefndarfólki, kórfélögum, organistum, meðhjálpurum, hringjurum og öllum þeim sem við kirkjuna starfa eða koma að málefnum hennar á einn eða annan hátt, fyrir störfin þeirra góðu.

Hún lauk skýrslunni með því að kveðja prófastsdæmið gamla með söknuði og þakka það sem liðið er, - allt gott og gegnheilt þau 12 ár sem hún þjónaði sem prófastur, og sagðist jafnframt líta með tilhlökkun til þess sem framundan væri. Að lokum þakkaði hún þeim sr. Haraldi M. Kristjánssyni og sr. Eiríki Jóhannssyni samstarfið á vegum prófastsdæmanna.

Á fundinum var síðan ný héraðsnefnd Suðurprófastsdæmis kosinn en í henni sitja; Halldóra J. Þorvarðardóttir prófastur, sjálfskipuð, sr. Eiríkur Jóhannsson og Magnús Kristinsson Vestmannaeyjum. Varamenn í héraðsnefnd eru sr. Haraldur M. Kristjánsson og Margrét Jónsdóttir.

Lokaorð

Það hefur verið leiðarsnúra okkar, þegar við fetum af stað í stóru prófastsdæmi að halda við því skipulagi og starfslagi sem við höfum í okkar heimahéruðum og hafa reynt vel og bæta við og auka fjölbreytni með tímanum og eftir því sem við eygjum möguleika á. Þannig að við fellum enga starfsemi niður en bætum við og samhæfum þegar við sjáum að það fer betur á því.

Kjalarnessprófastsdæmi

Dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur



Gunnar
Kristjánsson

Héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis árið 2010 var haldinn 7. apríl í Strandbergi í Hafnarfirði. Þar kom fram að efnahagskreppan hefur haft sín áhrif á starf safnaðanna en fjölbreytni í kirkjustarfi fer engu að síður vaxandi. Á vegum prófastsdæmisins hefur sameiginlegt starf sókna og prestakalla heldur aukist en hið gagnstæða. Efnahagsástandið hefur bitnað misjafnlega á fólki, meðan sumir eiga í vök að verjast og berjast í bökkum virðist það ekki bitna svo heitið geti á öðrum. Landshlutar virðast einnig fara misjafnlega út úr því mótlæti sem þjóðin á við að glíma svo og einstakar starfsgreinar.

Í þessu samhengi eru allir undir sömu sök seldir: hin pólitíska kreppa og hruninn trúverðugleiki nær ekki aðeins til viðskiptaheimsins heldur teygir sig vítt og breitt um samfélagið. Þjóðkirkjan verður eins og aðrar stofnanir dæmd af verkum sínum, starf hennar sem annarra verður metið á vogarskálum tímans þegar spurt verður: hvert var framlag þjóðkirkjunnar á tímum mótlætis, hver var skilningur hennar og skynjun á vanda þjóðar og hvert var framlag hennar til úrlausnar og uppbyggingar þegar jörðin dundi undir fótum okkar? Þannig eru skilaboðin sem liggja í loftinu.

Efnahagsþrengingarnar hafa einnig verið tími endurmats, allir hafa þurft að horfast í augu við þá staðreynd að ekki er allt gull sem glóir og hin dýpri leit sem fylgir lífi mannsins á öllum tímum er í fullu gildi, hið varanlega og áreiðanlega er í þeim lífsgildum sem hvorki mölur né ryð eyða.

Um kirkjur

Aðfararótt 2. janúar brann Krýsuvíkirkirkja til kaldra kola. Slökkvilið Grindavíkur kom á vettvang þegar kirkjan var nýfallin. Ekki er vitað um eldsupp-tök. Krýsuvíkirkirkja var byggð árið 1857 og endurbyggð og endurvígð árið 1964. Hún var í vörslu þjóðminjavarðar. Altaristafla Sveins Björnssonar listmálara prýddi kirkjuna að sumarlagi. Hún var geymd í Hafnarfarðarkirkju yfir veturinn. Í kirkjunni var gestabók sem þúsundir gesta skrifuðu nöfn sín í á hverju ári. Þegar messað var í kirkjunni var þar jafnan þétt setinn bekkurinn og iðulega fjöldi fólks utandyra. Þegar eftir brunann hófu Hafnarfirðingar og fleiri velunnarar kirkjunnar söfnun fyrir nýrri kirkju og hefur hún tekist vonum framar og er nú stefnt að því að reisa að nýju kirkju á hinum gamla kirkjustað nákvæmlega eins og hin eldri var. Eru þær framkvæmdir í fullum gangi.

Vísitásiur

Prófastsvístasía var í Keflavík 25. maí, hún hófst í safnaðarheimilinu kl. 13. Mættir voru auk prófats, séra Skúli Sigurður Ólafsson sóknarprestur, sem jafnframt var ritari vísitásiunnar, séra Sigfús Baldvin Ingvason og Halldór Leví Björnsson formaður sóknarnefndar. Í framhaldi af fundi skoðaði prófastur kirkjugarðana við Aðalgötu og Hólmsbergskirkjugarð í fylgd sóknarprests, Hjördísar Kristinsdóttur og Erlu Guðmundsdóttur. Að því loknu var fundur með starfsfólki, formanni sóknarnefndar, gjaldkera

og formanni byggingarnefndar. Þar ræddi prófastur um framkvæmdir, viðgerðir, safnaðarstarf og kirkjulífið. Starfsmenn safnaðarins gerðu grein fyrir sínu starfssviði á fundinum. Áður en vísitíðin hófst átti prófastur fund um samstarf við félagsþjónustu Reykjanesbæjar í Kirkjulundi, safnaðarheimili Keflavíkurkirkju.

Vísitíðin í Njarðvíkurprestakalli fór fram 27. maí og hófst um kl. 13 í safnaðarheimili Innri-Njarðvíkursóknar. Sóknarpresturinn séra Baldur Rafn Sigurðsson og Kristján Friðjónsson tóku á móti prófasti og gerðu grein fyrir mál-efnum sóknarinnar áður en skoðun hófst. Var þar rætt um framkvæmdir og viðgerðir sem hvort tveggja hefur verið í lágmarki síðan vísitíðin var síðast en breytingar hafa orðið á búnaði kirkju og safnaðarheimilis, rætt var um safnaðarstarf. Fjölgað hefur í sókninni, munar þar mestu um aukna byggð á Vallarheiði en þar búa nú á annað þúsund manns. Síðan skoðaði prófastur Njarðvíkurkirkju og Njarðvíkurkirkjugarð ásamt Sigmundi Eyþórssyni formanni sóknarnefndar og Brynju Vigdís Þorsteinsdóttur. Þá heimsótti prófastur Kirkjuvogssókn í fylgd Óskar Kristinsdóttur og Guðbjargar Þóru Snorradóttur. Loks var fundur prófasts með sóknarpresti, formönnum sóknarnefnda og nokkrum sóknarnefndarmönnum í safnaðarheimili Ytri-Njarðvíkursóknar. Vísitíðin lauk um kl. 17,30.

Prestar og djáknar

Breytingar á embættum presta og djákna urðu talsverðar í prófastsdæminu á árinu. Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir fór í námsleyfi haustið 2008 og dvaldist við Uppsalaháskóla í Svíþjóð til 15. júní

2009 þegar hún kom aftur til starfa.

Séra Ása Björk Ólafsdóttir gegndi starfi héraðsprests í námsleyfi hennar, til aprílloka. Ása Björk fæddist í Færeyjum 1965. Hún útskrifaðist frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1992 og starfaði sem kennari í 10 ár, lagði stund á uppeldisfræði til kennsluréttinda í grunn- og framhaldsskólum veturinn 1993-1994 og útskrifaðist sem guðfræðingur frá guðfræðideild Háskóla Íslands árið 2005 og starfaði sem prestur við Fríkirkjuna í Reykjavík eftir það.

Móeiður Júníusdóttir guðfræðinemi kom tímabundið til starfa á skrifstofu Kjalarnessprófastsdæmis í stað séra Kjartans Jónssonar sem var um hálfis árs skeið við þjónustu í Hafnarfjarðarprestakalli frá miðju ári 2008 til ársloka 2009. Móeiður sinnti ýmsum verkefnum á vegum prófasts, einkum endurútgáfu á fermingarkveri sem nú hefur verið gefið út í þriðja sinn. Starfi hennar á skrifstofu prófastsdæmisins lauk í febrúarlök.

Séra Kjartan Jónsson var við þjónustu í Hafnarfjarðarsókn síðari hluta ársins 2008 og var gerður embættaskiptasamningur við hann og séra Þórhall Heimisson sem kom þá til starfa á skrifstofu prófastsdæmisins. Frá miðju ári 2009 annaðist séra Kjartan þjónustu með séra Báru Friðriksdóttur í Tjarnaprestakalli. Tilgangurinn með starfi hans var að létta undir með sóknarpresti en þörfin á aukinni prestsþjónustu í Tjarnaprestakalli er brýn.

Séra Hans Guðberg Alfreðsson var settur inn í embætti prests í Garðaprestakalli 6. sept. 2009. Hann var valinn af valnefnd prestakallsins á fundi 9. júní 2009 til þess að gegna embættinu sem hann var skipaður í til fimm ára frá og með 1. sept. 2010. Þetta er þriðja prests-embættið í Garðaprestakalli og jafnframt nýtt embætti. Í auglýsingu sagði

orðrétt: „Embættinu fylgja sérstakar skyldur við Bessastaðasókn og mun presturinn hafa starfsaðstöðu þar. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af barna- og æskulýðsstarfi.“ Séra Hans Guðberg fæddist í Reykjavík 1971, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð 1991 og embættisprófi í guðfræði frá guðfræðideild Háskóla Íslands árið 2000. Hann var vígður til prestsþjónustu 1. okt. 2006 og starfaði í Garðaprestakalli síðan. Eiginkona hans er Guðrún Hilmarsdóttir og eiga þau tvo syni.

Séra Erla Guðmundsdóttir var valin af sóknarnefnd Keflavíkurprestakalls til þess að gegna embættinu sem hún var skipuð í til fimm ára, þetta er þriðja prestsembættið við kirkjuna og jafnframt nýtt embætti. Séra Erla var vígð til prestsþjónustu 5. júlí 2009. Hún starfaði í sófnuðinum sem æskulýðsstarfsmaður frá árinu 2006. Séra Erla fæddist í Keflavík 1978, lauk stúdentsprófi frá Fjölbautarskóla Suðurnesja 1997 og embættisprófi í guðfræði frá guðfræðideild Háskóla Íslands 2009. Áður hafði hún lokið BA prófi í guðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla. Eiginmaður hennar er Sveinn Ólafur Magnússon og eiga þau eitt barn.

Séra Þórhallur Heimisson var settur inn í embætti sóknarprests í Hafnarfjarðarprestakalli 9. ágúst 2009. Tveir umsækjendur sóttu um sóknarprestsembættið sem auglýst var 25. maí með umsóknarfresti til 23. júní 2009. Séra Þórhallur var einróma valinn á fundi valnefndar 1. júlí 2009 og var skipaður til fimm ára. Hann þjónaði öðru prestsembættinu í Hafnarfjarðarprestakalli frá 1. júní 1996. Séra Þórhallur lauk embættisprófi í guðfræði frá guðfræðideild Háskóla Íslands í júní 1988 en aflaði sér síðan

viðtækrar menntunar og starfsreynslu hér á landi og erlendis. Hann stundaði framhaldsnám við Árósarháskóla og Uppsalaháskóla um skeið, vígðist til eins árs afleysingarþjónustu í Langholtsprestakalli 15. maí 1989 og starfaði sem prestur í sænsku kirkjunni 1994-1996 uns hann tók við þjónustu í Hafnarfirði. Eiginkona hans er séra Ingileif Malmberg og eiga þau fjögur börn.

Á héraðsfundi þakkaði prófastur séra Gunnþóri Ingasyni fyrrverandi sóknarpresti langt og farsælt starf í Hafnarfjarðarprestakalli, þar sem hann var skipaður sóknarprestur að undangenginni prestskosningu árið 1977. Fyrir hönd Kjalarnessprófastsdæmis þakkaði prófastur honum og eiginkonu hans, séra Þórhildi Ólafs, gott starf í prestakallinu og á sameiginlegum vettvangi prófastsdæmisins.

Séra Sigurður Grétar Sigurðsson var settur inn í embætti sóknarprests í Útskálakirkju 8. nóv. 2009, hann var einróma valinn af valnefnd prestakallsins á fundi 17. ágúst 2009 til þess að gegna embættinu sem hann var skipaður í til fimm ára frá 1. sept. Tíu umsækjendur sóttu um sóknarprestsembættið sem auglýst var 6. júlí með umsóknarfresti til 6. ágúst. Séra Sigurður Grétar fæddist í Reykjavík 26. okt. 1970, lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands árið 1991 og embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands haustið 1997. Hann vígðist til Breiðarbólstaðarprestakalls í Húnavatsprófastsdæmi 27. sept. 1998 og þjónaði því prestakalli þar til s.l. haust. Eiginkona hans er Anna Elísabet Gestsdóttir leikskólakennari og eiga þau fimm börn.

Á héraðsfundi þakkaði prófastur séra Birni Sveini Björnssyni þjónustu í Útskálaprestakalli en hann var settur í það embætti á Útskálum 21. júní 1998.

Hann hvarf til náms vestan hafs s.l. sumar og sagði embættinu lausu.

Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir var sett inn í embætti prests í Hafnarfjarðarprestakalli 4. okt. 2009. Hún var einróma valin af valnefnd prestakallsins á fundi 2. sept. 2009 til þess að gegna embættinu sem hún var skipuð í til fimm ára frá 1. okt. s.á. Átta umsækjendur sóttu um sóknarprestsembættið sem auglýst var 28. júlí með umsóknarfresti til 27. ágúst. Séra Guðbjörg fæddist 12. maí 1969, lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1996 og mastersprófi í sáttamiðlun frá Hafnarháskóla vorið 2007. Hún var sóknarprestur í Sauðárkróksprestakalli á árunum 1998 til 2007. Eftir það sinnti hún afleysingarþjónustu í Háteigsprestakalli, Selfossprestakalli og í Nesprestakalli. Eiginmaður hennar er Sigurður Páll Hauksson endurskoðandi, þau eiga fimm börn.

Breytingar á prófastsdæmaskipan

Þær sögulegu breytingar urðu á Kjalarnessprófastsdæmi á kirkjupingi í nóvember s.l. að samþykkt var að Vestmannaeyjaprestakall félli undir nýtt prófastsdæmi, Suðurprófastsdæmi, sem ákveðið var að mynda 1. des. 2009, við samruna Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnassprófastsdæma. Í bréfi frá biskupsstofu 11. nóv. 2009 var prófasti tilkynnt þessi ráðstöfun. Þar með lauk samleið Vestmannaeyjaprestakalls og Kjalarnessprófastsdæmis sem hófst árið 1952 og hefur alla tíð verið farsæl. Málið hafði nokkurn eftirmála sem kom fram í bréfi formanns sóknarnefndar til biskups þar sem hann lýsti óánægju sinni með málsmeðferð kirkjupings og óskaði eftir því að málið yrði rannsakað og jafnframt yrði sameiningunni við hið nýja prófastsdæmi frestað til ársloka

2010. Ég ritaði biskupi bréf 19. jan. s.l. og tók í einu og öllu undir kvörtun sóknarnefndarformanns. Við afgreiðslu leiðarþings Kjalarnessprófastsdæmis frá því 8. okt. s.l. las fulltrúi Vestmannaeyinga upp samþykkt safnaðarfundar og sóknarnefndar þar sem sagði að Vestmannaeyingar vildu hvergi annars staðar vera en í Kjalarnessprófastsdæmi. Það kom því mörgum á óvart að svo skyldi fara á kirkjupingi sem hundsaði þar með ákvörðun heimamanna og auka-héraðsfundar prófastsdæmisins. Orðrétt sagði í samþykkt Vestmannaeyinga: „Safnaðarfundur og sóknarnefnd Ofanleitissóknar leggjast alfarið gegn þessari tillögu“. Í lok bóklar um þetta mál leiðarþings segir síðan: „Fundarstjóri lagði þá til að leiðarþing styðji umsögn sóknarnefndar Ofanleitissóknar og geri hana að sinni. Það verði þá formleg afgreiðsla prófastsdæmisins sem biskupafundur óskar eftir. Var tillaga fundarstjóra samþykkt með lófataki.“ Ljóst er að allir fögnuðu þessari niðurstöðu.

Á kirkjupingi 7.-13. nóv. 2009 er eins og málið eigi sér enga forsögu: á veg Biskupsstofu segir um 3. mál kirkjupings: „Séra Kristján Björnsson flutti breytingartillögu meirihlutanefndar löggjafa[r]nefndar og sameiginlegar tillögur löggjafa[r]nefndar. Breytingarnar eru við þingskjal 3, sem er tillaga biskupafundar.“ Um afgreiðslu kirkjupings þarf ekki að hafa mörg orð. Í nefndu bréfi mínu til biskups segir síðan: „Tvær spurningar vakna: 1) Hvaða upplýsingar fengu kirkjupingsfulltrúar um viðhorf heimamanna við flutning tillögunnar og voru heimamenn spurðir áhlits, en það atriði hlýtur að vera meginregla í stjórnsýslu kirkjunnar – nema nýtt sjónarmið sé orðið leiðandi í því efni, þ.e.a.s. að allar ákvarðanir komi frá æðri stofnunum kirkjunnar. Þrátt

fyrir ítarlegan undirbúning undir málið heimafyrir og á leiðarþingi virðist unnt að leiða mál til lykta eftir allt öðru og afar ólýðræðislegu ferli á Kirkjuþingi. Sú spurning vaknar hvort menn munu draga þann lærdóm af slíkri afgreiðslu að ekki skuli taka lögboðinn undirbúning undir slík mál alvarlega þegar hann kemur til kasta heimamanna og héraðsfundar, sjónarmið heimamanna skipti hvort eð er ekki máli? Ég tek því undir ósk sóknarnefndar Ofanleitissóknar að afgreiðsla þessa máls verði skoðuð ítarlega af hlutlausu stjórnvaldi.“

Námskeið, málþing og ráðstefnur

Þjóðkirkjan og lýðræðið. Ráðstefnan *Þjóðkirkjan og lýðræðið*, sem haldin var í Skálholti 23.-24. ágúst 2009 tókst vel í alla staði og vakti verðskuldaða athygli. Um sjötíu manns sóttu þingið og hlýddu á erindi úr ýmsum áttum, sem öll snertu þó stjórn, stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þjóðfélagsumræðan í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 opnaði almenna umræðu um grunnstoðir samfélagsins og þar með um lýðræði í íslensku samfélagi. Lýðræði er sterkur þáttur í lútherskri kirkjuhefð. Í erindunum var fjallað um málefni kirkjunnar á líðandi stund með hliðsjón af hugmyndafræði þjóðkirkjulaganna frá 1997. Erindin kölluðu á rökræðu um kirkjuna í íslensku samfélagi og vöktu áhuga margra sem telja þjóðkirkjuna eiga þar brýnu erindi að gegna. Aðstandendur ráðstefnunnar ásamt Kjalarnessprófastsdæmi voru Skálholtsskóli og Guðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Facebook og kirkjustarfið var námskeið um notkun Facebook í kirkjustarfi föstudaginn 9. október. Facebook er einn mest sótti vefurinn á Íslandi í dag og líklega mest sótti samskipta-

vefurinn. Á námskeiðinu var rætt um notkunarmöguleika Facebook í kirkjustarfi svo sem uppsetningu á síðum, skipulagningu hópa og kynningu á viðburðum. Markmið námskeiðsins var að gefa þátttakendum góða yfirsýn yfir vefinn svo að þeir gætu sett upp eigin Facebooksíðu og notað hana til að kynna kirkjustarfið. Umsjón var í höndum séra Árna Svans Daníelssonar, vefprests og verkefnisstjóra á Biskupsstofu.

Prédikunarseminar Kjalarnessprófastsdæmis 18-20. okt. 2009.

Prédikunarseminarið var haldið undir yfirskriftinni „Ný trúarmenning í mótun“. Kallast var á við hefðbundin þemu í boðun og prédikun en jafnframt slegið á strengi framsækinnar guðfræði samtímans. Gestur seminarsins að þessu sinni var prófessor Wilhelm Gräb frá guðfræðideild Humboldt Háskólans í Berlín sem er prestur að góðu kunnur frá fyrri heimsókn sinni hingað til lands í boði prófastsdæmisins. Fjórir prestar fluttu prédikanir sem voru ræddar ítarlega á grunni prédikunarrýni.

Stjórnunarnámskeið fyrir leiðtoga í söfnuðum. Prófastsdæmið efndi til stjórnunarnámskeiðs fyrir presta, djákna og guðfræðinga í Keili á Reykjanesi. Bryndís Blöndal fræddi þátttakendur um ólíkar leiðir í ágreiðnings- og breytingastjórnun. Stjórnunarnámskeiðið var skipulagt af Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, á gamla herstöðvar-svæðinu. Fimmtán prestar, djáknar og guðfræðingar sóttu námskeiðið.

Samskipti á kirkjulegum vettvangi, námskeið sem er ætlað starfsfólki, sóknarnefndum og prestum safnaða var haldið um miðjan mars. Námskeiðinu var ætlað að efla hæfni starfsmanna og presta til samskipta og samvinnu þegar upp koma krefjandi álitamál sem reyna

verulega á samskipti og samvinnu. Kenndar voru viðurkenndar aðferðir úr smíðju sálfræðinnar sem gagnast við greiningu og úrlausn krefjandi viðfangsefna. Hugmyndin var að efla þekkingu og lýsa aðferðum sem stuðla að yfirvegum og leikni í samskiptum. Þessi þjónusta stóð þeim söfnuðum til boða þar sem þörf var talin brýn.

Áfram ábyrg. Föstudaginn 19. febrúar s.l. stóðu fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar, Keflavíkurkirkja og Kjalarnessprófastsdæmi að málþingi um málefni barna eftir skilnað og sambúðarslit foreldra. Hér er á ferðinni framhald á því samstarfi sem hófst með framangreindum aðilum með ráðstefnunni *Áfram ábyrg! áhrif skilnaðar á börn* sem haldin var í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju 2007. Margir góðir gestir tóku þátt á málþinginu sem var einnig vel sótt.

Meningarsetrið Útskálar. Talsvert hefur hægt á framkvæmdum við menningarsetrið Útskála en þar er m.a. gert ráð fyrir prestssetrasafni í gamla prestssetrinu. Þáttur í sýningum þar verður aðgengilegur gagnagrunnur sem varðveitir upplýsingar um íslensk prestssetur og kirkjustaði og um fólk sem þar bjó. Sá þáttur er í höndum séra Ágústs Sigurðssonar sem hefur unnið þrekvirki með heimildasöfnun sinni sem er ekki enn lokið.

Málþing um frjálslýnda guðfræðihéð var haldið í Reykholti í Bogarfirði 20.-21. maí. Sóttu um 40 manns þingið sem tókst afar vel. Níu fyrirlestrar voru fluttir auk fyrirlesturs prófessors emeritus Klaus-Peter Jörns sem var gestur þingsins. Skoðað var inntak þeirrar guðfræði sem liggur þjóðkirkjuhugsjóninni til grundvallar og jafnframt var hugað að endurvakningu þessarar hefðar í samtímaguðfræði og kirkjulífi.

Klaus-Peter Jörns er þekktur og eftirsóttur fyrirlesari, hann hefur ritað allmargar bækur um frjálslýnda guðfræði. Hann var prófessor í praktískri guðfræði við Kirkjulega háskólann í Berlín á árunum 1981-1999 og kenndi jafnframt við guðfræðideild Humboldtháskóla í sömu borg, þar var hann einnig forstöðumaður stofnunar fyrir rannsóknir í trúarfélagsfræði. Erindin verða gefin út sem í sérhefti af tímaritinu Glímunni haustið 2010.

Málþing um æskulýðsmál

Æskulýðsnefnd Kjalarnessprófastsdæmis hélt marga fundi og annaðist fasta liði eins og venjulega á vettvangi, barna-, unglunga og fermingarbarnastarfs, m.a. hélt hún vinnufund í Víðistaðakirkju 3. júní til að undirbúa tillögu að menntabraut fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar. Fulltrúum guðfræðideildar, dr. Pétri Péturssyni, og menntasviðs Háskóla Íslands, dr. Gunnari J. Gunnarssyni, var boðið á fundinn ásamt fulltrúa djáknafélagsins, Magneu Sverrisdóttur. Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni, greindi frá tilhögun menntunar slíks starfsfólks lúthersku kirknanna í Þýskalandi og sr. Guðrún Karlsdóttir frá tilhögun hennar í Svíþjóð.

Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þessarar umræðu og þeim var ljós þörfin á þörf fyrir stefnumörkun kirkjunnar um æskulýðsstarf. Að loknum erindum spunnust líffegar umræður. Starfsnefndin mun vinna úr niðurstöðum fundarins og leggja fram tillögur með haustinu. Ætlunin er að opna þá umræðuna og gefa sem flestum færi á að koma með sín sjónarmið.

Fundir

Af fjölmörgum fundum um ýmis efni á vegum prófastsdæmisins má nefna eftirfarandi:

Leiðarþing var haldið 8. október í VÍðistaðakirkju. Meginmál þess var samkvæmt venju umfjöllun um starfsáætlun og fjárhagsáætlun héraðssjóðs.

Á *aðventufundi presta og djákna* 10. desember 2009 var Sigurður Pálsson skáld gestur og ræðumaður. Hann las úr verkum sínum og ræddi um þá texta sem hann las, í framhaldi voru almennar umræður. Fundurinn var í Strandbergi, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. Á þeim fundi ræddu prestar einnig prédikunartexta jólanna og skiptust á skoðunum um prédikanir og undirbúning. Samverunni lauk með hádegisverði í boði prófastsdæmisins.

Páskafundur prófasts með prestum og djáknum fór fram 26. mars 2009. Steinþór Skúlason forstjóri Sláturfélags Suðurlands og Helgi Gíslason myndlistarmaður voru gestir prófastsdæmisins. Fundurinn var ætlaður sem undirbúningur undir annasaman tíma dymbilviku, páska og páskavíku. Hann hófst með erindi Steinþórs Skúlasonar um markaðssetningu helgihaldsins en um það hefur hann frumlegar og spennandi hugmyndir sem vöktu athygli og skipaði prófastur starfshóp í framhaldi af fundinum til þess að skoða hugmyndirnar nánar og leggja fram tillögur. Að hádegisverði í Hafnarborg loknum var sýning Helga Gíslasonar myndlistarmanns skoðuð en hún prýddi þá sali safnsins, við skoðun sýningarinnar nutum við leiðsagnar listamannsins sjálfs.

Formannafundur. Fundur prófasts með formönnum sóknarnefnda á vormisseri fór fram 5. maí.

Vorfundur presta og djákna. Vor-

fundur prófasts með prestum og djáknum var haldinn 4. maí.

Haustfundur prófasts með formönnum sóknarnefnda fór fram 15. október 2009.

Fundur prófasts með fulltrúum Félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ fór fram í tengslum við vísitásiu í Keflavík eins og áður er getið.

Útgáfur

Sem fyrr hafa erindi og prédikanir frá *prédikunarseminari* prófastsdæmisins verið gefin út. Þar er mikið og áhugavert lesefni sem er ekki aðeins ætlað prestum og guðfræðingum heldur einnig sóknarnefndafólki og hverjum þeim sem vill setja sig betur inn í hinn fræðilega bakgrunn kirkjustarfsins.

Erindi frá ráðstefnunni *Þjóðkirkjan og lýðræðið* komu út í ársbyrjun 2010 á vegum Kjalarnessprófastsdæmis, bókin var helguð minningu séra Ólafs Skúlasonar biskups sem hefði orðið átræður 29. desember 2009. Hann beitti sér fyrir setningu Þjóðkirkjulaganna sem samþykkt voru á Alþingi árið 1997. Bókin hefur að geyma erindi sem flutt voru á samnefndri ráðstefnu í Skálholti 23. - 24. ágúst 2009. Bókin var gefin út í samvinnu prófastsdæmisins og fjölskyldu Ólafs Skúlasonar biskups.

Skírnarbæklingur. Ný harmonikubók um skírnina kom út á vegum Kjalarnessprófastsdæmis á héraðsfundi og var kynnt nánar á fundinum. Bæklingurinn er áþekkur bæklingi um Faðirvorið sem gefinn var út árið 2008 og var afar vel tekið. Þorfinnur Sigurgeirsson myndlistarmaður myndskreytti báða bækl-ingana.

Þá hefur Kjalarnessprófastsdæmi gefið út *fermingarfræðsluhefti* um Faðir vor, Trúarjátninguna og Boðorðin tíu,

er það þriðja útgáfa, endurskoðuð og endurbætt. Umsjón með því verki hafði Móeiður Júníusdóttir guðfræðingur.

Erindin frá Reykholtssráðstefnunni í maí verða gefin út sem fyrr segir haustið 2010. Sama er að segja um erindi og prédikanir frá prédikunarseminari prófastsdæmisins í Skálholti haustið 2010.

Annað

Opin kirkja. Verkefnið *Opin kirkja* hófst um miðjan júní. Það á sér rætur í héraðsfundi prófastsdæmisins 11. mars 2009 þegar Arthúr Farestveit tefldi fram áhugaverðri hugmynd um kynningu á kirkjum í prófastsdæminu. Verkefnið var samþykkt á héraðsfundi 2009. Prófastur vann að framgangi verkefnisins í samráði við Arthúr og fól séra Þórhalli Heimissyni framkvæmd verkefnisins. Hann sá um gerð upplýsingarbæklings fyrir allar kirkjur prófastsdæmisins og jafnframt hélt hann námskeið fyrir þá sem önnuðust leiðsögn um kirkjurnar.

Jólablað Fréttablaðsins. Annað árið í röð tók prófastsdæmið þátt í samstarfi prófastsdæmanna í Reykjavík um jólablað Fréttablaðsins. Í blaðinu var margvíslegt áhugavert efni auk upplýsinga um helgihald um jól og áramót. Viðbrögð við blaðinu voru mikil og jákvæð.

Héraðssjóður studdi hljómveit þriggja tónlistarmanna frá Sandgerði (Klasart) til þess að gera *dagskrá í tali og tónum um séra Hallgrím Pétursson*, sem síðan var flutt fyrir skólabörn í kirkjum Suðurnesja um páskaleytið og var einnig ætlunin að taka tónleikana upp og gefa út. Hér er um afar áhugavert skapandi verkefni að ræða þar sem ungir listamenn huga að trúararfi þjóðarinnar og trúarmenningu hennar

og gera henni skil á liðandi stund. Tónlistin er frumsamin af hópnum.

Eins og endranær gerir þetta yfirlit ekki grein fyrir öllu því fjölpættu starfi sem unnið er á vegum héraðsnefndar, prófasts og héraðspresta. Ónefnd eru fjölpætt verkefni æskulýðsnefndar prófastsdæmisins sem er að finna í skýrslu nefndarinnar sem lögð verður fram og sama máli gegnir um einstaka starfspætti kirkjustarfsins í prófastsdæminu. Ástæða er til að nefna það sérstaklega að þessu sinni að gróska er að færast í barna- og æskulýðsstarf víða og einnig í fjölbreytni í kirkjustarfi, tónlistarstarfið getur einnig státað af vaxandi grósku í ýmsum söfnum.

Efling sjálfboðaliðastarfs

Eins og tekið var fram í upphafi hefur margt breyst í íslensku þjóðlífi þótt víða sé þrengra í búi en áður er enn sem fyrr gróska og nýsköpun í safnaðarstarfi. Krepputímar eru einnig tímar endurskoðunar og þegar harðnar á dalnum eiga menn og skepnur það sameiginlegt að leita nýrra leiða og finna farsælar lausnir á sínum málum. Það leynir sér ekki nú eftir tæplega tveggja ára kreppuástand að gróska hefur færst í eitt og annað á vettvangi kirkjumála. Ég nefni aðeins eitt atriði, það er *sjálfboðaliðsstarf*.

Það eru reyndar fleiri en þrjú misseri síðan umræðan á skrifstofu prófastsdæmisins fór að snúast um brýna þörf á auknu sjálfboðaliðsstarfi. Ástæður eru margar: ein er þörf fólks fyrir þátttöku, við höfum of lengi litið á kirkjuna sem *þjónustustofnun*, sálgæslustofnun og umönnunarstofnun. Vissulega er hún það. En hún hefur alltaf og alla tíð verið öðru fremur *þátttökusamfélag* sem finnur leiðir til að virkja unga sem aldna í

starfi. Starfssvið kirkjunnar er vítt þegar til sögunnar er litið. Hún hefur verið mótagandi á öllum sviðum þjóðlífsins en ekki aðeins sinnt „fórnarlömbum“ líðandi stundar, ekki aðeins þeim sem þurfsandi eru, heldur einnig þeim sem skapandi eru, mótagandi og leiðandi, hún hefur alla tíð látið sig menntun varða og allar greinar hinna fögru lista. Lengst af sögu sinnar hefur hún lagt kapp á að móta mótagendur samfélagsins. En hún hefur ekki alltaf verið vakandi sem skyldi um fjölbreytnina í eigin starfi, til þess eru margvíslegar ástæður sem hér verða ekki raktar.

Sjálfboðaliðsstarf eða öllu heldur sjálfboðaliðshugsjón sem hefur náð miklu fylgi í nágrennalöndum okkar og einnig hér á landi gerir kirkjunni kleift að virkja fleiri til þátttöku og opna fleiri svið í starfi sínu þegar horft er til þess sem fólk hefur fram að færa. Í sóknar- og vörðunum eru sóknarfærin, þar er hin skapandi hugsun, þar er hin knýjandi löngun til að láta gott af sér leiða. Listinn yfir nýjungar í safnaðarstarfi á eftir að lengjast hratt á næstu misserum og með honum fjölga þeim sem sjá að söfnuðurinn er sannarlega söfnuður, þar sem unnt er að safnast saman til góðra og skapandi starfa á ólíkum sviðum samfélagsins. Í þessu skyni hefur Kjalarnessprófastsdæmi skipað starfshóp til þess að huga að

sjálfboðaliðsstarfi innan safnaðanna og mun skila ítarlegri skýrslu á leiðarþingi í að hausti, þar er enn fremur byggt á tillögu séra Kristínar Þórunnar Tómasdóttur sem samþykkt var á Kirkjuþingi 2009. Ég tel ástæðu til að binda vonir við þetta átak og vænti þess að þar sé ein leiðin sem kirkjunni býðst til samstarfs og samvinnu við sóknarbornin á hverjum stað.

Starfshópurinn um sjálfboðaliðsstarf fór í kynnisferð til Hannover í apríl 2010, þar sem hann fékk fyrirgreiðslu þeirrar stofnunar Evangelísku kirkjunnar í Þýskalandi sem fer með sjálfboðaliðs- störf. Var þar boðið upp á fyrirlestra fyrir hópinn, heimsóknir í söfnuði og stofnanir. Allt þetta að ógleymdum samtölum við fólk í þessum störfum kemur vonandi til með að skila árangri í Kjalarnessprófastsdæmi og í þjóðkirkjunni allri.

Kirkjunnar bíða ávallt mörg verkefni. Meginverkefni hennar er að koma fagn- aðararindinu til skila í orði og verki svo að leið þess verði greið til allra landsins barna og verk þess verði augljós í lífi og starfi þjóðinnar öllum til farsældar. Sá er tilgangurinn með starfi kirkjunnar, það er ekki þjónusta við kirkjuna heldur við manninn, við samfélagið á hverjum tíma. Megi okkur verða vel ágengt í því starfi.

Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra

Sr. Gísli Jónasson, prófastur

Inngangsorð

Í ár eru 70 ár liðin síðan Reykjavík var skipt upp í fjórar sóknir um leið og stofnað var sérstakt Reykjavíkúrprófastsdæmi. Fimmtíu árum síðar eða fyrir 20 árum var Reykjavíkúrprófastsdæminu síðan skipt í tvö. Það má því segja, að á þessu ári sé haldið upp á tvöfalt afmæli prófastsdæmisins. Verður þess m.a. minnst með sameiginlegri ráðstefnu beggja prófastsdæmanna í október n.k.

Þegar horft er tilbaka yfir árin öll, sem liðin eru frá stofnun prófastsdæmisins, verður mér efst í huga þakklæti til þeirra mörgu sem komið hafa að starfinu þennan tíma og borið það uppi, bæði á stundum gleði og velgengni, þegar starfið hefur vaxið og blómgastr, og á tímum erfiðleika og andstremmis. Og vissulega höfum við einmitt fengið að reyna meira af hinu síðarnefnda á nýliðnu starfsári. Bankahrúnið hefur haft víðtæk áhrif og margvíslegir erfiðleikar blasa við fjölda fólks, jafnvel atvinnuleysi og efnahagslegt hrún. Ljóst er, að sá fjárhagsvandí, sem við er að eiga, hefur þegar haft mikil áhrif á starf kirkjunnar og munu þau áhrif enn eiga eftir að aukast á komandi mánuðum. Á sama tíma og kallað er eftir auknu starfi, stuðningi, huggun og leiðsögn kemur krafan ófrávikjanlega um síaukinn niðurskurð og sparnað. Þetta ástand er ekki auðvelt viðfangs og það mun krefjast mikillar útsjónarsemi, hugrekks og visku, að takast á við það verkefni, að forgangsraða og leita allra leiða til að nýta sem best þá fjármuni og starfskrafta sem við höfum yfir að ráða. Það virðist þá líka

óhjákvæmilegt, að sá niðurskurður sem krafist er muni að lokum bitna á starfinu með ýmsum hætti. Var þetta mál mikið rætt á miðsvetrarfundi formannanna í Skálholti. Ein af niðurstöðum þeirrar umræðu var sú, að mikilvægi öflugs héraðssjóðs væri aldrei meira en einmitt í slíkum aðstæðum, þannig að prófastsdæmið gæti áfram haft burði til að sinna eða styrkja ýms verkefni, sem einstakir söfnuðir hafa ekki möguleika á að hrinda í framkvæmd. Hér verðum við öll að standa saman sem eitt. Standa saman sem einstaklingar, söfnuðir, prófastsdæmi og auðvitað kirkjan sem heild.

Öll erum við kölluð til þjónustu af frelsaranum sjálfum. Honum sem hefur sagt að hann biðji fyrir okkur, að öll séum við eitt:

„Ég bið ... að allir séu þeir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér, svo séu þeir einnig í okkur til þess að heimurinn trúi að þú hafir sent mig ... að þeir séu eitt, eins og við erum eitt.“ (Jh. 17:20-22.) Við stöndum ekki ein í þeim verkefnum sem framundan bíða. Hann er með okkur og biður fyrir okkur. Biður þess að við stöndum saman, séum eitt í honum og berum þannig kærleika hans vitni, að heimurinn megi trú á hann. Við skulum því fela honum allt okkar ráð og biðja hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf okkar og samstöðu, og auka okkur fúsleika til eftirfylgdar við hann. Sé hann með í för, þá höfum við ekki framar neitt að óttast, því hann hefur heitið því að gefa okkur allt með sér.



Gísli Jónasson

Í ljósi þessa fagnaðarboðskapar skulum við með þökk skoða það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, því vissulega hefur mikið og gott starf verið unnið þótt á móti hafi blásið.

Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófastsdæminu árið 2009 voru sem hér segir: Almennar guðsþjónustur 675, barnaguðsþjónustur 482, aðrar guðsþjónustur 1097. Guðsþjónustur voru því samtals 2254. Fermingarbörn voru 1002 og altarisgestir 28.388. Þá voru 883 börn skírð, giftingar voru 174 og útfarir 284.

Lengi hefur verið um það rætt, að þörf sé á breytingum og endurbótum á starfskýrslum presta þannig að þær gefi gleggri mynd af umfangi kirkjustarfsins, enda hefur það orðið sífellt fjölbreyttara á síðustu árum og áratugum. Í ljósi þess ákvað héraðsnefnd, að við tækjum upp reglubundna talningu á völdum þáttum starfsins. Markmiðið með þessari talningu er m.a., að betur verði hægt að fylgjast með því, hvort almennar breytingar verða á þátttöku í kirkjustarfinu og þá jafnframt að bregðast við slíkum breytingum ef þurfa þykir.

Eitt af því sem við sjáum glöggst af þessari talningu er hversu fjölbreytilegt starfið í prófastsdæminu er orðið og hversu mikil þátttökan í safnaðarstarfinu er, þegar betur er að gáð. M.a. kemur fram, að alls tóku 156.756 manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins, sem talið var í, á tímabilinu október 2009 til mars 2010 eða að meðaltali 26.126 manns á mánuði, og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. allt kórastarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Einnig kemur messusóknin vafalaust ýmsum á óvart, en meðalþátt-

takan í þeim 357 messum, sem haldnar voru á tímabilinu, var 125 manns.

Það væri auðvitað alltof langt mál að ætla sér að tíunda starfið allt á þessum vettvangi. Ég vil þó staldra við einn þátt þess, sem stöðugt hefur verið að eflast, en það eru messuhóparnir. Slíkir hópar eru nú starfandi við helming kirknanna í prófastsdæminu, eða í Breiðholtskirkju, Digraneskirkju, Grafarvogskirkju, Hjallakirkju og Kópavogskirkju. Það kom greinilega fram á fjölmennri og velheppnaðri messuþjónahátíð, sem Reykjavíkurprófastsdæmin efndu til 6. maí sl., að þetta starf hefur skapað mikla ánægju og orðið til að efla guðsþjónustuhaldið í þeim söfnuðum þar sem það hefur verið tekið upp. Vil ég því hvetja fleiri söfnuði til að skoða, hvort hér sé ekki um vænlega leið að ræða, til að auðga og efla safnaðarstarfið.

Þá má einnig geta þeirra nýjunga í helgihaldi, að í Guðriðarkirkju eru nú haldnar svokallaðar *Vængjamessur* fyrsta miðvikudag í mánuði yfir vetrartímenn. eru þær ætlaðar þeim, sem eru að koma sér á réttan kjöl og styrkjast andlega eftir áfengis- og fíkniefna-neyslu og aðstandendum þeirra. Í Kópavogskirkju hafa svo verið teknar upp svokallaðar *bókmenntaguðsþjónustur*.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu er smám saman að aukast. Má sem dæmi um það nefna velheppnaða *barnastarfhátíð* Breiðholtssafnaðanna í Breiðholtskirkju og sameiginlega leiksyningu eldri borgarastarfsins í Fella- og Hólakirkju. Einnig má nefna, að í Kópavogi taka söfnuðirnir þátt í verkefninu „Hönd í hönd“, sem er samstarfsverkefni kirkjunnar, sveitarfélagsins og ýmissa félagasamtaka um stuðning við þá, sem hafa orðið fyrir barðinu á efnahagshruninu. Ég tel það ákaflega mikilvægt, að við leggjum

aukna áherslu á samstarfssvæðin og leitum allra leiða til að efla starf kirkjunnar í prófastsdæminu með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við.

Að vanda stóðu söfnuðir prófastsdæmisins frammi fyrir margvíslegum verkefnum á starfsárinu varðandi byggingaframkvæmdir, endurbætur og viðhald á húsnæði.

Helgaðar voru nýjar kirkjuklukkan við Guðríðarkirkju í Grafarholti og einnig voru settir upp felliveggir, sem aðgreina kirkjuskip og safnaðarsali. Má því segja, að kirkjan standi nú fullbúin.

Kirkjuskip Lindakirkju í Kópavogi hefur verið sandsparslað og málað, og hafa ýmsar fjölmennar athafnir farið þar fram, en annað helgihald fer fram í safnaðarsalnum. Virðist ljóst að vígsla kirkjunnar muni dragast töluvert vegna efnahagsástandsins.

Í Árbæjarsókn hefur verið unnið að undirbúningi að viðbyggingu við safnaðarheimilið. Samþykktar teikningar liggja fyrir, en framkvæmdir hafa frestast vegna óvissu í efnahagsmálunum. Þá hefur verið komið upp starfsaðstöðu fyrir safnaðarstarf í Norðlingaholti, í samvinnu við ÍTR, í tveimur samtengdum færanlegum kennslustofum sem staðsettar eru við Norðlingaskóla.

Í Breiðholtskirkju hefur verið unnið að umfangsmiklum viðgerðum á þaki og verður þeim fram haldið á þessu ári eftir því sem fjáráð leyfa. Allar hugmyndir um viðbyggingu við kirkjuna hafa hins vegar verið lagðar til hliðar.

Í Grafarvogssókn hefur verið unnið að undirbúningi kirkjusels, sem staðsett verður í Þjónustu- og menningarmiðstöð, sem Reykjavíkurborg mun byggja í Spönginni. Var fyrsta skóflustungan tekin 1. desember sl.

Þá má geta þess, að fjórar kirkjur í

prófastsdæminu, þ.e. Breiðholtskirkja, Digraneskirkja, Fella- og Hólakirkja og Kópavogskirkja, urðu fyrir ítrekuðum rúðubrotum á sl. hausti. Ekki tókst að upplýsa þessi skemmdarverk að fullu, en þetta ástand leiddi til þess, að komið hefur verið fyrir öryggismyndavélum í flestum þessara kirkna.

Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.

Að venju var boðið upp á ýmiss konar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta talið upp hér:

Prédikunarklúbbur presta hefur komið saman vikulega yfir vetrartímamundir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Einnig stóð prédikunarklúbburinn fyrir sólarhringssamveru í Skálholti. Fyrirlesarar voru auk dr. Sigurjóns Árna, þau dr. Sigríður Guðmarsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarson.

Vikulegir biblíulestrar voru í Breiðholtskirkju í umsjá dr. Sigurjóns Árna í samvinnu við *Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar*. Stóðu þeir samtals yfir í 20 vikur. Einnig hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á námskeið fyrir sóknarnefndir um hinn almenna prestsdóm og stutt námskeið um guðspjöllin.

Fermingarnámskeið voru í Vatnaskógi á vegum flestra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Einnig fóru tveir söfnuðir með fermingarbörn sín til dagssamveru í Skálholti.

Þá hefur verið unnið að því, undir stjórn Höllu Jónsdóttur, aðjúnkt, að fá fram hugmyndir um það, hvernig styrkja megi fermingarfræðsluna í prófastsdæminu. T.d. með því að þróa það sem við köllum forskóla fermingarfræðslunnar. Var slíkt námskeið haldið í Breiðholtskirkju á þessu vori með hópi

barna, sem eiga að fermast á næsta ári, og tókst ákaflega vel. Er síðan að því stefnt, að gerðar verði tilraunir með slíka fræðslu í nokkrum söfnuðum á komandi vetri.

Þá voru haldin nokkur námskeið fyrir leikskólakennara og aðra starfsmenn leikskólanna. Í október voru slík námskeið í Grafarvogi og Grafarholti og síðan í Breiðholti og Kópavogi í mars. Þátttaka var góð í flestum námskeiðanna og hafa þau stuðlað að jákvæðum tengslum kirkjunnar og leikskólanna. Umsjón með þessum námskeiðum hafa þau sr. Bryndís Malla Elíadóttir, héraðsprestur, og sr. Bjarni Þór Bjarnason.

Einnig er þess að geta, að á sl. hausti var haldið námskeið fyrir kennara í samvinnu við Félag kennara í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum.

Þá hefur prófastsdæmið hafið skipulegt fræðslustarf í samstarfi við Biskupsstofu og Reykjavíkurrófastsdæmi vestra undir merkjum Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar og hefur sr. Bryndís Malla verið fulltrúi prófastsdæmisins í þessu samstarfi. Starfs- og leikmannaskólinn býður upp á tvönn konar námskeið: Grunnnámskeið og opin námskeið. Grunnnámskeiðin eru sérstaklega ætluð þeim sem starfa í kirkjunni, sjálfboðaliðum, s.s. sóknarnefndarfólki og messuþjónum, og föstu starfsliði safnaðanna, s.s. kirkjuvörðum, meðhjálpurum og starfsfólki í barna- og æskulýðsstarfi. Opnu námskeiðin eru bæði ætluð þeim sem starfa í kirkjunni og síðan öllum, sem áhuga hafa á að fræðast um kirkju og kristna trú eða vilja efla trúariðkun sína. Á sl. vetri var boðið upp á fimm grunnnámskeið og sjö opin námskeið og var þátttaka í þeim mjög góð eða allt frá 25 til 65 manns. Starfi skólans á þessu starfsári lauk

með ákaflega velheppnaðri samveru í Skálholti, sem var sérstaklega ætluð þeim, sem lokið hafa flestum eða öllum námskeiðum skólans í vetur.

Þess má geta, að auk biblíulestra sr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, þá sá prófastsdæmið alfarið um tvö af námskeiðum Starfs- og leikmannaskólans. Annars vegar námskeið um bænina í Breiðholtskirkju í febrúar í umsjá sr. Bryndísar Möllu Elíadóttur og hins vegar námskeið um gleðina í safnaðarheimili Kársnessóknar í febrúar og mars í umsjá sr. Bryndísar Möllu og sr. Petrínar Mjallar Jóhannesdóttur.

Þá efndi prófastsdæmið til stutts námskeiðs í Breiðholtskirkju í samvinnu við Biskupsstofu, sem ætlað var þeim sem sjá um um heimasíður kirknanna.

Einnig má geta þess, að prófastsdæmið gerði samning um eldvarnarnámskeið fyrir starfsfólk kirknanna, sem hverri sókn gefst kostur á að fá til sín og greiðir prófastsdæmið meirihluta kostnaðarins. Sömu leiðis standa söfnuðunum jafnan til boða framsgagnarnámskeið og námskeið í skyndihjálpi.

Þá gerði prófastsdæmið samning við Stoppleikhúsið um að kosta að mestu eina leiksýningu fyrir barnastarfið í hverjum söfnuði og hafa flestir safnaðanna nýtt sé þetta tilboð.

Einnig voru á starfsárinu haldin tvö málþing, eitt á hvoru misseri. Fyrra málþingið var haldið í Breiðholtskirkju í október undir yfirskriftinni *Kirkjan – fjölnota hús?* Frummælendur voru sr. Kristján Valur Ingólfsson, formaður helgisíðanefndar kirkjunnar, Hörður Áskelsson, söngmálastjóri, Eggert Kaaber, leikari, og Sigríður Sólveig Friðgeirsdóttir, formaður sóknarnefndar Breiðholtssóknar. Seinna málþingið var haldið í Guðriðarkirkju í apríl og var þar

fjallað um efnið: *Græn kirkja*. Frummælendur voru dr. Sigríður Guðmarsdóttir, sr. Lena Rós Matthíasdóttir, Árni Þorlákur Guðnason, frá *Breytendum*, ungliðahreyfingu Hjálparstarfs kirkjunnar, og Margrét Björnsdóttir, kirkjupingsmaður.

Ný dógun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð, stóð að venju fyrir nokkrum fræðslufundum fyrir syrgjendur í Fossvogskirkju í samvinnu við prófastsdæmin, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Fræðsludeild Biskupsstofu.

Loks er þess að geta, að margvíslegt fræðslustarf á sér að sjálfsogðu stað á vegum safnaðanna og vil ég þar sérstaklega geta Alfa námskeiðanna og 12 spora hópanna.

Fundir og aðrar samverur

Héraðsfundur var haldinn í Guðríðarkirkju 26. maí sl., en aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 20. október 2009.

Héraðsnefnd prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 11 á starfsárinu. Að auki héldu héraðsnefndir Reykjavíkurprófastsdæmanna þrjá sameiginlega fundi.

Í héraðsnefnd sitja sr. Íris Kristjánsdóttir og Benedikta Waage, en varmenn þeirra eru sr. Sigrún Óskarsdóttir og Bjarni Grímsson. Bæði aðal- og varmenn sitja alla fundi. Starf nefndarinnar er umfangsmikið og vil ég þakka nefndarfólki fyrir frábært starf og gott samfélag.

Samráðsfundir presta voru þrjár á starfsárinu. Sömuleiðis voru haldnir fjórir formannafundir. Eru þessir fundir, að mínu mati, ákaflega mikilvægir. Þar skapast kynni og tækifæri gefst til að ræða málefni safnaðanna og prófastsdæmisins. Einnig var efnt til

sameiginlegrar samveru fyrir presta, sóknarnefndarformenn, starfsmenn prófastsdæmisins og maka þeirra. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum reglulega með sér fundi þar sem þeir ræða sameiginleg málefni.

Haldinn var fundur presta, djákna og organista með Herði Áskelssyni, söngmálastjóra, í október þar sem m.a. var rætt um tónlistarmál við kirkjulega athafnir.

Í janúar var efnt til umræðukvölds um eflingu sjálfbodaliðastarfs í kirkjunni. Frummælendur voru sr. Bryndís Malla Elíðóttir, sr. Magnús Björn Björnsson og Valgerður Gísladóttir, framkvæmdastjóri Ellimálaráðs.

Í apríl var haldinn sameiginlegur fundur Reykjavíkurprófastsdæmanna með prestum, djáknum og fulltrúum Biskupsstofu þar sem fjallað var um rafræn starfsskýrsluform.

Einnig var haldinn fundur hjá Borgarskjalaverði fyrir prófesta og formenn sóknarnefnda í Reykjavík í febrúar, en hvatt hefur verið til þess, m.a. af biskupi, að söfnuðirnir komi öllum sínum skjölum til varðveislu á héraðsskjalasöfnum landsins.

Auk þeirra funda, sem hér hafa verið nefndir, hefur prófastur setið marga fundi um málefni ÆSKR, Ellimálaráðs, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kirkjugarða Reykjavíkur, Kirkjugarðasambands Íslands og störf Þorvaldar Halldórssonar, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur prófastur einnig setið samráðsfundi með prestum, sóknarnefndum, biskupi Íslands, öðrum próföstum, félagsmálayfirvöldum o.fl.

Breytingar á starfsliði

Eftirfarandi breytingar hafa orðið í

hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu.

Sr. Ægir Frímann Sigurgeirsson, lét af störfum sem sóknarprestur í Kársnessókn 30. nóvember. Í hans stað var skipaður sr. Sigurður Arnarson. Sr. Karl V. Matthíasson tók á ný við starfi vímuvarnaprests í nóvember og er hann jafnframt settur til 25% prestsþjónustu í Grafarholtsprestakalli. Loks var Nína Björg Vilhelmsdóttir vígð til djáknaþjónustu í Breiðholtsprestakalli 18. október sl.

Þá var sr. Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli, í þriggja mánaða námsleyfi á starfsárinu og var sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir sett til þjónustu í hennar stað.

Eru nú 23 prestar þjónandi í prófastsdæminu og fimm djáknar.

Biskupsvísitasía

Hafin er vísitasía biskups í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra. Af því tilefni hélt hann undirbúningsfund með prestum 3. febrúar. Vísitasían hófst síðan með því að biskup átti starfsgæðasamtöl við héraðsprestana 7. apríl og hitti prófast og héraðsnefndina þann 14. apríl.

Hann vísiteraði síðan Breiðholts-söfnuð 14.-18. apríl og tók þá m.a. þátt í sameiginlegri barnastarfshátíð safnaðanna í Breiðholti. Þessu næst vísiteraði hann Árbæjarsöfnuð dagana 9.-13. maí.

Biskup mun svo heimsækja Grafarvogssókn í júní og Digranessókn í september, Fella- og Hólabrekkusóknir í október, Seljasókn í nóvember, Linda-sókn í desember, Hjallasókn og Grafarholtssókn í janúar 2011 og loks Kársnessókn í febrúar það sama ár.

Sjóðir, fjármál o.fl.

Stjórn Starfssjóðs safnaðarhjálpar í Reykja-

vikurprófastsdæmum hefur gengið frá úthlutun styrkja úr sjóðnum fyrir yfirstandandi ár og var alls úthlutað kr. 500.000 kr. til þriggja aðila.

Stjórn Kirkjubýggingarsjóðs Reykjavíkur gekk frá tillögum sínum að úthlutun úr sjóðnum í apríl og voru þær samþykktar í borgarráði. Sjóðurinn hafði 23 milljónir kr. til úthlutunar. Alls fengu átta söfnuðir úthlutun að þessu sinni, þar af tveir í okkar prófastsdæmi.

Samkvæmt ákvörðun Kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna fyrir árið 2010 komu 22 milljónir kr. í hlut þriggja sókna í prófastsdæminu, en árið áður höfðu átta sóknir alls fengið 61,5 milljónir kr.

Heimasíða, útgáfumál o.fl.

Góð reynsla er komin á heimasíðu prófastsdæmisins, en umsjón með henni hafa sr. Bryndís Malla Elísdóttir, héraðsprestur, Guðrún Júlíusdóttir, skrifstofustjóri, og Guðmundur Jónsson hjá Heimasíðugerðinni Ófni. Megin tilgangurinn með þessari síðu er að miðla upplýsingum og vekja athygli á starfinu í prófastsdæminu.

Þá er unnið að því að koma upp netfangaskrá á skrifstofu prófastsdæmisins yfir sóknarnefndarfolk og starfslíð safnaðanna, þannig að auðveldara verði að koma ýmsum skilaboðum á framfæri milliliðalaust við þá aðila sem við á hverju sinni.

Útbúið hefur verið lítið bænaspjald á vegum prófastsdæmisins með fyrirbænarefnum fyrir hvern dag vikunnar. Með útgáfu þess viljum við minna okkur á mikilvægi fyrirbænarinnar og að öll eignum við að vera eitt, og þá m.a. með því, að biðja hvert fyrir öðru. Umsjón með gerð bænaspjaldsins hafði Valgerður Gísladóttir.

Sameiginlegt starf

Reykjavíkurprófastsdæma o.fl.

Góð þátttaka er í því fjölbreytta starfi sem í boði er á vegum Ellimálaráðs. Mikil áhersla er lögð á þjónustu við starfsmenn safnaðanna í öldrunarstarfinu. Einnig stendur ráðið að sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri. Framkvæmdastjóri ráðsins er Valgerður Gísladóttir.

ÆSKR býður upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga og félagi í æskulyðsfélögum safnaðanna. Má sem dæmi nefna, að *Farskóli leiðtogaefna* hefur útskrifað á annað hundrað einstaklinga, sem margir taka nú þátt í starfinu í söfnuðunum. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Dagný Halla Tómasdóttir.

Reykjavíkurprófastsdæmin hafa frá upphafi stutt starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar með verulegum fjárframlögum, enda leita flestir til Fjölskylduþjónustunnar úr þessum prófastsdæmum. Nú eru hins vegar blikur á lofti um framhald þessa stuðnings vegna skerðingar á tekjum héraðs-sjóðs.

Starfsemi kirkjugarðanna

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma er afar viðamikil. Þess má geta, að á sl. hausti var tekinn í notkun nýr duftgarður í Sóllandi við Öskjuhlíð.

Þorvaldur Halldórsson hefur verið til ráðstöfunar fyrir hvern söfnuð u.þ.b. einu sinni í mánuði frá hausti til vors. Hafa allir söfnuðir prófastsdæmisins nýtt sér starfskrafta hans með einhverjum hætti á liðnum vetri.

Þá vil ég geta þess hér, að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með verulega auknum framlögum á sl. starfsári, enda hefur umsóknunum um aðstoð Hjálparstarfsins fjölgað gríðarlega að undanförunu.

Loks má svo geta þess, að prestar og djáknar í Reykjavíkurprófastsdæmunum hafa sinnt bæði sálgæslu og fræðslu í Rauðakrosshúsinu, sem er miðstöð fyrir atvinnuleitendur.

Niðurlagsorð.

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að endurtaka þakkar mínar til þeirra mörgu sem komið hafa að starfinu á sl. starfsári. Mest af öllu þakka ég þó góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum. Honum sé dýrðin fyrir allt það sem við höfum mátt þiggja úr hans hendi sérhvern dag og alla tíð. Felum honum þjónustuna á komandi starfsári og biðjum hann að styrkja okkur og leiða á þeirri vegferð sem framundan biður.

Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra

Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur



Jón Dalbú
Hróbjartsson

Inngangur

...„Jesús slóst í för með þeim“ (Lk. 24.15).

Þannig segir í frásögn guðspjallsins af Emmaus-förunum, en þeir voru úr lærisveinahópnum og gengu frá Jerúsalem til Emmaus á páskadaginn eftir að hafa heyrt um upprisuna. Þeir voru þreyttir og ruglaðir eftir atburði síðustu daga og ræddu málin á göngunni, en þá slóst Jesús í för með þeim, án þess að þeir þekktu hann, en eftir langt og gott samtal þáði hann heimboð þeirra, og þegar hann hafði tekið brauðið, þakkað það Guði og brotið það, þá opnuðust augu þeirra og þeir þekktu hann, en hann hvarf þeim sjónum.

Þetta er ein af frásögnum guðspjallanna sem lýsa því hvernig Jesús birtist lærisveinum sínum eftir upprisuna. Eitt af því sem þessir textar kenna okkur er, að við megum trúa því og treysta, að Jesús sláist einnig í för með okkur í dag – hann vill vera með okkur í blíðu og stríðu, hann vill uppörva okkur, gleðja og styrkja.

Grundvöllur kirkjustarfsins er nærvera hins upprisna. – Látum þessa páskatóna fylgja okkur inn í nýtt starfsár.

Starfið í prófastsdæminu.

Í héraðsnefnd prófastsdæmisins sitja auk prófasts sr. Ólafur Jóhannsson og Jóhannes Pálmason, varamenn þeirra eru: Sr. Pálmi Matthíasson og Anna Þóra Paulsdóttir. Bæði aðal- og varamenn sitja alla fundi og vil ég þakka þessu góða fólki fyrir frábært samstarf. Verkefni héraðsnefndar er að

ræða málefni prófastsdæmisins á hverjum tíma, stýra héraðssjóði og hinum ýmsu verkefnum sem prófastsdæmið tekur sér fyrir hendur í prófastsdæminu og í samstarfi við fjölmarga aðila. Tvisvar til þrisvar á ári eru sameiginlegir héraðsnefndarfundir með Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra, en löng hefð er fyrir samstarfsverkefnum þessara prófastsdæma, s.s. Kirkjugarðar Reykjavíkúrprófastsdæma, ÆSKR, Ellimálaráð, samstarf um Viðbragða-áætlun, starf með Þorvaldi Halldórssyni söngvara og samstarf og stuðningur við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Allir þessir aðilar skila skýrslum um starfsemi sína, sem fylgja þessari skýrslu. Ég þakka afar gott samstarf við alla þessa aðila.

Á þessu vori eru 70 ár liðin frá því að Alþingi samþykkti lög um að skifta Reykjavík upp í fjórar sóknir þ.e. Dómkirkju-, Neskirkju-, Hallgrímskirkju- og Laugarnessókn. Þá varð jafnframt til Reykjavíkúrprófastsdæmi. Þessa afmælis verður minnst með tvennu móti á n.k. hausti, þ.e. 12. sept. kl. 17.00 við upphaf vetrarstarfsins með samkomu í Hallgrímskirkju fyrir sóknarnefndir, presta, djákna, organista og annað kirkjustarfsfólk, kóra og sjálfbóðaliða sóknanna. Þá er í undirbúningi sameiginleg ráðstefna á vegum beggja prófastsdæmanna í október með yfirskriftinni Kirkjan í borginni. Báðir þessir viðburðir verða auglýstir nánar þegar nær dregur.

Á héraðsfundinum í fyrra var samþykkt tillaga héraðsnefndar að greiða söfnuðunum til baka úr héraðssjóði sem nam 1% framlagsins. Þetta var

gert með hvatningu um að peningarnir yrðu notaðir í safnaðarstarfið m.a. til að koma til móts við ný verkefni á tímum kreppu og atvinnuleysis. Þetta gafst afar vel og vill héraðsnefndin aftur leggja þetta til í ár og nota þannig þann varasjóð sem okkur hefur tekist að safna í á góðu árunum. Ljóst er að ekki getur orðið framhald á þessu ef niðurskurður sóknargjalda heldur áfram. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 er leitað allra leiða til að skera niður án þess að hætta með samstarfsverkefni sem eru í gangi.

Auka-héraðsfundur var haldinn 14. okt. 2009 í Langholtskirkju.

Prófastur heldur marga samráðsfundi með leikum og lærðum. Tvisvar á ári eru fundir með formönnum sóknarnefnda prófastsdæmisins, en þar er farið yfir starfið í söfnuðunum og sameiginleg verkefni rædd. Gildi þessara funda er margþætt, því þetta samfélag gefur okkur tækifæri á að miðla reynslu og upplýsingum milli sókna og ekki síst að efla samfélagið og vináttuna í starfi prófastsdæmisins. Þá er orðin sterk hefð fyrir fundum með prestum og djáknum prófastsdæmisins ýmist með öllum eða í smærri hópum, þessir fundir eru nánast mánaðarlega. Á sumum fundum þessara aðila eru haldin erindi um guðfræði eða önnur málefni er snerta málefni kirkjustarfsins, á öðrum fundum er lögð áhersla á að taka upp efni sem eru efst á baugi í starfi viðstaddra eða efni sem snerta þjóðfélagsumræðuna, ekki síst á liðnum misserum. Vikulega gefst svo prestum kostur á að hittast á stuttum fundi í Nes-kirkju til undirbúnings fyrir prédikun sunnudagsins. 10-12 prestar nýta sér þetta samstarf, en sr. María Ágústsdóttir héraðsprestur stýrir þessum fundum. Í vetur hef ég haft starfsmannaviðtöl við

þjónandi presta í prófastsdæminu og mun ljúka þeirri yfirferð á næsta hausti.

Á þessum vetri hefur prófastur heim sótt sóknarnefndir, komið inn á reglulega fundi sóknarnefnda, kynnt sér störf nefndanna og safnaðarstarfsins. Þegar héraðsfundur er nú haldinn er hringferðin um prófastsdæmið langt komin, en henni lýkur á haustdögum. Það hefur verið gott að hitta sóknarnefndarfólk og starfsfólk með þessum hætti, en ljóst er að í öllum sóknunum er unnið mikið og gott starf. Allir eru að leggja sig fram og vil ég enn á ný þakka þessum stóra hópi sem sinnir hér margvíslegum ábyrgðarstörfum í öllum sóknunum prófastsdæmisins af mikilli elju, gleði og áhuga. Þá er ástæða til að þakka hina vígðu þjónustu í safnaðarstarfinu, sem innt er af hendi af mikilli trúmennsku, fagmennsku og gleði.

Á sama hátt vil ég þakka hið góða starf sem unnið er í sérþjónustu kirkjunnar á sjúkrahúsum, stofnunum og hjá félagasamtökum. Ómetanlegt starf sem að miklu leyti er unnið í einrúmi með skjólstæðingum, en skiftir afar miklu máli fyrir líf kirkjunnar í landinu okkar.

Fræðslustarf safnaðanna er í góðum farvegi, fjölbreytt fræðslutilboð fyrir fólk á öllum aldri. Til viðbótar við þetta hefðbundna starf í söfnuðunum hefur prófastsdæmið nú hafið fræðslustarf í samstarfi við Biskupsstofu og Reykjavíkuprófastsdæmi eystra, en það er starf undir merkjum Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar, sem þetta prófastsdæmi tók að sér að þróa og gera tillögur um, en það starf var kynnt á síðasta héraðsfundi 2009. Gunnbjörg Óladóttir guðfræðingur leiddi undirbúningsstarfið fyrir hönd prófastsdæmisins. Starfs- og leikmannaskólinn býður upp á tvenns konar námskeið: *Grunnnámskeið* og *Opin námskeið*.

Grunnnámskeiðin eru sérstaklega ætluð þeim sem starfa í kirkjunni, sjálfbodaliðum s.s. messupjónum og sóknarnefndarfólki og föstu starfsfólki kirknanna s.s. kirkjuvörðum, meðhjálpurum og starfsfólki í barna- og æskulýðsstarfi. Opnu námskeiðin eru ætluð þeim sem starfa í kirkjunni og öllum sem áhuga hafa að fræðast um trú, kirkju og/eða vilja efla sína trúaríðkun. Í vetur var t.d. boðið upp á þrjú grunnnámskeið og fimm opin námskeið. Þátttakan hefur verið mjög góð eða 25-60 manns, sem sýnir þörfina. Í tengslum við þetta verkefni verður nú hafin vinna við að semja *Námskrá fyrir fullorðinsfræðslu kirkjunnar*. Þá hefur kirkjuþing hvatt söfnuði landsins til að skoða ítarlega möguleika á auknu sjálfbodastarfi innan kirkjunnar. Þetta er ekki síst sett á dagskrá vegna versnandi fjárhags kirkjunnar í heild. Ég tel að starf messupjónanna og Starfs- og leikmannaskólinn sé gott innlegg í þessa vinnu, en reynslan sýnir, að fólk sem hefur tekið þátt í þessum störfum er tilbúið til að taka þátt í öðrum þáttum safnaðarstarfsins.

Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra tók að sér að próa *Forskóla fermingarstarfanna*, en eitt slíkt námskeið var haldið í Breiðholtskirkju fyrir páska með hóp barna úr 7. bekk grunnskóla. Tilgangurinn með þessu starfi er að ná enn betur til barna og unglinga með kristna fræðslu og kristið uppeldi. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þetta starf þróast.

Starf messupjóna hefur enn dafnað í söfnuðum prófastsdæmisins og víðar, en 6. maí s.l. var *Messupjónahátíð* haldin í Breiðholtskirkju með þátttöku messupjóna úr 13 söfnuðum höfuðborgarsvæðisins og nágrennabyggðum. Það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá

þetta starf vaxa og taka á sig nýjar og nýjar myndir.

25. maí n.k. verður námskeið fyrir starfsfólk leikskóla. Fyrsta námskeiðið verður í Hallgrímskirkju, en von okkar er að hægt verði að halda fleiri námskeið á hausti komanda í fleiri sóknum. Sr. María Ágústsdóttir hefur undirbúið þetta námskeið og hefur haft undirbúningsfundi um þetta verkefni.

Rauðakrosshúsið hefur haldið uppi starfi í heilt ár til þess m.a. að mæta þörfum atvinnulausra og fólks í atvinnuleit. Prestar og djáknar hafa reglulega viðveru í húsinu og kirkjan því í formlegu samstarfi við Rauðakrossinn um þetta verkefni. Ég þakka öllum þeim sem komið hafa að þessu starfi og sérstaklega sr. Hans Markúsi fyrir að halda utan um framkvæmdina fyrir hönd prófastsdæmisins síðustu mánuðina. Verkefnið í heild verður metið nú á vordögum. Með tilliti til erfiðleikanna í þjóðfélaginu síðustu misserin hafa söfnuðirnir í prófastsdæminu brugðist við með ýmsum hætti, þ.e. með fyrirlestrum, námskeiðum og samræðu en fyrst og fremst með því að minna á öflugt safnaðarstarf sem alls staðar er með dagskrá fyrir fólk á öllum aldri, samfélag sem alltaf er dýrmætt.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar tilraunir með samstarf milli sókna í prófastsdæminu, þetta á við um æskulýðsstarf, fræðslustarf og sameiginlegt helgihald t.d. í Fjölskyldugarðinum og víðar. Kirkjuþing hefur hvatt til aukins samstarfs í þessum anda og er nefnd að störfum til að útfæra þetta frekar. Við höfum rætt þetta á formannafundum og prestafundum hér í prófastsdæminu, en ég vona að við sjáum fjölbreyttara samstarf verða til milli sókna hér hjá okkur í náninni framtíð.

24. febr. s.l. var haldinn fundur hjá

Borgarskjalaverði fyrir prófasta og formenn sóknarnefnda í Reykjavíkurprófastsdæmum. Fundurinn var mjög illa sóttur, en málefnið mjög brýnt. Borgarskjalavörður var að hvetja söfnuði borgarinnar að koma með öll sín skjöl, sem eru orðin fimm ára og eldri og láta safnið varðveita þau. Aðstaðan hjá þeim er mjög góð og verður aðgengilegt að koma og finna skjöl og lesa ef á þarf að halda. Þetta á við um fundagerðarbækur, bréf, bókhald, myndir o.fl. Ég hvet sóknarnefndir prófastsdæmisins að taka þetta til athugunar og taka rækilega til í sínum ranni hvað skjalavörslu áhrærir.

Kirkjulistahátíð var haldin um páskana í Hallgrímskirkju, en þetta var 12. Kirkjulistahátíðin, sem að jafnaði hefur verið haldin annað hvert ár. Að þessu sinni var skírdagur skipulagður sem listahátíð barnanna. Börnum úr öllum bænum var boðið til Listasmiðju sem tókst mjög vel, en dagurinn endaði með samsöng sex barnakóra úr borginni og nágrannabyggðum, yfir 100 börn. Kirkjan fylltist af áheyrendum á öllum aldri. Einnig var opin dagskrá með ungu listafólki allan laugardaginn fyrir páska. Kirkjulistahátíð endaði með áhrifamiklum flutningi á *Sálumessu* eftir J. Brahms.

Á liðnu ári var starf Íslensku kirkjunnar erlendis í Svíþjóð og Noregi 15 ára. Prófastur heimsótti safnaðarnefndirnar í Gautaborg og Osló og tók þátt í hátíðarguðspjónustum. Starfið í Noregi er sjálfbært fjárhagslega, kirkjugjöld Íslendinga renna í safnaðarsjóðinn. En vegna fjárhagserfiðleika þjóðkirkjunnar var starf ísl. prestanna í Danmörku, Svíþjóð og Englandi lagt niður í upphafi þessa árs. Reyndar hafa Sjúkratryggingar samið við prestinn í Gautaborg sr. Ágúst Einarsson að sinna þjónustu fyrir

ísl. sjúklinga sem koma á sjúkrahúsið þar í borg. Þá hefur verið farið fram á það með formlegum hætti að kirkjuyfirvöld í Svíþjóð og Danmörku athugi möguleikann á að fjármagna störf ísl. prestanna og gera okkur kleift að halda áfram því góða starfi sem þarna er unnið. Á sama hátt verður vonandi hægt að leysa úr málum safnaðarins í London. Til að mæta þeim vandamálum sem upp komu við þessar breytingar hafa prestar verið sendir m.a. til að ljúka fermingarundirbúningi og ferma þau börn sem skráð voru s.l. haust. Þetta á við um Kaupmannahöfn, London og Luxemborg.

Í vetur hefur sr. Sigurður Árni Þórðarson verið í níu mánaða námsleyfi frá Neskirkju. Í hans stað þjónaði sr. Þórhildur Ólafs. Sr. María Ágústsdóttir héraðsprestur var á s.l. hausti í þriggja mánaða námsleyfi en sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir leysti hana af. Magnea Sverrisdóttir djákni í Hallgrímskirkju kom aftur til starfa á s.l. hausti eftir að hafa starfað í fullu starfi á Biskupsstofu, í vetur var hún í hálfu starfi í Hallgrímskirkju og hálfu starfi á Fræðsludeild Biskupsstofu. Djáknaskifti urðu í Áskirkju þegar Margrét Svavarsdóttir hætti og Ásdís Pétursdóttir Blöndal tók við. Einnig kom nýr heimilisprestur til starfa á Grund sr. Auður Inga Einarisdóttir en hún tók við af sr. Sveinbirni Bjarnasyni. Í vor mun sr. Hildur Eir Bolladóttir taka við nýju prestsstarfi við Akureyrarkirkju, en hún hefur verið í starfi við Laugarneskirkju í nær 10 ár. Við bjóðum nýtt fólk velkomið til starfa og þökkum þeim sem látið hafa af störfum fyrir frábæra þjónustu hvort sem hún var um lengri eða skemmri tíma.

10. jan. s.l. lést Marteinn H. Friðriksson, dómorganisti en hann hafði þjónað við

Dómkirkjuna yfir 30 ár. Við minnumst hans með mikilli virðingu og þökk fyrir hans innihaldsríka og gefandi starf.

Lokaorð

Köllun og þjónusta kirkjunnar er skýr. Á tímum erfiðleika og þrenginga sem þjóðin horfist í augu við um þessar mundir er nauðsynlegt að við stöndum saman, uppörvum hvert annað og göngum fram í trú, von og kærleika.

Fjárhagserfiðleikarnir eru verkefni, sem við í söfnuðunum þurfum að takast á við með skynsemi og festu, en við skulum biðja Guð að styrkja okkur og leiða, biðja Guð að gefa okkur náð

til að sjá kirkjustarfið okkar vaxa og dafna jafnvel með nýjum áherslum og starfsaðferðum.

Ég þakka samstarfsfólki mínu á prófastsskrifstofunni, Margréti Bragadóttur skrifstofustjóra og sr. Maríu Ágústsdóttur héraðspresti fyrir frábært samstarf og ómetanlegan stuðning. Ég þakka biskupi Íslands fyrir dýrmætt samstarf svo og prófastinum í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, starfsfólki Biskupsstofu og öðrum stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum sem ég hef haft samstarf við á liðnu starfsári. Mest þakka ég góðum Guði, sem ríkulega hefur blessað starf safnaðanna, honum einum sé dýrðin.

Borgarfjarðarprófastsdæmi

Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason prófastur



Þorbjörn
Hlynur Árnason

Héraðsfundur Borgarfjarðarprófastsdæmis var haldinn þann 9. maí á Akranesi. Sr. Elínborg Sturludóttir í Stafholti prédikaði. Altarisþjónustu önnuðust sr. Eðvarð Ingólfsson staðarprestur og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, sem hefur verið til aðstoðar þjónustunni á Akranesi það sem af er árinu.

Fyrir utan hefðbundin aðalfundarstörf var fjallað um samþykkt kirkjuþings 2009, þar sem óskað var eftir umsögn um tillögu þess efnis að sameina Borgarfjarðar og Snæfells- og Dalaprófastsdæmi í nýtt Vesturlandsprófastsdæmi.

Eins og mörgum mun kunnugt þá ákvað kirkjuþing að sameina Skagafjarðar og Húnavatnsprófastsdæmi í eitt og eins að sameina Skaftafells, Rangárvalla- og Árnasprófastsdæmi í nýtt Suðurprófastsdæmi. Þetta voru umdeildar ákvarðanir sem tekist var á um

á kirkjuþingi, ekki síst vegna þess að Árnasingar fengu ekki færi á því að gefa umsögn sína um þessa tilhögun.

Umsögn héraðsfundarins á Akranesi, er send var biskupafundi var svo hljóðandi.

„Héraðsfundurinn mótmælir því einarðlega að prófastsdæmin tvö verði sameinuð.

Borgarfjarðarprófastsdæmi er góð og hagkvæm starfseining. Íbúafjöldi er yfir 10 þúsund manns. Gott samstarf er með prestum og sóknum um margvíslega starfsemi.

Nýtt prófastsdæmi yrði mjög stórt og vegalengdir miklar. Vandséð er að það gæti í raun verið sjálfbær og hagfeld starfseining.

Í greinargerð með tillögunni er minnst á hagræðingu og sparnað, án þess að það sé neitt útskýrt eða rökstutt frekar. Ljóst er að kostnaður við störf prófasts og vinnu héraðsnefndar myndi stóraukast. Þá einnig kostnaður presta

vegna samfunda og samráðs svo og sóknarnefndarfólks.

Því er beint til biskupafundar að á síðasta ári voru samþykktar sameiningar prestakalla og prófastsdæma. Allar þessar breytingar vörðuðu landsbyggðina. Allt frá því kirkjan fékk sjálfstæði með þjóðkirkjulögnum 1997 hefur fjöldi embætta horfið frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Sjálfsagt má réttlæta eitthvað af þessum breytingum með vísan í fólksflutninga. En ekki verður endalaust sótt af landsbyggðinni til að hagræða og spara og því ástæða til að líta til fleiri þátta.

Það er skoðun héraðsfundarins það þessa tillögu skorti trúverðugleika og að sameining prófastsdæmanna verði kirkjustarfi á Vesturlandi ekki til góðs. Þvert á móti, þá gæti sameining rýrt margt af því er áunnist hefur“

Umsögn héraðsfundar Snæfellinga og Dalamanna var með svipuðu móti. Ljóst er að mikil andstaða er í báðum prófastsdæmunum þessi áform. Líka hefur verið nefnt, að ástæða væri til að hinkra við og sjá hvernig áður nefndar breytingar á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi reynast.

Í héraðsnefnd sitja nú auk prófasts, séra Elínborg Sturludóttir og Indriði Valdimarsson. Varamenn eru séra Eðvarð Ingólfsson og Ingibjörg Jónasdóttir.

Í byrjun síðasta árs var stofnuð heimasíða prófastsdæmisins – borgarfjarðarprófastsdaemi.is. Umsjónarmaður síðunnar er sr. Flóki Kristinsson. Heimsóknir á síðuna hafa verið fjölmargar. Þar er að finna margvíslegar upplýsingar um starf kirkjunnar í héraði, um kirkjur og athafnir, svo eitthvað sé nefnt.

Unnið er nú að endurbótum á Stafholtskirkju sem voru orðnar brýnar. Á síðasta ári var framkvæmt fyrir 5.5 milljónir króna og einnig var kirkju-garðinum gert til góða. Áfram verður

unnið við endurbætur á kirkju og garði á þessu sumri.

Hvanneyrarsöfnuður eignaðist safnaðarheimili sem tekið var í notkun við hátíðlega athöfn í febrúarmánuði síðastliðnum. Það er *Skemman* svonefnd er byggð var fyrir aldamótin 1900 og hefur gengt margvíslegu hlutverki í þágu skólans og samfélagsins, en látið lítið fyrir sér fara síðustu áratugina. Með samningi milli Landbúnaðarháskólans og Hvanneyrarsafnaðar var ákveðið að endurgera Skemmuna og láta hana gagnast söfnuði og samfélaginu á Hvanneyri. Afar vel hefur tekist með endurgerðina, þar sem nýtt og gamalt blandast saman og hið upprunalega fær að njóta sín vel. Miklar vonir eru bundnar við þennan stað.

Hvammskirkja í Norðurárdal er 130 ára á þessu ári, líkt og Borgarkirkja. Af því tilefni var ráðist í miklar endurbætur á Hvammskirkju. Kirkjan hlaut gagngera viðgerð. Meðal annars var skipt um turn og hannaði Hrafnhildur Sverrisdóttir arkitekt frá Hvammi nýtt turnþak eftir gömlum ljósmyndum. Þá var keypt nýtt orgel í kirkjuna, er hentar henni afar vel. Öll þessi framkvæmd hefur tekist með miklum ágætum. Þessum áfanga var fagnað með hátíðarmessu þann 20. júní. Framkvæmdir við Hvammskirkju kostuðu um 12 milljónir króna, en langstærsti hluti þeirrar upphæðar var til í sjóði kirkjunnar. Betur væri að fleiri hefðu sýnt á móta forsjalni í viðfangsefnum sínum síðustu árin.

Stefán Ólafsson smiður á Litlu-Brekku og hans menn önnuðust allar þessar framkvæmdir, af miklu listfengi, sem fyrr.

Síðastliðið haust kom út tveggja binda verk í ritröðinni *Kirkjur Íslands*, þar sem fjallað er um friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi. Þetta er mikið

og merkt verk sem fengur er að. Héraðsnefnd ákvað að láta gera sérprent um fjórar kirknanna, Akraneskirkju, Borgarkirkju, Stafholtskirkju og Reykholtskirkju hina eldri. Þessi sérprent voru afhent söfnuðunum og er hægt að nota til gjafa og sölu og geta þau þannig orðið að tekjuöflun fyrir sóknirnar sem ávalt eru fjárþurfi, sér í lagi þær fámennari og stefnt er að gefa út sérprent um fleiri kirkjur í prófastsdæminu.

Líkt og öllum er kunnugt hefur kirkjan fengið sinn skerf af þeim efnahagserfiðleikum sem gengið hafa yfir þjóðina síðustu misseri. Sóknargjöld, sem eru í raun félagsgjöld þjóðkirkjumannanna hafa verið skert verulega. Það gildir einnig um sjóði kirkjunnar svo sem jöfnunarsjóð og kirkjumálasjóð. Vitaskuld hafa þessar skerðingar haft sín áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna í héraði, en sóknarnefndir hafa sýnt ábyrgð og varfærni og ekki farið fram úr sér varðandi framkvæmdir eða aðrar skuldbindingar, þannig að hvergi eru veruleg vandræði vegna lækkaðra sóknartekna, þótt vitaskuld þurfi að taka skrefin varlega.

Þegar nýr prestur var valinn í Stafholtsprestakalli, fyrir tveimur árum, höfðu verið gefin fyrirheit af kirkjustjórninni um að nýtt prestssetur yrði reist í Stafholti. Gamla húsið er yfir sjötíu ára gamalt og ekki var talið fært að lagfæra það og breyta svo nokkur mynd yrði á. Húsið er óíbúðarhæft og því var fengið leiguhúsnæði í Borgarnesi fyrir sóknarprestinn. Fyrir liggja uppdrættir af nýju prestssetri í Stafholti. Vegna niðurskurðarins hefur framkvæmdum þó verið ítrekað frestað. Þessi staða hefur valdið óánægju í prestakallinu, eðlilega. Það er nauðsynlegt að úr verði bætt hið fyrsta. Það er gómul hefð og

ný, að sóknarprestur búi í prestakallinu; nærvera prestsins er hluti af þjónustu hans. Þá er það dapurlegt að staður á borð við Stafholt skuli ekki setinn og víst er að hann þarf myndalegt prestssetur, þannig að sómi sé að.

Aðra helgina í nóvember var samvera kirkjukóra og organista í héraði í Reykholti. Söngmálastjóri, Hörður Áskelsson annaðist skipulag og stýrði þeirri samveru ásamt með organistum. Þetta var vel heppnað framtak. Ekki var þar aðeins kór fólk úr Borgfirði heldur einnig vænn hópur úr Hólmavíkurstakalli. Þarna voru tæplega hundrað manns saman í þrjá daga og var mikið unnið og sungið. Þessi samvera var afar gefandi og lærdómsrík og einnig átti fólkíð gott samfélag. Það er þakkaefni að eiga stað á borð við Reykholt þar sem er veglegur helgidómur og nægt rými til að hafa fjölmenni við tónlistariðju. Þetta er í annað skiptið sem kórasamvera af þessu tagi er haldinn í Reykholti. Stefnt er að því að svona mót verði haldin annað hvert ár. Vitaskuld er kostnaður nokkur, en héraðssjóður stendur vel og unnt var að styðja myndarlega við þennan viðburð. Og sannarlega er kórafólkið, sem skilar ómetanlegu starfi í þágu kirkju og samfélags vel að þessu komið.

Í marsmánuði var haldið fermingarbarnamót í Reykholti. Þar voru saman komin fermingarbörn úr prófastsdæminu, utan fermingarbörn af Akranesi sem fara í staðinn í dagsferð í Skálholt að hausti og þiggja fræðslu þar.

Á samverunni í Reykholti voru börnin frædd um sálma og söngva, eðli og inntak messunnar, bænalíf og iðkun, hjálparstarf kirkjunnar í Afríku og leikræna tjáningu. Prestar prófastsdæmisins önnuðust fræðslu og höfðu stuðning af Margréti Ákadóttur leikkonu og Steinunni Árnadóttur organista.

Mikið starf er í sóknum prófasts-
dæmisins, um það vitnar fjöldi guðs-
þjónusta og annarra kirkjulegra athafna.
Kirkjan er sannarlega skjól og staður

er fólk metur og leitar í ríkum mæli
eftir þjónustu hennar og nú á erfiðum
tímum eftir andlegum stuðningi.

Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi

Sr. Gunnar Eiríkur Hauksson, prófastur

Verður nú venju samkvæmt stiklað á
stóru um ýmsa þætti í starfi kirkjunnar
í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi,
starfsmannahaldi, framkvæmdum og
safnaðarstarfi.

Að beiðni kirkjuráðs var haldinn
aukahéraðsfundur þann 14. október í
safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju
þar sem kynnt var tillaga biskupa-
fundar um sameiningu Ingjaldshóls-
og Ólafsvíkurprestakalls. Viðbrögð
aukahéraðsfundar voru á þann veg
að þessari hugmynd um sameiningu
prestakallanna var alfarið hafnað.
Áður höfðu aðalsafnaðarfundir þess-
ara safnaða einnig hafnað þeirri tillögu
að söfnuðurnir yrðu sameinaðir. Á
kirkjuþingi var gengið frá sameiningu
Ingjaldshóls- og Ólafsvíkursafnaðar.
Sameiningin tók gildi 30. nóvember,
en átti að koma til framkvæmda við
starfslok þess sóknarprests sem fyrr
léti af störfum. Um svipað leyti sótti
séra Magnús Magnússon í Ólafsvík um
Breiðabólstaðarprestakall í Húnavatns-
prófastsdæmi. Fékk hann veitingu fyrir
því prestakalli og tók við starfi þar frá
15. janúar. Séra Magnúsi er þakkað
samstarfið þau ár sem hann þjónaði í
prófastsdæminu með óskum um vel-
farnað á nýjum vettvangi.

Frá og með 15. janúar var því sr. Ragn-
heiður Karítas Pétursdóttir fyrsti sókn-
arprestur hins sameinaða prestakalls,

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls.
Séra Ragnheiður hafði verið í þriggja
mánaða námsleyfi og kom aftur til
starfa um þetta leyti. Setti ég hana
formlega inn í embætti fyrsta sunnudag
í febrúar. Er henni óskað velfarnaðar í
hinu sameinaða prestakalli.

Kirkjuþing 2009 ákvað einnig að
leggja það fyrir næsta kirkjuþing að sam-
eina Staðastaðarprestakall Ólafsvíkur-
og Ingjaldshólsprestakalli og sameina
Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi
Borgarfjarðarprófastsdæmi.

Héraðsfundur Snæfellsness- og Dala-
prófastsdæmis var haldinn í safnaðar-
heimili Ingjaldshólskirkju sunnudaginn
11. apríl. Á fundinum voru þessar tvær
tillögur samþykktar samhljóða:

*Héraðsfundur Snæfellsness- og Dala-
prófastsdæmis, haldinn í safnaðar-
heimili Ingjaldshólskirkju sunnudaginn
11. apríl 2010, mótmælir harðlega þeirri
tillögu kirkjuþings 2009 að sameina
skuli Staðastaðarprestakall Ólafsvíkur-
og Ingjaldshólsprestakalli. Prestakallið
fæli þá í sér þrjá byggðakjarna, 11 kirkjur
og 8 sóknir. Sameinað prestakall næði
yfir allt sunnanvert nesið auk núverandi
Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls.
Svæðið yrði alltof stórt og ómögulegt
að sinna því án þess að skerða þjónustu
og þar á meðal grunnþjónustu við íbúa.
Þessi breyting yrði til frambúðar vegna
tímabundins sparnaðar, en tæki þar að
auki ekki gildi fyrir en eftir að líkur eru
á að efnahagsástandið batni. Það er
óásættanlegt.*



Gunnar Eiríkur
Hauksson

Fjölskyldu-
guðsþjónusta í
Stykkishólmskirkju.

Ljósni. Sigurbór
Guðmundsson
Einnig er vísað á mynda-
síðu prófastsdæmisins á
veffanginu: <http://kirkjan.is/snaefellsnessogdala>



Í fundargerð kirkjuþings segir varðandi tillögu meirihluta löggjafarnefndar: „Framsögumaður sagði að öllum þessum tillögum hafi verið mótmælt en nauðsynlegt væri að spara og endurskipuleggja og hér væri ekki gengið á grunnþjónustu. Þessi tillaga var samþykkt af kirkjuþingi. Hver er þá tilgangur að afla umsagnar sókna, presta og héraðsfunda ef það er gefið að við mótmælum og ekki verður hlustað á okkur? Héraðsfundur túlkar þessa málsmeðferð sem móðgun við sig og kirkjuna í heild. Héraðsfundur tekur undir umsagnir hlutaðeigandi safnaðarfunda.

Í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði, nr. 1026/2007, kemur fram hvernig fara skal með tillögur um sameiningu prestakalla. Þar kemur hvernig fram að kirkjuþing hafi rétt til að leggja til sameiningu prestakalls. Því neitum við málsmeðferð og krefjumst að tillaga kirkjuþings verði felld niður.“

„Héraðsfundur Snæfellsness- og Dala-prófastsdæmis, haldinn í safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju sunnudaginn 11. apríl 2010, mótmælir harðlega þeirri tillögu kirkjuþings 2009 að sameina skuli Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi og Borgarfjarðarprófastsdæmi. Nýtt

prófastsdæmi yrði of stórt til að virka sem samstarfssvæði og yki kostnað sóknarpresta vegna samfunda og kostnað þeirra sem sækja héraðsfundi. Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi hefur verið góð samstarfseining, þar sem samstarf hefur verið mikið og samfundir tíðir. Sameiningar prestakalla hafa verið atlaða að samstarfinu því að með stærra svæði og færri prestum eru minni möguleikar til samstarfs og kostnaður eykst vegna meiri aksturs og verður því til að samfundir og samstarf leggst af. Ekki hefur verið sýnt fram á sparnað við þessa tillögu, en kostnaður eykst mjög vegna aksturs prófasts og presta, sem verður ekki að fullu bætt. Einn prófastur á stóru svæði kallar á nýjan starfsmann og meiri kostnað. Þessi breyting yrði til frambúðar vegna tímabundins sparnaðar. Það er óásættanlegt.

Í fundargerð kirkjuþings segir varðandi tillögu meirihluta löggjafarnefndar:

„Framsögumaður sagði að öllum þessum tillögum hafi verið mótmælt en nauðsynlegt væri að spara og endurskipuleggja og hér væri ekki gengið á grunnþjónustu.“ Þessi tillaga var samþykkt af kirkjuþingi. Hver er þá tilgangur að afla umsagnar sókna, presta og héraðsfunda ef það er gefið að við mótmælum og ekki verður hlustað á okkur? Héraðsfundur túlkar þessa málsmeðferð sem móðgun við sig og kirkjuna í heild.

Í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði, nr. 1026/2007, kemur fram hvernig fara skal með tillögur um sameiningu prófastsdæma. Þar kemur hvergi fram að kirkjuþing hafi rétt til að leggja til sameiningu prófastsdæma. Því neitum við málsmeðferð og krefjumst að tillaga kirkjuþings verði felld niður.“

Á þessum héraðsfundi var einnig ákveðið að lækka framlag sókna í héraðssjóð um tvö prósent.

Af framkvæmdum í einstökum sókn- um í prófastsdæminu er þetta helst:

Viðgerðir standa yfir utanhúss á Dagverðarneskirkju í Dalaprestakalli sem vonandi verður hægt að klára í sumar.

Halda á áfram að lagfæra umhverfi Hvammskirkju og kirkjugarðs en framkvæmdir lágu niðri síðasta sumar. Laga á garð um gamla Staðarfellskirkjugarð. Skipta á um þak og hækka turnspíru Kvennabrekkukirkju. Laga á garð Sauðafellskirkjugarðs, girðingu og sáluhlíð. Einnig munu verða framkvæmdir við Stóra-Vatnshornskirkju.

Nýtt grindverk var sett í kringum kirkjuna á Staðastað og sáluhlíð. Framkvæmdir eru hafnar við Hellnaskirkju, gluggar lagaðir og nauðsynlegt er að fara í aðgerðir til að laga gliðnun kirkjunnar. Nýtt grindverk var sett í kringum Fáskrúðarbakkakirkju og á Rauðamel verða framkvæmdir í sumar, ljúka á hleðslu að norðanverðu og girða gamla garðinn.

Haldið var áfram að mála Stykkishólmskirkju, en það verk hófst árið 2005. Óskandi er að þessu verki fari nú að ljúka, þó ekki nema vegna verktakans. Stækkun kirkjugarðsins stendur yfir, enda styttest í því að þörf verði á nýjum grafarstæðum.

Parket var lagt á safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju og framundan er að huga að gluggum kirkjunnar að sunnanverðu, enda mæðir mikið á þeim í þeim sunnanrokum sem í Grundarfirði geta geisað.

Ólafsvíkurkirkja var máluð síðastliðið sumar.

Fermingarbarnamótin voru tvö á síðasta ári, eins og árið áður. Annað var í Vatnaskógi í byrjun september. Hitt var að Laugum í Sælingsdal um miðjan október. Eins og áður var tíminn nýttur til fræðslu og undirbúnings en brugðið á leik hvenær sem færi gafst.

Í haust var námskeiðið Innan dyra haldið í Stykkishólmskirkju, en það er námskeið fyrir þá sem halda utan um barnastarf kirkjunnar á svæðinu. Eins

og fyrri árin var góð þátttaka í námskeiðinu.

Samstarf hefur verið milli safnaða um einstaka guðspjónustur og farnar voru tvær sameiginlegar ferðir með börn í 10 til 12 ára starfinu.

Organistamál eru í góðu lagi. Grundfirðingar sóttu á sömu mið og Hólm-
arar og fengu góðan organista frá Ung-
verjalandi, Zsolt Kántor að nafni.

Ýmislegt annað mætti kannski nefna,
en læt ég þessu lokið hér.

Vestfjarðaprófastsdæmi

Sr. Agnes Sigurðardóttir, prófastur



Agnes M.
Sigurðardóttir

Stækkun prófatsdæmis

Helstu breytingar í Vestfjarðaprófastsdæmi frá síðusta pistli eru þær að Vestfjarðaprófastsdæmi stækkaði þegar Hólmavíkurstakall var sameinað prófatsdæminu en það hafði um árabíl tilheyrt Húnavatnsprófatsdæmi. Þessi breyting er í samræmi við stefnu Þjóðkirkjunnar að fækka prófatsdæmum. Reyndar hófst framkvæmd þeirrar stefnu árið 2005 þegar Ísafjarðar- og Barðastrandarprófatsdæmi sameinuðust. Vestfjarðaprófatsdæmi nær nú yfir nær allan Vestfjarðakjálkann. Nú tilheyra því níu prestaköll, 38 sóknir, 46 kirkjur, sex kapellur og eitt bænhús. Sóknarprestar eru: sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir í Reykhólaprestakalli, sem þjónar í barneignarleyfi sr. Sjafnar Müller Þór. Sr. Sigríður Óladóttir í Hólmavíkurstakalli. Sr. Leifur Ragnar Jónsson í Patreksfjarðarprestakalli. Sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir í Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli. Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir í Þingeyrarprestakalli, sem þjónar í veikindaleyfi sr. Guðrúnar Eddu Gunnarsdóttur. Sr. Fjöltnir Ásbjörnsson í Holtsprestakalli. Sr. Valdimar Hreiðarsson í Staðarprestakalli. Sr. Magnús Erlingsson í Ísafjarðarprestakalli. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir í Bolungarvíkurprestakalli.

Á síðasta kirkjuþingi var samþykkt, auk stækkunar prófatsdæmisins, breyting á prestakallaskipan. Staðarprestakall sameinist Þingeyrarprestakalli. Heiti hins sameinaða prestakalls verði Þingeyrarprestakall. Prestssetur: Þingeyri. Súðavíkur-, Vatnsfjarðar- og Ögursóknir tilheyri þó Holtsprestakalli. Þessi ráðstöfun tekur þó ekki gildi fyrr en sóknarprestar í Staðar- og/eða Þingeyrarprestakalli segja lausu.

Nánar má lesa um prófatsdæmið og starfið þar á veraldarvefnum: www.kirkjan.is/vestfjardaprofastsdaemi.

Helgihald og safnaðarstarf

Í Vestfjarðaprófatsdæmi hefur allt verið í föstum skorðum hvað varðar helgihald og safnaðarstarf. Eina aukningin, sem orðið hefur í mörgum prestaköllum, er í viðtölum þar sem fólk óskar eftir aðstoð vegna bágrar fjárhagsstöðu. Svo hafa nokkrar fjölskyldur flutt til Noregs á undanförmum mánuðum. Er þetta væntanlega eins og annars staðar, þó kreppan hafi e.t.v. ekki skolið á með jafnmiklum þunga á Vestfjörðum og víða annars staðar vegna langvarandi kreppu þar, sem staðið hefur a.m.k. síðast liðin 20 ár.



Frá vísitásiu biskups í Vestfjarðar-prófastsdæmi

Héraðsfundurinn

Héraðsfundur prófastsdæmisins var haldinn í Tjarnarlundi í Saurbæ í Dölum í lok apríl og fór fram í samræmi við starfsreglur um héraðsfundi. Þau sem lengst þurftu að fara óku um 600 km. fram og til baka, til að sækja þann fund. Það er því engin furða þó margir setji spurningarmerki við stækkun prófastsdæmanna og velti fyrir sér hver sé hagræðingin af slíku fyrirkomulagi.

Héraðsnefnd prófastsdæmisins ákvað að senda út skýrsluform til útfyllingar um starf o.fl. í sóknunum. Skyldi skýrslunni skilað á héraðsfundi, en sendast til prófasts ef enginn mætti úr sókninni á fundinn. Er skemmst frá því að segja að sóknarnefndir tóku þessari nýbreytni vel og sparaðist dýrmætur tími á fundinum, sem hægt var að nota til vinnu í hópum. Þar gafst fólki tóm til að spjalla um kirkjustarfið heima og hverjir væru framtíðardraumarnir. Í hópunum kom fram mikill áhugi á uppbyggingarstarfi innan prófastsdæmisins á sviði ferm-

ingarstarfs og annars æskulýðsstarfs. Í umræðum kom fram að foreldrar fermingarbarna mæti stundum illa í svokallaðar skyldumessur og spurning hvernig efla megi áhuga þeirra á helgihaldinu. Hugtakið „lifandi tónlist“ í helgihaldinu fékk einnig mikla umræðu og að efla megi samþættingu leiks og söngs. Barnastarfið er sá vettvangur þar sem fræjum er sáð og skiptir því meginmáli. Helgihaldið skiptir miklu máli og spurt var hvernig helgihald viljum við? Einnig rætt um mikilvægi starfs meðal eldri borgara í kirkjustarfinu og vinnu-heimsóknir. Rætt var um fræðslumálin og nauðsyn fræðslustarfs innan safnaðanna.

Á héraðsfundinum var samþykkt ályktun, sem Marínó Bjarnason frá Stóra-Laugarðals sókn bar fram, en hann er verðandi kirkjupingsfulltrúi. Hann tekur við keflinu af Jens Kristmannssyni, sem verið hefur fulltrúi 5. kjördæmis í 12 ár. Voru honum þökkum störfín. Ályktunin hjóðar svo:

„Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis haldinn sunnudaginn 25. apríl 2010 beinir því til stjórnvalda að skerða ekki frekar en orðið er sóknargjöld. Sóknargjöld eru félagsgjöld sem innheimt eru af hinu opinbera. Þau standa undir fjölbættu safnaðarstarfi sem er í hættu auk þess sem fjárhag kirkna er stefnt í voða vegna niðurskurðarins“.

Eins og víða var haldinn aukahéraðsfundur í friðarsetrinu í Holti þann 11. október, að beiðni kirkjuráðs. Þar voru tvær tillögur biskupafundar teknar fyrir. Annars vegar um sameiningu prestakalla í prófastsdæminu og hin um stækkun þess. Leist heimamönnum ekki á sameiningu prestakalla en samþykktu fyrir sitt leyti stækkun prófastsdæmisins. Heimamönnum á Ströndum leist hins vegar illa á þá tillögu um að sameinast Vestfjarðaprófastsdæmi og því kom það mönnum í opna skjöldu þegar ákveðið var á kirkjuþingi í október að slík sameining færi fram.

Vísitasía biskups

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson lauk vísitasíu sinni um prófatsdæmið í júní 2009. Hún hófst á Hrafnseyri við Arnarfjörð þann 17. júní árið 2008 og lauk í Flatey á Breiðafirði þann 14. júní árið 2009. Í heild tók vísitasían

19 daga. Sóknarnefndarformaðurinn Jóhannes Gíslason í Svefneyjum og biskup ræddu m.a. umsjón og viðhald kirkju og garðs í Flatey og kom upp sú hugmynd að efna til samstafs við framfarafélag Flateyjar. Nú þegar er það mál komið á dagskrá og væntir sóknarfólk mikils af því samstarfi, því sóknarbörn í Flateyarsókn eru aðeins 10. Margir hugsa þó til kirkjunnar enda ekki vanþörf á, því miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á kirkjuhúsinu. Kirkjan á marga velunnara og heimamenn hafa ákveðið að kirkjan njóti tekna t.d. af tómum flöskum og dósnum sem falla til á eygni.

Samstarf

Sóknir í prófastsdæminu hafa sam-einast um ýmis mál, s.s. 12 spora starf og fermingarnámskeið. S.l. haust fóru prestar úr sjö af níu prestaköllunum í Vatnaskóg með fermingarbornin og Reykhólaprestakall, sem reyndar nær yfir í næstu sýslu var í samstarfi við presta úr Snæfellsnes- og Dala-prófatsdæmi með fermingarnámskeið. Samstarf var einnig við sveitarfélög í sumum prestakallanna um velferðarmál og mál tengd atvinnuleysi og sorg og sorgarviðbrögðum. Að öðru leyti er starfið í föstum skorðum og leggja menn sig fram um að efla kirkjustarfið og viðhalda því sem gott er.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur

Sumar

Sumarið 2009 var dásamlegt. En hvenær er sumar á Íslandi það ekki? Það er uppfylling allra drauma vetrarins, fullt af stundum til að sitja úti á palli rölta í garðinn, rífa upp nokkur arfaknippi en halda á safarikum gulrótum og salati heim.

Á prestssetri sem stendur við þjóðveginn er friðsældin fléttuð saman við hurðaskelli í bílum þeirra mörgu sem nema staðar við veginn til að mynda folöld og náttúru eða ganga til kirkju. Kirkjurnar kalla á fólk og laða það að sér. Í vor bar tvo ferðamenn að þar sem við vorum að undirbúa fermingarguðsþjónustu. Þrátt fyrir ys og þys settust þeir niður áttu hljóða stund og báðust fyrir, brostu í kveðjustað, en fyrir var staðfest að ekkert okkar heimafólksins talaði serbnesku eða rússnesku. Ég er viss um að kirkjurnar okkar þjóna þannig mörgum sem um landið fara og eins er með kirkjugarðana. Alltaf eiga þessir staðir von á gestum og ánægjulegt er að sjá að hvenær sem komið er heim taka á móti okkur vel snyrtir garðar og fallegar kirkjur, sem vel er við haldið.

Á þessum sumarlegu nótum þakka ég sr. Gísla á Glaumbæ fyrir að sjá um mitt kall og gegna starfi prófasts þá mánuði er ég naut námsleyfis.

Vetur

Svo kom vetur. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi voru sameinuð um áramót 2009-2010.

Biskupafundur hafði gert tillögu um þessa breytingu. Siglufjarðar-

prestakall skyldi fært yfir í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Tillagan er á því reist að jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar leiða til þess að Siglufjörður muni tengjast Eyjafjarðarsvæðinu miklu betur en nú" segir í bréfi frá kirkjuráði. Í Húnavatnsprófastsdæmi var lagt til að Hólmavíkurstakall hyrfi þaðan og legðist til Vestfjarðarprófastsdæmis.

Þessum tillögum biskupafundar var mótmælt í viðkomandi prestaköllum og héraðsfundir prófastsdæmanna tveggja á Norðurlandi vestra lögðust gegn þessum breytingum. Þótt Siglufjörður teljist til Eyjafjarðar í veraldlegum efname hafa tengsl byggðarlagsins og Skagafjarðar, Fljótanna sér í lagi, verið nán. Síðan Siglufjarðarprestakall lagðist til Skagafjarðarprófastsdæmis, hefur samstarfið reynst farsælt. Siglufjörður hefur lengi setið í héraðsnefnd og hafa samgöngur hvergi hamlað samstarfi, hvort heldur hafa verið fundir presta eða héraðsfundir.

Framtíð

Kirkjunni er gert, eins og fleiri stofnunum að spara vegna efnahagsástandins. Og eins og ekki sé nóg komið, verður enn haldið áfram með þá kröfu af hálfu ríkisvaldsins. Ég vil því minna á tillögu okkar hér fyrir norðan, sem við sendum til Kirkjupingsins í haust. Á meðal þessa sem við prestarnir lögðum til var:

- Tónskóli þjóðkirkjunnar verði lagður niður. Þrátt fyrir hið góða starf, sem þar hefur verið unnið undanfarna áratugi, verður nú í ljósi stöðunnar að spara.



Dalla Þórðardóttir

Nemendum verði bent á að sækja nám í almenna tónlistarskóla.

- Starf söngmálastjóra verði lagt niður.
- Prestastefna verði haldin annað hvert ár.
- Ekki verði ráðið að nýju til þeirra starfa sem losna og þeirra verkefna sem lokið verður á Biskupsstofu.
- Á tímum sem þessum er nauðsyn á gagnsæi. Við leggjum til að á kirkjuþingi verði lögð fram gögn um störf, stöðugildi og verkefni á Biskupsstofu ásamt áætlun um það hvar spara megi.
- Áætlanir um fasteignakaup vegna húsnæðisvanda Biskupsstofu og Hjálparstarfs verði lagðar á hilluna. Hugað verði að því að færa aðstöðuna um set í borginni, þar sem húsnæðisverð er lægra.
- Kirkjan standi vörð um eignir sínar. Kirkju- og prestssetursjarðir verði ekki seldar nema ásættanlegt verð fái. Jarðarverð hefur nú lækkað mikið frá því sem var fyrir fáum misserum. Telja verður skynsamlegra, þrátt fyrir vöntun á fé einmitt nú, að biða með sölu, fremur en að selja við lágu verði.
- Lagt verði í vinnu við það að samræma störf safnaða og presta á höfuðborgarsvæðinu. Hafa ber í huga að í nútímanum verða vegalengdir æ styttri. Í borginni eru sóknarmörk óglögg og tengsl við sóknarkirkjuna hafa rofnað. Fólk er því ekki bundið við að sækja sína sóknarkirkju. Ljóst er að kirkjan hefur boðið fram glæsilegt starf fyrir alla aldursflokka. En við núverandi aðstæður er ástæða til að endurskoða það að bjóða sams konar starf í kirkjum sem standa nánast hlið við hlið. Kirkjur sameinist um starfið. Við þessa hagræðingu má án efa fækka launuðu starfsfólki og prestum. Benda má á í þessu tilliti Langholtssókn, Grensássókn, Ássókn og Laugarnessókn einnig Háteigsókn, Hallgrímssókn, Dómkirkjusókn og Nessókn. Benda má á að þessar síðastnefndu kirkjur eru í göngufæri hver við aðra.

Starfið í Húnavatns- og

Skagafjarðarprófastsdæmi.

Í upphafi þessa þáttar þakka ég sr. Guðna Þór fyrir gott samstarf en um langt skeið hefur verið samstarf um ýmis málefni á milli prófastsdæmanna. Er eftirsjón að honum í hópi prófasta. En við erum heppin að njóta krafta hans í sóknnum hans og í héraðsnefndinni.

Átta prestaköll eru í hinu nýja prófastsdæmi og að auki starfar þar einn djákni. Starf æskulýðsfulltrúa var lagt niður en það var 30% starf prests. Er mikil eftirsjón að því starfi og hlýtur það að koma niður á starfi með börnum og unglingum. Er æskulýðsfulltrúans sárt saknað af prestum og æskulýð sem notið hafa krafta hans. Ég þakka honum fyrir hönd okkar allra, samstarf dugnað og áhuga og fylgja bestu óskir honum í hinu nýja embætti.

Fjárhagur hins nýja prófastsdæmis er sýnilega þrengri en ég þekkti í Skagafjarðarprófastsdæmi og verður héraðsnefnd að aka seglum eftir vindi.

Héraðsfundur var haldinn á Blönduósi hinn 18. febrúar og var hann vel sóttur. Þar var kynnt mikilvægt málefni, sem er pinglýsingar kirkna. Víða hér í prófastsdæminu hefur lagaleg staða kirkju og garðs verið í lausu lofti, en sem betur fer hefur sóknarnefndarfólk tekið þessari áskorun vel og er verið að vinna að því að skýra málin.

Í héraðsnefnd voru kjörin sr. Guðni Þór Ólafsson á Melstað, gjaldkeri, Rósa María Vésteinsdóttir, Narfastöðum, ritari og til vara sr. Gísli Gunnarsson á Glaumbæ og Jóhanna Magnúsdóttir í Ártúnum. Þá voru kjörnir fulltrúar á leikmannastefnu þau Þórdís Friðbjörnsdóttir og Steindór Haraldsson en til vara Guðmundur Haukur Sigurðsson og Reynir Kárason og í Hjálparstarf kirkjunnar sr. Ursula Árnadóttir og til vara sr. Gunnar Jóhannesson.



Kóræfingar í Silfrastaðasókn eru haldnar á Uppsólum og eru í senn veislukaffi. Sólveig húsfreyja þrjónaði peysuna sem organistinn skartar.

Þá var haldinn annar héraðsfundur 5. júní í Héðinsminni með hefðbundinni dagskrá. Því miður áttu fulltrúar Skagastrandar ekki heimangengt vegna hátíðahalda sjómannaþingsins en héraðsnefnd hafði ekki varast það að þau hefðu færst yfir á laugardag. Tími til fundarstarfa var rúmur og hlýddi héraðsfundarfólk á skýrslur um starf í sóknum eða prestaköllum prófastsdæmisins alls og var barna- og æskulýðsstarf í brennidepli. Héraðsnefnd hefur sett sér það forgangsverkefni að styrkja það starf og eru fermingarbarnamótin styrkt ríkulega.

Fermingarbörn úr flestum prestaköllum hafa árlega sótt fimm daga fermingarbarnamót í Vatnaskógi og hafa þau reynst farsælt upphaf fræðslunnar og tengsla. Í máli sóknarnefndarfólks kom fram gagnrýni á þá ákvörðun kirkjuyfirvalda að leggja af starf æskulýðsfulltrúa og þótti skjóta skökku við að hvetja söfnuði til þess að standa vörð um hag og fræðslu barna og unglunga en taka björgina jafnframt

í burtu. Þá vöktu fulltrúar máls á því sem þeim þótti ekki alls kostar gott, að fermingarathöfnum hefur fjölgað verulega frá því sem var og er oft fermt aðeins eitt barn í senn. Þótti fólki það hljóta að vera missir fyrir unglungana að eiga ekki fermingarsystkin. Í hátt við þetta var bent á að skirnin hefur færst út úr messunni og kjósa flestir foreldrar að barn þeirra sé skirt í sérathöfn, eins þótt messað sé þá helgi og jafnvel samdægurs í kirkjunni. Sóknarnefndarmaður ræddi um hið fjölbreytilega starf sem börnum og unglungum stendur til boða, og má þar nefna auk starfs kirkjunnar tónlistarkennslu, kóra, íþróttir, fimleika og reiðnámskeið. Finnst honum börnin leggja verulega hart að sér og séu á ferðinni fram og aftur allan liðlangan daginn. Sagði hann að í sínu ungdæmi hefði þetta kallast barnaprælkun.

Ég hef lítilllega spurst fyrir um hvort fólk hafði orðið vart við breytingar vegna kreppunnar. Tónlistarkennari í Varmahlíð sagðist hafa tekið eftir því að

fleiri börn en fyrr stunduðu tónlistarnám og auk þess væri mun erfiðara að finna tíma til að æfa þau vegna tónleika. Svo virtist sem miklu meira væri um að vera hjá fólki en fyrr.

Sóknarnefndarfólk sagði fregnir af starfinu:

TTT fundir eru haldnir vikulega á Hvammstanga í samvinnu Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakalls. Að jafnaði sækja samverurnar 25-30 börn. Hauststarfinu lauk með ferð á Löngumýri og vorönn með ferð í Vatnaskóg ásamt börnum úr Hofsósi og frá Sauðárkróki og Skagaströnd.

Í Breiðabólstaðarprestakalli hefur verið bryddað upp á þeirri nýbreytni að stofna messuhópa. Leitað hefur verið til vinnustaða og félagasamtaka um að undirbúa messuna og sjá um súpu að henni lokinni.

Í Þingeyraklaustursprestakalli er barnastarfi vel sinnt í hinum mörgu sóknum. Nýtt pípuorgel var keypt í kirkjunni á Blönduósi og vígt um miðjan nóvember. Kirkjan á staðnum er opin alla daga sumarlangt og kemur þangað fjöldi ferðamanna. Sú hefð hefur skapast að prestarnir hafa messað hver einu sinni á Þingeyrum og einnig hefur djákinn séð um helgistundir þar.

Í Sauðárkóksprestakalli er barnastarfi í blóma, heimsóknarþjónusta hefur verið innt af hendi í samstarfi við Rauða krossinn mörgum til yndisauka. Messað er til skiptis á kirkjunum í Ketu og Hvammi.

Skagastrandarprestakall telur sex sóknir. Sóknarprestur hefur boðið upp á þá nýbreytni að hafa vikulega viðveru í Hólaneskirkju, þar sem sóknarbörnum er boðið til morgunkaffis og spjalls.

Í Hofsóss- og Hólaprestakalli fóru fram miklar breytingar og umbætur á kirkjunni á Hofsósi. Sóknarprestur heimsækir leikskóla og skóla vikulega í

þremur kjörnum prestakallsins. Messur og tónleikar eru hvern helgan dag yfir sumartímamann í Hóladómkirkju.

Fjórar sóknir eru í Glaumbæjarprestakalli. Þar er sú skemmtilega venja einu sinni á ári að karlmenn bjóða til kaffis og veitinga. Á æskulýðsdaginn selja fermingarbörn messukaffi á Löngumýri og nýtur Hjálparstarfið ágóðans.

Í Miklabæjar og Mælifellsprestakalli var sett upp altarafla úr bútasaumi og keypt pípuorgel í Miklabæjarkirkju, kirkjukór Hofstaðasóknar hélt í messuferð út í Hrísey, haldin var sameiginleg messa á æskulýðsdaginn í Reykjakirkju.

Á héraðsfundinum voru Hólmvíkingar og Siglufirðingar kvaddir formlega og gríp ég hér niður í þau orð: „Við sameiningu misstum við útverði hvors prófastsdæmis fyrir sig, Siglufjörð og Hólmavíkuprestakall og söknum við þar vana og samstarfsfólks. Vissulega höfðu prestar og sóknarnefndarfólk þar hug á að vera með okkur hér í dag, en svo vildi til, og er það ekki nema gleðilegt í sjálfu sér, að bæði sr. Sigurður og sr. Sigríður höfðu tekið að sér skírn og það með löngum fyrirvara og eru því ekki hér. Engir fulltrúar eru hér frá Hólmavík, en frá Siglufirði eru hér Sigurður Hlöðversson og Guðný Pálsdóttir.

Bið ég þau að koma hér fram. Við viljum táknrænt þakka þeim samveru og samfylgd og færa gjöf, þeim á Siglufirði þennan engil sem mótaður er í vesturdeild prófastsdæmisins og þeim á Hólmavík kross sem tálgaður er í eystri deild prófastsdæmisins.”

Siglufirðingarnir færðu fundinum blómavönd sem prýddi salinn.

Starfsmenn

Í fæðingarorlofi sr. Gunnars Jóhannessonar á Hofsósi þjónaði sr. Hjörtur Páls-

son kallinu í einn og hálfan mánuð á haustdögum 2009.

Á nýhöfnu ári 2010 tók sr. Magnús Magnússon við kalli í Breiðabólstaðarprestakalli en sr. Sigurður Grétar Sigurðsson hafði verið kjörinn til embættis í Útskálaprestakalli. Hann hafði jafnframt gegnt starfi æskulýðsfulltrúa.

Sr. Magnús var settur inn í embætti í Hvammstangakirkju 24. janúar. Var það góð guðsþjónusta og mjög myndarlegt messukaffi á eftir og var dagurinn hinn besti.

Sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki eignaðist sitt þriðja barn og fór í barneignarleyfi 19. febrúar. Sr. Gísli Gunnarsson þjónar Sauðárkróksprestakalli auk síns eigin í leyfinu. Vegna sparnaðar var þessi leið valin, fremur en að fá annan prest eins og gert hafði

verið fyrir áramót. Sr. Gísli hefur leyst starfið með sóma, eins og til stóð, en við höfum þó vel fundið fyrir því að miklu þengra er og þyngra fyrir að vera aðeins þrjú að störfum í Skagafirði.

Messur sumarsins eru auglýstar á myndskreyttu spjaldi sem hengt hefur verið upp víða um héruðin.

Aftur kemur vor í dal

Sumarið er dásamlegt. Sauðburður gekk ágætlega og nú er verið að flytja á fjall.

Ég hitti konu um daginn sem verið hefur í sumarfrí í mánuð og hefur ekkert gert nema skemmtilegt. Þannig á það að vera. Grill og rauðvín í garðinum, café au lait í sólskini, góð bók að lesa, tónleikar, messur, helgistundir og kaffi á kirkjustétt, það er lífið. Lífið sem Guð gefur.

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Sr. Hannes Örn Blandon, prófastur

Prófastur mun stikla á stóru enda af miklu að taka þó reyndar ekki af hans hálfu heldur allra þeirra sem lagt hafa hönd á hinn kirkjulega plóg hér í prófastsdæminu. Ég vil fyrst þakka samstarfsmönnum mínum í héraðsnefnd fyrir þeirra ósérhlífni á erfiðum tímum því víst eru blikur á lofti í kirkjustarfi og hefur sparnaðarhnífurinn verið reiddur á loft og enginn veit á þessari stundu hvar við lendir. Við blasir hins vegar að niðurskurður næstu missira er boðaður sýnu meiri en í fyrra. Héraðsnefnd hyggst á þessum fundi leggja fram nokkrar tillögur til sparnaðar og mun td leggja til að greiðsluhlutfall sókna fari úr 5% í 4% amk tímabundið. Þetta er til þess að

koma til móts við sóknarsjóði sem sumir eiga erfitt um vik. Það þýðir auðvitað á hinn bóginn að héraðsjóður þarf og einnig að draga úr kostnaði.

Þó er morgunljóst að við munum hvergi draga af í barna og æskulýðsmálum og vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa dregið þann vagn undir forystu djáknans á Glerá. Sömmuleiðis hafa fræðslumál undir forystu sr. Guðmundar og hans deildar verið með miklum ágætum en um þessi mál má að öðru leyti lesa hér í gögnum.

Einkennandi fyrir þróun síðasta árs voru hinar ýmsu sameiningar og hagræðingar þ. á m. hér í Eyjafirði. Við bjóðum Siglfirðinga hjartanlega velkomna í okkar hóp á ný og eru þeir bú-



Hannes Örn Blandon

hnykkur. Íbúar í Hríseyjarprestakalli er hins vegar í þeirri stöðu að ugga um framtíð sína og hafa fá svör fengið um sín mál.

Á síðasta ári sameinuðust Skagfirðingar Húnavetningum og nú þurfum við á þessum fundi að eiga skoðanaskipti um okkar framtíð og Þingeyinga. Sameining þeirra prófastsdæma mun ugglaut vekja upp ýmsarspurningar.

Breytingar á mannahaldi urðu nokkrar á síðasta ári. Sr Arnaldur hvarf til Noregs með sínu húsi og sakna ég þess góða drengs Við óskum honum og fjölskyldu hans velfarnaðar á nýjum vetvangi.

Þá hélt sr. Óskar í leyfi en hóf síðan störf við Selfoskirkju og þekktu allir þá sögu.

Ég vil nota tækifærið og þakka góð kynni og skemmtileg og óska honum og fjölskyldu sömuleiðis velfarnaðar.

Þá héldu þau hjónin á Möðruvöllum í leyfi á haustdögum og á meðan þjónaði sá ágæti heiðursmaður sr. Hjörtur Pálsson og reyndist góður félagi.

Mig langar og að geta nokkurra atriða í viðbót sem vakið hafa athygli og gleði í hjörtu en það er centering prayer eða hnitmiðuð bænen undir stjórn sr. Guðrúnar á sjúkrahúsinu, kyrrðardaga og -menningar sr. Solveigar Láru í Leikhúsinu á Möðruvöllum og sálarstaldrinu í Kirkjubæ. Við þökkum þau innlegg.

Nokkrir mætir liðsmenn kirkjunnar í Eyjafirði hafa kvatt þennan heim.

Inga Benediktsdóttir á Dalvík ritari

og safnaðarfulltrúi. Ég þakka hennar hreinskiptu skoðanaskipti og gott samstarf.

Stefán Steinsson er lengi var umsjónarmaður kirkjugarðsins á Dalvík og gaf rétt fyrir dauða sinn veglegt þjónustuhús við sama garð.

Björn minn blessaður Dúason hinn dásamlegi húmoristi, meðhjálpari og félagi á Ólafafirði,

Sr Sigurður Guðmundsson vígslubiskup og kirkjuhöfðingi. Megi Guð blessa þessar góðu sálir og fjölskyldur þeirra.

Kæru vinir þessi aðfararorð eru ekki tæmandi en ég þakka ykkur öllum fyrir gott samstarf með órlitilli sögu:

Konu eina dreymdi að hún kom inn í glænýja verslun á Torginu og henni til undrunar stóð sjálfur Guð á bak við afgreiðsluborðið

„Hvað er hér til sölu?“ spurði hún.

„Allt sem hjarta þitt girnist,“ svaraði Guð.

Konan trúði varla sínum eigin eyrum en afréð að biðja um allt hið besta sem hægt væri að óska sér. „Ég ætla að fá frið í hjarta, kærleik og hamingju, visku og mega að vera laus við ótta,“ sagði hún. Hún hugsaði sig um og bætti við, „ekki aðeins handa mér heldur öllum íbúum jarðarinnar.“

Guð brosti og mælti: „Ég held að þú hafir miskilið eitthvað, vina mín. Við seljum ekki ávexti hér. Einungis fræ.“

Látum oss sá fræjum.

Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur

Veturinn 2009-2010 voru engar breytingar á prestahópnum utan það að Sr. Gylfi Jónsson var í námsleyfi frá nóvember og út marsmánuð. Organistar eru víðast hvar starfandi í sóknunum nema hvað ekki hefur verið fastur organisti í Mývatnssveit, og Þórshafnarsókn hefur sótt þá þjónustu austur á Vopnafjörð. Hólabiskup vísiteraði ásamt eiginkonu sinni frú Margréti Sigtryggisdóttur tvö prestaköll á síðastliðnu ári, Skinna- staðar- og Húsavíkurprestakall, svo og Skútustaðaprestakall snemma á þessu ári. Alls staðar hafa vígslubiskup og kona hans verið miklir aufúsugestir og sýnt okkur kirkjufólki mikla velvild. Á Húsavík helgaði biskup nýtt altarisklæði, hannað og ofið af Oddnýju Magnúsdóttur, í messu á fyrsta sunnudegi í aðventu. Að messu lokinni helgaði vígslubiskup síðan Bjarnahús, rétt sunnan við kirkjuna, sem þá var formlega tekið í notkun af söfnuðinum sem safnaðarheimili. Þetta var mikill hátíðar- og gleðidagur í söfnuðinum. Er ekki spurning að Bjarnahús mun verða safnaðarstarfinu mikil lyftistöng og er þegar komið í talsverða notkun. Húsið er mjög fallett og hefur mikið verið lagt í endurbætur á því. Í Bjarnahús finnst heimamönnum gaman að líta inn og skoða. Þar eru til dæmis haldnir foreldramorgnar einu sinni í viku og barnastarf kirkjunnar fer þar fram, svo að eitthvað sé nefnt.

Prestar í prófastsdæminu hafa komið saman annað veifið til skrafs og ráðagerða, og til dæmis lært notkun Facebook og vefsíðugerð á Akureyri, undir stjórn sr. Árna Svans Danielssonar sér-

þjónustuprests. Þá var haldið námskeið fyrir sóknarnefndir á Húsavík, þar sem fulltrúar Biskupsstofu, Ragnhildur Benediktsdóttir og sr. Þorvaldur Karl Helgason, komu og fræddu. Þá var einnig haldið trúfræðslunámskeið á vegum prófastsdæmisins í Bjarnahúsi á föstunni, sem sr. Sighvatur Karlsson sá um ásamt undirrituðum. Góður rómur var gerður að námskeiðinu, sem var ágætlega sótt. Í Kirkjumiðstöðinni okkar hér á Vestmannsvatni hefur ekki verið mikil formleg starfsemi síðasta árið, en vonir standa til að þar verði dvalarhópar í sumar. Þá voru ýmsar framkvæmdir þar á síðasta ári, þannig að húsakynni eru að mestu í nokkuð góðu ásigkomulagi. En fjárhagurinn er mjög þröngur og við verðum að líta á núverandi stöðu sem nokkurs konar millibilsástand. Nokkrir fermingarhópar hafa þó dvalið í Kirkjumiðstöðinni, auk ýmissa smærri hópa. Hinn 22 ágúst á s.l. ári helgaði hr. Jón A. Baldvinsson Hólabiskup nýtt altari og altarisklæði í Kirkjumiðstöðinni, það er gefið af Elínu Jónsdóttur og Þórarni S. Halldórssyni til minningar um sr. Pétur Þórarinsson fv. prófast í Laufási, son þeirra og sumarbúðastjóra að Vestmannsvatni til margra ára. Guð blessi minningu hans. Þá var haldið í janúar á Stóru-Tjörnum mjög fjölmennt æskulýðsmót undir stjórn sr. Bolla Péturs í samvinnu við Pétur Björgvin djákna á Akureyri og sr. Stefán Má á Vopnafirði. Hið árlega kirkjukórasambandsmót við Mývatn var haldið 3. – 6. júní s.l. undir dyggri stjórn Margrétar Bóasdóttur, rétt eins og undanfarin ár. Er þar oft um að ræða



Jón Ármann
Gíslason

tónlistarviðburð á alþjóðamælikvarða. Kirkjukórasamband Norður-Þingeyinga hélt kirkjukóramót á Þórshöfn þann 2. maí, sem var góð og eftirminnileg samvera og prýðilega sótt. Háls- og Illugastaðakirkja fagna 150 ára afmæli á þessu ári og verða án efa hátíðahöld þess vegna. Þorgeirskirkja við Ljósavatn er mjög vinsæl til tónleikahalds og þar verða haldin menningarkvöld í sumar. Þá mun „vegkirkju“-verkefnið halda þar áfram í sumar.

Vissulega er það nokkurt áhyggju-efni, hversu fjárhagur sumra safnaða hefur þrengst vegna skerðingar sóknargjalda. Við það bættist að víða fækkar fólki frekar en hitt hér um slóðir,

Öll minnumst við í þökk hins aldna kirkjuhöfðingja sr. Sigurðar Guðmunds-

sonar á Grenjaðarstað, sem lést í upphafi þessa árs. Hann gegndi á sínum ferli embætti sóknarprests á Grenjaðarstað, prófests í Þingeyjarprófastsdæmi, vígslubiskups í Hólastifti og um skeið setts biskups Íslands og vígslubiskups í Skálholti. Sr. Sigurður vann kirkju og kristni ómetanlegt starf og var einn aðalhvatamaður að stofnun þessara sumarbúða að Vestmannsvatni, fræðari góður og mikill bókasafnari. Guð blessi minningu hans, sem og annarra kirkjunnar vina er kvatt hafa okkur síðastliðið ár.

Að lokum vil ég þakka prestum og safnaðarfólki öllu samstarfið undanfarið ár og bið Guð að blessa kirkjustarfið í Þingeyjarprófastsdæmi og gefa því vöxtinn.

Múlaprófastsdæmi

Sr. Jóhanna I. Sigmarsdóttir, prófastur



Jóhanna I.
Sigmarsdóttir

Sóknarkirkjunum sautján í Múlaprófastsdæmi er þjónað af sex sóknarprestum. Flestar kirkjurnar eru í sveitum þar sem söfnuðir eru fremur fámennir. Í fámennustu sókninni, Möðrudalssókn, þar sem er bændakirkja, eru sjö skráðir en í þeirri stærstu á Egilsstöðum um 2.300.

Víða hefur verið unnið að endurbótum á kirkjum á undanförunum árum og má segja að kirkjur prófastsdæmisins séu flestar í ágætu standi og vel við haldið. Á Egilsstöðum var safnaðarheimili tekið í notkun 14. júní á 35 ára afmæli Egilsstaðakirkju. Það er einbýlishús sem keypt var og stendur við Hörgsás rétt við kirkjuna. Bætti það úr brýnni þörf og þar er nú skrifstofa sóknarprests og mjög bætt aðstaða

til safnaðarstarfs. Miklar endurbætur fóru fram innan dyra í Egilsstaðakirkju á árinu. Nýtt þjónustuhús var tekið í notkun við Sleðbrjótskirkju 26. júlí á s.l. ári. Vígslubiskup Jón A. Baldvinsson heimsótti söfnuðina og blessaði húsin bæði. Möðrudalskirkja varð 60 ára 4. september og heimsótti prófastur þá kirkjuna og tók þátt í messu þar í tilefni af afmælinu.

Samkvæmt skýrslum voru messur í prófastsdæminu 161 á árinu, altarisgestir 1918, skírnir 54, fermd börn 64, hjónavígslur 23 og greftranir 30.

Messað hefur verið undanfarin ár á Klyppsstað í Loðmundarfirði einu sinn á sumri um miðjan júlí og hafa prestar prófastsdæmisins þjónað til skiftis við þá messu. Helgihald í prófastsdæminu

var með hefðbundnum hætti á árinu. Það er auglýst sameiginlega í héraðsblaðinu Austurglugganum vikulega og upplýsingar um það er að finna á heimasíðu prófastsdæmisins. Sameiginlegar auglýsingar eru um hátíðir og yfir helgihald sumarsins þar sem þess er sérstaklega gætt að ávallt sé messað á sunnudögum einhvers staðar í prófastsdæminu. Hefur það mælst vel fyrir hjá heimamönnum og ferðafólki.

Sr. Þorgeir Arason starfaði sem fræðslufulltrúi prófastsdæmisins í 75% starfi. Stærstur hluti starfsins hefur verið í þéttbýlinu við Egilsstaði og greiðir Egilsstaðakirkja 25% launa hans en Ásókn í Fellum hefur lagt til vinnu-aðstöðu í Fellabæ. Þorgeir hefur einkum sinnt barna- og æskulýðsstarfi, öðru en sunnudagaskólunum sem eru í umsjón prestanna eins og áður í öllum prestaköllum. Starf sr. Þorgeirs hefur verið afar mikils virði fyrir prófastsdæmið. Hann heldur utan um og skipuleggur í samráði við prófast og sóknarpresta fræðslustarfið í prófastsdæminu. Sr. Þorgeir var vígður 5. júlí 2009 vegna afleysingaþjónustu í prófastsdæminu og leysti af í þriggja mánaða feðraorlofi í haust í Hofsprestakalli og síðan þjónaði hann Eiðaprestakalli einnig í þrjá mánuði eftir áramótin vegna námsleyfis sóknarprests.

Sr. Þorgeir hefur haft yfirumsjón með þrískiftu barna- og æskulýðsstarfi í Egilsstaðakirkju.

Þorgeir fékk til liðs við sig leiðtoga sem önnuðust að stórum hluta starfið undir leiðsögn hans þar sem sr. Þorgeir gegndi jafnframt prestsembætti. Barna- og æskulýðsstarfið í prófastsdæminu hefur eflst mjög s.l. tvö ár. Á Egilsstöðum er yfir veturinn starf fyrir 7-9 ára börn (Stjörnustund) einu sinni í viku og sömuleiðis 10-12 ára börn (TTT). Lið úr

barnastarfi Egilsstaðakirkju tók þátt í samkirkjulegri bibliuspurningakeppni „Jesús lifir“ í Reykjavík sem Æskulýðs-samband þjóðkirkjunnar og Aðventkirkjan standa að.

TTT starf er einnig á Bakkafirði, Vopnafirði, Seyðisfirði og nú eftir áramótin á Borgarfirði eystra. Í nóvember hittust börnin norðan Smjörvatnsheiðar á TTT-degi á Vopnafirði og í Kirkjumiðstöðinni á Eiðum komu börn úr Vallanes-, Seyðisfjarðar-, og Eiðaprestaköllum saman til TTT-dags.

TTT-mót prófastsdæmisins var svo haldið helgina 10.-11. apríl í Kirkjumiðstöðinni undir stjórn fræðslufulltrúa og Gunnars Steingrímssonar, djákna. Dvöldu þá börnin í rúman sólarhring ásamt prestum sínum og leiðtogum. Að þessu sinni var TTT-mót Austfjarða-prófastsdæmis haldið sömu helgina og voru hóparnir með sameiginlega dagskrá í nokkrar klukkustundir. Þar voru þá alls um 120 börn auk presta og fylgdarfólks.

Í annað sinn var nú haldið leikjánaðmskeiðið „Stjörnustundir í páskafríinu“ í dymbilvikunni fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla í Kirkjumiðstöðinni við Eiðavatn. Námskeiðið var í umsjón fræðslufulltrúa og leiðtoga í barnastarfinu.

Fermingarnámskeið prófastsdæmisins eru haldin í Kirkjumiðstöðinni á haustin. Að þessu sinni voru tvö tveggja sólarhringa námskeið haldin um helgar í lok september og í byrjun október.

Öflug æskulýðsfélög starfa á Fljótsdalshéraði og á Vopnafirði. Á Egilsstöðum er starfið í umsjón fræðslufulltrúa sem hefur síðan fengið í lið með sér leiðtoga en á Vopnafirði í umsjón sóknarprestsins. Áætlaðri ferð á landsmót æskulýðsfélaganna í Vestmannaeyjum var aflýst vegna svinaf lensu en

Spennandi leikur á leikjánaðmskeiði 6-9 ára barna á Eiðum í dymbilvikunni 2010



Þá höfðu 160 unglingar af Austurlandi tilkynnt þátttöku. Þess í stað sóttu æskulýðsfélagar kirkjulegt æskulýðsmót í Stóru-Tjarnaskóla helgina 29.-31 janúar s.l. Þátttakendur þar voru um 160 frá af svæðinu frá Akureyri til Breiðdals. Fræðslufulltrúi prófастsdæmisins undirbjó mótið ásamt fleiri prestum af þessu svæði.

Farskóli leiðtogaefna var haldinn í samstarfi Múla- og Austfjarðaprófастsdæma á liðnum vetri og að hluta til í samstarfi við Eyjafjarðarprófастsdæmi.

Barnastarfsnámskeiðið „Innandyra í kirkjunni“ var haldið í samstarfi við Austfjarðarprófастsdæmi á Reyðarfirði í september og sömuleiðis námskeiðið „Að miðla fjársjóði“ sem María Ellingsen leikkona styrði í Kirkjumiðstöðinni við Eiðavatn í janúar.

Hvað varðar fullorðinsfræðslu má nefna sögnnámskeið sem Margrét Bóasdóttir hélt fyrir kirkjukóra og presta í Kirkjumiðstöðinni í nóvember.

Á Héraðsfund 2009 komu Guðmundur Rafn Sigurðsson stjórnarmaður KGSÍ og Sigurgeir Skúlason, starfsmaður Kirkjugarðaráðs. Þeir kynntu starf Kirkjugarðasambands Íslands, hugmyndir um sameiginlegan rekstur og stjórn kirkjugarða og fleira er varðar þá.

Sr. Árni Svanur Daníelsson, hélt hádegisfyrirlestur „Biblían og bíóið“ í samstarfi við Vísindagarðinn á Egilsstöðum. Fræðslufulltrúi hafði umsjón með námskeiði fyrir hjón og sambúðarfólk sem ættað er frá Holy Trinity Bromton-kirkjunni ensku (Alfa) og Emmaus-námskeiði í Egilsstaðakirkju. Tólf spora námskeiðin hafa unnið sér fastan sess í Egilsstaðakirkju og í samstarfi við Starfsendurhæfing Austurlands (STARFA) var 12 spora námskeið fyrir þátttakendur í endurhæfingunni sem frú Ástriður Kristinsdóttir hafði umsjón með.

Fræðslufulltrúi hefur einnig annast kirkjuheimsóknir grunnskóla á Egils-

stöðum og lífsleikniverkefni þjóðkirkjunnar þar sem fjallað er um sorg og von í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Foreldramorgnar, opið hús fyrir foreldra ungra barna eru á Egilsstöðum og á Vopnafirði.

Prestar prófastsdæmisins tóku þátt í tilraunaverkefni um sérhæfða eftirfylgd og fékk prófastsdæmið dálítinn fjárstyrk frá Biskupsstofu til þess. Þetta er tilraunaverkefni um eftirfylgd við fólk í erfiðum aðstæðum og felst í því að nota ákveðnar verklagsleiðbeiningar sem hjálpartæki til að vinna eftir. Múla- og Húnavatnsprófastsdæmi ásamt Digra-nessókn eru þátttakendur í þessu tilraunaverkefni. Þetta eru verklagsreglur sem kynntar voru öðrum prestum á prestastefnu í ár og hvatt til að nota þær.

Heimsóknarþjónustuhópur hefur starfað á Egilsstöðum um árabíl og nú síðustu árin tekið upp samstarf við Rauðakrossinn.

Samstarf hér í prófastsdæminu er mikið og gott. Við prestarnir reynum að hittast öll nokkrum sinnum á ári. Hér á Héraðinu hittumst við sóknarprestarnir þrír sem hér erum oft vikulega á þriðjudagsmorgnum ásamt Þorgeiri fræðslufulltrúa. Í slíku samstarfi fæðast margar hugmyndir, það er gefandi og mikils virði fyrir okkur öll.

Samstarf er einnig gott við aðra þjónustuaðila á svæðinu, heilsugæslu og lögreglu. Kapólska kirkjan fékk afnot af Egilsstaðakirkju einu sinni í mánuði til messuhalds þar til í desember en þá vígðu þeir sína kapellu á Egilsstöðum. Prófastsdæmin á Austurlandi hafa samstarf um ýmis námskeið eins og frá hefur verið greint og um rekstur Kirkjumiðstöðvar Austurlands.

Í Héraðsnefnd Múlaprófastsdæmis sátu auk prófasts á s.l. ári eins og áður Sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson á Egilsstöðum og Jóhann Grétar Einarsson Seyðisfirði.

Sem prófastur vísiteraði ég Skeggjastaðakirkju 25. apríl s.l. og fékk þar góðar móttökur hjá sóknarpresti og mínum gömlu sveitungum. Vopnafjarðarkirkja var síðan vísiteruð á uppstigningardag 12. maí. Þar var þá sameiginleg guðsþjónusta fyrir aldraða úr Langanes- og Hofsprestaköllum vel sótt og ánægjuleg samvera.

Hér hefur verið drepið á það helsta í starfi kirkjunnar í Múlaprófastsdæmi á árinu. Ekki verður þó slíku yfirliti lokið án þess að færa þakkar öllu því góða fólki sóknarnefndum, kórum og öðrum þeim sem sinna af alúð sínum störfum við kirkjurnar í sjálfböðavinnu og sjá til að helgihald geti farið fram með reglubundnum hætti.

Austfjarðaprófastsdæmi

Sr. Davíð Baldursson, prófastur



Davíð Baldursson

Prófastsdæmið

Gott er að minnast þess, þegar litið er til baka yfir liðið starfsár, hversu margir hafa af mikilli ósérhlífni unnið gott og gefandi starf í þágu kirkjunnar. Landsbyggðarkirkjan er meira og borin upp af sjálfbóðaliðum og í því felst styrkur hennar. Mikil uppörvun er það prestum að finna þann góða hug, sem sóknarfólk ber til kirkjunnar sinnar og þann metnað, sem það hefur fyrir því að þar sé vel að öllu staðið. Þar ekki hikað við að koma á framfæri athugasemdum og tillögum til úrbóta ef nokkuð er. Þessi nánd við sóknarfólkið, óskir þeirra og þarfir, eflir og styrkir safnaðarstarfið og gerir gott betra.

Eins og jafnan áður hefur prófastsdæmið stutt eftir mætti fjölbreytt samstarf sóknanna í prófastsdæminu, svo sem sumarþúfir barna og ungmenna, búðir fermingarbarna við Eiðavatn, mót tíu til tólf ára barna, messuheimsókn aldraðra á Suður-Fjörðum á uppstigningardegi, tvær ædruleysis-messur, eina á Eskifirði og aðra í Heydölum, sjálfstyrkingarnámskeið fyrir grunnskólabörn 10unda bekkjar og ennfremur 12-spora námskeið, haldið á Eskifirði en það hefur sótt fólk víða að úr prófastsdæminu og aldrei fleiri í annan tíma.

Sunnudagaskólamót var haldið á Eskifirði þann 11. apríl sl. og heppnaðist mjög vel. Komu börn og foreldrar þeirra ásamt prestum og leiðtogum frá Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Börn og leiðtogar báru fram efni og góðgjörðir veittar við lok stundar.

Rík ástæða er til þess, að minna á sunnudagaskólann, með slíkri uppskeruhátíð og leiða betur í ljós það gróskumikla og góða starf, sem unnið er af traustum og dugmiklum sjálfbóðaliðum.

Víða er tekið á móti leikskólabörnum á aðventu og skerpt á boðskap jólanna.

Þá er orðin hefð við guðspjónustur víðast í sóknum prófastsdæmisins að heiðra sérstaklega fimm ára börn með bókgjöld og góðu kaffi á eftir. Er þetta liður til þess að minna á skírnarfræðsluna og mikilvægi hennar.

TTT eða tíu til tólf ára starf er við lýði í flestum söfnuðum og haldið mót prófastsdæmisins fyrir þann aldursflokk á Eiðum í aprilmánuði.

Áfram er verið að byggja upp æskulýðsstarf þ.e. samverur með fermdum ungmennum á aldursbilinu 14 til 16 ára og árangur af því góður.

Veglegt æskulýðsmót var haldið að Stóru-Tjörnum við Húsavík og á Akureyri í samstarfi við ÆSKP. Er aðilum þar nýrðra þakkað fyrir gott samstarf og metnað á því sviði.

Barnakórarstarf er enn í sókn og mikið gleðiefni að ráðgert er að halda sérstakt barnakóramót í Eskifjarðarkirkju næsta haust.

Sú nýbreytni er að ryðja sér til rúms í kirkjustarfi hér eystra að halda hásumarmessur á fögrum stað út í Guðsgrænni náttúrunni í prestakallinu. Á svonefndum Malvíkurhöfða um Jónsmessu var haldin í Djúpavogsprestakalli útimessa. Messugestir voru um hundrað og sóknarnefnd Hofssóknar bauð upp á



Sunnudaga-
skólamót
prófastsdæmisins
í Eskifjarðarkirkju.
Barnakór Eski-
fjarðarkirkju

messukaffi og allir nutu veðurbliðu og góðgjörða.

Á sumardaginn fyrsta var hátíð í Heydalakirkju þar sem heiðruð var minning sr. Einars Sigurðssonar prests og skálds í Heydölum. Hann var eitt mesta sálmaskáld þjóðarinnar og fyrirrennari sr. Hallgríms Péturssonar á því sviði.

Flutt var að því tilefni vönduð dagskrá í tónum og tali og að því stefnt að gera þetta að árlegum viðburði. Í framhaldi verður að því unnið að reisa sr. Einari menningarsetur við hlið kirkjuhússins, sem jafnframt væri safnaðarheimili.

Rannsóknir yrðu þar stundaðar um þann mæta mann og gott aðgengi að heimildum tryggt. Vil ég þakka stundina góðu og það þarfa framtak, sem ætlunin er að ráðast í og veit ég að við öll munum styðja það heilshugar.

Prófastshjónin sr. Kristinn Hóseasson og Anna Þorsteinsdóttir átta langa og farsæla samleið með sóknarbörnum Heydalaprestakalls. Var sr. Kristinn sóknarprestur og síðar prófastur og þjónaði frá árinu 1947-1986. Þau hjón

eru bæði látin með liðlega árs millibili. Anna í ágúst á síðastliðnu ári og Kristinn árinu fyrr. Guði er þökkuð áratuga dygg þjónusta í þágu kirkju og kristni í prófastsdæminu og megi hann blessa þeirra minningu.

Einnig er ljúft að minnast Elís Þórarinssonar frá Djúpvogvi er lést á sl. ári. Hann var bæði organisti og öflugur liðsmaður kirkjunnar í áratugi, fulltrúi í héraðsnefnd og á héraðsfundum. Guð blessi hans minningu.

Héraðsprestur

Sr. Hólmgrímur Elís Bragason hefur starfað sem héraðsprestur í prófastsdæminu um árabíl.

Koma hans að starfi í prófastsdæminu hefur augljóslega skipt sköpum, ekki síst varðandi skipulag og framkvæmd fræðslustarfsins. Hefur hann haft með höndum fermingarbúðir og mót á vegum prófastsdæmisins og séð um skipulag og framkvæmd.

Að hálfu gegnir héraðsprestur starfi á vegum Alcoa-Fjarðarás. Sinnir við-

tölum við starfsfólk og ýmissi kirkjulegri þjónustu þar að lútandi. Eru viðtöl veigamikill hluti starfsins. Hann er hluti af áfallateymi, aðili að styrktarsjóði og framkvæmd fjölskyldustefnu.

Að hálfu gegnir hann verkefnum á vegum prófastsdæmisins, s.s. afleysingum, æskulýðsstarfi og uppbyggingu þess, uppbyggingu TTT-starfs og leiðtogaþjálfun.

Héraðsprestur skipuleggur einnig fræðslustarf prófastsdæmisins og hefur með höndum skipulag ýmissa móta og námskeiða. Haldið fyrirlestra um sorg og sorgarviðbrögð og tekið þátt í að endurhæfa fólk, sem fallið hafa af einhverjum orsökum út af vinnumarkaði. Þá hefur hann verið í samstarfi við Krabbameinsfélag Austurlands um kyrrðardaga að hausti fyrir krabbameinssjúka og aðstandendur þeirra.

Áhersla hefur verið lögð á Farskóla leiðtogaefna. Í samstarfi við Múla-prófastsdæmi og Biskupsstofu hefur slíkur farskóli verið starfræktur tvö undanfarin ár með góðum árangri. Markmiðið er leiðtogaeldi, að þjálfu ungt fólk í því að leiða t.d. tíu til tólf ára starf í sófnuðum og síðar að gerast leiðtogar æskulýðsfélaga. Þannig byggt upp til framtíðar og hafa útskrifaðir leiðtogar hafið störf með tíu til tólf ára börnum með tilstyrk eldri og reyndari.

Er ljúft að þakka héraðspresti gott starf og Biskupsstofu áhuga og framlag.

Héraðssjóður

Haldnir voru tveir fundir í héraðsnefnd frá fyrra hausti, enda litlar breytingar á skipan mála og fjármagni til fræðslustarfs frá því sem áður var. Framlög úr héraðssjóði til hinna ýmsu verkefna svipuð frá ári til árs. Munar þar mestu um niðurgreiðslu á rútukostnaði

vegna fermingabúða og æskulýðsmóta og hefur þetta fyrirkomulag auðveldað skipulag og samstarf allt.

Peningaleg eign sjóðsins er nú liðlega milljón og hefur rýnað nokkuð er samt ásættanlegur varasjóður. Þakka ég meðnefndarmönnum mínum gott og gefandi samstarf.

KMA

Áfram hefur verið unnið af hálfu stjórnar og starfsfólks Kirkjumiðstöðvar Austurlands. Hélt stjórnin tvo fundi frá síðasta aðalfundi og hefur fylgt vel eftir hefðbundnu og árangursríku starfi. Aðsókn í sumarbúðirnar var á síðasta sumri mjög góð, rekstur hefur batnað og er í þokkalegu jafnvægi og eftir því sem næst verður komist ganga innritanir vel.

Ástæða er til að þakka öllum sem að þessu góða starfi koma og bera það uppi ekki síst aðilum í samstarfs-prófastsdæminu.

Stuðningur við þá sem eiga undir högg að sækja.

Það hefur ekki farið framhjá okkur prestum að víða er þröngt í búi hjá fólki hér eystra og nokkur brögð að því að fólk leiti sér ásjár hjá kirkjunni. Á aðventu og fyrir og eftir páska hafa aldrei jafn margir leitað sér hjálpar.

Um er að ræða fólk sem á við erfiða skuldastöðu að etja, fólk sem vegna sérstakra ástæðna er án atvinnu og þiggur bætur almannatrygginga sér til viðurværis, sjúklingar og einstæðir foreldrar.

Fyrirtæki og einstaklingar hafa hlaupið undir bagga með fjármagn og Alcoa-Fjarðaráll hefur stutt hjálparstarf kirkjunnar nú fyrir jólin um rúmlega 9 milljónir og njóta sóknir hér eystra góðs af því.

Málefni aðþrengds fólks í þjóðfélaginu vegna kreppunnar og fátæktar, var sérstaklega tekið fyrir á síðustu prestastefnu og flutt um það efni vönduð erindi og ályktanir, en rataði af einhverjum ástæðum ekki inn á vettvang fjölmiðla.

Ýmsir viðburðir

Á haustdögum á síðastliðnu ári var leiðarþing boðað af hálfu kirkjuþingmanna Austurlandskjördæmis og var það mjög gagnlegt.

Þá stóðu prófastsdæmin hér eystra bæði fyrir sameiginlegri ráðstefnu um efnahagshrunið, þar sem fram-sögumenn voru Vilhjálmur Bjarnason lektor H.Í. og Stefán Einar Stefánsson viðskiptasiðfræðingur. Var gerður góður rómur að erindum þeirra.

Nú á vordögum heimsótti prófastsdæmið Ragnheiður Sverrisdóttir djákni, starfsmaður Biskupsstofu og ræddi við presta og fulltrúa félagsmálasviðs Fjarðabyggðar um heimsóknarþjónustu m.a. og var það bæði gagnlegt og uppbyggilegt.

Skýrslur sóknarnefndaformanna

Hofssókn í Álftafirði.

Sr. Sjöfn Jóhannesdóttir var með útimessu í svonefndum Malvíkurhöfða í Starmýrarlandi við Álftafjörð þann 25. júní 2009. Veðrið lék við þá sem þátt tóku í athöfninni, en 97 gestir, víðsvegar af Austurlandi mættu til athafnarinnar. Stefnit er að því að halda útimessu á vegum sóknarinnar á næsta ári.

Vilborg Einarsdóttir, frá Geithellum í Álftafirði, færði Hofskirkju s.l. sumar handgerðan altarisdúk.

Hefðbundin störf voru fólgin í því að hirða kirkjugarðinn og kirkjuna. 29.

desember var hátíðarguðspjónusta í Hofskirkju. Að athöfninni lokinni buðu staðarhaldarar á Hofi upp á messukaffi, svo sem hefð er orðin fyrir og í anda fyrri tíðar.

Djúpavogssókn.

Um 300 manns eru í sókninni og prestur er séra Sjöfn Jóhannesdóttir. Safnaðarstarf svipað milli ára, þ.e. messur, sunnudagaskóli og TTT starf barna.

Aðventuhátíð er í byrjun aðventu með þátttöku kirkjukórs og barna, sem eru í samsöng grunnskólans. Einnig taka börn úr grunnskólanum þátt í helgileik og söng, sem kennarar skólans sáu um. Fermingarbörnin, sem voru þrjú á þessu ári, sáu um helgileik í umsjá sr. Sjafnar á hátíðinni. Einnig taka þau þátt í messum og sunnudagaskóla yfir veturinn og bjóða kirkjugestum kaffi og bakkelsi eftir æskulýðsmessuna í mars. Lesnir voru passíusálmar sr. Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa og voru það íbúar í Djúpavogsprestakalli sem sáu um lesturinn. Formaður sóknarnefndar og gjaldkeri útbjuggu forláta altarisklæði, sem var á altarinu á meðan á lestri stóð. Einnig var boðið upp á kaffi og nýbakaðar vöflur í safnaðarheimilinu.

TTT starf barna er yfir veturinn og endaði starfið með ferðalagi í Kirkjumiðstöð Austurlands á Eiðum. Kirkjan hefur einnig verið notuð undir ýmsa aðra starfsemi eins og útskrift leikskóla- og grunnskólabarna á vorin, upplestrarkeppni og kórar hafa haldið tónleika í kirkjunni. Fjárhagsstaða sóknarinnar er erfið og takmarkað sem hægt er að framkvæma þó næg verkefni séu fyrirliggjandi. Sú lækkun sóknargjalda sem nú þegar er orðin gerir það að verkum að endar ná ekki saman. Þrátt fyrir slæma fjárhagsstöðu

var ekki komist undan því að laga rafmagn kirkjunnar, sem verið hefur óklár að síðan kirkjan var vígð. Því verki er nú lokið en eftir stendur órágengið bílastæði og klukknaport við kirkjuna.

Berufjarðarsókn.

Aðalfundur Berufjarðarsóknar var haldinn í Fossárdal 29. apríl 2010. Kirkjuhald var með hefðbundnu sniði, messur á jólum og páskum. Til stendur að skipta um girðingu í kringum kirkjugarð. Húsafriðunarnefnd hefur tekið Berufjarðarkirkju á friðunarskrá.

Berunessókn.

Á árinu voru ekki framkvæmdir við kirkju né kirkjugarð utan viðhald í smáum stíl. Á Jónsmessu sl. fór fram brúðkaup í kirkjunni. Segja má að það hafi verið fjölþjóðlegt, þar sem brúðurin var íslensk, en brúðguminn hollenskur, þau búa í Noregi og með tengsl til Finnlands. Messað var í Beruneskirkju á páskum við góða kirkjusókn og síðan var boðið til hefðbundins messukaffis að athöfn lokinni. Við tónskóla Djúpavogs og kirkjur prestakallsins hefur nú í tvö ár starfað hæfileikaríkur, ungverskur tónlistarmaður, Józef G. Kiss. Í júní nk. ætlar Kirkjukór Djúpavogskirkju að halda á hans heimaslóðir með söngdagskrá, auk þess að njóta einnar viku af ungversku sumri. Berunessókn þakkar sr. Sjöfn Jóhannesdóttur samstarfið.

Heydalasókn.

Að loknu sumri hófst vetrarstarf kirkjunnar. Eyjólfur Ólafsson sem verið hefur organisti undanfarin ár lét af störfum síðastliðið ár og þökkum við honum samstarfið um leið og við bjóðum velkominn til starfa Daníel Arason. Daníel Arason hóf störf sem organisti í haust sem leið. Messuhald var hefð-

bundið. Herbjörn Þórðarson og eiginkona hans, Lisa Fröberg héldu tónleika í Heydalakirkju 16. janúar en þau hjón starfa bæði við óperuna í Svíþjóð. Sumarvaka var í Heydalakirkju, tileinkuð séra Einari Sigurðssyni í Eyðölum á sumardaginn fyrsta. Voru þar frumflutt þrjú lög, eftir þá Daníel Arason og Finn Torfa Stefánsson, við sálma séra Einars. Fyrirhugað er að hafa þetta árlegan atburð. Farið var með fermingarbörn í Eiða og einnig 10-12 ára börn. Eldri unglingarnir fóru á Æskulýðsmót sem haldið var á Stóru-Tjörnum. Sunnudagaskólabörnin fóru síðan á Eskifjörð á sunnudagaskólalámót. Góð þátttaka var í öllum þessum ferðum. Framundan er að ganga frá húsi fyrir grafartæki og spennir í kirkjugarðinum en húsið er komið á staðinn og bíður þess að vera sett niður.

Stöðvarfjarðarsókn.

Hefðbundið messu- og barnastarf hefur verið síðasta ár. Á aðventunni var haldin mikil hátíð þar sem leikskólabörn sungu jólasöngva, grunnskólabörn og fermingarbörnin sýndu helgileiki Einnig léku börn úr tónlistarskólanum á hljóðfæri og kirkjukórinn söng. Sunnudagaskólinn tók þátt í sunnudagaskólalámóti prófastsdæmisins á Eskifirði í apríl. Nokkur börn tóku þátt í TTT samveru á Eiðum í vetur. Æðruleysismissa var haldin á föstudaginn langa í samvinnu við AA og Alanon samtökin. Kom fólk víða að og tókst sú athöfn einstaklega vel. AA samtökin buðu síðan kirkjugestum upp á kaffiveitingar að athöfn lokinni.

Í haust var ráðinn nýr organisti, Daníel Arason. Er skemmst frá því að segja að mikið líf hefur færst í kórastarfið í kirkjunni eftir komu hans. Fyrirhugað er að ljúka vetrarstarfi kirkjukórsins með tónleikum í kirkjunni 22. maí nk.

Kolfreyjustaðaprestakall.

Starfið í kirkjunni hefur verið hefðbundið. Í haust undir umsjón sr. Gunnlaugs í Heydölum. Frá 1. desember hefur starfið verið undir stjórn okkar nýja sóknarprests, sr. Jónu Kristínar Porvaldsdóttur. Mikil aukning hefur verið í öllu starfi kirkjunnar s.s. barnastarfinu. Hefur þessi aukning sprengt utan af sér þá aðstöðu, sem til staðar er í kirkjunni á Fáskrúðsfirði. Brugðist var við með því að leigja 100 fm húsnæði við hlið kirkjunnar. Þar fer því fram allt barnastarf, TTT, Æskulýðsstarf sem og mömmumorgnar og annað sem til fellur. Kirkjunni barst rausnarleg peningagjöf, frá Þór Sigurðssyni, sem sóknarnefnd þakkar fyrir af heilum hug.

Reyðarfjarðarsókn.

Sóknarnefnd hélt fimm fundi frá síðasta héraðsfundi. Fjórar konur hafa verið sóknarpresti til aðstoðar við sunnudagaskólastarfið í vetur ásamt fermingarbörnum. Gekk starfið mjög vel. Farið var með fermingabörn í fermingarbúðir að Eiðum, sem er liður í undirbúningi þeirra og hefur haft góð og uppbyggileg áhrif.

Kirkjustarf hefur verið með hefðbundnu sniði, en eins og áður boðið upp á ýmsa tilbreytingu í messuhaldi.

